Nú berast fleiri umsóknir um gjaldeyrisleyfi til kaupa á ákveðnum atvinnutækjum en nýbyggingarráð, eftir samráði við ríkisstjórnina, álitur hyggilegt að koma upp í þeirri grein, og skal það þá reyna að semja við umsækjendur um, að nokkrir þeirra leggi fé í aðrar framkvæmdir, sem nýbyggingarráð álitur þarfar og hyggilegar.

Sé aðsókn að sérstökum atvinnusviðum miklu meiri en öðrum, skal nýbyggingarráð rannsaka orsakir þess og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um þjóðfélagslegar aðgerðir í þá átt að jafna aðstöðu manna í atvinnugreinum þessum.

Eftir tillögum nýbyggingarráðs má binda gjaldeyrisleyfi því skilyrði, að það sé notað á ákveðnum tíma eða innan ákveðins tíma, ef umsækjandi sjálfur færir sönnur á, að hann geti fengið tækið á þeim tíma, eða ráðið eða ríkisstjórnin geta bent honum á, að það sé fánlegt eða útvegað honum það.

10. jan.

Þessir skulu vera höfuðflokkar atvinnutækja og eftirgreindar fjárhæðir áætl-
aðar til þeirra til bráðabirgða:

1. Skip, vélar og efni til skipabygginga o. fl., samtals a. m. k. 200 milljónir króna.
2. Vélar og þess háttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hrað-
frystihúsum, niðursuðu, svo og til tunnugerðar, skipasmiða o. fl., um 50 millj.
króna.
3. Vélar og þess háttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingar landbún-
aðarafurða, jarðyrkjuvélar og efni til rafvirkjana o. fl., um 50 milljónir króna.

Nýbyggingarráð skal þegar eftir fyrstu bráðabirgðaathugun á verkefni sínu gera
tillögu til ríkisstjórnarinnar um fleiri flokka tækja og efnivara, svo sem til bygg-
inga, og um nánari skiptingu fjár milli þessara flokka.

Nýbyggingaráð skal taka við starfi þeirra millipinganeftnda, sem nú starfa í
skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum, raforkumálum og
byggingarmálum, ef ríkisstjórninni lízt hentara að láta nefndir þessar hætta starfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 62 27. nóvember 1944, um
nýbyggingarráð, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðherrann, 10. janúar 1945.

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

26. jan.

um notkun heimildar laga frá 24. janúar 1945, um að innheimta ýmis gjöld
með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 24. janúar 1945 og inn-
heimta frá og með 27. janúar þ. á. að telja til ársloka 1945 með 100% viðauka víta-
gjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní
1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa
ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild fyrrgreindra laga frá
24. janúar 1945 og innheimta með 50% viðauka innlent tollvörugjald samkvæmt
2. gr. laga nr. 60 30. desember 1939 og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6
9. janúar 1935.

Viðaukinn reiknast á þann hátt sem segir í 2. gr. laganna frá 24. janúar 1945.

Auglýsing ráðuneytisins, dags. 4. desember 1944, um notkun heimildar laga
nr. 54 12. október 1944, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka, er úr gildi fallin.

Fjármálaráðuneytið, 26. janúar 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um breyting á lögum nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum, undirskrifuð af forsetanum 24. janúar 1945, nr. 19.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945, undirskrifuð af forsetanum 30. janúar 1945, nr. 20.

Lög um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 21.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmála-starfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

Lög um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, undirskrifuð af forsetanum 12. febrúar 1945, nr. 24.

Lög um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

Lög um lendingarbætur í Porkötlustaðahverfi í Grindavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 26.

Lög um eyðing á rottum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 27.

Lög um brunamál í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.

Lög um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febr. 1943, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 29.

Lög um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka eignarnámi löðarréttindi nálægt landamerkjum Brimness og Hornbrekku, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 30.

Lög um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 31.

Lög um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 32.

Lög um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 33.

Lög um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 34.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1945, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.

Lög um framboð og kjör forseta Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 36.

4
3. jan.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Breiðdalsvíkurhöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Breiðdalsvíkurhöfn nær yfir alla Breiðdalsvík, norð-vestan línu, sem hugsast dregin úr Snæhvammstanga suður um Hafnarey innanverða í Strætishvarf.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Breiðdalshrepps kjósa þrjá menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara. Er kjörtímabil hafnarnefndar til jafnlangs tína og hreppsnefndar þeirrar, er hana kýs.

Þar til nýjar hreppsnefndarkosningar fara fram, skal þó hreppsnefnd Breiðdalshrepps, sú er nú situr, fara með mál þau, er undir hafnarnefnd heyrar.

Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin verða með reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum þeim eða kaupum, sem um semur. Þá skal hafnarnefnd sjá um viðhald og endurbætur lendingarbóta og hafnarmannvirkja, stýra öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast fjárhald lendingarsjóðs og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar.

III. KAFLI

Almennar reglur.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar.

Öllum er skylt að hlýða boði hennar og banni. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust og varðar sektum, ef út af er brugðið.

4. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er slysum getur valdið.

Ekki má skjóta eða bera skotvopn á hafnarsvæðinu nema með leyfi hafnarnefndar.

5. gr.

Hafnarnefnd ber að gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Heimilt skal bátum og skipum að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma að, en skylt er þeim að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, ef aðrir þurfa að komast að eða þau eru þar að öðru leyti til trafala að þarflausu, og gildir sama um upp- og útskipun á vörum.

V. KAFLI
Um lendingarsjóð.

4

3. jan.

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við fyrirhugaðar lendingarbætur og síðar hafnarmannvirki, viðhaldi þeirra og rekstrarkostnaði, skal stofna lendingarsjóð.

Í lendingarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar verða með reglugerð þessari.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið. Við lok hvers reikningsárs og aldrei síðar en fyrir lok næsta febrúarmánaðar, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld lendingarsjóðs á hinu liðna ári og enn fremur reikning um eignir hans og skuldir í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningurinn.

Fyrir 15. desember ár hvert skal hafnarnefnd semja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarsjóðs á komandi ári. Frumvarp þetta skal þegar í stað sent hreppsnefnd Breiðdalshrepps til samþykktar, ásamt nauðsynlegum skýringum.

8. gr.

Skipa- og bátagjöld skal greiða sem hér segir:

Hvert aðkomuskip, sem fermir eða affermir, greiðir í hvert skipti, er það hafnar sig, af hverri brúttó smálest kr. 0.30 Þó skulu innlend strandferðaskip, sem sigla eftir föstum, auglýstum áætlunum, einungis greiða gjald þetta í fyrsta skipti, er þau koma á höfnina á ári hverju, en ekkert meira, þótt þau komi oftár á því ári.

Allir heimilisfastir bátar á Breiðdalsvík greiða árlega af hverri brúttó smálest kr. 10.00, með gjalddaga 1. okt., og að auki 2% af brúttó afla.

9. gr.

Vörugjald af inn- og útfluttum vörum skal greiða þannig:

Fyrir hverja smálest af fiski, salti, kolum, sementi og öðrum þungavörum kr. 2.00.

Fyrir hverja tunnu kr. 0.50.

Fyrir hesta og nautgripi kr. 5.00.

Fyrir sauðfé kr. 0.25.

Fyrir bifreiðar kr. 10.00.

Fyrir hvert teningsfet timburs kr. 0.05.

Fyrir hvert stykki af venjulegum vörum allt að 50 kg kr. 0.25.

Fyrir hvert stykki 50—100 kg kr. 0.50.

Fyrir hvern heyhest kr. 0.25.

10. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

Vistir og aðrar nauðsynjar til báta og skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

Póstflutningur og farangur ferðamanna allt að 25 kg.

Vörur, sem fluttar eru úr herskipi og í herskip.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skips. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefur

- 4 fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða
 3. jan. vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem gjaldskrá tiltekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

12. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður hans og ber skipstjóri eða formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Lendingarsjóður hefur haldsrétt á vörunni unz gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

13. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður eftir samningi.

14. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem liggur við bryggju landingarsjóðs, skal greiða fyrir það gjald sem hér segir:

Öll skip, 15 smálestir brúttó eða stærri, greiði 10 aura af hverri nettó smálest. Minnsta gjald skal þó vera 2 krónur.

Aðkomubátar undir 15 smálestum brúttó greiða 1 krónu.

Bátar heimilisfastir á Breiðdalsvík, 5—15 smálestir brúttó, greiða 30 krónur á ári, með gjalddaga 1. okt.

Minni bátar, heimilisfastir á Breiðdalsvík, greiða 5 krónur á ári, með sama gjalddaga.

Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim.

15. gr.

Dilfarsbátar skrásettir á Breiðafirði skulu greiða árlega fyrir að hafa föst legugögn á höfninni 10 krónur, en opnir bátar 5 krónur, hvort tveggja með gjalddaga 1. október

Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

•VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki né breyta þeim mannvirkjum, sem þar eru, og heldur ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

18. gr.

Peir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki og áhöld landingarsjóðs, eru skyldir til að greiða að fullu kostnað við að lagfæra það.

19. gr.

4

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á lendingarbótum, mannvirkjum eða 3. jan. áhöldum fer eftir almennum lagafyrirmælum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á eignum þessum, má ákveða þær af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvor- um aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats og skal krafa um það hafa verið borin fram innan mánaðar frá því að matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn greiðir sá, er yfirmatsins krafð- ist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu skaðabótafjárhæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refs- ing liggir við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í lendingarsjóð.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 13 24. marz 1944 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. janúar 1945.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T I R

5

fyrir Sparisjóð Hrótfirðinga.

9. jan.

1. gr.

Markmið sjóðsins er að taka við fé einstakra manna og félaga og ávaxta það á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Hrótfirðinga og er eign Bæjarhrepps og sé heimili hans og varnarþing ávallt innan hreppsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu að jafnaði vera 20. Aldrei mega þeir færri vera en 15, og séu búsettir í Bæjarhreppi. Deyi fulltrúi, flytji burtu úr hreppnum eða gangi úr af öðrum ástæðum, skal þá þegar kjósa annan fulltrúa í hans stað og hefur hann þá sömu skyldur og aðrir fulltrúar.

4. gr.

Sérhver fulltrúi undirritar skuldbindingu um að ábyrgjast að sparisjóðurinn standi í skilum og að svara allt að kr. 300.00 hver, ef nauðsyn krefur, til tryggingar því.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra, ásamt einum varamanni, kosnir eru af fulltrúum á aðalfundi til eins árs í senn. Einn stjórnarnefndarmaðurinn er kosinn af sýslunefnd Strandasýslu.

5 Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og ber henni að annast um alla starfrækslu sjóðsins, en þó er henni heimilt að ráða á sína ábyrgð sérstakan aðstoðarmann telji hún það nauðsynlegt.

6. gr.

Formaður boðar til aðalfundar eigi síðar en fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Á aðalfundi eiga sæti stjórnarnefndarmenn, fulltrúar og endurskoðendur sjóðsins, en fulltrúar einir hafa þar atkvæðisrétt.

Á aðalfundi skulu lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir hið liðna ár, (reikningsárið er almanaksárið), undirskrifaðir af stjórn og endurskoðendum og aðrar ákvarðanir teknar, er sparisjóðinn varða.

Aukafund boðar formaður ef meiri huti stjórnarinnar telur það nauðsynlegt eða ef helmingur fulltrúa æskir þess.

Á fundinum ræður meiri hluti atkvæða.

7. gr.

Fundur er lögmætur ef meiri hluti stjórnar og fullur helmingur fulltrúa eru mættir. Heimilt er að sjóðurinn greiði þeim fulltrúum þóknun fyrir að mæta á aðalfundi, sem ekki hafa á hendi launuð störf fyrir sjóðinn.

8. gr.

Endurskoðendur sparisjóðsins eru kosnir af sýslunefnd Strandasýslu. Þeir skulu athuga bækur og reikninga sjóðsins og votta hvort honum sé stjórnað eftir settum lögum og reglum.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu liggja frammi á skrifstofu hans eða á öðrum hentugum stað í hreppnum í tvær vikur að afloknum aðalfundi, innstæðueigendum til sýnis.

Afrit af reikningunum skal árlega sent Hagstofunni, og hreppsnefnd Bæjarhrepps annað eintak.

Sá, sem sýnir viðskiptabók við sjóðinn, á rétt á að fá að bera hana saman við viðskiptareikning sinn í sjóðnum.

10. gr.

Störfum sparisjóðsins skal gegnt a. m. k. einn dag í viku, á þeim degi, er stjórnin ákveður og auglýstur verður á hverjum tíma. Skal þá a. m. k. féhirðir sjóðsins vera til staðar og sjá um inn- og útborganir, bókfærslu, skrifa undir viðskiptabækur o. fl.

11. gr.

Allar lánsbeiðnir skulu, eftir því sem við verður komið, teknar til athugunar sameiginlega af stjórninni og aldrei má veita hærra lán úr sjóðnum en kr. 500.00, án þess að það hafi verið samþykkt af meiri hluta hennar, og getur féhirðir, ef honum þykir nauðsynlegt, fengið það staðfest bréflaga eða með simskeyti, verði fundarbókum ekki við komið. Sama gildir og um aðrar ákvarðanir, er stjórnin verður að taka.

12. gr.

Allri bókfærslu við sjóðinn skal haga eftir því sem lög mæla fyrir um á hverjum tíma.

13. gr.

Fé það, sem lagt er inn, skal þegar fært inn í bækur sjóðsins. Minni upphæð en einni krónu í hvert sinn skal ekki veitt móltaka. Sá, sem leggur inn í sjóðinn, fær viðskiptabók með sama númeri og yfirskrift og í innstæðubók stendur, með við-

festum lögum sparisjóðsins og ágripi af almennum lögum um sparisjóði. Andvirði 5 bókarinnar greiðist þegar viðskiptin hefjast.

9. jan.

Þá er viðskiptabók hefur verið undirrituð af stjórn sjóðsins, eða a. m. k. féhirði, gildir hún sem samningur við sjóðinn.

Ef sérstakar ástæður eru til, má stjórnin neita að taka við fé í sjóðinn eða gera að skilyrði að það standi árlengt í honum. Um innstæður manna í sjóðnum verður eigi sagt óviðkomandi mönnum.

14. gr.

- a. Vextir skulu greiðast af innstæðufé eftir ákvörðun aðalfundar, þó aldrei lægri en í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.
- b. Vextir reiknast frá næsta degi er fé hefur verið lagt inn.
- c. Við útreikning vaxta telst árið 360 dagar.
- d. Vextir reiknast eigi í minni pörtum en heilum eyri.
- e. Vextir greiðast fyrir 31. des. ár hvert, svo og af innstæðu, þegar hún er öll útborguð.
- f. Vextir, sem eru óteknir 31. des. ár hvert, skulu leggjast við höfuðstól.

15. gr.

Af ágóða sparisjóðsins skal greiða allan kostnað við stjórn hans og starfrækslu, en afganginn skal leggja í varasjóð, til að standa straum af tjóni, er hann kann að verða fyrir.

Þegar varasjóðurinn er orðinn svo háur, að hann má nokkurs án vera umfram auginnið sitt, má, með samþykki stjórnarráðsins, verja því í almenningsþarfir innan hreppsins, einkum þó til menningarmála, ef $\frac{3}{4}$ — þrjú fjórðu — mættra fulltrúa á aðalfundi samþykkja það, enda sé tillögu um það getið í fundarboði. Ráðstöfun þessa má þó ekki gera, nema varasjóðurinn sé minnst 10% af innstæðufé.

16. gr.

- a. Uppsögn á innstæðufé fer fram á skrifstofu sjóðsins og getur sá, er upp segir, heimtað viðurkenningu fyrir uppsögninni.
- b. Engri upphæð má segja upp, fyrr en hún hefur staðið 3 mánuði eða lengri umsaminn tíma í sjóðnum. Allt að 200 krónum skal segja upp með mánaðar fyrirvara, 400 krónum með tveggja mánaða fyrirvara, 600 krónum með þriggja mánaða fyrirvara og stærri upphæðum með misseris fyrirvara.
- c. Eftir gjaldþaga er engum vöxtum svarað af uppsögðum höfuðstól og vöxtum. — Stjórn sjóðsins á heimtingu á að uppsagnarfé sé tekið strax og því er sagt upp, eða innan skemmri tíma en ákveðinn er. Sjóðurinn þarf heldur eigi að svara vöxtum lengur en til þess dags, sem borgun er boðin á.
- d. Borgun á sér stað í gjaldgengum peningum.
- e. Útborgað fé tilfærist í dálki um útborgað innstæðufé í innstæðubókinni og einnig í viðskiptabókinni og skal kvittun gefin af þeim, er við fénu tekur.
- f. Ef viðskiptabók glatast, verður eigandi hennar að fá hana dæmdu ómerka áður en útborgun getur átt sér stað.
- g. Þá er innstæða greiðist, svo að ekkert er eftir, skal viðskiptabókinni skilað.

17. gr.

Ef eigandi innstæðufjár eða erfingjar hans hvorki leggja inn eða taka út í samfleytt 15 ár, getur stjórnin ákveðið að hætta að greiða vexti af því fé og skal þá með þrítækinni auglýsingu í Lögbirtingablaðinu skorað á eigandann að vitja fjár síns. Geri hann það, fær hann fé sitt útborgað að frádregnum auglýsingakostnaði, en gefi hann

5 sig ekki fram innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar, er öll innstæða 9. jan. hans orðin eign sparisjóðsins.

Ákvæði þessi ná ekki til sjóða, sem ekki eru einstakra manna eign.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu á vanalegum gjalddögum með þriggja mánaða fyrirvara, annaðhvort til innstæðueigenda sjálfra, eða með auglýsingu og greiðast eigi vextir lengur en til gjalddaga.

19. gr.

Eignum sparisjóðsins skal ráðstafa:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, er álita má jafngóð. Þó skal aldrei verja meiri upphæð til þess, en nemur varasjóði, svo framarlega sem einstakir menn æskja láns úr sjóðnum og bjóða fram nægilegt verð;
- b. með því að lána út gegn veði í jarðeignum og húseignum, sem séu nægilega tryggðar gegn eldsvoða. Út á jarðeign má aldrei lána meira en $\frac{3}{4}$ fasteignamatsverðs og eigi til lengri tíma en 20 ára. Gegn veði í húseign má ekki lána meira en $\frac{2}{3}$ hluta fasteignamatsverðs og eigi til lengri tíma en 15 ára;
- c. með því að lána gegn ábyrgð sýslu- eða sveitarfélaga. — Að jafnaði skulu slík lán eigi veitt til lengri tíma en 10 ára;
- d. með því að lána gegn sjálfskuldarábyrgð eða handveði. Skulu þau lán því aðeins veitt til lengri tíma en eins árs, að þau séu greidd með jöfnum árlegum afborgunum og aldrei lengri tíma en 10 ára;
- e. með því að kaupa víxla til allt að 12 mánaða;
- f. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur fullkomlega tryggt.

20. gr.

Stjórn sparisjóðsins getur sagt upp lánunum úr sjóðnum fyrirvaralaust, ef hún telur að trygging hafi rýrnað svo að hætta geti stafað af fyrir sjóðinn.

Einstakir stjórnarnefndarmenn mega ekki taka lán eða ábyrgjast lán úr sjóðnum.

21. gr.

Vexti af lánunum skal ávallt greiða fyrir fram, fyrir a. m. k. hálf t. ári í senn. Séu vextir eigi greiddir á réttum tíma er öll skuldin fallin í gjalddaga, og enn fremur er lántakanda skylt að greiða dráttarvexti af allri lánsupphæðinni frá gjalddaga og þangað til full skil hafa verið gerð.

22. gr.

Að öðru leyti en fyrir er mælt í lögum þessum, skal í öllu haga rekstri sjóðsins eftir því, sem gildandi lög um sparisjóði mæla fyrir á hverjum tíma.

23. gr.

Breyta má samþykktum þessum á aðalfundi ef $\frac{2}{3}$ mættira fulltrúa eru breytingunni samþykkir, enda hafi verið tilkynnt í fundarboði með nægum fyrirvara og á tryggilegan hátt að tillögur um breytingar verði lagðar fyrir fundinn. Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á breytingunum.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. janúar 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð félagsins Landnám“, 6
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. janúar 1945. 11. jan.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Verðlaunasjóð félagsins Landnám.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður félagsins Landnám.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Jóni H. Þorbergssyni, en hann er einn lifandi þeirra 5 manna, er skipuðu stjórn félagsins Landnám. En þeir voru, auk hans, Sigurður Sigurðsson, búnaðarmálastjóri, Grimúlfur Ólafsson, tollvörður og bóndi, Pétur Halldórsson, borgarstjóri, og Jón Ólafsson, útgerðarmaður og bankastjóri. Er skipulagsskráin gerð í fullu samræmi við aðaltilgang félagsins og fyrirætlun stjórnarinnar. Félagið Landnám var stofnað í Reykjavík 1924 og starfaði nokkurt árabíl, en er nú hætt störfum fyrir alllöngu, ásamt sams konar félagi norðanlands, sem getið er í næstu grein.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með eign félagsins Landnám, sem er að upphæð kr. 4278.66, sem stendur inni í Landsbankanum í Reykjavík, og með eign Nýbýlafélags Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu, sem er kr. 395.12 og stendur inni í útibúi Landsbankans á Akureyri, og er þá upphæð sjóðsins nú samtals kr. 4773.72.

4. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá menn, er sýna framúrskarandi dugnað við að byggja og rækta nýbýli á óræktuðu landi í strjálbyggð, og hafi býlið minnst 10 hektara af ræktanlegu landi til umráða, og fullnægi að öðru leyti ákvæðum 6. gr. reglugerðar um nýbýli.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða ríkistryggðum skuldabréfum og vextir hans leggjast óskiptir við höfuðstólinn þar til hann nemur kr. 20000.00.

7. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð 20 þúsund króna upphæð, má verja $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna til verðlauna samkvæmt 3. grein, en $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggist jafnan við höfuðstólinn, og má hann aldrei skerða.

8. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands annast stjórn sjóðsins. Hún sér um ávöxtun hans og reikningsfærslu í sérstakri bók, og skal skipulagsskráin færð inn í hana. Endurskoðendur reikninga sjóðsins skulu vera þeir sömu sem endurskoða reikninga Búnaðarfélags Íslands.

6

11. jan.

9. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður verðlaunaveitingar úr sjóðnum samkvæmt tillögum jarðræktarráðunauts, sem starfar í þjónustu félagsins, eða ráðunauts í nýbýlamálum, ef hann verður skipaður.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á Búnaðarþingi, enda samþykki $\frac{3}{4}$ hlutar búnaðarþingsmanna breytinguna.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 15. des. 1944.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Steingr. Steinþórsson.

7

11 jan.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Þóru Sigurðardóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. janúar 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Þóru Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings 1942.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjafir frá hreppabúnaðarfélagum landsins, búnaðarsamböndum, öðrum stofnunum og einstaklingum til minningar um Sigurð heitinn Sigurðsson, búnaðarmálastjóra, og konu hans Þóru Sigurðardóttur. Stofnfjárhæð þessi er í árslok 1944 kr. 24739.28.

Ágóði af útdregnum vaxtabréfum og $\frac{1}{2}$ hluti vaxtatekna, svo og aðrar tekjur eða gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast, skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, skólastjórar bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri og einn maður kjörinn af Búnaðarþingi. Ræður stjórnin um styrkveitingar úr sjóðnum. Búnaðarfélag Íslands varðveitir eignir sjóðsins. Skal ávaxta eignir hans á þann hátt, að láta þær á vöxtu í ríkistryggðum bankavaxtabréfum, svo sem jarðræktarbréfum, nýbýlabréfum eða öðrum slíkum. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur frá bændaskólunum til framhaldsnáms í búfræði við erlenda eða innlenda háskóla og visindalegar stofnanir á sviði landbúnaðarins, garðrækt og skógrækt.

5. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar $\frac{1}{5}$ af árlegum vaxtatekjum hans nema kr. 500.00. Skal þá veita einum nemanda styrk úr sjóðnum til framhaldsnáms. Nýtur hann styrks þess er sjóðurinn veitir árlega meðan á námi hans stendur. Þegar handbært styrktarfé sjóðsins nemur 2500 kr. eða meira, er heimilt, eftir ráðstöfun sjóðsstjórnar, að styrkja fleiri en einn nemanda á ári, enda veitist árlega styrkfjárhæð fyrir allt námstímabilið.

6. gr.

Skýlt er þeim, sem styrks njóta, að senda stjórn sjóðsins árlega skýrslu um nám sitt og vitnisburð þeirrar stofnunar, er þeir stunda nám við. Ef nemandi vanrækir nám sitt eða hætti námi, missir hann rétt sinn til styrksins.

7. gr.

Skýlt er stjórn sjóðsins að auglýsa eftir umsóknum áður en veiting fer fram. Hún skal láta færa bók yfir eignir sjóðsins svo og ársreikning hans. Þar skal og færa skýrslur um allar styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar starfrækslu hans.

8. gr.

Sé handbæru fé sjóðsins ekki varið til úthlutunar eitthvert ár, sbr. 5. gr., er stjórn sjóðsins heimilt að nota það til úthlutunar síðar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á Búnaðarþingi, enda samþykki þrír fjórðu hlutar búnaðarþingsmanna breytinguna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 15. des. 1944.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands

Steingr. Steinþórsson.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta.

1. gr.

Bátar, sem til fiskjar sækja frá veiðistöðvum við sunnan- og innanverðan Faxaflóa og leggja lóðir sínar vestur af Garðskaga í Miðnessjó, skulu leggja út á miðin á sama tíma, frá stað þeim, sem ákveðinn er í 2. gr. og á þeim tíma, sem ákveðinn er í 3. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Brottfararstaður báta þeirra, sem um getur í 1. gr., skal vera sem næst 22°48' v. og 64°04' n.br. Á þeim stað skal jafnan vera eftirlitsskip þegar róíð er á þau mið, sem um getur í 1. gr., nema óviðráðanleg atvik hamli. Skal skipið hafa ljósmerki. Heimilt skal skipstjóra eftirlitsskipsins að ákveða annan stað, ef honum þykir hentara, en leita skal hann fyrst samþykkis eftirlitsmanna þeirra, er um getur í 2. gr. laga frá 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta.

3. gr.

Brottfarartími bátanna frá eftirlitsskipinu skal vera sem hér segir:

Í janúarmánuði	kl. 2.00
Í febrúarmánuði	— 1.00
Frá 1.—15. marz	— 24.00
— 16.—31. marz	— 23.00
— 1.—10. apríl	— 22.00
— 11.—20. apríl	— 21.00
— 21.—30. apríl	— 20.00
— 1.—20. maí	— 19.00

Þegar hinn tiltekni tími er kominn, skal gefa ljósmerki af eftirlitsskipinu, er sé svo greinilegt, að það sjáist af öllum þeim bátum, sem komnir eru á brottfararstað. Er bátum óheimilt að leggja af stað frá eftirlitsskipinu fyrr en merki hefur verið gefið. Komi bátur að eftirlitsskipinu eftir að brottfararmerki hefur verið gefið, er honum heimilt að halda áfram án viðkomu við eftirlitsskipið. Geti eftirlitsskipið ekki komizt á brottfararstað, skulu eftirlitsmenn í Sandgerði sjá um, að brottfararmerki sé gefið, en forfallist þeir, þá eftirlitsmenn í Keflavík.

4. gr.

Náin samvinna skal vera á milli skipstjóra á eftirlitsskipinu og eftirlitsmanna um alla framkvæmd reglugerðar þessarar, svo sem um ákvörðun ljósmerkja o. fl.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00—5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. — Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um róðrartíma fiskibáta frá 12. janúar 1945 til að öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. janúar 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

9

17. jan.

fyrir lendingarsjóð Stöðvarhrepps.

1. gr.

Takmörg lendingarinnar eru að utan, norðaustan Einarsslaðarklökk, og að innan eða norðvestan Seltangi.

2. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur á hendi stjórn lendingarinnar undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við lendingarbæturnar og viðhald þeirra, og til árlegs rekstrarkostnaðar skal stofna lendingarsjóð, sem heitir lendingarsjóður Stöðvarhrepps.

4. gr.

Framkvæmd lendingarmálanna og eftirlit með þeim hafa á hendi 3 menn, sem hreppsnefnd Stöðvarhrepps kys. Skulu þeir kosnir í hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á lendingarbótunum, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta, annast fjárhald lendingarsjóðs og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér enn fremur um innheimtu á gjöldum lendingarsjóðs samkvæmt 5. og 9. gr. Hún hefur umsjón með því að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnar lendingarsjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Fyrir 1. desember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fram frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarsjóðs á komandi ári. Áætlun þessi sendist hreppsnefnd Stöðvarhrepps til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum. Við lok reikningsársins, sem er almanaksárið, og ekki síðar en fyrir febrúarlök, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld lendingarsjóðs á hinu liðna ári, og enn fremur reikning um eignir og skuldir hans í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og hreppsreikningurinn.

5. gr.

Tekjur lendingarsjóðs eru þessar:

A. Skipagjöld.

1. Hvert aðkomuskip, sem fermir eða affermir, greiðir í hvert skipti, er það hafnar sig, af hverri brúttósmálest kr. 0.30.
2. Allir heimilisfastir bátar í Stöðvarhreppi greiða árlega af hverri brúttósmálest kr. 10.00, enn fremur 2% af brúttó afla.

B. Vörugjald.

1. Fyrir hverja smálest af fiski, salti, kolum, sementi og öðrum þungavörum kr. 3.00.
2. Fyrir hverja tunnu kr. 0.75.
3. Fyrir hesta og nautgripi kr. 7.00.
4. Fyrir sauðfé kr. 0.40.
5. Fyrir bifreiðar kr. 15.00.
6. Fyrir hvert teningsfet timburs kr. 0.07.
7. Fyrir hvert stykki af venjulegum vörum allt að 50 kg kr. 0.40.
8. Fyrir hvert stykki allt að 100 kg kr. 0.75.
9. Fyrir hvern heyhest kr. 0.50.

9 C. Bryggjugjald.

17. jan.

Fyrir opna báta 1 til 4 smálesta árlegt gjald kr. 100.00.

Fyrir dekkbáta allt að 15 smálestir árlegt gjald kr. 200.00.

Um stærri skip, sem kunna að gera út frá Stöðvarfirði, fer bryggjugjald eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

6. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru:

- a. vistir og aðrar nauðsynjar báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi;
- b. póstflutningur og farangur ferðamanna allt að 25 kg;
- c. vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) og í herskip;
- d. umbúðir, sem eru endursendar.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skips. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem gjaldskrá tiltekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

8. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Lendingarsjóður hefur haldsrétt á vörumni þar til gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru í land, fellur í gjalddaga strax og varan er komin í land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki né breyta þeim mannvirkjum, sem þar eru, og heldur ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

11. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki og áhöld lendingarsjóðs, eru skyldir til að greiða að fullu kostnað við að lagfæra það.

12. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 auru gjald fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim.

Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður eftir samkomulagi.

13. gr.

9

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum eða áhöldum, fer eftir almennum lagafyrirmælum. 17. jan.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum hennar eða áhöldum, má ákveða það af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, og gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæma af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð Stöðvarhrepps.

15. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Stöðvarfjörð nr. 102 15. september 1943.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. janúar 1945.

Emil Jónsson.

Vígfús Einarsson.

G J A L D S K R A

10

23. jan.

fyrir Vatnsveitufélag Hveragerðis.

1. gr.

Af öllum íbúðarhúsum, sem vatn er leitt til úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er sé 15 — fimmtán — af hverju þúsundi fatseignamats húsanna, þó aldrei minna en kr. 50.00 — fimmtíu krónur —.

2. gr.

Skattur fyrir atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, skal venjulega ákveðinn með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að hann sé í samræmi við gildandi vatnalöggjöf.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka, sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. ágúst ár hvert, fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagsstjórnin getur samið um annan gjalddaga samkvæmt 2. gr.

10

5. gr.

23. jan. Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 árin eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 129 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1945.

Finnur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

11

23. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kjartans prófests Helgasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. jan. 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kjartans prófests Helgasonar.

Sjóður þessi er að upphæð 1500 — eitt þúsund og fimm hundruð — krónur. Hann er stofnaður af gjöfum frá Sparisjóði Dalasýslu til minningar um síra Kjartan Helgason, fyrrverandi prófast í Hvammi í Dölum, sem var einn af stofnendum sparisjóðsins og fyrsti aðalgjaldkeri hans. Frú Sigríður Jóhannesdóttir, ekkja síra Kjartans, óskar þess, að sjóðnum skuli varið til að koma upp og styrkja bókasafn handa kvennaskóla frú Herðisar og Ingileifar Benediktzen á Staðarfelli og hefur henni og stjórn sparisjóðsins komið saman um að setja honum eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kjartans prófests Helgasonar og er að upphæð kr. 1500.00.

2. gr.

Vöxtum sjóðsins, er til útborgunar koma samkv. 3. gr., skal varið til að koma á fót og efla bókasafn handa kvennaskóla frú Herðisar og Ingileifar Benediktzen á Staðarfelli.

3. gr.

Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn, unz þeir nema þeirri upphæð, að $\frac{2}{5}$ þeirra nægi til að kaupa 3 góðar bækur. Upp frá því má verja $\frac{2}{5}$ árlegra vaxta til eflingar bókasafninu. Hinir $\frac{3}{5}$ hlutar árlegra vaxta skulu leggjast við höfuðstólinn, unz sú ríkisstofnun, sem eftirlit hefur með opinberum sjóðum, telur gjaldmiðil landsins kominn í svo fastar skorður, að áhættulaust sé fyrir sjóðinn að verja meiru en $\frac{2}{5}$ vaxtanna til árlegrar notkunar. Af vöxtunum má þó aldrei verja meiru árlega en svo, að viðunandi höfuðstólsaukning sé tryggð, en hann má aldrei skerða.

4. gr.

Innstæðubók sjóðsins skal vera í vörzlum forstöðukonu kvennaskólans á Staðarfelli og ber henni að gera árlega reikningsskil fyrir sjóðnum eftir að hann tekur til

starfa og skal þar sjást, hversu miklu hefur verið varið til bókakaupa og hversu miklu til annarra þarfa bókasafnsins. Reikninginn, undirritaðan af stjórn sjóðsins með sundurliðaðri skrá yfir árleg bókakaup, skal leggja fyrir skólanefndina til samþykkis.

5. gr.

Bókasafnið skal vera í vörslum og umsjá kvennaskólans á Staðarfelli og skal kennurum hans og nemendum heimill aðgangur að því ókeypis til afnota. Það skal ávallt geymt í lokuðum skáp eða skápum og allar bækur þess auðkenndar með stimpli. Allir, sem bækur þess nota, skulu bókfærðir og jafnframt getið, hvaða bók hver fær að láni og hvenær hann fær þær og skilar. Nákvæm skrá skal haldin yfir safnið og á hana bætt nýjum bókum árlega. Einn kennaranna ásamt 2 námsmeyjum, er forstöðukona tilnefnið, skal í lok hvers skólaárs yfirfara safnið, bera það saman við bókaskrána og gæta þess að enga bók vanti.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum, forstöðukonu kvennaskólans, formanni Sparisjóðs Dalasýslu og sóknarpresti. Stjórnin hefur á hendi bókaval og annast allt annað, er snertir sjóðinn og bókasafnið.

7. gr.

Sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. október 1944.

Sigríður Jóhannesdóttir.

Í stjórn Sparisjóðs Dalasýslu.

Þorsteinn Þorsteinsson.

Jens Bjarnason.

Ásgeir Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

fyrir vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga að Reykjum í Mosfellssveit.

1. gr.

Nafn stofnunarinnar er Vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

2. gr.

Stofnunin er eign Sambands íslenzkra berklasjúklinga og rekin af því samkvæmt því, sem nánar greinir í reglugerð þessari. Reikningshald stofnunarinnar skal vera skilið frá reikningshaldi sambandsins í heild.

3. gr.

Tekjur stofnunarinnar verða: Daggjöld vistmanna eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjórnar, annar væntanlegur ágóði af rekstri, styrkir, gjafir, áheit og annað er til fellur.

12

24. jan.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að taka við til vistar:

1. berklasjúklingum, sem lokið hafa vist á heilsuhæli og sjá þeim fyrir vinnu við þeirra hæfi þeim til þjálfunar, svo og námi og læknishjálp eftir því sem með þarf;
2. berklasjúklingum með langvinna berklaveiki, sem ekki hafa lengur not heilsuhælisvistar og mega ekki dvelja á einkaheimilum vegna smithættu;
3. öðrum berklaöryrkjum, sem ekki hentar vist á sjúkrahúsum eða heilsuhælum.

5. gr.

Það er skilyrði vistar samkvæmt 4. gr., að vistþegi hafi, að dómi yfirlæknis heimilisins, minnst þriggja stunda vinnuþol daglega.

6. gr.

Að jafnaði skal ekki taka fleiri til vistar samkvæmt 2. og 3. lið 4. gr., en nemi af hvorum flokki $\frac{1}{3}$ allra vistmanna.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum, tveim kosnum af miðstjórn Sambands íslenskra berklasjúklinga, tveim kosnum af félagi vistmanna stofnunarinnar, enda sé það í Sambandi íslenskra berklasjúklinga, og einum af þingi Sambands íslenskra berklasjúklinga. Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn. Stjórnin ræður málefnum stofnunarinnar. Stjórnin skal kosin til tveggja ára. Stjórn stofnunarinnar heldur fundi svo oft sem þörf krefur og skulu fundargerðir hennar bók- aðar. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og er fundur lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna situr fund.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður forsetja og yfirlækni í samráði við miðstjórn Sambands íslenskra berklasjúklinga, ákveður launakjör þeirra og setur þeim erindisbréf. Áður en yfirlæknir er ráðinn, skal fengin viðurkenning heilbrigðisstjórnar fyrir því, að hann sé hæfur í stöðuna. Forstjóri og yfirlæknir ráða annað starfsfólk og ákveða kjör þess í samráði við stjórn heimilisins.

9. gr.

Stofnunin rekur ýmsar atvinnugreinar við hæfi vistmanna. Fyrir hverja atvinnugrein skal hafa sérstakt reikningshald. Reikningsár starfsgreina og stofnunarinnar í heild er almanaksárið. Reikningar stofnunarinnar skulu lagðir fyrir miðstjórn S. Í. B. S. og stjórn félags vistmanna, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, til samþykktar.

10. gr.

Vismenn fá greidd laun fyrir vinnu sína, enda njóti stofnunin allrar starfsorku þeirra. Stjórnin ákveður launagreiðslur til vistmanna á hverjum tíma í hverri atvinnugrein fyrir sig, að fengnum tillögum forstjóra.

11. gr.

Um greiðslu dvalarkostnaðar fer eftir mati stjórnar og tillögum forstjóra á hverjum tíma.

12. gr.

Sérhver vistmaður er skyldur til að hlíta þeim reglum, er settar kunna að verða sérstaklega um sjúklinga í berklahælum ríkisins. Enn fremur eru vistmenn háðir hegðunarreglum, er yfirlæknir stofnunarinnar setur. Yfirlæknir ákveður í hverju tilfelli daglegan vinnustundafjölda vistmanna.

13. gr.

12

Nú veikist vistmaður á ný, þannig að hann er fyrirsjáanlega óvinnufær um lengri tíma, skal þá leitast við að koma honum hið fyrsta á viðeigandi sjúkrahús. Slíkur sjúklingur á síðar, að fengnum bata og vinnuhæfni, forgangsrétt að vist á heimilinu á ný.

24. jan.

14. gr.

Yfirlæknir og forstjóra er heimilt að vísa vistmanni burt af heimilinu, ef hann óhlýðnast hegðunarreglum heimilisins eða verður uppvis að endurtekinni vanrækslu við störf sín.

15. gr.

Nú er vistmaður brautskráður af heimilinu að lokinni vinnuþjálfun og námi og skal þó stjórn heimilisins ávallt leitast við, ef hann hverfur ekki að ákveðnu heimili eða atvinnugrein, að útvega honum starf, er hún telur við hans hæfi.

16. gr.

Reglugerð þessari getur miðstjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga breytt, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar og yfirlæknis, enda verði breytingarnar staðfestar af heilbrigðismálaráðherra.

17. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 19. júní 1933 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 24. janúar 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUR

13

30. jan.

um greiðslu bóta fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær sem farizt hafa við sjóslys.

Samkvæmt fyrirætlum 41. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, eru eftirfarandi reglur settar.

1. gr.

Útgerðarmanni ber að greiða bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys, og greiðast bæturnar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Bæturnar skulu nema sannvirði eigna þeirra, er fórust, og þó aldrei fara fram úr þeirri upphæð, sem hér greinir á eftir, nema samið hafi verið um hærri bætur.

- A. Á skipum í utanlandssiglingum, á flutninga- og farþegaskipum í innanlands-siglingum 50 rúmlesta og stærri, svo og á varðskipum ríkisins, björgunar-skipum, togurum og fiskiskipum yfir 50 rúmlestir:
- | | |
|---|-------------|
| a. Til skipstjóra | kr. 1800.00 |
| b. Til annarra yfirmanna að meðtöldum brytum og loftskytamönnum | — 1700.00 |
| c. Til annarra skipverja | — 1600.00 |

13	B.	Á fiskiskipum frá 12—50 rúmlestir í innanlandssiglingum:	
30. jan.	a.	Til yfirmanna	kr. 1200.00
	b.	Til annarra skipverja	— 1100.00
	c.	Á skipum 12 rúmlesta eða stærri, er skipverjar búa ekki í, til skipverja	— 500.00
		Á upphæðir þær, sem um getur í A- og B-lið, skal greiða verðlagsuppbót.	

3. gr.

Nú hefur skipverji misst við sjóslys bækur, sjófræðiahöld, smíðatól eða annað slíkt, er hann þurfti að hafa á skipi til þess að geta innt þar af hendi starf sitt, og hann átti sjálfur að leggja sér til, og skal þá útgerðarmaður bæta honum þessar eignir, umfram bætur þær, er ræðir um í 2. gr.

4. gr.

Nú er sá maður látinn, er átti eignir þær, sem bæta skal, og ganga þá bætturnar til bús hans eða erfingja. Skal, er þannig stendur á, greiða hámark bóta samkvæmt 2. gr.

Sé sá, sem eignirnar átti, hins vegar á lífi, skal honum skylt að gefa að viðlögðu drengskaparorði, skýrslu um muni þá, er hann hefur misst, og sennilegt verð þeirra.

Reglur þessar öðlast gildi 15. febrúar 1945 og falla þá jafnframt úr gildi reglur nr. 61 10. júlí 1931, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1945.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

14

1. febr.

AUGLÝSING

frá atvinnumálaráðuneytinu.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11 frá 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum, hefur atvinnumálaráðuneytið ákveðið að leyfa ekki útflutning á ísuðum fiski í erlendum flutningaskipum, öðrum en færeyskum, nema hann fari fram á vegum ríkisstjórnarinnar og er því öllum öðrum óheimilt að flytja út ísaðan fisk með slíkum skipum.

Sá ágóði, sem verða kann af þessum útflutningi, verður notaður til verðjöfnunar og til fyrirgreiðslu á útflutningi fisksins og annarri hagnýtingu aflans, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. febrúar 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um lendingarbætur i Grunnavik, undirskrifuð af forsetanum 15. febrúar 1945, nr. 37.

Lög um stofnun búnaðarmálasjóðs, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 38.

Fjáraukalög fyrir árið 1941, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 39.

Lög um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um Lifeyrissjóð starfsmanna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 40.

Lög um breyting á lögum nr. 49/1942, um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 41.

Lög um lendingarbætur i Flatey á Skjálfanda, undirskrifuð af forsetanum 23. febrúar 1945, nr. 42.

Lög um breyting á lögum um ítölu, nr. 85 16. des. 1943, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 43.

Lög um sölu sildarverksmiðjunnar á Sólbakka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

Lög um breyting á lögum nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím i Borgarnesi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 45.

Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar sildarverk-smiðjur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 46.

Lög um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 47.

Lög um skipakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 48.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1941, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 49.

Lög um tekjuskattsviðauka árið 1945, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.

Auglýsing um loftflutningasamning milli Íslands og Bankaríkja Ameríku, undirskrifuð af forsætisráðherra 6. febrúar 1945, nr. 51.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá I.

15

31. jan.

Frá og með 1. febrúar næstkomandi gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti í dag, og fellur jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 31. október 1942.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. janúar 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

- 16 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Bjargar Hjörleifsdóttur og Sigríðar B. Ásmundsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. febrúar 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Bjargar Hjörleifsdóttur og Sigríðar B. Ásmundsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Bjargar Hjörleifsdóttur og Sigríðar B. Ásmundsdóttur. Starfssvið hans er Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu, með þeim takmörkum, sem hann hefur í árslok 1944.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 400 — fjögur hundruð — krónur, er undirritaður og börn hans gefa til minningar um áður nefndar konur — móður og eiginkonu aðalstofnandans —, og er ætlað til að sjóðurinn verði afhentur Kvenfélagi Keldhverfinga þann 17. júní 1945, en sá dagur er 100. afmælisdagur Bjargar Hjörleifsdóttur, er var starfandi ljósmóðir í Kelduneshreppi í 37 ár.

3. gr.

Sjóðurinn tekur með þakklæti móti gjöfum og áheitum eða öðru styrktarfé og leggst það allt við stofnféð og myndar höfuðstól sjóðsins, er aldrei má skerða, og ávaxta skal í Sparisjóði Norður-Þingeyinga eða annarri tryggri peningastofnun.

4. gr.

Engar útborganir mega eiga sér stað úr sjóðnum nema þær, er getur um í 9.—11. gr., og svo smáupphæðir, sem óhjákvæmilegar eru vegna sjóðsins sjálfs, t. d. prentun, ritföng o. s. frv.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan falin 3 konum, búsettum í Kelduneshreppi. Skal starfandi ljósmóðir hreppsins ávallt sjálfkjörin í stjórnina, en meðstjórnendur hennar kys Kvenfélag Keldhverfinga. Skulu þær kosnar til fjögurra ára, og ganga úr á víxl á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn árið 1947, og þá eftir hlutkesti. Leggist félagið niður, skulu meðstjórnendur kosnir af þeim konum búsettum í Kelduneshreppi, sem náð hafa 18 ára aldri.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast allar framkvæmdir hans og veitir styrki úr honum. Hún skal halda gerðabók, og skal færa í hverja þeirra skipulagsskrá sjóðsins, enn fremur alla reikninga, er sjóðinn varða, fundargerðir stjórnarinnar, skrá yfir styrki og umsóknir um þá, eignaskrá í lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, og annað það, er varðar hag sjóðsins. Hlotnist sjóðnum minningargjafir um látna menn eða konur, skal einnig færa í gerðabókina árlega sérstaka nákvæma skrá yfir þær.

7. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps ber að kjósa árlega 2 endurskoðendur reikninga sjóðsins, og skulu þeir hafa eftirlit með að skipulagsskrá hans sé fylgt. Þeir skulu vera búsettir í Kelduneshreppi.

8. gr.

Markmið sjóðsins er að veita hjálp sjúklingum, sem búsettir eru í Keldunes-hreppi, og þó einkum sængurkonum, er ávallt skulu sitja fyrir styrk úr sjóðnum, nema sérstaklega aðkallandi brýnar þarfir séu til annars.

16

3. febr.

9. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð því að ársvextir hans verða kr. 80.00, má veita styrki úr honum allt að hálfum ársvöxtum. Þegar ársvextirnir eru orðnir kr. 100.00 má hækka styrkina í allt að kr. 60.00. Þegar ársvextirnir hafa náð kr. 200.00 má nota $\frac{3}{4}$ þeirra til styrkveitinga, en eftir það að höfuðstóllinn hefur náð kr. 10000.00 að upphæð má taka til úthlutunar $\frac{4}{5}$ hluta ársvaxtanna. Allir ónotaðir vextir leggist við höfuðstóllinn með þeim takmörkunum sem um getur í 10. gr.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt þegar svo stendur á, að eigi er veittur styrkur eitt-hvert árið, að geyma fé það, sem þá var heimilt að úthluta og ráðstafa því á næsta ári, en sé það eigi gert það ár, leggst það við höfuðstóllinn.

11. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir yfir kr. 500.00 er heimilt að verja einhverju af fé því, sem ætlað er til styrkveitinga, til að taka þátt í að launa eða launa að fullu lærða hjúkrunarkonu, er búsett sé og starfi í Kelduneshreppi.

12. gr.

Komist á svo fullkomin, lögboðin sjúkratrygging hér á landi, að líkna starfsemi sú, er ræðir um hér að framan, sé óþörf, skal verja úthlutunarbærum tekjum sjóðsins til menningar börnum eða unglingum heimilisföstum í Kelduneshreppi, og skal þá stjórn sjóðsins, með samþykki sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjar-sýslu, semja skipulagsskrá fyrir þá starfsemi.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Stjórnartíðindum fyrir Ísland, B-deild.

Lóni í Kelduneshreppi, 19. desember 1944.

Björn Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún,
nr. 161 5. sept. 1939.

17

9. febr.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimt með 50% viðauka á árinu 1945.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

18
9. febr.

REGLUGERÐ

um umferð um Ölfusárbrú og brýr almennt.

A. Umferð um Ölfusárbrú.

1. gr.

Ekki má nema ein bifreið vera á brúnni í einu og skal jafnan ekið mjög hægt og varlega yfir.

2. gr.

Hámarksþungi bifreiðar, að meðtöldu hlassi, má vera 6000 kg.

3. gr.

Óheimilt er að nota bifreið eða aðra dráttarvél til þess að draga aðra bifreið eða vagn yfir brúna.

4. gr.

Farþegar úr stærri bifreiðum en 6 manna, skulu jafnan ganga yfir brúna, einnig þó aðeins séu fáir farþegar í bifreið.

5. gr.

Gangandi menn eða hjólandi mega ekki koma á móti bifreið, en heimilt er að ganga eða hjóla á eftir bifreið, þó ekki nær en í 20 metra fjarlægð.

6. gr.

Ekki má reka fleiri en 10 hesta eða aðra stórgripi yfir brúna í einu og skal þá jafnan maður ganga fyrir og gæta þess, að farið sé aðeins klyfjagang.

7. gr.

Öllum vegfarendum ber að hlýðnast fyrirskipunum brúarvarða.

B. Umferð um brýr almennt.

8. gr.

Vegamálastjóri setur þær reglur um umferð um brýr, sem hann telur nauðsynlegar til öryggis, svo sem um hámarksþyngd bifreiða o. fl.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari og reglum, sem samkvæmt henni verða settar, varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, sbr. vegalög nr. 101 19. júní 1933, 51. og 56. gr., til þess að öðlast þegar gildi, og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um byggingu nokkurra raforkuveitna, undirskrifuð af forsetanum 3. marz 1945, nr. 52.

Lög um breytingar á lögum um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárfstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. des. 1937, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Lög um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 54.

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 55.

Lög um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á islenzum skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 56.

Lög um gjald af söluverði fisks erlendis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 57.

Lög um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 58.

Bréf menntamálaráðuneytisins til skólameistarans á Akureyri, um breyting á fyrirmælum í bréfi 1. okt. 1930, um stjórn og aga í skólum landsins. 19 26. febr.

Hinn 1. okt. 1930 ritaði ráðuneytið yður, herra skólameistari, svo hljóðandi bréf:

„Að gefnu tilefni er þetta tekið fram viðvikjandi tveim atriðum um stjórn og aga í skólum landsins:

Nemendur mega eigi hafa nokkur afskipti af stjórnámálum út á við, hvorki í ræðu né riti, né taka þátt í deilum um hagsmunabaráttu félaga eða stétta í landinu meðan þeir eru nemendur í skólanum.

Nemendur mega aldrei ölváðir vera og eigi má á þeim sjást að þeir hafi áfengis neytt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar missi allra hlunninda, endurtekið brot burtvísun úr skóla, annað hvort um skeið eða að fullu og öllu.

Og þannig getur fyrsta broti gegn þessu fyrirmæli verið svo háttað, t. d. ef það skerðir virðingu skólans, að vísa beri nemanda úr skóla þegar í stað.“

Þau fyrirmæli framangreinds bréfs, er varða afskipti nemenda af stjórnámálum og þátttöku í deilum um hagsmunabaráttu félaga eða stétta í landinu, eru hér með úr gildi felld.

Þetta tilkynnist yður, herra skólameistari, hér með.

20
16. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um samflot skipa, nr. 86 1943.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll íslensk skip og skip, sem leigð eru eða gerð út af íslenskum mönnum eða fyrirtækjum og hafa íslenska skipshöfn og sem sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands með ísvarinn fisk, skulu sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir.

Reglugerð þessi er hér með sett samkv. lögum nr. 47 14. apríl 1943, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1945.

Emil Jónsson.

Vígfús Einarsson.

21

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Hins almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1944.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr. 651433.18
2. Innlög á árinu	— 98659.81
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum	kr. 12768.95
b. — verðbréfum	— 11880.10
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 7142.20
	— 31791.25
4. Endurgreitt af lánum	— 29139.43
5. Til jafnaðar við gjaldlið 2	— 40000.00
6. Til jafnaðar við gjaldlið 4	— 43980.24

Kr. 895003.91

Gjöld:

1. Úttekið af inneignum	kr. 15461.33
2. Lán veitt á árinu	— 40000.00
3. Kostnaðarreikningur	— 4184.65
4. Vaxtaafgangur	— 43980.24
5. Til jafnaðar við tekjul. 4	— 29139.43
6. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna	kr. 264829.55
b. Í skuldabréfum	— 206930.00
c. Í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands	— 288478.71
d. Í sjóði hjá gjaldkera	— 2000.00
	— 762238.26

Kr. 895003.91

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

SKÝRSLA

21

um eign kirkna í Hinum almenna kirkjusjóði árið 1944.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1943	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1944
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
1. Skeggjastaðakirkja ..	4065.30	200.00	»	125.45	4390.75
2. Hofteigskirkja	3270.90	»	»	98.13	3369.03
3. Kirkjubæjarkirkja ...	9926.55	»	»	297.80	10224.35
4. Hjaltastaðarkirkja ...	2544.52	»	»	76.34	2620.86
5. Eiðakirkja	1351.62	»	»	40.55	1392.17
6. Ásskirkja í Fellum ..	7920.56	76.38	»	238.19	8235.13
7. Valþjófsstaðarkirkja .	3658.74	»	1015.67	102.14	2745.21
8. Hofskirkja í V.f.	2605.75	»	»	78.17	2683.92
9. Sleðbrjótiskirkja	119.77	100.00	»	4.09	223.86
S.-Múlaprófastsdæmi:					
10. Vallaneskirkja	8.00	»	»	0.24	8.24
11. Þingmúlakirkja	1514.76	»	»	45.44	1560.20
12. Klippstaðarkirkja	811.54	»	»	24.35	835.89
13. Vestdalseyrarkirkja .	34.81	»	»	1.04	35.85
14. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
15. Neskirkja í Norðf. ..	18.81	»	»	0.56	19.37
16. Stöðvarkirkja	18.04	»	»	0.54	18.58
17. Eydalakirkja	11285.84	»	»	338.57	11624.41
18. Hofskirkja í Álftaf. .	595.35	»	»	17.86	613.21
19. Kolfreyjustaðark. ...	425.21	400.00	»	20.75	845.96
A.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
20. Stafafellskirkja	3994.61	»	»	119.84	4114.45
21. Einholtskirkja	1.24	»	»	»	1.24
22. Kálfafellsstaðarkirkja	73.12	»	»	2.19	75.31
23. Hofskirkja í Óræfum	9735.28	200.00	»	295.05	10230.33
V.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
24. Prestsbakkakirkja ...	6221.99	»	»	186.66	6408.65
25. Reyniskirkja	2173.70	»	»	65.21	2238.91
26. Grafarkirkja	2699.43	»	»	80.98	2780.41
27. Kálfafellskirkja	2229.74	345.45	752.00	48.64	1871.83
28. Skeiðflatarkirkja	111.51	»	»	3.35	114.86
29. Langholtskirkja	7355.14	»	»	220.65	7575.79

Kirkjur	Eign í árs- lok 1943	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1944
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Rangárvallaprófastsdæmi:					
30. Stórolfshvolskirkja ..	190.56	»	»	5.72	196.28
31. Oddakirkja	71.16	»	»	2.13	73.29
32. Kálfholtskirkja	107.60	»	»	3.23	110.83
33. Krosskirkja	2924.89	»	»	87.75	3012.64
34. Ásólfsskálakirkja	22.43	»	»	0.67	23.10
35. Eyvindarhólakirkja ..	5691.87	»	»	170.76	5862.63
36. Breiðabólstaðark.	29.95	»	»	0.90	30.85
37. Skarðskirkja	1022.93	414.09	»	32.76	1469.78
38. Landakirkja í Vestm.	19.93	»	»	0.60	20.53
39. Stóradalskirkja	818.41	1700.00	»	33.05	2551.46
40. Keldnakirkja (Bygg- ingarsjóður)	1030.00	»	»	30.90	1060.90
41. Voðmúlstaðakapella .	»	8725.00	»	20.48	8745.48
Árnessprófastsdæmi:					
42. Mosfellskirkja í Grn. .	1659.80	1000.00	»	59.79	2719.59
43. Þingvallakirkja	966.45	»	»	28.99	995.44
44. Strandarkirkja	282042.18	40303.71	223.66	8987.71	331109.94
45. Haukadalskirkja	161.80	»	»	4.84	166.64
46. Gaulverjabæjark.	188.43	»	»	5.65	194.08
47. Hraungerðiskirkja ...	1042.91	»	»	31.29	1074.20
48. Stokkseyrarkirkja ...	4230.95	»	»	126.93	4357.88
49. Ólafsvallakirkja	1037.71	500.00	»	32.38	1570.09
50. Miðdalskirkja	206.92	300.00	»	10.71	517.63
51. Eyrarbakakirkja ...	1013.60	3224.15	»	54.59	4292.34
52. Kotstrandarkirkja ...	44.51	»	»	1.34	45.85
53. Úthlíðarkirkja	»	2600.00	»	32.50	2632.50
54. Skálholtskirkja	»	50.00	»	»	50.00
Kjalarnessprófastsdæmi:					
55. Grindavíkurkirkja ...	3093.72	»	»	92.81	3186.53
56. Brautarholtskirkja ..	250.32	»	»	7.51	257.83
57. Reynivallakirkja	3056.26	»	»	91.69	3147.95
58. Lágafellskirkja	30.14	»	»	0.90	31.04
59. Njarðvíkurkirkja	58.24	»	»	1.75	59.99
60. Útskálakirkja	8.72	»	»	0.26	8.98
61. Hvalsneskirkja	1063.04	20.00	»	31.94	1114.98
62. Kálfatjarnarkirkja ...	3075.00	200.00	2500.00	50.00	825.00
Borgarfjarðarprófastsd.:					
63. Saurbæjarkirkja	1818.62	»	»	54.56	1873.18
64. Hallgrímsk. í Saurbæ .	42444.92	590.00	»	1284.50	44319.42

Kirkjur	Eign í árs- lok 1943	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1944
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
65. Reykoltskirkja	3966.16	1000.00	»	133.98	5100.14
66. Lundarkirkja	12.15	»	»	0.36	12.51
67. Bæjarkirkja	43.91	»	»	1.32	45.23
68. Gilsbakkakirkja	630.62	1870.00	»	70.34	2570.96
Mýraprófastsdæmi:					
69. Stafholtskirkja	12517.59	350.00	»	376.40	13243.99
70. Síðumúlakirkja	71.56	1000.00	»	4.65	1076.21
71. Hvammskirkja	2679.44	90.00	»	82.85	2852.29
72. Borgarkirkja	3489.44	»	»	104.68	3594.12
73. Álfartungukirkja	324.08	200.00	»	9.72	533.80
74. Kirkjusj. Borgarness .	5543.46	»	»	166.30	5709.76
Snæfellsnesprófastsdæmi:					
75. Breiðabólstaðarkirkja	2006.16	»	»	60.18	2066.34
79. Narfeyrarkirkja	839.57	»	»	25.19	864.76
77. Ytri-Rauðamelskirkja	953.48	»	»	28.60	982.08
78. Kolbeinsstaðakirkja .	4.84	»	»	»	4.84
79. Kirkjusj. Kviabryggju	6787.47	»	»	203.62	6991.09
80. Setbergskirkja	409.00	600.00	»	22.77	1031.77
Dalaprófastsdæmi:					
81. Stóra-Vatnshornsk. ...	24.29	»	»	0.73	25.02
82. Snóksdalskirkja	4659.62	»	»	139.79	4799.41
83. Hvammskirkja	43.41	»	»	1.30	44.71
84. Staðarhólskirkja	217.47	»	»	6.52	223.99
Barðastrandarprófastsd.:					
85. Bíldudalskirkja	»	10000.00	»	25.00	10025.00
86. Selárdalskirkja	74.43	5386.03	70.00	20.95	5411.41
87. Sauðlauksdalskirkja .	4634.70	»	»	139.04	4773.74
88. Staðark. á Reykjanesi	1367.92	»	»	41.04	1408.96
89. Flateyjarkirkja	53.07	55.00	»	2.46	110.53
90. Gufudalskirkja	1215.20	»	»	36.45	1251.65
91. Brjánslækjarkirkja ..	19.24	»	»	0.58	19.82
92. Reykhólakirkja	1366.12	»	»	40.98	1407.10
93. Stóra-Laugardalsk. ..	317.72	200.00	»	11.03	528.75
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
94. Holtsk. í Önundarf. .	771.75	»	»	23.15	794.90
95. Mýrakirkja	5991.65	3000.00	»	179.75	9171.40
96. Sæbólakirkja	408.42	»	»	12.25	420.67

Kirkjur	Eign í árs- lok 1943	Lagt inn	Tekið út	Vextir á áriuu	Eign í árs- lok 1944
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
97. Staðark. í Súg.f. ...	107.87	»	»	3.24	111.11
98. Hraunskirkja	2327.44	600.00	»	75.82	3003.26
99. Núpiskirkja	60.37	»	»	1.81	62.18
N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
100. Ísafjarðarkirkja	19418.79	10000.00	»	707.56	30126.35
101. Vatnsfjarðarkirkja ...	400.00	900.00	»	12.00	1312.00
102. Melgraseyrarbænhús	101.25	»	»	3.04	104.29
Strandaprófastsdæmi:					
103. Staðark. í Stgrf.	6810.87	»	600.00	186.33	6397.20
104. Prestsbakkak.	3717.58	»	»	111.53	3829.11
105. Staðark. í Hrf.	1798.08	»	»	53.94	1852.02
106. Árnesskirkja	5264.79	»	»	157.94	5422.73
107. Óspakseyrark.	14.45	»	»	0.43	14.88
Húnavatnsprófastsdæmi:					
108. Staðarbakkakirkja ..	72.33	»	»	2.17	74.50
109. Melstaðarkirkja	134.33	»	»	4.03	138.36
110. Hofskirkja á Skg. ..	1784.70	»	»	53.54	1838.24
111. Bergsstaðakirkja	461.10	300.00	»	13.83	774.93
112. Höskuldsstaðak. ...	2491.49	»	»	74.74	2566.23
113. Efranúpiskirkja	29.05	»	»	0.87	29.92
114. Blönduósskirkja	1024.47	600.00	»	30.73	1655.20
115. Spákonufellskirkja .	20.01	»	»	0.60	20.61
116. Tjarnarkirkja á Vn.	3.94	»	»	»	3.94
117. Auðkúlukirkja	1783.82	250.00	»	57.88	2091.70
Skagafjarðarprófastsdæmi:					
118. Sauðárkróskirkja ..	1875.41	»	»	56.26	1931.67
119. Rípurkirkja	12.40	»	»	0.37	12.77
120. Glaumbæjarkirkja ..	16.07	»	»	0.48	16.55
121. Mælifellskirkja	17.69	»	»	0.53	18.22
123. Barðskirkja	4909.03	»	»	147.27	5056.30
123. Hólakirkja	115.69	»	»	3.47	119.16
124. Goðdalakirkja	1986.99	»	»	59.61	2046.60
125. Miklabæjarkirkja ..	1868.39	»	»	56.05	1924.44
126. Flugumýrarkirkja ..	29.75	»	»	0.89	30.64
127. Ketukirkja	1138.15	»	»	34.14	1172.29
128. Viðvíkurkirkja	1050.50	»	»	31.51	1082.01
139. Hvammiskirkja í L.d.	587.93	»	»	17.64	605.57
130. Knappsstaðakirkja ..	508.18	400.00	»	20.24	928.42
131. Fellskirkja í Sl.	11.54	»	»	0.35	11.89
132. Viðimýrarkirkja	»	50.00	»	0.25	50.25

Kirkjur	Eign í árs- lok 1943	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1944
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
133. Grímseyjarkirkja ...	33.73	»	»	1.01	34.74
134. Glæsibæjarkirkja ...	222.48	»	»	6.67	229.15
135. Kaupangskirkja	10.70	»	»	0.32	11.02
136. Saurbæjarkirkja	7759.14	»	»	232.77	7991.91
137. Munkaþveráarkirkja .	13925.12	»	10300.00	402.75	4027.87
138. Lögmannshlíðark. .	190.23	»	»	5.71	195.94
139. Bægisáarkirkja	289.02	»	»	8.67	297.69
140. Vallakirkja	49.15	»	»	1.47	50.62
141. Tjarnarkirkja	15.68	»	»	0.47	16.15
142. Stærri-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0.63
143. Möðruvallak. í Hörg.	2379.38	450.00	»	77.00	2906.38
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
144. Laufáskirkja	1020.71	»	»	30.62	1051.33
145. Hálskirkja	1170.92	»	»	35.13	1206.05
146. Þóroddsstaðarkirkja	301.49	»	»	9.04	310.53
147. Skútustaðakirkja ...	78.38	»	»	2.35	80.73
148. Brettingsstaðak.	1362.13	300.00	»	46.86	1708.99
149. Illugastaðakirkja ...	16.48	»	»	0.49	16.97
150. Grenjaðarstaðark. ..	5294.76	»	»	158.84	5453.60
151. Grenivíkurkirkja ...	2062.88	»	»	61.89	2124.77
152. Þönglabakkakirkja .	2921.75	»	»	87.65	3009.40
153. Neskirkja í Aðaldal .	235.14	»	»	7.05	242.19
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
154. Skinnastaðarkirkja .	1238.93	110.00	»	38.27	1387.20
155. Presthólakirkja	113.70	»	»	3.41	117.11
156. Ásmundarstaðarkirkja	1.19	»	»	»	1.19
157. Svalbarðskirkja	7308.26	»	»	219.25	7527.51
158. Viðirhólskirkja	1.38	»	»	»	1.38
159. Sauðaneskirkja	149.91	»	»	4.50	154.41
Samtals	615749.91	98659.81	15461.33	19309.63	718258.02

Athugasemd.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 43980.24, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 718258.02, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 762238.26.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

22

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1944.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	42432.53
2. Vextir	—	2121.62
		<u>Kr. 44554.15</u>

G j ö l d :

1. Úthlutað styrk	kr.	1000.00
2. Eign í árslok:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	—	43554.15
		<u>Kr. 44554.15</u>

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

23

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1944.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	2000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1063.53	
		<u>kr. 4063.53</u>	
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	100.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	55.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	27.15	
		<u>— 182.15</u>	
			<u>Kr. 4245.68</u>

G j ö l d :

Eign í árslok 1944:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	2000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1245.68	
		<u>kr. 4245.68</u>	

K r . 4 2 4 5 . 6 8

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

24

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1944.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1700.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	5714.44	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1668.02	
e. Ytra Vallholt	—	7100.00	
			kr. 17182.46
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	84.50	
b. — ríkisskuldabréfum	—	55.00	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	285.72	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	35.41	
			— 460.63
3. Eftirgjald eftir Ytra Vallholt	—	275.00	
			Kr. 17918.09

Gjöld:

1. Úthlutað ekkjum	kr.	275.00	
2. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1700.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	6000.16	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1842.93	
e. Ytra Vallholt	—	7100.00	
			— 17643.09
			Kr. 17918.09

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

25

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1944.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	39200.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	7000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	44628.66	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	29970.43	
			kr. 120799.09
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	—	1842.50	
b. — ríkisskuldabréfum	—	335.00	
			—
	Flyt	kr. 2177.50	kr. 120799.09

25

	Flutt kr.	2177.50	kr. 120799.09
c. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	—	2231.43	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	530.00	— 4938.93
3. Gjafir til sjóðsins			— 977.00
4. Frá ríkissjóði samkv. 14. gr. fjárl.			— 26000.00

Kr. 152715.02

G j ö l d :

1. Styrkveiting til 57 styrkþega			kr. 27130.00
2. Ávísanahefti			— 2.00
3. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	36100.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	7000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	46360.09	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	36112.93	
e. Í sjóði hjá gjaldkera	—	10.00	— 125583.02

Kr. 152715.02

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

26

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1944.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	800.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2027.72	kr. 2827.72
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	40.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	49.14	— 89.14

Kr. 2916.86

G j ö l d :

Eign í árslok 1944:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	800.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2116.86	kr. 2916.86

Kr. 2916.86

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

27

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1944.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	5300.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	15135.37	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	3291.93	
			kr. 23727.30
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	236.75	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	756.76	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	98.45	
			— 1091.96
			Kr. 24819.26

Gjöld:

Eign í árslok 1944:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	4500.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	15892.13	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	4427.13	
			kr. 24819.26
			Kr. 24819.26

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

28

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1944.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	22000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	11527.36	
			kr. 36527.36
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	976.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	165.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	357.06	
			— 1498.06
			Kr. 38025.42

28

Gjöld:

Eign í árslok:		
a. Veðdeildarbréf	kr. 17800.00	
b. Ríkisskuldabréf	— 3000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 17225.42	
		<u>kr. 38025.42</u>
		Kr. 38025.42

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

29

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1944.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Veðdeildarbréf	kr. 3900.00	
b. Ríkisskuldabréf	— 1000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 1750.61	
		<u>kr. 6650.61</u>
2. Vextir:		
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 182.50	
b. — ríkisskuldabréfum	— 55.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 53.58	
		<u>— 291.08</u>
		Kr. 6941.69

Gjöld:

Eign í árslok 1944:		
a. Veðdeildarbréf	kr. 3400.00	
b. Ríkisskuldabréf	— 1000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 2541.69	
		<u>kr. 6941.69</u>
		Kr. 6941.69

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess, undirskrifuð af forsetanum 12. marz, nr. 59.

Lög um laun starfsmanna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 60.

Lög um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 61.

Lög um veltuskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 62.

Lög um breyting á lögum nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 63.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 8. tbl. Lögbirtingablaðsins 1945, 40 um endurnýjun ferðaskírteina skipa að boði brezku flotastjórnarinnar. 19. febr.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni að nauðsynlegt sé að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. marz 1945, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

AUGLÝSING

um lækun aðflutningsgjalda af kornvörum og sykri.

41

17. jan.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 12. janúar 1945, um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. janúar þ. á. að telja til ársloka 1945 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjóli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming um sama tíma aðflutningsgjöld af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið, að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri um sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 17. janúar 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

42

26. jan.

AUGLÝSING

um notkua heimildar laga frá 24. jan. 1945, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 24. janúar 1945 og innheimta frá og með 27. janúar þ. á. að telja til ársloka 1945 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild fyrrgreindra laga frá 24. janúar 1945 og innheimta með 50% viðauka innlent tollvörugjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 60 30. desember 1939 og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935.

Viðaukinn reiknast á þann hátt sem segir í 2. gr. laganna frá 24. janúar 1945.

Auglýsing ráðuneytisins, dags. 4. desember 1944, um notkun heimildar laga nr. 54 12. október 1944, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka, er úr gildi fallin.

Fjármálaráðuneytið, 26. janúar 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

43

10. febr.

AUGLÝSING

um fyrirkomulag fiskflutninga o. fl.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið eftirfarandi reglur um fyrirkomulag á útflutningi fisks, hagnýtingu afla og verðjöfnunarsvæði:

I. Verðjöfnunarsvæði skulu vera þessi:

1. Reykjanes og Faxaflói.
2. Snæfellsnes, Breiðafjörður og Vestfirðir að Bildudal, að honum meðtöldum.
3. Aðrir Vestfirðir og Strandir.
4. Norðurland frá Hrótafirði að Langanesi.
5. Austurland frá Langanesi að Hornafirði, að honum meðtöldum.
6. Vestmannaeyjar og Suðurland.

II. Öll skip, sem flytja út ísaðan fisk á vegum samlaga útvegsmanna, eru undanþegin verðjöfnunargjaldi því, er um ræðir í auglýsingu samninganefndar utanríkisviðskipta, dags. 10. janúar 1945, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt.

- a. Samlögín séu opin öllum útvegsmönnum á samlagssvæðinu.
- b. Samlögín úthluti arði af rekstri skipanna í hlutfalli við heildarafla fiskeigenda (báts) án tillits til þess hvort aflinn er fluttur út ísaður, lagður upp í salt, til herzlu, í hraðfrystihús, eða nýttur á annan hátt, enda geti samlagstjórn ráðstafað afla félagsmanna (bátanna) á þann hátt, er hún telur henta bezt í hvert skipti til þess að heildarafla hagnýtist sem bezt. Þeir bátar einir, sem eru í samlögum og hlýða reglum þeirra, geta vænt þess að verða aðnýtandi réttinda samkvæmt þessum reglum.
- c. Skip þau, er annast útflutninginn, séu á leigu hjá samlögunum og rekin á þeirra ábyrgð, samkvæmt skilmálum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

- d. Að samlögin fallist á að hlíta þeim skilyrðum, er ríkisstjórnin kann að setja að öðru leyti fyrir starfsemi þeirra. 43
10. febr.
- III. Verðjöfnunarsjóði hvers svæðis skal úthlutað til fiskeigenda á svæðinu eftir fiskmagni, eftir að frá hefur verið dregið það fiskmagn, sem flutt er út á vegum samlaganna samkvæmt II. lið þessarar auglýsingar. Greiðslan skal vera ákveðin fjárhæð á kg, án tillits til þess hvort fiskurinn er fluttur út ísaður, lagður upp í hraðfrystihús, herzlu eða salt eða nýttur á annan hátt. Sjóður þessi skal gerast upp mánaðarlega og fari útborgun fram eins fljótt og auðið er.
- IV. Reglur um úthlutun á arði, sem verða kann af fiskútflutningi þeim, sem fram fer á vegum ríkisstjórnarinnar, verða settar síðar.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 12. febrúar 1940, til að öðlast gildi þegar í stað og gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. febrúar 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Snartartungusjóð“, útgefin á venju- 44
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febrúar 1945. 20. febr.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Snartartungusjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Snartartungusjóður og er stofnaður af börnum og fósturbörnum um hjónanna Guðbjargar Jónsdóttur og Sturlaugs Einarssonar í Snartartungu, á gullbrúðkaupsdegi þeirra, 26. maí 1943, til minningar um þau og látin systkini og fóstursystkini stofnendanna.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1700 — eitt þúsund og sjö hundruð — krónur og má aldrei skerða höfuðstólinn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, minningargjafir hvers konar, áheit og aðrar gjafir, svo og ágóði af skemmtunum, er haldnar kunna að verða til fjáröflunar sjóðnum.

Sjóðurinn ávaxtast í Landsbanka Íslands.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unglunga í Óspakseyrarhreppi (eins og hann takmarkast nú), til náms í búfræði, hússtjórn og garðyrkju, jafnt til byrjunarnáms sem lokanáms í æðri skólum, erlendis sem hérlendis.

Þá fyrst má úthluta fé úr sjóðnum, er hann nemur 10000 — tíu þúsund — krónum og þó aldrei meiru en $\frac{1}{5}$ — þrem fimmtu — hlutum vaxta ár hvert.

44

20. febr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: sóknarprestur, sýslumaður og hreppstjóri þess héraðs, sem er starfssvæði sjóðsins, eða aðrir tilsvarendi sýslunarmenn, verði breyting á skipan þeirra mála, er þessir menn fara nú með.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af sýslunefnd Strandasýslu og birtur í sýslufundargerð sýslunnar ár hvert.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Snartartungu, 26. maí 1943.

Einar Sturlaugsson.	Hjörtur Sturlaugsson.	Jónína S. Jónsdóttir.
Halldóra Sturlaugsdóttir	Guðborg Sturlaugsdóttir	Hjörleifur Sturlaugsson.
Jón Hjörleifsson.	Ásmundur Sturlaugsson.	

45

21. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 66 frá 26. júní 1944, um mat og eftirlit með útflutningi á ísvörðum fiski.

1. gr.

Aftan við 3. gr. komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Þó getur fiskimatsstjóri, þegar sérstaklega stendur á, leyft að lengri tími líði en að framan segir frá því að fiskurinn er veiddur og þangað til hann er afhentur í útflutningsskip.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af forsetanum 12. marz 1945, nr. 64.

Lög um endurveitingu borgararéttinda, undirskrifuð af forsetanum 16. marz 1945, nr. 65.

Lög um útsvör, undirskrifuð af forsetanum 12. apríl 1945, nr. 66.

Lög um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 67.

Lög um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 68.

Lög um stjórnmannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 69.

Lög um fasteignamat, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 70.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 71.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um að Raufarhafnarhreppur verði sérstök dómþinghá. 46

14. marz

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, og ósk hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að Raufarhafnarhreppur verði framvegis sérstök dómþinghá með þingstað í Raufarhafnarkaup-túni, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birt-ingar.

AUGLÝSING

47

26. febr.

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu	um skrásetningu hlutafélags	115 kr.
2.	—	um skrásetningu firma, sem einn er eigandi að	25 —
3.	—	um skrásetningu firma, sem einn er eigandi að, ef jafnframt er veitt prókúruumboð	30 —
4.	—	um skrásetningu firma, sem tveir eru eigendur að	30 —
5.	—	um skrásetningu firma, sem tveir eru eigendur að, ef jafnframt er veitt prókúruumboð	35 —
6.	—	um skrásetningu firma, sem þrír eða fleiri eru eigendur að	50 —
7.	—	um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	25 —

6

- 47 8. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum og firmum (breyt.
26. febr. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl. 40 kr.
9. — — — — — um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum 15 —
Gjaldskylt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framan-
greindra liða, greiðist með fimm krónum fyrir hvern dálkcentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. marz n. k. og gildir unz öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í dómsmálaráðuneytinu, 26. febrúar 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

48

2. marz

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Reykhólahrepps, Barðastrandarsýslu.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Reykhólahrepps og skal heimili hans og varnarþing vera í Reykhólahreppi.

2. gr.

Trygging sú er sparisjóðurinn hefur fyrir innstæðufé sparifjáreigenda og öðrum skuldbindingum er:

1. Sjóðeign hans.
2. Skuldabréf, verðbréf og aðrar eignir.
3. Varasjóður.
4. Ábyrgðarmenn.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12 — tólf —. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr hreppnum, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður óreiði á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kosnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins. 48

2. marz

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutadeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórn sparisjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókarí.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðist nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund, ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutadeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar séu greinilegar og getið við hverja einstaka greiðslu.

48

2. marz

11. gr.
Stjórnin heldur fundi þegar ástæða þykir til. Ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með nægum fyrirvara. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmaður þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmaður hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmaður fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, sé til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur séð þar þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta sinn.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa að minnsta kosti eitt ár óhreyft, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Sparisjóðurinn getur neitað einstöku viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 6000 krónur.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, er nema 1000 kr. og þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 100 kr. til 400 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 800 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

48

2. marz

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gera næst þegar viðskiptabók er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn frenur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun gefin. Við samburð viðskiptabókar og innstæðubókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu skal skila viðskiptabókinni aftur, án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, skal farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan, ásamt vöxtum, orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því fé, sem upp er sagt.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður hrekkur eigi til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt,

48 eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsam-
2. marz legra fyrirtækja í almennings þarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að gripa til fjárs þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{4}{5}$ hlutar að virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- með því að kaupa víxla, sem sparisjóðurinn álitur tryggja;
- á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu samanlögðu.

Komi það fyrir, að sparisjóðurinn neyðist til að gripa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er stjórn sjóðsins skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Pegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum.

Aldrei má sparisjóðurinn taka lán nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það. 48

2. marz

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf, sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu þækur sjóðsins ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hve mikið hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni vera saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforði hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið; einnig skal tilgreina tapið, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll lán, er sjóðurinn á úti-standandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldalagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, er hann er í við aðra. — Reikningar skulu vera í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu (með

48 hlutfallskosningu) til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmann. Kjósa 2. marz skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparissjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðunarmenn sparissjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparissjóðsins og verðbréfaeign um hver reikningslok og bera saman við bækur sjóðsins.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparissjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, sem þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparissjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan í reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparissjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparissjóði, svo og reglugerð um sparissjóði frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrir mæli og stjórn sjóðsins bætir ekki tafarlaust úr því, sem ábótavant kann að vera.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

49

3. marz

um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Bannað er að selja erlent smjör, nema gegn serstökum seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Hverjum manni skal afhentur skömmtunarseðill fyrir tveimur enskum pundum (2×453 g) af erlendu smjöri þegar reglugerð þessi kemur í gildi, og gildir hann til 1. júlí 1945.

Bannað er að selja eða láta af hendi skömmtunarseðil eða aðra innkaupaheimild fyrir peninga eða önnur verðmæti.

Nánari reglur um fyrirkomulag úthlutunarinnar setur skömmtunarskrifstofa ríkisins.

3. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík hefur með höndum heildsölu smjörsins, og skal hún halda nákvæma skrá um sölu þess til smásala og senda afrit af þeirri skrá vikulega til skömmtunarskrifstofu ríkisins. Mjólkursamsalan taki kvittun frá smásölum fyrir móttöku smjörsins.

4. gr.

Hver smásöluverzlun skal mánaðarlega senda skömmtunarskrifstofu ríkisins alla þá skömmtunarseðla, sem selt hefur verið samkvæmt í mánuðinum á undan, ásamt skýrslu um innkaup og birgðir.

5. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka smjörbirgðir allra verzlana.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 kr., og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild i lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

50

3. marz

AUGLÝSING

um skömmtn á erlendu smjöri.

Samkvæmt reglugerð útgefinni í dag, löggildist hér með stofnauki nr. 1, sem fylgdi skömmtnarseðlum fyrir tímabilið 1. jan. til 1. apríl, sem innkaupaheimild fyrir tveimur pökkum (453 g \times 2) af erlendu smjöri, og gildir hann sem innkaupaheimild fyrir þessu magni til 1. júlí n. k.

Verð þess smjörs, sem selt er gegn þessari innkaupaheimild, er ákveðið kr. 6.50 hver pakki í smásölu.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

51

5. marz

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Ólafsvíkur, Ólafsvík.

I. KAFLI

Almenn ákvæði og trygging.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Ólafsvíkur og er stofnaður árið 1892. Heimili hans og varnarþing er í Ólafsvík.

2. gr.

Starf sjóðsins er að geyma og ávaxta peninga fyrir íbúa Ólafsvíkur, Fróðárhrepps og Neshrepps utan Ennis og Breiðuvíkurhrepps, og með lánum að styðja að gagnlegum fyrirtækjum í hreppum þessum, þó tekur hann einnig fé á vöxtu frá annarra sveita mönnum og lánar þeim með sömu kjörum.

3. gr.

Til tryggingar því, að inneignir viðskiptamanna glatist ekki, og að sjóðurinn standi í skilum með skuldbindingar sínar, ábyrgjast sjóðinn ábyrgðarmenn, sem ekki mega vera færri en 12, samkvæmt ákvæðum 5. gr., og auk þess skal sjóðurinn eiga varasjóð, er aldrei sé minni en 10000 krónur, en fari hann niður úr þeirri upphæð þar ábyrgðarmönnum að auka tryggingu sína, eða útvega tryggingu fyrir því, sem til vantar, til þess að sjóðurinn geti haldið áfram að starfa.

Hin takmarkaða ábyrgð ábyrgðarmanna, allur varasjóðurinn, og aðrar eignir sparisjóðsins eru í hvert sinn trygging innstæðueigenda, að svo miklu leyti, sem það er ekki sett sem veð fyrir lánum sjóðsins.

II. KAFLI

Ákvæði um ábyrgð, stjórn og starfrækslu sjóðsins.

51

5. marz

4. gr.

Í stjórn sparisjóðsins skulu vera þrír menn, og einn til vara, en ábyrgðarmenn eru yfirstjórn sjóðsins, að svo miklu leyti sem lög nr. 69 frá 27. júní 1941 takmarka eigi verksvið þeirra.

5. gr.

Ábyrgðarmenn sparisjóðsins mega ekki vera færri en 12 og skulu þeir búsettir ekki færri en 6 í Ólafsvík, 4 í Neshreppi utan Ennis, 1 í Fróðárhreppi og 1 í Breiðuvíkurbreppi. Ef fleiri eru en 12 skulu þeir, sem umfram eru, helzt búsettir í hinum sömu hreppum.

6. gr.

Sérhver ábyrgðarmaður skuldbindur sig skriflega til að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum, svo og til að svara allt að 250 krónum fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, og getur ekki staðið straum af sjálfur.

7. gr.

Fækki ábyrgðarmönnum svo, að ekki verði 12 eftir búsettir samkvæmt 5. gr., eiga þeir, sem eftir eru, að fylla skarðið, að fengnum tillögum stjórnar sparisjóðsins.

8. gr.

Aðalfundur ábyrgðarmanna skal haldinn í Ólafsvík ekki síðar en í aprilmánuði ár hvert. Skal þá lagður fram endurskoðaður reikningur sparisjóðsins fyrir hið liðna ár, og hann úrskurðaður. Á aðalfundi skulu bækur og eignir sjóðsins yfirlitið, athugaðar ráðstafanir stjórnarinnar, og fjórða hvert ár kosnir 2 menn og einn til vara í stjórn sjóðsins, ákveðin þóknun til starfsmanna sjóðsins og endurskoðenda, og teknar aðrar ráðstafanir, er sjóðinn varða, og þurfa þykir.

Aukafundi geta ábyrgðarmenn haldið, þegar stjórninni þykir þurfa eða ef helmingur ábyrgðarmanna æskir þess.

Formaður stjórnarinnar boðar til aðal- og aukafunda.

Aðalfundur og aukafundur eru lögmætir ef $\frac{2}{3}$ ábyrgðarmanna eru mættir; mæti ekki svo margir, skal boða til nýs fundar og er hann lögmætur þótt færri mæti.

Afl atkvæða ræður á fundum, en séu atkvæði jöfn, skal varpa blutkesti.

Hlutfallskosningar skulu viðhafðar, ef þess er óskað.

9. gr.

Í stjórn sparisjóðsins skulu vera þrír menn, einn kosinn af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, en hinir tveir kosnir á aðalfundi ábyrgðarmanna; auk þess skal kjósa einn mann til vara í stjórnina á aðalfundi ábyrgðarmanna, er gegnir stjórnarstörfum í forföllum hinnar ábyrgðarmannakjörnú stjórnarmanna. Stjórnin skal kosin til fjöggra ára í senn. Deyi maður úr stjórn, eða flytji burt úr Ólafsvík á kjörtímabilinu, skal kosið í hans stað af sýslunefnd eða ábyrgðarmönnum, til þess að útenda kjörtímabilið. Stjórnendur skulu allir eiga heima í Ólafsvík. Stjórnendur má kjósa úr flokki ábyrgðarmanna.

10. gr.

Stjórnendur sjóðsins skipta með sér verkum, skal einn þeirra vera formaður sparisjóðsins. Stjórnin ræður starfsmenn sjóðsins, féhirði og bókara. Stjórnendur

- 51 mega sjálfir annast starfrækslu sjóðsins. Þóknun fyrir starfa stjórnarinnar og 5. marz þóknun til endurskoðenda og starfsmanna, ákveða ábyrgðarmenn á aðalfundi sínum ár hvert.

11. gr.

Formaður sparisjóðsstjórnarinnar, ásamt öðrum manni úr stjórn sparisjóðsins, undirritar skjöl og yfirlýsingar fyrir hönd sparisjóðsins, svo skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans. Þó skulu kvittanir, er snerta daglega starfrækslu, undirritaðar af bókara og gjaldkera sjóðsins.

12. gr.

Stjórn sparisjóðsins ákveður hvernig starfrækslu sparisjóðsins skuli hagað, að svo miklu leyti sem aðalfundur ábyrgðarmanna hefur ekki ákveðið hana fyrir hvert ár, en að minnsta kosti skal sjóðurinn opinn til afgreiðslu tvo tíma í senn, tvisvar í viku, nema sumarmánuðina júní, júlí og ágúst, þá aðeins tvo tíma í senn einu sinni í viku. Gæta skal stjórnin þess, að hlýða lögum nr. 69 frá 27. júní 1941, um sparisjóði, og reglugerð frá 15. febr. 1942, að því er starfrækslu sjóðsins snertir.

13. gr.

Bækur sjóðsins skulu vera samkvæmt reglugerð frá 15. febr. 1942, um sparisjóði.

14. gr.

Sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu kýs 2 menn með hlutfallskosningu árlega, sem endurskoðendur sparisjóðsins. Skulu þeir yfirfara reikninga sparisjóðsins, yfirlita bókfærslu sjóðsins, skuldabréf og eignir, og votta, að sjóðnum sé stjórnað samkvæmt settum lögum og reglugerðum, sbr. reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febr. 1942.

15. gr.

Stjórn sparisjóðsins skal hafa lokið uppgerð ársreikninga sjóðsins fyrir lok marz mánaðar ár hvert, og skulu þeir afhentir endurskoðendum eigi síðar en 10. aprílmánaðar.

Allar upplýsingar, er endurskoðendur æskja eftir, er stjórninni skylt að gefa þeim.

III. KAFLI

Ákvæði um inn- og útborganir.

16. gr.

- a. Innlög í sparisjóðinn eru tekin í gjaldgengum peningum, og eigi minna en ein króna í hvert sinn.
- b. Það, sem í sjóðinn er lagt, er fært í innstæðubók, og fær hver innstæðueigandi sinn viðskiptareikning (conto) með rituðu nafni og heimili, eða sérstöku nafni, ef æskt er.
- c. Sem sönnun fyrir innstæðu sinni fær hver sá, sem í sjóðinn leggur, viðskiptabók, með sömu yfirskrift og í innstæðubókinni stendur, og skal prenta í hana útdrátt úr sparisjóðslögunum frá 27. júní 1941 og útdrátt úr samþykktum þessum eða annað þess í stað, sem sparisjóðseftirlitið í stjórnarráði Íslands tekur gilt, og gildir viðskiptabókin sem samningur við sparisjóðinn, þegar hún hefur verið undirrituð af formanni og öðrum meðstjórnarmanni. Fyrir innlögum í viðskiptabókina kvitta bókarí og gjaldkeri sjóðsins.

Þegar viðskiptabók er tæmd, heldur sparisjóðurinn eftir einni krónu af inn-
stæðu bókarinnar til greiðslu hennar.

51

5. marz

17. gr.

Sjóðurinn gefur út sérstakar viðskiptabækur (ávisanabækur) og skal þá heimilt að greiða út úr þeim, aðeins gegn ávisunum, þó bókin sé ekki sýnd í sjóðnum, og eins að taka við greiðslu inn í þær, en prenta skal skýrt á bókina að hún sé ekki veðhæf, þar eð bókin geti sýnt aðra innstæðuupphæð en tilsvarendi viðskiptareikningur. Sjóðurinn lætur prenta ávisanahefti á bækur þessar og selur ávisanaheftin á 2 krónur heftið. Aðeins eyðublöð þau, sem sparisjóðurinn gefur sjálfur út, eru gild undir ávisanir á ávisanabækur. Sjóðurinn heldur skrá um það, hvaða númer á ávisanaheftum hver eigandi ávisanabókar fær.

18. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, þegar meiri hluti stjórnar álitur það nauðsynlegt fyrir sjóðinn, eða gera að skilyrði að féð standi óhreyft í sjóðnum allt að einu ári.

19. gr.

Af því fé, sem lagt er í sjóðinn, verður svarað sömu vöxtum og Landsbanki Íslands svarar af innstæðufé á hverjum tíma. Minni upphæð en tíu krónur ber eigi vexti í sjóðnum. Vextir greiðast frá þeim degi sem inn er lagt og til þess dags, sem út er tekið. Vextir af innstæðum skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól. — Í fyrsta sinn og viðskiptabók er sýnd eftir nýár, skulu vextir færðir í hana, og skal þess þá vandlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, er innstæðubókin telur.

20. gr.

- a. Uppsögn á innstæðu fer fram skriflega, og sá, sem upp segir, fær það ritað í viðskiptabók sína og dagbók (gerðabók stjórnar) sjóðsins.
- b. Engri innstæðu má segja upp fyrir en hún hefur staðið 6 mánuði, eða lengri umsaminn tíma í sjóðnum. Allt að 5 krónum má fá útborgað fyrirvaralaust, en þó er sjóðurinn ekki skyldur til að borga meira en 10 krónur á mánuði úr sömu viðskiptabók fyrirvaralaust. 10 til 20 krónum skal segja upp með mánaðar fyrirvara, 20 til 50 krónum með tveggja mánaða fyrirvara, 50 til 200 krónum með þriggja mánaða fyrirvara, og stærri upphæðum með misseris fyrirvara.
- c. Eftir gjalddaga er engum vöxtum svarað af höfuðstól eða vöxtum. Stjórn sjóðsins á rétt á að fá að heimta, að við uppsögðu fé sé tekið strax og því er sagt upp, eða innan skemmri tíma en ákveðinn er. Sjóðurinn þarf heldur ekki að svara vöxtum lengur en til þess dags, að borgun er boðin.

21. gr.

Borgun til innstæðueigenda á sér stað í gjaldgengum peningum, og ritast úttektin strax í viðskiptabókina, nema um ávisanabók sé að ræða samkvæmt 17. gr. Sparisjóðurinn greiðir handhafa viðskiptabókar inneign þá, sem í bókinni stendur og um er beðið, án þess að sjóðurinn beri nokkra ábyrgð á því fé gagnvart eiganda bókarinnar. — Ef viðskiptabók glatast verður stjórn sparisjóðsins að fá hana ógilta á kostnað eiganda samkvæmt lögum nr. 69 frá 27. júní 1941, um sparisjóði, áður en útborgun fer fram.

51

5. marz

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans ekki vitja sjóðsins í 20 ár, til að taka við vöxtum, eða segja upp höfuðstóli, er öll innstæðan með vöxtum orðin eign sparissjóðsins, enda hafi áður verið skorað á eiganda að segja til sín, innan 6 mánaða, með auglýsingu í blaði því, er flytur auglýsingar stjórnarvalda (Lög-birtingablaðinu).

22. gr.

Af ágóða sjóðsins greiðist allur kostnaður við stjórn hans og rekstur. Aðalfundur ábyrgðarmanna ákveður þóknun til stjórnenda, endurskoðunarmanna og starfsmanna.

23. gr.

Afgangur af ágóða sjóðsins, þegar greiddur hefur verið kostnaður við stjórn og starfrækslu, rennur í varasjóð, en takmark hans er, að standa straum af hverju því tjóni, sem sjóðurinn kann að verða fyrir; en þegar varasjóður nemur meiru en 10% af innstæðufé og öðrum skuldbindingum sjóðsins, má verja því fé sem þá er umfram í almenningsþarfir, ef $\frac{3}{4}$ ábyrgðarmanna samþykkja það á lög-mætum fundi og stjórnarráð Íslands veitir því samþykki sitt samkvæmt lögum nr. 69 frá 27. júní 1941, um sparissjóði.

24. gr.

Innstæðufé getur sparissjóðurinn sagt lausu, á vanalegum gjalddögum, með þriggja mánaða fyrirvara, annað hvort með tilkynningu til innlagsmanna sjálfra í ábyrgðarbréfi, eða með opinberri auglýsingu, og greiðast þá ekki vextir lengur en til gjalddaga.

25. gr.

Um inneignir manna í sjóðnum má ekki segja óviðkomandi mönnum.

IV. KAFLI

Um ráðstöfun á fé sjóðsins.

26. gr.

Eignum sjóðsins eða innstæðufé má hagræða þannig:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf, bankavaxtabréf eða önnur slík verðbréf, er álita má jafngóð, og með því að ávaxta fé í Landsbanka Íslands;
- b. með því að lána út fé gegn veði í fasteignum, svo sem jörðum, húsum í kaupstöðum og kauptúnum, þilskipum stærri en 10 reg. tonn, en aldrei meir en svarar $\frac{2}{3}$ hlutum sannvirðis jarða, $\frac{1}{2}$ sannvirðis húsa og skipa, að dómi stjórnenda eða virðingu trúnaðarmanns sjóðsins.
Öll hús, sem sjóðurinn lánar út á, skulu vera váttryggð fyrir brunahættu, og skip öll váttryggð gegn hvers konar tjóni;
- c. með því að lána gegn sjálfskuldarábyrgð áreiðanlegra manna, og aldrei færri en tveggja fyrir neinu láni; gegn ábyrgð sýslu og sveitarfélaga og gegn handveði og gegn annarri þeirri tryggingu, er stjórn sjóðsins álitur næga. Út á handveð má þó aldrei lána meira en helming verðmætis veðsins, nema það séu ríkisskuldabréf, bankavaxtabréf eða sparissjóðsbækur, sem lána má út á allt að tveim þriðju hlutum þess, er þau hljóða upp á;
- d. með því að kaupa trygga víxla;
- e. á hvern annan hátt, er stjórnendur sjóðsins álita tryggan.

28. gr.

Stjórnendur sjóðsins mega ekki taka fé að láni úr sjóðnum né ábyrgjast lán annarra. Þeir mega heldur ekki stjórna eða reka aðra lánastarfsemi.

51

5. marz

29. gr.

Vexti af lánnum og víxlum skal ætíð greiða fyrir fram, minnst fyrir þrjá mánuði. Séu lán eða vextir eigi greiddir á gjalddaga skuldabréfa eða víxla, skal svara auk hinnar umsömdu leigu 2 af hundraði á ári frá gjalddaga, þangað til skuldinni er lokið, eða lán eða víxlar hafa verið framlengd eða endurnýjuð.

Reglulegir útlánsvextir skulu ákveðnir ár hvert á aðalfundi.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

30. gr.

Án samþykkis aðalfundar eða aukafundar ábyrgðarmanna, má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum og þá þó því aðeins, að öll stjórnin og ábyrgðarmenn samþykki það.

Setji sparisjóðurinn veðbréf sín að veði fyrir lánnum, sem hann verður að taka, skal móttökuskírteini lánveitanda vera geymt meðal skjala sparisjóðsins, og þess getið í bókum hans, hvar hin veðsettu bréf séu geymd og hver þau eru.

Sérhver lánveitandi skal hafa sérstakan viðskiptareikning (conto) í bókum sparisjóðsins.

31. gr.

Samþykktum þessum getur stjórn sparisjóðsins breytt með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta ábyrgðarmanna á lögmetum ábyrgðarmannafundi.

32. gr.

Sparisjóðnum skal að öllu leyti stjórnað samkvæmt lögum nr. 69 frá 27. júní 1941, um sparisóði, og bókfærslu hans, fyrirkomulagi og starfrækslu hagað samkvæmt þeim lögum og samkvæmt reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febr. 1942.

33. gr.

Á samþykktum þessum skal leita staðfestingar stjórnarráðs Íslands.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 5. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

SAMPYKKTIR

Sparisjóðs Sauðárkróks, Sauðárkróki.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Sauðárkróks. Heimili hans og varnarþing er á Sauðárkróki.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. ágúst 1886 og er tilgangur hans að ávaxta fé manna með því að lána það út aftur, gegn fullnægjandi tryggingu.

3. gr.

Sem trygging fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, er allur varasjóður hans, eins og hann er á hverjum tíma, og auk þess ábyrgð 30 manna fyrir minnst 3000 krónum. Fundabók sjóðsins skal jafnan sýna hverjir eru í ábyrgð þessari, og er stjórninni skylt að gera það sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu þrír þeirra kjörnir á aðalfundi til 4 ára í senn og aðrir þrír til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef óskað er. Á sama hátt kys sýslunefnd Skagafjarðarsýslu 2 stjórnarmenn og 2 til vara og gildir kosning þeirra til sama tíma. Stjórnin skiptir með sér störfum. — Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi, eða aðra atvinnu, er geti komið í bág við hagsmuni sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sparisjóðsins hefur umsjón með öllum framkvæmdum hans milli aðalfunda. Skal hún fyrst um sinn, þangað til annað verður ákveðið af aðalfundi, gegna afgreiðslustörfum við hann. Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir af stjórnendum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins, hvor um sig. Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar, endurskoðenda, eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

6. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

7. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft, sem þörf krefur, og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Stjórnin ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé samkvæmt ákvæðum laga um sparisjóði frá 27. júní 1941 og reglugerðar frá 15. febr. 1942.

8. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum skriflega með minnst sex daga fyrirvara. Á fundinum hafa ábyrgðarmenn einir atkvæðisrétt og ræður afl atkvæða, þó má ekki breyta samþykktum sjóðsins nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki. Fundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað, þótt eigi sé mættur nema þriðjungur ábyrgðarmanna. Aukafundi boðar formaður á sama hátt og aðalfundi, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess.

52

5. marz

9. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram reikninga hans fyrir síðastliðið almanaksár ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum sínum. Aðalfundur úrskurðar reikningana og liggur í því kvittun fyrir reikningsskilunum að fullnægðum úrskurðum. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á, að reikningur hans fyrir umliðið almanaksár sé fullgerður fyrir lok marzmánaðar og að hann sé gerður eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti o. fl.

10. gr.

- a. Hver sá, er kemur fé á vöxtu í sjóðinn, fær sem skirteini fyrir innstæðu sinni viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók sjóðsins stendur. Í öllum viðskiptabókum skal vera prentað ágríp af lögum um sparisjóði frá 27. júní 1941, svo og samþykktir sparisjóðsins. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti, en þegar innstæða hennar er öll tekin út, skal afhenda sjóðnum hana til ónýtingar án endurgjalds. Glatist viðskiptabók verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.
- b. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur meiri hluti sparisjóðsstjórnar neitað viðtöku á fé í sjóðinn, eða gert að skilyrði, að það standi óhreyft að minnsta kosti í eitt ár.
- c. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum um að hafa hærri innstæðu en tíu þúsund krónur á vöxtum í sjóðnum.
- d. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

11. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga. Vextirnir reiknast í mánuðum þritugnættum og skulu þeir reiknaðir út og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Heimilt er aðalfundi, ef hann telur ástæðu til, að ákveða, að af upphæðum, er standa í sjóðnum skemur en tvo mánuði, séu engir vextir greiddir.

12. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það sem menn óska án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en telji hún nauðsynlegt að krefjast uppsagnarfrests getur hún heimtað að upphæðum, sem eru yfir 500 krónur, sé sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara.

13. gr.

Aldreí má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana, og er það

52 full sönnun fyrir greiðslunni gagnvart eiganda hennar. Heimilt er að taka við 5. marz innlögum, þó viðskiptabók sé ekki sýnd, og skal þá gefin kvittun, ef óskað er, en gæta skal þess að fylgja um þetta ákvæðum þar að lútandi laga. Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tækka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

14. gr.

Ef eigandi að innstæðufé, eða erfingjar hans, vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sjóðsins.

15. gr.

Ársarð allan af rekstri sjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádragnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu.

Þegar svo er komið hag varasjóðs, má með samþykki stjórnarráðsins verja fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu. Að öðru leyti en hér er greint, skal með varasjóðinn farið samkvæmt ákvæðum laga um sparisjóði frá 27. júní 1941.

III. Um útlán.

16. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa rikisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð. Skal, ef bréfin hljóða á handhafa, tafarlaust láta nafnskrá þau sem eign sparisjóðsins;
- b. með því að lána fé gegn áreiðanlegu fasteignaveði, eða sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Um lán út á fasteignir skal höfð hliðsjón af gildandi fasteignamati. Skulu þau vera afborganalán og eigi veitt til lengri tíma en 40 ára, ef jörð eða steinhús er að veði, en eigi lengri tíma en 25 ára, ef timburhús er að veði. Húseignir, sem veðsettar eru sjóðnum, skulu jafnan váttryggðar í félagi, er stjórn sjóðsins tekur gilt. Sjálfskuldarábyrgðarlán má eigi veita til lengri tíma en 10 ára, og skal þess gætt, að þau séu jafnan vel tryggð;
- c. með því að kaupa vixla, sem sparisjóðsstjórnin álitur fulltrygga, þó má ekki kaupa vixla sem falla í gjalddaga eftir meira en 6 mánuði;
- d. á hvern annan fulltryggan hátt, sem stjórn sjóðsins telur heppilegan.

17. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar. Aðalfundur ákveður vexti og forvexti af útlánum, svo og vaxtagjalddaga og dráttarvexti, en heimilt er sparisjóðsstjórninni að taka um þetta ákvarðanir milli aðalfunda, ef þörf krefur.

18. gr.

Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það, enda sé það til þess gert, að fullnægja skuldbindingum sjóðsins gagnvart innstæðueigendum. Óheimilt er sjóðnum að gefa út handhafaávisanir á sjálfan sig. Um tryggingar fyrir því, að sjóðurinn geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé fer eftir þar að lútandi ákvæðum laga um sparisjóði.

52

5. marz

IV. Um reikninga sjóðsins og endurskoðun.

19. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið, og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marz mánaðar ár hvert.

20. gr.

Gera skal reikning yfir inn- og útborganir sjóðsins á árinu, reikning yfir tekjur hans og gjöld á árinu og nákvæman efnahagsreikning yfir hag hans í árslok. Skal frá þessum reikningum og fylgiskjölum þeirra gengið eins og fyrir er mælt í lögum um sparisjóði.

21. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla velur sýslunefnd Skaga-fjarðarsýslu tvo endurskoðunarmenn og tvo menn til vara, er koma í stað aðalmanna í forföllum þeirra. Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

22. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir 15. apríl. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara leggst síðan fyrir aðalfund til úrskurðar. Endurskoðendur hafa frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeir óska. Skytt er þeim að hafa nákvæmt eftirlit með bókfærslu sjóðsins og haga starfi sínu að öllu leyti í samræmi við þar að lútandi ákvæði laga um sparisjóði.

23. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun til sparisjóðsstjórnarinnar og endurskoðenda, svo og greiðslu til þeirra, er vinna að afgreiðslustörfum við sjóðinn.

24. gr.

Auk samþykktá þessara gilda einnig fyrir sjóðinn lög um sparisjóði frá 27. júní 1941 og reglugerð um sparisjóði frá 15. febr. 1942, svo og síðar meir þau ný lagaákvæði, er löggjafinn kann að setja varðandi alla sparisjóði í landinu.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 5. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

um gjöld til utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Fyrir eftirtalin embættisverk, sem framkvæmd eru í utanríkisráðuneytinu eða af fulltrúum þess erlendis, skal greiða gjald samkvæmt

Gjaldskrá

þeirri, er hér fer á eftir:

	Nótariagerðir.	Kr. au.
1. Fyrir almenn nótariavottorð		6.00
Aths.: Ef fulltrúi utanríkisráðuneytisins veitir aðstoð sína við samningu arfleiðsluskrár, samnings, umboðsskjals eða annarra þess konar gerninga, skal auk þess greiða sérstakt gjald skv. 7. tölulið.		
2. Fyrir aðrar nótariagerðir skal gjalda		8.00
3. Fyrir eftirrit úr nótariabók, sjá 10. tölulið.		
Ýmis önnur embættisverk.		
4. Fyrir vottorð og áritanir í embættisnafni, að svo miklu leyti sem eigi er í reglugerð þessari ákveðið sérstakt gjald fyrir embættisverkið		3.00
5. Fyrir vottorð um íslenzkar réttarreglur		6.00
6. Fyrir lífsvottorð		2.00
Sbr. þó 3. gr.		
7. Fyrir að semja skýrslur, umsóknir og önnur skjöl og aðstoða við samningagerðir		3.00
fyrir hverja blaðsíðu þó ekki minna en		6.00
8. Fyrir að staðfesta undirskriftir yfirvalda og einstaklinga		3.00
Aths.: Er staðfesta skal undirskrift tveggja eða fleiri á skjali, og menn rita á sama tíma undir það í viðurvist fulltrúa, þer aðeins að greiða það gjald, sem heimta má af einum þeirra.		
9. Fyrir staðfestingu utanríkisráðuneytisins á undirskrift fulltrúa eða staðfestingu fulltrúa á undirskrift starfsmanna í utanríkisráðuneytinu		Ekkert
10. Eftirrit:		
a. Fyrir að bera eftirrit saman við frumrit og staðfesta það, skal gjalda fyrir hverja blaðsíðu eða minna, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera		1.00
b. Fyrir eftirrit úr bókum embættisins skal greiða fyrir hverja blaðsíðu en fyrir hálfu blaðsíðu eða minna		1.50
c. Nú eru eftirrit tekin með einu eða fleiri samritum, og skal þá greiða hálf gjald fyrir hvert samrit.		1.00
11. Þýðingar.		
a. Fyrir þýðingu, óstaðfesta eða staðfesta, skal greiða gjald það, sem tíðkast á hverjum stað, þó ekki minna en		4.00
fyrir allt að 100 orðum.		

- b. Fyrir að staðfesta þýðingu skal greiða gjald það, sem tíðkast á hverjum stað, þó ekki minna en 3.00 53
7. marz
fyrir allt að 100 orðum.
1. aths.: Ekki er fulltrúum skylt að taka að sér þýðingar né að staðfesta þær. Eftir atvikum má rita á þær orðin: án ábyrgðar.
2. aths.: Við meðferð mála fyrir einstaklinga er heimilt að heimta gjald skv. 11. tölulið, er þýða verður fylgiskjöl.
12. a. Fyrir innheimtu fjár eða sölu á verðmætum og sendingu upphæðarinnar skal gjalda 4% af nettóupphæðinni, þó ekki minna en 20.00
og ekki meira en samtals 5000.00
Aths.: Sé leitað lögfræðilegrar aðstoðar á kostnað beiðanda, skal aðeins greiða helming gjaldsins.
- b. Fyrir aðstoð við vörukaup skal gjalda 3% af nettóupphæðinni, þó ekki minna en 20.00
og ekki meira en samtals 10000.00
13. Fyrir geymslu fjár eða verðmæta í allt að sex mánuðum skal greiða 1% verðs, allt að 1000 kr., þó ekki minna en 5.00
og ½% af því, sem umfram er, þó ekki meira en samtals 500.00
14. Fyrir að greiða af hendi fé eða verðmæti að svo miklu leyti sem eigi ber að greiða gjald skv. 12. tölulið, skal gjalda ½% verðs, allt að 1000 kr., þó ekki minna en 2.00
og ¼% af því, sem umfram er, þó ekki meira en samtals 250.00
1. aths.: Fyrir að afgreiða sparifé og meðlög sjómanna og iðnaðarmanna skal ekkert gjald greiða.
2. aths.: Þegar sent er fé, sem greiðast skal með afborgunum, ber að reikna gjaldið í einu lagi eftir heildarupphæðinni.
15. Fyrir meðferð refsímála og eftirrit úr embættisbókum í því sambandi Ekkert
16. Fyrir að gefa út fylgibréf með líki látins manns 10.00

Vegabréf.

17. Fyrir útgáfu vegabréfs skal gjalda fyrir hvern þann, er vegabréfið hljóðar um 8.00
18. Fyrir framlengingu vegabréfs 6.00
19. Þegar vegabréf hefur verið gilt í einu ríki eða fleiri, en bætt er við það, að gildi þess skuli ná til annarra ríkja Ekkert
20. Fyrir staðfestingararitun vegabréfs (visum) 5.00
Aths.: Þó skal aldrei taka lægra gjald en það, sem tekið er fyrir áritun á vegabréf íslenskra ríkisborgara af fulltrúa hlutaðeigandi erlends ríkis á Íslandi vegna ferðar til hins erlenda ríkis.

Aðstoð í ýmsum einkaréttar- og réttarfarsmálefnum.

21. Erfðamál.
a. Fyrir að gæta hagsmuna erfingja í sambandi við búskipti skv. umboði eða fyrirmælum utanríkisráðuneytisins eða erfingja, hvort sem sala á eignum búans eða sending þeirra fer fram, skal gjalda 5% af hreinum eignum búans, þó ekki minna en 40.00
og ekki meira en 5000.00
1. aths.: Sama gjald skal greiða, þar sem eiginleg skiptameðferð fer ekki fram í dvalarríkinu, en álíta verður, að aðstoð sú, sem fulltrúi utanríkisráðuneytisins hefur veitt, sé hliðstæð því, sem að ofan

53

7. marz

greinir, t. d. ef fulltrúinn skv. heimild hlutaðeigandi yfirvalda hefur stjórnað búskiptum og annazt sölu á eignum búsin.

2. aths.: Um eignir látinna sjómanna vísast til 36. töluliðs.

- b. Þegar leitað er lögfræðilegrar aðstoðar, á kostnað erfingja, í tilvikum þeim, er ræðir um í a-lið, skal gjalda 2½% af hreinum eignum búsin, þó ekki minna en 20.00
og ekki meira en 2500.00
- c. Fyrir að veita móttöku og annast sendingu erfðafjár, að svo miklu leyti sem fyrirmæli a-liðs eiga ekki við, vísast til 14. töluliðs.
- d. Fyrir að innsigla og geyma erfðafé í allt að 6 mánuðum, að svo miklu leyti sem fyrirmæli a-liðs eða b-liðs eiga ekki við, skal gjalda 1% af upphæð fjáris allt að 1000 kr., þó ekki minna en 5.00
og ½% af því, sem umfram er, þó ekki meira en samtals 500.00
- e. Fyrir uppskrift á eignum bú, að svo miklu leyti sem fyrirmæli a—d-liðs eiga ekki við, skal gjalda ½% af hreinum eignum búsin, þó ekki minna en 10.00
- f. Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 500 kr., að frádregnum útfararkostnaði.
22. Birting stefnu o. fl.
- a. Þegar fulltrúi utanríkisráðuneytisins annast birtingu á fyrirkalli, stefnu, dómi, uppsögn eða málskröfu skal gjalda fyrir hvern þann, er birt er 4.00
- b. Fyrir áritun á fyrirkall, stefnu, dóm, uppsögn eða málskröfu um löglega birtingu af hálfu erlends yfirvalds, skal gjalda 3.00

Íslenzk skip og farmur þeirra, skipstjórar og áhöfn.

23. Fyrir útgáfu bráðabirgðabjórðernisskirteinis skal gjalda 10.00
fyrir hverjar 100 rúmlestir þó ekki minna en 20.00
Fyrir önnur embættisverk í sambandi við útgáfu skipaskirteina Ekkert
24. Fyrir áritun um framlengingu bráðabirgðabjórðernisskirteinis 10.00
25. Fyrir áritun á bjórðernis- og skráningarskirteini skipa um skipstjóra-skipti skal gjalda 5.00
26. Fyrir áritun á skirteini um breytingu á lestatali skips skal gjalda 5.00
27. Fyrir að löggilda leiðar-, dag- eða vélarbók skal gjalda 11.00
ef rúm í skipi er meira en 100 rúmlestir, ella 5.50
Helmung gjalda þessara skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru skv. 43. gr. siglingalaga, 30. nóv. 1914, í leiðarbækur skipa.
28. Fyrir lögskráningu sjómanna Ekkert
29. Fyrir skipshafnarskrá og aukaskrá skal gjalda á mann, sé skráin innheft sé hún óinnheft, skal gjalda á mann 1.75
..... 1.00
30. Fyrir vottorð á skipshafnarskrá um að hún hafi verið sýnd fulltrúa utanríkisráðuneytisins Ekkert
31. Fyrir að gera ráðningarsamning skal gjalda á hvern mann 5.00
32. Fyrir að rita á eða gera upp viðskiptabók Ekkert
33. Fyrir að taka við tilkynningu um stök skipverja og kröfu um málshöfðun í því sambandi Ekkert
34. Fyrir að leita aðstoðar lögreglunnar til að kyrrsetja sjómann eða láta flytja hann á skip Ekkert
35. Fyrir að rannsaka, leita um sættir eða kveða upp úrskurð í refsímáli út af deilu skipstjóra og skipshafnar, ásamt eftirriti úr embættisbókum út af því Ekkert

36. Fyrir meðferð á eigum látinna sjómanna (þó ekki yfirmanna á skipi) ..	Ekkert	53
37. Fyrir að gefa út heilbrigðisvottorð skal gjalda	10.00	7. marz
38. Ef fulltrúi utanríkisráðuneytisins er viðstaddur, þegar sjóferðaskýrsla er gefin fyrir erlendu yfirvaldi, skal gjalda	5.00	
fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund.		
39. Þegar sjóferðaskýrsla er gefin fyrir fulltrúa utanríkisráðuneytisins eða önnur rannsókn fer fram:		
a. vegna þess að skip hefur farizt, rekizt á annað skip, tekið grunn eða laskazt svo nokkru nemur, skal gjalda:		
1. ef skip er minna en 200 rúmlestir	15.00	
2. ef skip er 200 rúmlestir eða meira, en þó minna en 500 rúmlestir	25.00	
3. ef skip er 500 rúmlestir eða stærra	50.00	
b. Ef maður hefur dáíð eða orðið fyrir slysi á skipi, skal gjalda	5.00	
fyrir hvern, sem farizt hefur eða slasazt, þó ekki meira en samtals ..	25.00	
c. Annars:		
1. ef skip er minna en 200 rúmlestir	5.00	
2. ef skip er stærra en 200 rúmlestir, en minna en 500 rúmlestir ..	10.00	
3. ef skip er 500 rúmlestir eða stærra	20.00	
Aths.: Ef þinghald stendur yfir lengur en þrjár klukkustundir, skal greiða aukagjald fyrir hverja klukkustund eða brot úr klst. ..		
40. Fyrir að taka við skipreikamótmælum (sea protest) skal gjalda	10.00	
41. Björgun góss.		
a. Fyrir uppskrift skal gjalda 1% af verði varanna, þó ekki minna en	10.00	
og ekki meira en	500.00	
b. Ef fulltrúi utanríkisráðuneytisins annast sölu varanna, skal gjalda 4% af söluverðinu, þó ekki minna en	20.00	
c. Ef yfirvöldin á staðnum annast söluna undir eftirliti eða umsjá fulltrúa utanríkisráðuneytisins, skal gjalda 1½% af söluverðinu, þó ekki minna en	10.00	
og ekki meira en samtals	5000.00	
42. Fyrir staðfestingu eða vottorð, sem þörf er á við fermingu eða affermingu skips, skal gjalda	2.00	
fyrir hvert vottorð, sem gefið er.		
43. Fyrir að geyma skipsskjöl í skrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytisins	Ekkert	

Aðstoð í öðrum viðskiptum.

44. Fyrir að kveðja mann til skoðunar eða annarra slíkra gerða skal gjalda fyrir hvern þann, sem kvaddur er.	1.50
45. Fyrir áritun eða staðfestingu á upprunaskirteini vara, sem flytjast eiga til Íslands (þegar þess er krafizt)	3.00
46. Fyrir að innheimta viðskiptakröfur og senda það, sem inn vinnst, skal gjalda 4% af nettó-upphæðinni, ekki þó minna en	20.00
og ekki meira en	5000.00

Sérstök þóknun.

47. a. Er menn æskja aðstoðar fulltrúa utanríkisráðuneytisins, sem ekki taka laun, utan skrifstofutíma, skal gjalda þeim þóknun, er nemur ..	5.00
fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund til viðbótar öðrum gjöldum, sem greiða ber samkv. gjaldskránni.	

53
7. marz

- b. Ef slíkrar aðstoðar er leitað, eða eftir atvikum verður að veita, annars staðar en í skrifstofunni, skal endurgreiða fulltrúum utanríkisráðuneytisins öll útgjöld í því sambandi, t. d. kostnað til þess að komast á staðinn o. s. frv.
- Auk þess skal greiða þeim þóknun er nemur 5.00
fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund, þó ekki meira en samtals 30.00
á dag
48. Ef aðstoð er þess eðlis, að fulltrúinn þarf að fara út fyrir borg þá, sem skrifstofan er í, skal auk ferðakostnaðar gjalda fulltrúum utanríkisráðuneytisins dagpeninga, er nema 50.00
ef forstöðumaður á í hlut, en annars 30.00
á dag eða brot úr degi til viðbótar öðrum gjöldum, sem greiða ber skv. gjaldskránni.

Ath.: Áður en aðstoð skv. 47. og 48. tölulið er veitt, skal ef unnt er tilkynna þeim, er aðstoðar leitar, væntanlegan aukakostnað.

2. gr.

Ekki má krefjast eða taka við gjaldi fyrir embættisverk, hvernig sem þeim er varið, nema það sé berum orðum heimilað skv. reglugerð þessari eða skv. annarri lögmaeltri heimild.

3. gr.

Ekkert gjald ber að greiða, ef embættisverk er unnið fyrir hið opinbera, í gjafsóknarmálum, ef gjafsóknarhafi á í hlut, og í barnsfaðernis- og meðlagsmálum. Er erlend yfirvöld æskja afgreiðslu mála fyrir hið opinbera, skal ekkert gjald taka. Sama er um afgreiðslur, sem skv. lögum, alþjóðareglum og venjum eða milliríkjasamningum eiga að vera ókeypis.

Ekki ber heldur að greiða gjald fyrir embættisverk vegna umsóknar eða útborgunar opinberra eftirlauna, lögboðinna ellilauna, námsstyrkja, slysabóta eða annars styrks af hálfu hins opinbera eða vegna umsóknar um gjafsókn.

Undanþegnir gjaldgreiðslu eru loks íslenzkir sjómenn, sem eru í siglingum erlendis (þ. á m. yfirmenn á skipum, sbr. þó 36. tölulið 1. gr.). Þó má krefjast gjalda skv. 17. tölulið 1. gr. af sjómönnum, sem snúa sér til fulltrúa utanríkisráðuneytisins til þess að fá nýtt vegabréf og leggja ekki fram eldra vegabréf eða geta gefið sennilega skýringu á því, hvernig vegabréfið hefur glatazt. Sé sjómaður, er þannig stendur á, ekki fær um að greiða gjaldið, má það niður falla.

Undanþiggja má íslenzka og, undir sérstökum kringumstæðum, erlenda ríkisborgara, gjaldgreiðslu, ef þeir færa sennileg rök fyrir efnaleysi sínu.

Gjöld fyrir embættisverk þau, er nefnd eru í reglugerð þessari, er heimilt að hækka, ef verkin eru unnin fyrir ríkisborgara í löndum þeim, er yfirvöldin krefjast herra gjalds af íslenzkum ríkisborgurum fyrir samsvarandi embættisverk, þannig, að gjaldið nemi sömu upphæð og krafizt er af yfirvöldum þessum.

4. gr.

Er krafizt er gjalds fyrir embættisverk, skal, sé þess óskað, gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldi, sem greitt hefur verið, og undir öllum kringumstæðum skal rita upphæð gjalds á embættisgerðina. Auk þess skal rita á embættisgerðina um heimildina fyrir innheimtu gjaldsins (eftir hvaða tölulið gjaldskrárinnar hér að framan gjalds sé krafizt). Á fyrstu blaðsíðu gerðarinnar skal rita orðin „ekkert gjald“, ef ekki er heimild fyrir gjaldinu eða gjalds er ekki krafizt af alþjóðlegum ástæðum, og

orðin: „ókeypiss skv. 3. gr. reglugerðar um gjöld til utanríkisráðuneytisins“, ef undanþáguheimild gjaldgreiðslu er þar fyrir hendi.

53

7. marz

5. gr.

Reikna skal þannig allar embættisgerðir og eftirrit, að á hverri handritaðri blaðsíðu séu að meðaltali 28 línur, en 32 bókstafir í hverri línu, og á hverri vélritaðri síðu 20 línur, en 50 bókstafir í hverri línu.

6. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð. Af gjöldum, sem ólaunaðir fulltrúar utanríkisráðuneytisins innheimta, rennur þó aðeins helmingur í ríkissjóð, en helmingur til sjálfra þeirra.

Hin sérstaka þóknun skv. 48. tölulið 1. gr. rennur óskert til starfsmannsins. Sama gildir um þóknun til ólaunaðra starfsmanna skv. 47. tölulið 1. gr.

7. gr.

Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi lands í samræmi við skráð gengi Landsbanka Íslands á hverjum stað. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

8. gr.

Færa skal í sérstaka bók öll gjöld, sem tekin eru samkvæmt reglugerð þessari, og tilgreina, samkvæmt hvaða heimild reglugerðarinnar gjaldsins hefur verið krafizt. Í lok hvers árs skal senda utanríkisráðuneytinu skrá yfir öll innheimt gjöld á árinu.

9. gr.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu skv. reglugerð þessari, eða um fjárhæð, sem krafizt er, og skal þá leggja málið fyrir utanríkisráðuneytið til fullnaðarúrskurðar.

10. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslenzku og ensku, og skal hún vera til sýnis á áberandi stað í skrifstofu fulltrúa.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Utanríkisráðuneytið, 7. marz 1945.

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

54

10. marz

um viðauka við auglýsingu frá 10. febrúar 1945, um fyrirkomulag fiskflutninga o. fl.

Fiskimálanefnd getur hvenær sem er ákveðið hvernig fiskafla á hverju verðjöfnunarsvæði skuli ráðstafað hverju sinni til þess að heildarafli hagnýtist sem best.

Brjótí fiskeigandi fyrirmæli fiskimálanefndar um ráðstöfun á afla, getur nefndin svipt hann rétti til greiðslu úr verðjöfnunarsjóði.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 12. febrúar 1940 til að öðlast gildi þegar í stað og gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. marz 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 24. júní 1945.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 840 meðmælendur, en mest 1680.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 215 meðmælendur, en mest 430.

Úr Norðlendingafjórðungi (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 305 meðmælendur, en mest 610.

Úr Austfirðingafjórðungi (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 140 meðmælendur, en mest 280.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðherrann, 10. marz 1945.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út tvennskonar vegabréf, diplomatísk vegabréf og almenn vegabréf.

2. gr.

Í vegabréfum utanríkisráðuneytisins skal greina fullt nafn vegabréfshafa og þjóðerni, stöðu, fæðingarstað, fæðingardag og ár, heimilisfang, tungu, hæð, háralit, augnalit og sérkenni.

Í vegabréf skal enn fremur líma nýlega mynd af vegabréfshafa, og skal stimpla hana með embættisinnsigli ráðuneytisins, á þann hátt, að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar á vegabréfinu.

Taka skal fram í vegabréfi til hvað langs tíma það skal gilda.

Vegabréfshafi skal skrifa nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir myndina. Að því loknu skal skrifa útgáfudag í vegabréfið, undirskrifa það og setja embættisinnsigli ráðuneytisins við undirskriftina.

3. gr.

Halda skal ráðuneytið sérstakar skrár yfir öll vegabréf, sem það gefur út, aðra yfir diplomatísk vegabréf, hina yfir almenn vegabréf. Skal þar skrá allar hinar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið. Þá skal einnig líma mynd af vegabréfshafa inn í hlutaðeigandi skrá.

4. gr.

56

Þessir aðilar einir fá diplomatísk vegabréf, enda séu þeir íslenzkir ríkisborgarar: 13. marz

1. Forseti Íslands.
 2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
 3. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, er þeir eru í fylgd með forseta.
 4. Ráðherrar.
 5. Nánustu fylgdarmenn ráðherra, er þeir eru í fylgd með ráðherra.
 6. Forseti sameinaðs Alþingis.
 7. Hæstaréttardómarar.
 8. Starfsmenn utanríkisráðuneytisins, þeir sem eru í skrifstofustjóra-, deildarstjóra-, fulltrúa- eða aðstoðarmannaflokkum heima fyrir eða samsvarandi flokkum erlendis.
 9. Fulltrúar í opinberum sendinefndum ríkisstjórnarinnar, svo og aðrir opinberir fulltrúar í stjórnarerindum samkvæmt umboði frá forseta Íslands.
 10. Fulltrúar, sem gegna meiriháttar trúnaðarstörfum í alþjóðlegum stofnunum.
 11. Fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
 12. Konur og börn þeirra manna, sem nefndir eru að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 21 árs aldri, nema um ógiftar eldri dætur útsendra fulltrúa utanríkisráðuneytisins sé að ræða, er dvelja í föðurhúsum og skráðar eru á hinn diplomatiska lista, þar sem faðir þeirra starfar.
- Enn fremur er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gefa út diplomatísk vegabréf til handa öðrum fyrrverandi ráðherrum en þeim, sem nefndir eru hér að framan í 11. tölulið, svo og þeim fyrrverandi starfsmönnum utanríkisráðuneytisins, sem hafa gegnt skrifstofustjóra- eða sendiherrastörfum.

5. gr.

Þessir aðilar geta fengið hin almennu vegabréf utanríkisráðuneytisins, enda séu þeir íslenzkir ríkisborgarar:

1. Fyrrverandi ráðherrar.
2. Skrifstofustjórar ráðuneytanna.
3. Alþingismenn.
4. Forstjórar ríkisskrifstofa og stofnana.
5. Annað starfsfólk utanríkisráðuneytisins, sem ekki er talið í 4. gr. 8. tölulið.
6. Ólaunaðir ræðismenn Íslands erlendis.
7. Þeir aðrir, sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á, og að því tilskildu, að hlutaðeigandi stjórnarvöld óski þess, að vegabréf sé gefið út.
8. Ólaunaðir ræðismenn erlendra ríkja hér á landi.
9. Konur og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 21 árs aldri.

6. gr.

Þegar diplomatísk eða almenn vegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar, skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma, er ætla má, að ferðin muni standa; ella má láta vegabréf þessi gilda allt að þremur árum.

7. gr.

Nú hættir maður að gegna starfi, er heimildin til að fá diplomatískt eða almennt vegabréf samkv. 1. gr. fylgir, og skal þá vegabréfshafi afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði vegabréf sitt.

56
13. marz Þegar vegabréf hefur verið gefið út til ákveðinnar ferðar, og þeirri ferð er lokið.

Kona vegabréfshafa og börn hans, sem hafa fengið vegabréf samkv. 4. gr. 12. tölulið og 5. gr. 9. tölulið skulu á sama hátt afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf sín samtímis því, sem vegabréfshafi samkvæmt því, er segir í 1. og 2. mgr. afhendir vegabréf sitt til baka.

8. gr.

Sendiráðum heimilast að framlengja gildi vegabréfa fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins, þá, sem nefndir eru í 4. gr. 8. tölul. og 5. gr. 5. tölul., sem og vegabréf fyrir konur þeirra og börn. Vegabréf þessi skal þó eigi framlengja fyrir lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til eins árs í senn.

Gildi annarra vegabréfa má eigi framlengja nema að fengnu leyfi utanríkisráðuneytisins.

9. gr.

Fyrir útgáfu eða framlengingu diplomatískra eða almennra vegabréfa utanríkisráðuneytisins skal ekkert gjald greiða.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 31 27. júní 1941 og öðlast þegar gildi.

Samtímis fellur úr gildi reglugerð utanríkisráðuneytisins 14. sept. 1944 um diplomatísk vegabréf.

Utanríkisráðuneytið, 13. marz 1945.

Ólafur Thors.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

57
15. marz

um leigukjör og starfrækslu á firðtalstöðvum, sem Landssíminn lætur á leigu til afskekkttra bæja, þar sem símar ná ekki til.

1. gr.

Sá, er óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem til leigu eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirögn Landssímans svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðslubúnað þeirra.

3. gr.

Leigutaka eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum Landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana burtu.

4. gr.

Leigutaka ber að sjá um, að stöðin sé vel með farin og henni sé haldið þurri og hreinni.

57

15. marz

5. gr.

Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðli-legs slits, að undanskildu viðhaldi lofnetts, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmanns, ef nauðsyn er til þess.

6. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa tækin að fullu vátryggð á sinn kostnað gegn hvers konar tjóni, og ber honum að greiða Landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á Landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.

7. gr.

Firðtalstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar Landsímans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður, og á þeim tímum, sem póst- og síma-málastjórnin tiltekur, og má ekki — nema um neyðarráðstöfun sé að ræða — hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur eru fastastöðvar eða farstöðvar.

8. gr.

Fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil eða hvert 10 orða talskeyti, önnur en þjónustu-keyti og veðurskeyti, milli stöðvar leigutaka og þeirrar stöðvar Landssímans, sem afgreitt er við, er gjaldið 3 krónur, en 30 aurar fyrir hvert orð þar fram yfir, og skipt-ist til helminga milli leigutaka og Landssímans, en auk þess greiðist venjulegt skeyta-gjald til Landssímans, ef skeytið á að ganga lengra en til þeirrar landssímastöðvar, sem stöð leigutaka afgreiðir við. Af meðteknum skeytum frá öðrum stöðvum Landsímans má ekkert gjald taka.

9. gr.

Ársleigan greiðist í einu lagi fyrirfram innan 1. apríl ár hvert. Minnsti leigu-tími er 2 ár.

10. gr.

Stofngjald, leiga og vátryggingarupphæð fyrir hinar ýmsu gerðir tækja er sem hér segir:

Gerð G2. Talsendir (2—4 watta fyrir rafhlöður, gömul gerð).		
Ársleiga	kr.	100.00
Vátryggingarupphæð	—	1700.00
Gerð V2. Viðtæki (fyrir rafhlöður, gömul gerð).		
Ársleiga	kr.	120.00
Vátryggingarupphæð	—	1200.00
Gerð GV2. Talsendir (6—8 watta, með 6 eða 12 volta spennubreyti).		
Stofngjald	kr.	160.00
Ársleiga	—	200.00
Vátryggingarupphæð	—	3000.00
Gerð VG2 Viðtæki (með 6 eða 12 volta spennubreyti).		
Stofngjald	kr.	100.00
Ársleiga	—	160.00
Vátryggingarupphæð	—	1600.00

57 Gerð GVV. Talsendir (6—10 watt, með 6 eða 12 volta spennubreyti) og sambyggt
15. marz viðtæki (super).

Stofngjald	kr.	300.00
Ársleiga	—	400.00
Vátryggingarupphæð	—	4500.00

11. gr.

Lögtaksréttur er á gjöldum þessum.

12. gr.

Stöðvar þær og tæki, er Landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsgöðu háðar hin-
um almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur
þeirra á hverjum tíma og getur Landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað
henni eða tekið hana burtu, ef settar reglur eru ekki haldnar.

13. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941,
um fjarskipti. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá og reglur um kjör og starfrækslu-
tilhögun á einkafirðtalstöðvum, sem settar eru upp á afskekktum stöðum, þar sem
símar ná ekki til, dags. 6. okt. 1933.

Samgöngumálaráðherra, 15. marz 1945.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

58

15. marz

GJALDSKRÁ OG REGLUR

um leigukjör á loftskýtastöðvum og firðtalstöðvum, sem Landssíminn lætur á
leigu í íslensk skip.

1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskýtastöð eða tal-
stöð í íslenskt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnar-
innar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skirteini.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja,
sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign Lands-
símans, og leigir hann skipseiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast
uppsetningu tækjanna, en skipseigandi kosti loftnetsbúnað stöðvarinnar (svo sem
loftnet og jarðnet), sem haga skal samkvæmt fyrirmælum Landssímans. Enn frem-
ur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi
og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmiðavinnu og aðra vinnu en rafmagns-
uppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðslu-
spjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalds.

3. gr.

Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina, nema sá, sem hefur fengið
skirteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar

(skirteini loftskýtamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirum-
sjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.

58

15. marz

4. gr.

Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheiti og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyriræmum Landssímans og hlýta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.

5. gr.

Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra meðan þau eru í vörzlu hans.

6. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa tækin að fullu vátryggð á sinn kostnað gegn hverskonar tjóni, og ber honum að greiða Landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á Landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.

7. gr.

Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna Landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.

8. gr.

Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir stöðina áður en uppsetningu er lokið svo og leigu til næsta gjalddaga. Leiga fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrirfram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár. Leiga fyrir loftskýtatalstöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

9. gr.

Stofngjöld, leigur og vátryggingarupphæðir fyrir hinar ýmsu gerðir tækja eru sem hér segir:

Gerð B. Loftskýtasendir (250 watt, 600—800 m og 18—54 m með mótorrafal o. þvl.), ásamt viðtæki 4 lampa (15—20000 m).

Stofngjald	kr.	1000.00
Ársfjórðungsleiga	—	700.00
Vátryggingarupphæð	—	21000.00

Gerð C. Loftskýtasendir (150 watt, stýrður, 600—800 m með mótorrafal o. þvl.).

Stofngjald	kr.	600.00
Ársfjórðungsleiga	—	500.00
Vátryggingarupphæð	—	12000.00

Gerð D. Loftskýtasendir (150 watt, stýrður, 600—800 m með mótorrafal o. þvl.).

Stofngjald	kr.	1000.00
Ársfjórðungsleiga	—	700.00
Vátryggingarupphæð	—	17000.00

58
15. marz

Gerð E. Talsendir (20 watt, stýrður, 120—200 m með mótorröfal o. þvl.).

Stofngjald	kr.	400.00
Ársleiga	—	720.00
Vátryggingarupphæð	—	6000.00

Gerð F. Talsendir (10 watt, stýrður, allt að 6 fastar bylgjur á sviðinu 155—192 m með 12 volta spennubreyti).

Stofngjald	kr.	240.00
Ársleiga	—	480.00
Vátryggingarupphæð	—	3600.00

Gerð VF. Viðtæki til að tengja við talsendi gerð F. (Super 85—150 m og 750—2100 m).

Stofngjald	kr.	160.00
Ársleiga	—	160.00
Vátryggingarupphæð	—	1400.00

Gerð G. Talsendir (4 watt, stýrður, gömul gerð fyrir rafhlöður 182 m og 188 m).

Stofngjald: Uppsetning samkv. reikn.		
Ársleiga	kr.	240.00
Vátryggingarupphæð	—	1700.00

Gerð G-12. Talsendir (4 watt, stýrður, 182 og 188 m með 12 volta spennubreyti).

Stofngjald: Uppsetning samkv. reikn.		
Ársleiga	kr.	340.00
Vátryggingarupphæð	—	2500.00

Gerð GV. Talsendir (10 watt, stýrður, 3 fastar bylgjur á sviðinu 170—190 m, 182 og 188 m með 12 volta spennubreyti).

Stofngjald	kr.	200.00
Ársleiga	—	360.00
Vátryggingarupphæð	—	3000.00

10. gr.

Lögtaksréttur er á gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari.

11. gr.

Stöðvar þær og tæki, er Landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur Landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.

12. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár og reglur um leigukjör á loftskeyta-stöðvum og firðtalstöðvum, sem Landssíminn lætur á leigu í íslensk skip, dagsettar 6. jan. 1934, 30. des. 1936, 13. sept. 1939 og 28. júní 1941.

Samgöngumálaráðherra, 15. marz 1945.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

AUGLÝSING

59

20. marz

um árlegan kennslutíma í Kennaraskóla Íslands.

Með skirskotun til 1. gr. laga nr. 50 14. apríl 1943, um Kennaraskóla Íslands, er hér með ákveðið, að árlegur kennslutími í kennaraskólanum skuli vera 8 mánuðir að meðtöldum þeim tíma, sem varið er til prófa.

Föstum kennurum skólans er þó skylt að starfa þar að auki einn mánuð við rannsóknir í kennslugreinum sínum, kennslu á námskeiðum, samningu námsbóka, eða að öðrum þeim verkefnum í þágu stofnunarinnar, er skólastjóri og yfirstjórn skólans ákveða hverju sinni, enda skulu laun hinna föstu kennara skólans miðast við 9 mánaða starfstíma.

Fyrirmæli þessi öðlast gildi 1. apríl 1945, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er brjóta í bága við þau.

Menntamálaráðuneytið, 20. marz 1945.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

60

23. marz

um árlegan starfstíma Gagnfræðaskólans í Reykjavík.

Árlegur starfstími Gagnfræðaskólans í Reykjavík, þ. e. kennslutími og sá tími, sem fer til prófa, skal vera 8 mánuðir. Þó má kennslutíminn aldrei lengri vera en 7½ mánuður, sbr. niðurlag 4. gr. laga nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla.

Laun fastra kennara skólans miðast við 8 mánaða starfstíma á ári.

Fyrirmæli þessi öðlast gildi 1. apríl n. k.

Menntamálaráðuneytið, 23. marz 1945.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

61

25. marz

um veitingaskatt o. fl.**1. gr.**

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði matvara, drykkjarvara og annarra neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum, matsölustöðum, kókubúðum og öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki í tjaldi eða undir beru lofti.

Skattskyldan tekur til veitinga í klúbbum, félagsheimilum og samkomuhúsum tiltekinna félaga og annarra áþekkra samtaka, ef veitingar á þessum stöðum fara fram að staðaldri. Séu veitingar á þessum stöðum einungis haldnar við einstök tækifæri, t. d. vegna afmælis félags, og tækifærisveitingar þessar eru aðeins fyrir félag, konur þeirra og börn, eru veitingar þessar þó skattfrjálsar.

61 25. marz Þá tekur skattskyldan til veitinga í heiðurssamsætum, sem fara fram á fyrrgreindum veitingastöðum, og veitingar á sömu stöðum í brúðkaupum, afmælisveizlum, fermingarveizlum og þess háttar.

Vindlar, vindlingar, sælgæti og aðrar slíkar vörur, sem seldar eru á veitingastöðum, teljast til skattskyldra neyzluvara.

2. gr.

Undanþegið veitingaskatti er:

1. Matvörur og aðrar neyzluvörur, sem ekki eru seldar til neyzlu á staðnum, en sendar eru eða látnar í té frá veitingastað til neyzlu utan veitingastaðar.
2. Veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru, hvort sem þær eru seldar eða látnar af hendi endurgjaldslaust.
3. Fæði, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra verði en kr. 5.50. Þessu verði getur fjármálaráðuneytið breytt með auglýsingu. Því aðeins er um fullkomna máltíð að ræða, að framreitt sé: Tveir réttir matar, bæði súpu- eða grautarréttur og kjöt- eða fiskréttur, eða heitur réttur með „köldu borði“, enda sé hver réttur ekki minni en almennt tíðkast um sams konar rétti eða rétti af svipuðu tagi. Til þess að um svokallað „kalt borð“ sé að ræða, verður að vera framreitt nægilegt brauð og minnst fimm tegundir áleggs.

Nú er framreitt með hinum tveimur réttum eða „kalda borðinu“ með heita réttinum ábætir, kaffi eða annað þess háttar, og telst þetta þá allt ein máltíð og reiknast í einu lagi til skatts.

4. Mjólk og skyr, sem eigi er selt með meira álagi en 25% frá útsöluverði á staðnum.
5. Mánaðarfæði, sem eigi er selt hærra verði en leyft er eftir verðlagsákvæðum á hverjum tíma. Undanþáguákvæði þetta kemur því aðeins til greina, að manni sé selt fæði heilan mánuð eða lengur. Sé um skemmri tíma að ræða, er salan skattskyld, enda eigi framangreind undanþáguákvæði ekki við.
6. Veitingasala á skipum til farþega, sem eigi eru komnir á ákvörðunarstað.

Undanþágur samkvæmt 1.—5. lið hér að framan eru því skilyrði bundnar, að í bókhaldi veitingasala, framtalsskýrslu hans og fylgiskjölum þeim, sem henni skulu fylgja, séu færðar þær sannanir á hina skattfrjálsu sölu, sem tilgreindar eru í reglugerð þessari, sbr. 5.—7. gr. hennar, og sé því í bókhaldinu, í framtalsskýrslunni og í fylgiskjölum þeim, sem henni ber að fylgja, hin skattfrjálsa sala ekki tilgreind á fyrirskipaðan hátt, sbr. 5.—7. gr., eða ef vanrækt er að senda með framtalsskýrslunni skjöl þau, sem henni ber að fylgja, telst öll sala veitingastaðarins skattskyld.

Ef vafi er um það, hvort tiltekin veitingasala sé skattskyld, skal þegar skriflega leitað úrskurðar ráðuneytisins um það, en meðan málið er undir úrskurði, skal veitingasalan talin skattskyld. Í erindinu til ráðuneytisins skal tilgreina öll þau atriði, sem ætla má að máli skipti um skattskylduna, en þar til má nefna:

- a. Hvar veitingafyrirtækið sé og heimilisfang þess.
- b. Nafn og heimili eiganda og stjórnanda, ef stjórnandi er annar en eigandi.
- c. Hvers konar reksturinn er.
- d. Tegund söluvarnings.
- e. Hvort atvinnan sé rekin allt árið eða takmarkaðan tíma af árinu og þá hversu lengi.
- f. Tala og stærð veitingaherbergja.
- g. Fjöldi borða og sæta handa gestum.
- h. Fjöldi starfsmanna við frammistöðu og í eldhúsi.

Nú er leitað úrskurðar ráðuneytisins, eins og hér er gert ráð fyrir, og skal þá

afhenda erindið hlutaðeigandi innheimtumanni veitingaskatts, en honum ber að senda ráðuneytinu erindið, ásamt umsögn sinni um málið.

61
25. marz

Innheimtumenn veitingaskatts eru:

Í Reykjavík tollstjóri, í öðrum kaupstöðum bæjarfógetar, sýslumenn í sýslum og sérstakir lögreglustjórar þar sem þeir eru.

Lögreglustjóri í Reykjavík skal tilkynna tollstjóranum þar tafarlaust um alla þá, er veitingaleyfi kaupa, og borgarfégeti um alla þá veitingasala, sem látast eða verða gjaldþrota. Einnig eru embættismenn þessir skyldir að tilkynna það tollstjóra, ef þeir af einhverjum ástæðum loka eða láta loka veitingastað, og eins þegar leyft er að opna veitingastaðinn að nýju.

Ráðuneytið getur, ef nægar ástæður eru fyrir hendi, undanþegið veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir almenning.

3. gr.

Áður en byrjað er á starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af, skal eigandi slíkrar starfsemi tilkynna hlutaðeigandi innheimtumanni veitingaskatts skriflega um starfsemina og tilgreina í tilkynningunni þau atriði, sem nefnd voru undir a.—h. í 3. málsg. 2. gr. þessarar reglugerðar. Þá skal eigandi hafa komið bókhaldi starfseminnar í fyrirskipað form, sbr. 5. og 6. gr. hér á eftir, áður en starfsemin byrjar.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er, eða breyti um starfshætti, eigendur, stjórnendur eða heimilifang, ber að tilkynna það tafarlaust skriflega innheimtumanni skattsins.

Nú er byrjað á veitingastarfsemi og eigandi eða forstjóri hafa vanrækt að tilkynna það áður, og skal þá greiða sekt fyrir hvern dag, sem veitingastarfsemi þessi er rekin án þess að vera tilkynnt, allt að 50 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum þessarar reglnar skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

4. gr.

Allir veitingasalar, sem greiða skulu veitingaskatt, eru skyldir að halda bækur um rekstur sinn, og skiptir ekki máli í því sambandi, þó að þeir séu ekki bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, um bókhald.

5. gr.

Veitingasalar, sem ekki eru bókhaldsskyldir eftir lögum nr. 62/1938, skulu færa þrens konar bækur um reksturinn. Frumbækur um nokkurn hluta hinnar skattfrjálsu sölu, sbr. það sem segir hér á eftir undir A, innkaups- og kostnaðarbók og sölubók. Frumbækurnar skulu vera þríritunarbækur með áframhaldandi tölusetningu, en innkaups- og kostnaðarbókin og sölubókin skulu vera í því formi, sem sýnt er á fylgiskjali 1 og 2, og skulu þær vera löggiltar af innheimtumanni veitingaskattsins áður en þær eru teknar í notkun, en ráðuneytið lætur prenta sérstakar bækur undir innkaups- og kostnaðarbókina og sölubókina, og verða bækur þessar hafðar til sölu hjá innheimtumönnum skattsins. Um bækurnar gilda þessar reglur:

A. Frumbækurnar.

Færa skal í bækur þessar:

- Upphæð sérhverrar greiðslu fyrir mánaðarfæði, sbr. 5. lið 2. gr., fyrir hvaða tímabil sé greitt, greiðsludag og nafn þess, sem greiðir.
- Magn, tegund og verð sérhverrar neytluvöru, sem er seld hverjum starfsmanni, sbr. 2. lið 2. gr., söludag og nafn þess starfsmanns, sem fær vöruna.

- 61 c. Magn, tegund og verð sérhverrar neyzluvöru, sem látin er út frá veitingastað,
25. marz söludag og nafn þess, sem varan er seld.

Frumrit frumbókareintaksins fær hlutaðeigandi viðskiptavinur, annað eintakið skal í lok hvers mánaðar sent til skattheimtumanns með tilkynningu þeirri, sem um ræðir í 7. gr. reglugerðar þessarar, og þriðja eintakið skal vera eftir hjá veitingasala. Skylt er að færa í frumbækur, þó að um staðgreiðslu sé að ræða.

B. Innkaups- og kostnaðarbók.

Í þessa bók skal færa:

- a. öll innkaup á vörum til fyrirtækisins;
- b. kaup starfsfólks;
- c. húsaleigu, ljós og hita;
- d. vexti og
- e. annan kostnað og aðrar greiðslur frá veitingafyrirtækinu.

Færa skal nákvæmlega í bókina verð hverrar vöru og upphæð hvers kostnaðarliðs og greiðslu, nafn seljanda eða viðtakanda greiðslu, tegund og magn vara eða um hvers konar annan kostnað eða greiðslu er að ræða o. s. frv. Halda skal eftir og geyma með innkaups- og kostnaðarbókinni alla reikninga og kvittanir, sem greiddar eru. Fylgiskjöl þessi skulu tölusett og skal vísað til þeirra í innkaups- og kostnaðarbókinni, og þau síðan geymd í rétttri töluröð. Allar greiðslur frá veitingafyrirtækinu, þar með taldar allar staðgreiðslur, skulu færðar í innkaups- og kostnaðarbókina sama dag og þær eru inntar af hendi.

Innkaups- og kostnaðarbók skal vera að minnsta kosti sex dálka bók og skal færa hana eftir fyrirmynd, sem fylgir reglugerð þessari, fylgiskjal nr. 1. Hún skal að minnsta kosti lögð saman eftir hvern mánuð og niðurstöðurnar af hverjum dálki tilgreindar, en sé þetta gert daglega, skal í lok hvers mánaðar gera yfirlit í bókina um niðurstöðurnar á hverjum innkaups- og kostnaðardálki fyrir sig frá hverjum afgreiðsludegi.

C. Sölubók.

Í bók þessa skal færa:

- a. Fjöldi og verð fullkominna máltíða, sem seldar eru á kr. 5.50 eða fyrir lægra verð, sbr. 3. lið 2. gr.
- b. Magn og verð mjólkur og skyr, sem selt er með 25% álagi eða minna, sbr. 4. lið 2. gr.
- c. Verð þess mánaðarfæðis, sem selt hefur verið samkvæmt frumbókum.
- d. Verð þeirra neyzluvara, sem samkvæmt frumbókum hafa verið seldar starfsmönnum.
- e. Verð þeirra neyzluvara, sem seldar hafa verið út samkvæmt frumbókum.
- f. Verð og magn sérhvers annars söluvarnings en að framan greinir, t. d. hversu margir vindlingapakkir eru seldir á hverjum degi og við hvaða verði, hversu margir vindlar, öflöskur, sítrónuvatnsflöskur og verð hvers um sig, hversu margar kaffiafgreiðslur, hversu margar sneiðar af smurðu brauði, bautaréttir o. s. frv. og verð hvers um sig. Undir þessum lið skal ekki færa þann varning, sem færður hefur verið í frumbækur og talinn hefur því verið undir framan-greindum liðum.

Halda skal eftir og geyma með sölubókinni alla afgreiðsluseðla (kupona) og aðra slíka seðla, sem notaðir eru við afgreiðsluna, hvort sem þeir eru skrifaðir eða koma frá sérstöku áhaldi. Seðlarnir skulu tölusettir og sendir til innheimtu-

manns skattsins í lok hvers mánaðar með tilkynningu þeirri, sem um ræðir í 7. gr. 61
reglugerðar þessarar.

25. marz

Öll sala og önnur afhending skal færð í sölubókina að minnsta kosti sama dag og salan eða afhendingin fer fram, svo að greinilega sjáist sala eða afhending hvers dags. Ber að bókfæra allt, sem selt er eða látið af hendi án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs Vísla skal til frumbókarnúmera um þær sölur, sem færðar eru í sölubókina úr frumbókunum.

Sölubókin skal vera að minnsta kosti sex dálka bók og skal færa hana eftir fyrirmynd, sem fylgir reglugerð þessari, fylgiskjal 2. Eftir hvern afgreiðsludag skal bókin lögð saman og niðurstöður af hverjum dálki tilgreindar, en í lok hvers mánaðar skal gera yfirlit í bókina um niðurstöðurnar frá hverjum degi á hverjum dálki fyrir sig.

C. Sameiginlegar reglur um bækurnar.

Eigi má rita með blýanti í innkaups- og kostnaðarbókina eða í sölubókina. Þá má ekki skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefur verið skráð í frumbækurnar, innkaups- og kostnaðarbókina eða sölubókina, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi að gera breytingar á því, sem eitt sinn er ritað, skal strika það út, án þess að ólæsilegt verði, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr innkaups- og kostnaðarbókinni eða sölubókinni.

Bækurnar og fylgiskjölín með þeim, skulu geymd í 5 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, eða fylgiskjölín voru móttækin eða gefin út, nema lög um bókhald mæli öðruvísi fyrir.

6. gr.

Þeir veitingasalar, sem bókhaldsskyldir eru eftir lögum nr. 62/1938, um bókhald, skulu færa frumbækur um þau atriði, sem nefnd eru í 5. gr., og á þann hátt og í þeim tilfellum, sem þar segir. Þá skulu þeir að öðru leyti færa bókhald sitt þannig, að þar komi greinilega fram öll þau atriði, sem færð skulu í innkaups- og kostnaðarbókina og sölubókina. Allar greiðslur, sölur og aðrar afhendingar skulu færðar að minnsta kosti sama dag og þær fara fram. Allir reikningar og kvittanir, sem greiddar eru, skulu vera fylgiskjöl með sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni, sem fyrirskipuð er í fyrrnefndum lögum nr. 62/1938. Sama gildir um afgreiðsluseðla (kupons) og aðra slíka seðla, sem notaðir eru við afgreiðsluna, hvort sem þeir eru skrifaðir eða koma frá sérstöku áhaldi. Seðlarnir skulu tölusettir og skal halda sér seðlunum frá hverjum degi og þeir geymdir þannig:

7. gr.

Í lok hvers mánaðar, og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynningu í því formi, sem sýnt er á fylgiskjali 3, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og skal tilkynning þessi undirrituð af eiganda eða stjórnanda. Með tilkynningunni skulu fylgja eftirrit af öllum frumbókarfærslum í mánuðinum, svo og allir afgreiðsluseðlar (kupons) og aðrir slíkir seðlar, sem notaðir hafa verið við afgreiðsluna í veitingasölunni í mánuðinum. Samkvæmt tilkynningunni ber veitingasala að greiða veitingaskattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynningin má í síðasta lagi vera send eða með öðrum orðum fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að veitingasala fór fram. Ef veit-

61 ingasali greiðir ekki veitingaskattinn innan þessa gjalddaga, ber honum að greiða 2% í dráttarvexti fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst fram yfir nefndan gjalddaga.

Veitingasalar, sem bókhaldsskyldir eru eftir lögum nr. 62/1938, um bókhald, skulu senda hlutaðeigandi innheimtumanni veitingaskatts yfirlitsreikninga þá, sem um ræðir í 10.—12. gr. nefndra laga nr. 62/1938 (efnahagsreikning og kostnaðarreikning), og skulu reikningar þessir sendir í síðasta lagi 1. apríl í Reykjavík, en annars staðar í síðasta lagi 1. maí. Aðrir veitingasalar skulu fyrir sama tíma hafa sent innheimtumanni veitingaskattsins rekstrarreikning veitingasölnunnar fyrir næstu ár á undan, og skal rekstrarreikningur þessi vera í því formi, sem sýnt er á fylgiskjali 4.

Innheimtumenn veitingaskatts geta þó jafnan krafizt þess, að rekstrarreikningar fyrirtækjanna séu sendir í lok hvers ársfjórðungs.

8. gr.

Innheimtumenn veitingaskatts hafa eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða, en í því efni hafa þeir rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og að rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu afhentar þeim til eftirlits, ásamt fylgiskjöllum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitingastöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefur rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og enn fremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasölna.

Nú felur fjármálaráðuneytið sérstökum mönnum eftirlit með framkvæmd veitingaskattslaganna, og skulu þeir þá hafa sama rétt og innheimtumenn samkvæmt 1. og 2. mgr.

Þeim, sem eftirlit og innheimtu hafa á hendi samkv. reglugerð þessari, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir kunna að komast að sökum starfs síns um efnahag og rekstur veitingasala.

9. gr.

Ef bækur þær, sem færðar skulu samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, ásamt fyrirskipuðum rekstrarreikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar skattheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tífold sú skattupphæð, er tapast hefur við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefur unnið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr. eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða varðhald.

Öll brot gegn reglugerð þessari, sem ekki eru ákveðin sérstök viðurlög og refsing fyrir hér að framan í þessari grein, í 3. gr. eða í 7. gr., varða 100—1000 kr. sektum, og allt að 5000 kr. sektum, ef um endurtekin brot er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir eftir því, sem við verður komið og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir hér að framan.

10. gr.

61

25. marz

Hegningarákvæðum reglugerðar þessarar ber að beita gegn eigendum eða stjórnendum veitingastarfseminnar. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna við veitingastarfsemina, eru meðsekir í brotum gegn reglugerð þessari, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem nemur $\frac{1}{5}$ hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar.

Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefur verið til þess að greiða sektina, afplána hana lögum samkvæmt.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Innheimtumenn veitingaskatts skulu færa sérstaka bók um innheimtan veitingaskatt og kallast bók þessi veitingaskattsbók. Ráðuneytið leggur bók þessa til og löggildir hana. Í henni skal tilgreina eftirgreind atriði:

1. Nafn greiðanda.
2. Heimili hans.
3. Veitingasölu alls.
4. Skattfrjálsa sölu.
5. Skattskylda sölu.
6. Upphæð veitingaskattsins.
7. Greiðsludag.

Tilkynningar þær, sem um ræðir í 7. gr., skulu fylgja veitingaskattsbókum til endurskoðunar, ásamt rekstrarreikningum þeim, sem þar um ræðir.

13. gr.

Allir veitingasalar skulu í síðasta lagi 1. maí 1945 hafa komið bókhaldi sínu í það horf, sem fyrirskipað er í reglugerð þessari.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 64/1933 og nr. 120/1933, um veitingaskatt o. fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 17. gr. laga nr. 99/1933, um veitingaskatt, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 25. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

61 Fylgiskjal 1.

25. marz

Innkaups- og kostnaðarbók.

Fylgiskjal nr.	Dagsetning		Mjólk og skyr	Tóbak, öl, gosdrykkir, kaffi og sykur	Aðrar keyptar vörur	Kaup, húsa-leiga, ljós, hiti og vextir	Keypt húsgögn og áhöld	Annar kostnaður og greiðslur
		Júlí 194.....						
1	1/4	Keypt hjá Sigurði Jónssyni 30 kg ýsa á kr. 0.85 kílóíð						
2		— — Grænmetisverzl. 350 kg sk. kartöflur á kr. 32.25 sekkurinn			25.50			
3		— — Mjólkursamsölunni 35 kg skyr á kr. 2.16 kílóíð	75.60		96.75			
4		— — Mjólkursamsölunni 50 litr. mjólk á kr. 1.45 literinn	72.50					
5		— — Tóbakseinkasölunni 1000 pk. Lucky Strike á kr. 2.72 pakkinn		2720.00				
6		— — Ölgerðinni Ingólfur 1000 fl. bjór á kr. 0.62 flaskan		620.00				
»		— — Ölgerðinni Ingólfur 500 fl. pilsner á kr. 0.62 flaskan		310.00				
»		— — Ölgerðinni Ingólfur 500 fl. appelsín á kr. 0.48 flaskan		240.00				
»		— — Ölgerðinni Ingólfur 500 fl. grape fruit á kr. 0.48 flaskan		240.00				
7		— — Heildverzl. Sigurðar Jónssonar 100 kg brennt og malað kaffi á kr. 6.00 kílóíð		600.00				
8		— — H.f. Skjöldur 3 45.3 kg sk. sykur á kr. 51.95 sekkurinn		155.85				
9		— — G. Bjarnason og Jónsson 2 50 kg sk. hveiti á kr. 0.84 kílóíð			84.00			
10		— — Sláturfél. Vesturlands 30 kg nautakjöt á kr. 7.50 kílóíð			225.00			
11		Greitt Sigríði Jónsdóttur kaup fyrir júní ..				450.00		
12		— Guðrúnu Sigurðardóttur kaup fyrir júní				450.00		
13		Greidd Jóni Björnssyni húsaleiga fyrir júní				1500.00		
14		Greiddur rafmagnsreikningur fyrir júní ...				275.00		
15		Greiddur hitaveitureikningur fyrir júní ...				130.00		
16		Greiddir Jóni Sigurðssyni 7% ársvextir af skuldabréfi, útgefnu til hans 1. júlí 194				525.00		
17		Keyptir hjá Húsgagnaverzl. Eik 5 stólar kr. 150.00 stóllinn					750.00	
18		Greitt sama fyrir viðgerð á borði						34.00
19		Greitt Ingibjörgu Bjarnadóttur fyrir hrein- gerningu						173.00
20		Keyptir hjá Verzl. Bára 1 pottur á kr. 81.00 og 1 panna á kr. 43.00					124.00	
		Greiddslur 1. júlí 194 samtals kr.	148.10	4885.85	431.25	3330.00	874.00	207.00

Fylgiskjal 2.

Sölubók.

61

25. marz

Fylgiskjal nr.	Dagsetning	Apríl 194.....	Fullkomnar máltíðir á 5 kr. eða minna	Mjólk og skyr með 25% álagi eða minna	Mánaðar fæði	Veitingar seldar starfsmönnum	Veitingar seldar út	Aðrar seldar vörur
1—23	1/4	Seldir 23 hádegisverðir (tómatsúpa og lambasteik) á kr. 5.50	126.50					
24—37		Seldir 14 lítrar af mjólk á kr. 1.81		25.34				
38—73		Selt 7 kg skyr á kr. 3.00		21.00				
74—78		Greitt mánaðarfæði samkvæmt frumbókarnótum nr. 37, 42, 43 og 44			1200.00			
		Samkvæmt frumbókarnótum nr. 39 og 40 selt starfsstúlkum				19.50		
79—80		Samkvæmt frumbókarnótum nr. 38, 40 og 41 seldar 23 smurðsbrauðsneiðar á kr. 2.00					46.00	
81—100		Seldir 19 kvöldverðir (heitur réttur og kalt borð) á kr. 6.00						114.00
101—118		Selt 18 molakaffi á 1.00						18.00
119—126		Selt 8 te á 1.00						8.00
127—200		Seldir 73 bjórar á 1.35						98.55
201—223		— 23 pilsnerar á 1.35						31.05
224—238		— 14 grapefruitdrykkir á 1.00 .						14.00
239—256		— 17 appelsíndrykkir á 1.00 ..						17.00
257—268		— 12 bautaréttir á 5.25						63.00
269—285	Selt egg og kartöflur á 4.00						64.00	
286—304	Seldir 18 ísbúðingar á kr. 1.00 ..						18.00	
305—332	Seldir 27 pk. Lucky Strike á kr. 3.78						102.06	
333—386	Selt 53 kaffi og kökur						132.50	
		Salan 1. apríl 194 samtals	126.50	46.34	1200.00	19.50	46.00	680.16

61 Fylgiskjal 3.

25. marz

Tilkynning um veitingasölu.

Nafn veitingafyrirtækis Veitingasala í 194..

		Kr.	au.
Veitingasala alls			
Par frá dregst skattfrjáls sala:			
1. Neyzluvörur samkvæmt meðfylgjandi frumbókarnótum seldar út, sbr. 1. lið 2. gr. reglugerðarinnar*)			
2. Neyzluvörur samkvæmt meðfylgjandi frumbókarnótum seldar starfsmönnum, sbr. 2. lið 2. gr. rgj.*)			
3. fullkomnar máltíðir fyrir kr. 5.50 eða minna, sbr. 3. lið 2. gr. rgj.			
4. litrar mjólkur með 25% álagi eða minna, sbr. 4. lið 2. gr. rgj.			
5. kg skyr með 25% álagi eða minna, sbr. 4. lið 2. gr. rgj.			
6. Mánaðarfæði selt samkvæmt meðfylgjandi frumbókarnótum, sbr. 5. lið 2. gr. rgj.*)			
Skattskyld sala		Kr.	

Það vottast, að tilkynning þessi er rétt í öllum atriðum.

.....
(Staður og dagsetning)

.....
(Undirskrift eiganda eða stjórnenda)

*) Framangreindar undanþágur nr. 1, 2 og 6 eru því skilyrði bundnar, að með tilkynningu þessari fylgi frumbókarnótur yfir þær sölu, sem nefndar eru hér að framan undir þessum númerum, og að nótur þessar tilgreina þau atriði, sem fyrirskipuð eru undir A í 5. gr. reglugerðarinnar. Þá er það skilyrði fyrir öllum undanþágunum, að tilkynningu þessari fylgi afgreiðsluseðlar (kups) og aðrir slíkir seðlar, sem notaðir hafa verið við afgreiðsluna í manuðinum, sem tilkynningin tekur yfir.

Fylgiskjal 4.

Rekstrarreikningur fyrir tímabilið

Dags.	Kr.	au.	Dags.	Kr.	au.
Vörubirgðir í ársbyrjun			Seldar veitingar		
Keyptar vörur			Vörubirgðir í árslok		
Kaup			Leiga eftir herbergi og veitingas.		
Húsaleiga, ljós og hiti			Aðrar tekjur, hverjar?		
Vextir			Tap		
Skattar til ríkis og bæjar					
Annar rekstrarkostnaður					
Ágóði					
	Kr.			Kr.	

Það vottast, að rekstrarreikningur þessi er réttur í öllum atriðum.

.....
(Staður og dagsetning)

.....
(Undirskrift eiganda eða stjórnanda)

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS

62

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. des. 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán	kr. 1 432 747.30	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 1 121 409.00	
c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	— 156 840.80	
d. Reikningslán	— 2 765 982.40	
		kr. 5 476 979.50
2. Vixlar	— 16 516 703.90	
3. Verðbréf	— 6 063 433.43	
4. Lán í hlaupareikningi	— 1 926 460.93	
5. Veðdeild	— 102 900.53	
6. Ýmsir skuldunautar	— 221 117.42	
7. Innanstokksmunir	— 51 700.00	
8. Fasteignir	— 1 026 500.00	
9. Innheimtur	— 38 000.00	
10. Innlestir tékkar	— 220 436.34	
11. Tryggingar fyrir ábyrgðum	— 322 850.00	
12. Bankainnstæða og peningar í sjóði	— 30 084 749.67	
		<u>Kr. 62 051 831.72</u>

Skuldir:

1. Innstæðufé í sparisjóði	kr. 32 589 931.71
2. — á viðtökuskirteinum	— 1 292 805.76
3. — í hlaupareikningi	— 18 136 212.45
4. — í reikningslánnum	— 482 174.30
5. Ræktunarsjóður Íslands	— 2 601 291.60
6. Viðlagasjóður	— 1 142 015.30
7. Byggingarsjóður	— 626 474.20
8. Loðdýralánadeild	— 3 826.87
9. Smábýladeild	— 273 813.93
10. Kreppulánasjóður	— 1 057 213.84
11. Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga	— 559 991.68
12. Nýbýlasjóður	— 60 289.92
13. Ýmsir kröfuhafar	— 243 579.35
14. Ábyrgðir	— 322 850.00
15. Ógreitt tap	— 46 102.10
16. Skuldir á fasteignum	— 6 992.21
17. Fyrningarsjóður fasteigna	— 40 000.00
18. Varasjóður	— 2 343 600.70
19. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir	— 222 665.80
	<u>Kr. 62 051 831.72</u>

62 Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 1944.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á	kr.	141 900.29
2. Forvextir af víxlum	—	890 423.84
3. Aðrir vextir	—	670 345.14
4. Ýmislegar tekjur	—	94 497.37
		<hr/>
		Kr. 1 797 166.64

Gjöld:

1. Vextir	kr.	553 855.37
2. Rekstrarkostnaður	—	438 273.30
3. Til fyrningarsjóðs fasteigna	—	20 000.00
4. Fært á afskriftareikning	—	54 414.50
5. Stofntillag til eftirlaunasjóðs	—	116 000.00
6. Til varasjóðs	—	391 957.67
7. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	222 665.80
		<hr/>
		Kr. 1 797 166.64

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Rvík 31. des. 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán	kr.	1 219 408.55
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	277 699.00
c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	—	156 840.80
d. Reikningslán	—	2 519 104.34
		<hr/>
	kr.	4 173 052.69
2. Vixlar	—	13 943 208.16
3. Verðbréf	—	6 056 833.43
4. Útibú á Akureyri	—	926 331.91
5. Lán í hlaupareikningi	—	1 925 272.63
6. Veðdeild	—	102 900.53
7. Ýmsir skuldunautar	—	197 501.84
8. Innanstokksmunir	—	50 000.00
9. Fasteignir	—	950 000.00
10. Innheimtur	—	38 000.00
11. Innleystir tékkar	—	220 436.34
12. Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	322 850.00
13. Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	29 898 650.68
		<hr/>
		Kr. 58 805 038.21

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði	kr.	30 107 165.78
2. — á viðtökuskírteinum	—	1 143 865.34
3. — í hlaupareikningi	—	17 760 381.27
4. — í reikningslánum	—	425 215.98
5. Ræktunarsjóður Íslands	—	2 601 291.60
		<hr/>
	Flyt	kr. 52 037 920.47

	Flutt	kr.	52 037 920.47	62
6. Byggingarsjóður	—	626 474.20		
7. Viðlagasjóður	—	1 142 015.30		
8. Loðdýralánadeild	—	3 826.87		
9. Smábýladeild	—	273 813.93		
10. Kreppulánasjóður	—	1 057 213.84		
11. Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga	—	559 991.68		
12. Nýbýlasjóður	—	60 289.92		
13. Ýmsir kröfuhafar	—	243 579.35		
14. Skuldir á fasteignum	—	6 992.21		
15. Ábyrgðir	—	322 850.00		
16. Ógreitt tap	—	45 000.00		
17. Varasjóður	—	2 251 317.59		
18. Flyzt til næsta árs:				
Fyrir fram greiddir vextir	—	173 752.85		
			<u>Kr. 58 805 038.21</u>	

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1944.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr.	107 981.15
2. Forvextir af víxlum	—	701 282.35
3. Aðrir vextir	—	670 345.14
4. Ýmislegar tekjur	—	66 849.97
		<u>Kr. 1 546 458.61</u>

Gjöld:

1. Vextir	kr.	498 815.00
2. Rekstrarkostnaður	—	372 455.18
3. Fært á afskriftareikning	—	54 414.50
4. Stofntillag eftirlaunasjóðs	—	116 000.00
5. Til varasjóðs	—	331 021 08
6. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	173 752.85
		<u>Kr. 1 546 458.61</u>

Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. desember 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán	kr.	213 338.75	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	843 710.00	
c. Reikningslán	—	246 878.06	
		<u>kr. 1 303 926.81</u>	
2. Víxlar	—	2 573 495.74	
3. Lán í hlaupareikningi	—	1 188.30	
4. Innanstokksmunir	—	1 700.00	
5. Fasteignir	—	76 500.00	
		<u>kr. 3 956 810.85</u>	

62

	Flutt	kr. 3 956 810.85
6. Ýmsir skuldunautar	—	23 615.58
7. Verðbréf	—	6 600.00
8. Bankainnstöðla og peningar í sjóði	—	186 098.99
		<u>Kr. 4 173 125.42</u>

Skuldir:

1. Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr.	926 331.91
2. Innstöðla í sparisjóði	—	2 482 765.93
3. — á viðtökuskírteinum	—	148 939.92
4. — í hlaupareikningi	—	375 831.18
5. — í reikningslánnum	—	56 958.32
6. Ógreitt tap	—	1 102.10
7. Fyrningarsjóður fasteigna	—	40 000.00
8. Varasjóður	—	92 283.11
9. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir	—	48 912.95
		<u>Kr. 4 173 125.42</u>

Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1944.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr.	33 919.14
2. Forvextir	—	189 141.49
3. Ýmislegar tekjur	—	27 647.40
		<u>Kr. 250 708.03</u>

Gjöld:

1. Vextir	kr.	55 040.37
2. Kostnaður	—	65 818.12
3. Til fyrningarsjóðs fasteigna	—	20 000.00
4. Til varasjóðs	—	60 936.59
5. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir	—	48 912.95
		<u>Kr. 250 708.03</u>

Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. des. 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum:		
1. flokkur	kr.	360 600.47
2. flokkur	—	535 067.15
		<u>kr. 895 667.62</u>
2. Ógreiddir vextir og kostnaðartillag	—	18 200.00
		<u>Kr. 913 867.62</u>

Skuldir:

1. Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr.	102 900.53
2. Varasjóður	—	810 967.09
		<u>Kr. 913 867.62</u>

Rekstrarreikningur veðeildar Búnaðarbanka Íslands 1944.

62

Tekjur:

1. Vextir og kostnaðartillag	kr. 44 608.60
2. Lántökugjald	— 3 846.50
	<hr/>
	Kr. 48 455.10

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 37 488.01
2. Til varasjóðs	— 10 967.09
	<hr/>
	Kr. 48 455.10

Varasjóður veðeildar 31. desember 1944.

Inn: Úr Viðlagasjóði	kr. 800 000.00
Tekjuafgangur	— 10 967.09
	<hr/>
	Kr. 810 967.09

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1944.

1. Frá fyrra ári	kr. 3 778 948.73
2. Tekjuafgangur	— 14 211.16
	<hr/>
	Kr. 3 793 159.89

Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1944.

1. Frá fyrra ári	kr. 502 361.32
2. Lántökugjald	kr. 352.50
3. Vextir	— 10 097.33
	<hr/>
	— 10 449.83
	<hr/>
	Kr. 512 811.15

Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánunum:		
4% Þjóðjarðasölulán	kr. 54 026.97	
4% jarðabótalán	— 3 406.87	
5% lán 1. flokks	— 792 722.23	
5% lán 3. flokks	— 730 586.12	
5% lán 4. flokks	— 382 262.60	
	<hr/>	kr. 1 963 004.79
2. Verðbréf	— 147 376.87	
3. Ógreiddir áfallnir vextir	— 40 500.00	
4. Ýmsir viðskiptamenn	— 132 397.13	
5. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 2 601 291.60	
	<hr/>	Kr. 4 884 570.39

62

Skuldir:

1. Höfuðstóll	kr. 3 793 159.89
2. Jarðræktarbréf í umferð: 1. flokkur	— 634 200.00
3. Jarðræktarbréf í umferð: 3. flokkur	— 428 000.00
4. Óinnleystir vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 29 210.50
	<hr/>
	Kr. 4 884 570.39

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1944.

Tekjur:

1. Vextir	kr. 120 223.41
2. Ýmislegar tekjur	— 1 410.00
3. Vaxtatillag úr ríkissjóði	— 10 622.00
	<hr/>
	Kr. 132 255.41

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 50 992.00
2. Vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 58 421.00
3. Hluti af kostnaði við teiknistofu	— 7 000.00
4. Afskrifað tap	— 1 631.25
5. Lagt við höfuðstól	— 14 211.16
	<hr/>
	Kr. 132 255.41

Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs 31. desember 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánunum:	
a. Endurhýsingarlán	kr. 2 031 506.98
b. Nýbýlalan á ræktuðu landi	— 126 936.03
c. Nýbýlalan á óræktuðu landi	— 67 815.00
	<hr/>
	kr. 2 226 258.01
2. Verðbréf	— 16 627.11
3. Ýmsir viðskiptamenn	— 291.60
4. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 626 474.20
	<hr/>
	Kr. 2 869 650.92

Skuldir:

1. Ógreitt tap	kr. 5 794.66
2. Eign	— 2 863 856.26
	<hr/>
	Kr. 2 869 650.92

Rekstrarreikningur Byggingarsjóðs 1944.

Tekjur:

1. Lántökugjald	kr. 2 061.00
2. Vextir	— 95 141.71
3. Ríkissjóðstillag	— 300 000.00
	<hr/>
	Kr. 397 202.71

Gjöld:

62

1. Kostnaður við teiknistofu	kr. 40 175.70
2. Rekstrarkostnaður	— 100 000.00
3. Aukin eign	— 257 027.01
	<hr/>
	Kr. 397 202.71

Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1944.

Frá fyrra ári	kr. 2 648 440.96
Frá dregst: Greitt til Veðdeildar	— 800 000.00
	<hr/>
	Kr. 1 848 440.96
Tekjuafgangur	— 14 375.88
	<hr/>
	Kr. 1 862 816.84

Skipting:

Eign veðdeildar Búnaðarbankans	kr. 597 415.94
Eign Ræktunarsjóðs Íslands	— 1 265 400.90
	<hr/>
	Kr. 1 862 816.84

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum	kr. 529 388.78
2. Verðbréf	— 191 412.76
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 1 142 015.30
	<hr/>
	Kr. 1 862 816.84

Skuldir:

Höfuðstóll	kr. 1 862 816.84
	<hr/>
	Kr. 1 862 816.84

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs 1944.

Tekjur:

1. Innheimtir vextir af lánnum	kr. 40 530.60
2. Vextir af verðbréfum	— 13 845.28
	<hr/>
	Kr. 54 375.88

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 40 000.00
2. Lagt við höfuðstól	— 14 375.88
	<hr/>
	Kr. 54 375.88

Efnahagsreikningur Loðdýralánadeildar 31. desember 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum	kr. 11 815.00
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 3 826.87
	<hr/>
	Kr. 15 641.87

Skuldir:

Varasjóður	kr. 15 641.87
	<u>Kr. 15 641.87</u>

Rekstrarreikningur Loðdýralánadeildar 1944.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr. 1 183.56
2. Ríkissjóðstillag	— 10 000.00
	<u>Kr. 11 183.56</u>

Gjöld:

1. Rekstrarkostnaður	kr. 5 000.00
2. Vextir	— 628.00
3. Afskrifað tap á lánum	— 841.60
4. Lagt við varasjóð	— 4 713.96
	<u>Kr. 11 183.56</u>

Efnahagsreikningur Smábýladeildar 31. desember 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr. 25 913.87
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 273 813.93
	<u>Kr. 299 727.80</u>

Skuldir:

Varasjóður	kr. 299 727.80
	<u>Kr. 299 727.80</u>

Rekstrarreikningur Smábýladeildar 1944.

Tekjur:

1. Lántökugjald	kr. 145 00
2. Vextir af lánum	— 690.66
3. Ríkissjóðstillag	— 100 000.00
	<u>Kr. 100 835.66</u>

Gjöld:

1. Rekstrarkostnaður	kr. 500.00
2. Til varasjóðs	— 100 335.66
	<u>Kr. 100 835.66</u>

Reykjavík, 2. janúar 1945.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1944 höfum við yfir- 62
farið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 17. febrúar 1945.

Sveinbjörn Högnason. Pétur Ottesen.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð
Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 23. febrúar 1945.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Bjarni Bjarnason.

Stofnsjóður Kreppulánasjóðs 31. desember 1944.

Frá fyrra ári	kr. 485 498.30
Tillag ríkissjóðs	— 250 000.00
	<hr/>
	kr. 735 498.30
Frá dregst: Tap á lánum	kr. 167 411.52
— — Greiðsla vegna ábyrgðartillags	— 173 564.25
— — Rekstrarhalli	— 253 073.80
	<hr/>
	— 594 049.57
	<hr/>
	Kr. 141 448.73

Reikningur Kreppulánasjóðs um ábyrgðartillag 1944.

Út: Skuld við Kreppulánasjóð f. f. á.	kr. 523 650.00
Vaxtamiðar	— 23 564.25
Inn: Kreppulánasjóðsbréf í umferð:	
Frá fyrra ári	kr. 523 650.00
÷ útdregin	— 150 000.00
	<hr/>
	kr. 373 650.00
Greiðsla úr Kreppulánasjóði	— 173 564.25
	<hr/>
	Kr. 547 214.25 Kr. 547 214.25

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs 31. desember 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr. 326 937.50
2. Ógreiddir vextir	— 12 830.00
3. Verðbréf	— 25 787.39
4. Afturkræft ábyrgðartillag	— 373 650.00
5. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 1 057 213.84
	<hr/>
	Kr. 1 796 418.73

Skuldir:

1. Kreppulánasjóðsbréf í umferð	kr. 1 646 970.00
2. Handhafa skuldabréf	— 8 000.00
3. Stofnsjóður	— 141 448.73
	<hr/>
	Kr. 1 796 418.73

62

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs 1944.

Tekjur:

1. Vextir af lánum og verðbréfum	kr. 55 090.33
2. Úr stofnsjóði vegna ábyrgðartillags	— 173 564.25
3. Rekstrarhalli	— 253 073.80

 Kr. 481 728.38

Gjöld:

1. Vextir af skuldabréfum í umferð	kr. 202 541.40
2. Rekstrarkostnaður	— 105 622.73
3. Ábyrgðartillag	— 173 564.25

 Kr. 481 728.38

Reykjavík, 10. janúar 1945.

KREPPULÁNASJÓÐUR

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs fyrir árið 1944 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 17. febrúar 1945.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvisun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 23. febrúar 1945.

Hermann Jónasson. *Þorst. Þorsteinsson.* *Bjarni Bjarnason.*

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga 31. des. 1944.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr. 614 679.58
2. Óinnheimtir vextir	— 4 100.00
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 559 991.68
4. Óhafið ríkissjóðstillag	— 98 498.74

 Kr. 1 277 270.00

Skuldir:

Skuldabréf í umferð	kr. 1 277.270.00
---------------------------	------------------

 Kr. 1 277 270.00

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga 1944.

Tekjur:

1. Vextir af lánum og verðbréfum	kr. 56 165.48
2. Rekstrarhalli	— 98 498.74

 Kr. 154 664.22

Gjöld :

62

1. Vextir af skuldabréfum í umferð	kr. 138 064.85
2. Rekstrarkostnaður	— 16 599.37
	<u>Kr. 154 664.22</u>

Reykjavík, 10. janúar 1945.

KREPPULÁNASJÓÐUR BÆJAR OG SVEITAR FÉLAGA

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar féлага fyrir árið 1944 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 17. febrúar 1945.

Sveinbjörn Högnason. Pétur Ottesen.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 23. febrúar 1945.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Bjarni Bjarnason.

Efnahagsreikningur Nýbýlasjóðs 31. desember 1944.

Eignir :

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
1. flokkur	kr. 519 550.45	
2. flokkur	— 159 000.00	
	<u>kr. 678 550.45</u>	
2. Áhöld	— 1 500.00	
3. Viðskiptamenn	— 1 085.55	
4. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 60 289.92	
	<u>Kr. 741 425.92</u>	

Skuldir :

1. Útgefin nýbýlabréf í umferð	kr. 586 200.00
2. Óinnleystir vaxtamiðar	— 29 310.00
3. Varasjóður	— 125 915.92
	<u>Kr. 741 425.92</u>

Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1944.

Tekjur :

1. Ríkissjóðsstyrkur	kr. 310 000.00
2. Lántökugjald og teikningar	— 847.00
3. Vextir af lánum	— 29 677.55
	<u>Kr. 340 524.55</u>

62

Gjöld:

1. Styrkveitingar	kr. 161 972.12
2. Rekstrarkostnaður	— 85 450.99
3. Þátttaka í kostnaði við teiknistofu	— 15 200.00
4. Afskrifað af áhöldum	— 750.00
5. Óinnleystir vaxtamiðar	— 29 310.00
6. Lagt í varasjóð	— 47 841.44

 Kr. 340 524.55

Reykjavík, 11. janúar 1945.

NÝBÝLASJÓÐUR

Steingr. Steinþórsson.

Framanritaða reikninga Nýbýlasjóðs fyrir árið 1944 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 17. febrúar 1945.

Sveinbjörn Högnason. Pétur Ottesen.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 23. febrúar 1945.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Bjarni Bjarnason.

63

IÐNLÁNASJÓÐUR

Jafnaðarreikningur 31. des. 1944.

Eignir:

1. Útlán	kr. 172439.00
2. Bankainnstæða	— 246440.98
	<hr/>
	Kr. 418879.98

Skuldir:

1. Stofnsjóður	kr. 412593.18
2. Fyrir fram greiddir vextr	— 6286.80
	<hr/>
	Kr. 418879.98

Reykjavík, 13. janúar 1945.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Helgi Guðmundsson. Valtýr Blöndal. Ásg. Ásgeirsson.

 Elías Halldórsson.

Reikning þennan höfum við yfirfarið, ásamt fylgiskjölum og borið hann saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán og bankainnstæðu og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 1. febrúar 1945.

Páll Pálmason. Sveinbjörn Jónsson.

Rekstrarreikningur 1944.

Tekjur:

1. Frá fyrra ári	kr. 6007.80
2. Vextir	— 9788.47
3. Framlag rikissjóðs	— 65000.00
	<hr/>
	Kr. 80796.27

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 2160.50
2. Tekjuliður 3, lagt í stofnsjóð	— 65000.00
3. Til næsta árs, fyrir fram greiddir vextir	— 6286.80
4. Tekjuafgangur, lagður í stofnsjóð	— 7348.97
	<hr/>
	Kr. 80796.27

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Vestmannaeyja árið 1944.

64

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári	kr. 36739.93
2. Styrkur veittur úr rikissjóði	— 1000.00
3. Styrkur veittur úr bæjarsjóði Vestmannaeyja	— 3000.00
4. Safnað hjá útvegs- og sjómönnum í Vestmannaeyjum	— 1620.00
5. Greiðsla þriggja útdreginna veðdeildarbréfa	— 2500.00
6. Vextir:	
a. Af kreppulánasjóðsbréfum	kr. 176.00
b. — veðdeildarbréfum	— 672.50
c. — hafnarsjóðsbréfum Vestmannaeyja	— 384.00
d. — bæjarsjóðsbréfum Vestmannaeyja	— 200.00
e. — bankainnstæðu	— 288.24
	<hr/>
	— 1720.74
	Kr. 46580.67

Gjöld:

1. Móti tekjulið 5	kr. 2500.00
2. Styrkur veittur ekkjum	— 1485.00
3. Endurgreiddir ofgreiddir vextir af veðdeildarbréfum	— 75.00
4. Borguð auglýsing við sjómannasöfnunina	— 58.75
5. Kostnaður við sjóðinn (augl. o. fl.)	— 35.00
6. Eignir:	
a. Skuldabréf bæjarsjóðs Vestmannaeyja	kr. 4000.00
b. Skuldabréf hafnarsjóðs Vestmannaeyja	— 6400.00
	<hr/>

Flyt kr. 10400.00 kr. 4163.75

		Flutt	kr. 10400.00	kr. 4163.75
64	c. Veðdeildarbréf	—	12200.00	
	d. Kreppulánasjóðsbréf	—	3200.00	
	e. Innstæða við útibú Útvegsbankans, Vestm.eyjum	—	16626.92	
				<u>— 42426.92</u>

Vestmannaeyjum, 2. janúar 1945.

Kr. 46580.67

J. A. Gíslason,

p. t. formaður Ekknasjóðs.

65

SNORRASJÓÐUR 1930**Ársreikningur 1944.****Höfuðstóll:**

Eign frá fyrra ári, samkv. birtum reikningi	kr. 150286.59
Aukning á árinu samkv. neðangreindu	— 1967.36

Kr. 152253.95

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Jarðræktarbréf	kr. 38000.00
Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	— 110000.00
Innstæða í Búnaðarbanka	— 4253.95

Kr. 152253.95**Tekjur:**

Vextir af jarðræktarbréfum	kr. 6655.00
Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar	— 1060.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 52.36

Kr. 7767.36**Gjöld:**

Styrkur til náms í Noregi:

Jón Jónsson, stúdent, til fiskifræðináms í háskólanum í Oslo	kr. 1000.00
Óskar Sveinsson, til garðyrkjunáms í landbúnaðarhásk. í Ási	— 1000.00
Sigurlaug Jónasdóttir, til húsmæðrakennslunáms í Stabek	— 800.00
Sveinn Ellertsson, til mjólkuriðnaðarnáms í landbúnaðarháskól- anum í Ási	— 1000.00
Tryggvi Jóhannsson, stúdent, til vélaverkfræðináms í háskólanum í Niðarósi	— 1000.00
Hólmfríður Jónsdóttir, stúdent, til náms í sögu og tungumálum í háskólanum í Oslo	— 1000.00

Kr. 5800.00

Lagt til höfuðstóls	— 1967.36
---------------------------	-----------

Kr. 7767.36

Reykjavík, 14. febrúar 1945.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Haukur Þorleifsson.

Bréf menntamálaráðuneytisins til skólastjóra Gagnfræðaskóla Reykvíkinga, um að gagnfræðapróf í skólanum veiti sama rétt til að ganga undir stúdentspróf og gagnfræðapróf við menntaskóla o. fl.

66

27. apríl

Hér með er yður tjáð, herra skólastjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið, að gagnfræðapróf við Gagnfræðaskóla Reykvíkinga á þessu ári skuli veita sama rétt til að ganga undir stúdentspróf eins og gagnfræðapróf við menntaskóla, sbr. 35. gr. reglugerðar fyrir Menntaskólann í Reykjavík, nr. 3/1937. Jafnframt skal próf í bókfærslu og kristnum fræðum upp úr III. bekk skólans, og próf í dönsku og eðlisfræði upp úr IV. bekk hans, teljast fullgilt stúdentspróf í þeim greinum.

Samkvæmt þessu mun ráðuneytið skipa prófdómendur við þau próf, er að framan greinir, og verða þeir hinir sömu og við Menntaskólann í Reykjavík. Þeir skulu gæta þess, að prófin verði í alla staði sambærileg við hliðstæð próf í Menntaskólanum, enda verkefni í ólesnum námsgreinum hin sömu við báða skólana.

H A F N A R R E G L U G E R ð

67

19. febr.

fyrir Reyðarfjarðarkauptún.

I. Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Reyðarfjarðarhöfn tekur yfir Reyðarfjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Hagahorni norðan fjarðarins í Hlein sunnan fjarðarins.

II. Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra, og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu.

Hafnarnefnd Reyðarfjarðar skipa þrír menn. Er hreppstjóri Reyðarfjarðarhrepps formaður nefndarinnar, og hefur hann á hendi innheimtu hafnargjaldanna og reikningsskil fyrir hafnarsjóð. Hina tvo nefndarmenn kýs hreppsnefnd til fjögurra ára í senn og skal annar þeirra ávallt vera í hreppsnefndinni. Kosning í hafnarnefnd skal jafnan fylgja hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd skal sjá um að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórna hafnarsjóðnum með eftirliti hreppsnefndar.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ber ábyrgð á sjóðnum, sem öðrum eignum hreppsins.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Handbært fé sjóðsins skal ávallt ávaxta í Landsbankanum eða annarri jafntryggri lánsstofnun.

67

19. febr.

III. Um almenna reglu.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hún setur til þess að gæta reglu.

4. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

5. gr.

Seglfestu eða öðru, sem valdið getur skemmdum, má hvergi kasta út á höfninni, og seglfestu má hvergi taka innan takmarka hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar.

Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

IV. Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

6. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Aldrei mega slík skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Skip eða bátar mega aldrei leggjast svo frá sér strengi eða aðrar festar, að það tálmi umferð. Festar skipa má aldrei leggjast yfir alfaraleið.

V. Um hafnargjöld.

7. gr.

Öll skip 12 smálestir nettó og þar yfir, skulu greiða hafnargjald, er þau koma á Reyðarfjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiskip, hvernar þjóðar sem eru, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafna vegna sjóskemmda og skip, er leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land. Enn fremur öll innlend fiskiskip, sem eru að fiskveiðum við strendur landsins, ef þau afferma ekki né ferma annað en það, sem afla þeirra og útgerð snertir.

Hafnargjöld greiðast af nettó stærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

8. gr.

- a. Skip, sem sigla eftir opinberum áætlunum, skulu greiða 5 aura af hverri nettó smálest, í hvert sinn sem þau leggjast á höfnina.
- b. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 10 aura í hafnargjald af hverri nettó smálest.

VI. Um vörugjald.

67

19. febr.

9. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og af skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

10. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé það ákveðið samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

11. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- d. Vörur og tæki til hafnarinnar.

12. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-
einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vöru-
gjalds, og er skipstjóri eða umboðsmaður hans skyldur að láta hafnarnefnd í té
eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður
báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða af-
fermt. Þyki hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar ástæða til, getur hún hvenær
sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hentugast þykir. Reynist vöru-
magnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjald eftir
þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

13. gr.

Vörugjaldskrá.

1. Af salti, kolum, sementi, áburði, sildarmjöli og fiskimjöli skal greiða 20 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
2. Af steinolíu og benzíni 50 aura fyrir ¼ tunnu.
3. Af steinolíu og benzíni 25 aura fyrir ½ tunnu.
4. Af tómunum, uppsettum og óuppsettum, 10 aurar fyrir hverja.
5. Af trjáviði og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, 5 aurar fyrir rúmfet.
6. Af bifreiðum kr. 15.00.
7. Af bátum kr. 5.00.
8. Af stórgripum (lifandi) kr. 5.00 fyrir hvern grip.
9. Af lifandi sauðfé kr. 0.25 fyrir hverja kind.
10. Af kjöttunnum (heilum) kr. 0.50 fyrir hverja.
11. Af kjöttunnum (hálfunnum) kr. 0.25 fyrir hverja.
12. Af kindaskrokkum kr. 0.10 fyrir hvern.
13. Af ull kr. 0.50 fyrir ballann.
14. Af gærum í búntum kr. 0.05 fyrir hvert búnt.
15. Af heyi kr. 0.25 fyrir hver 100 kg.

- 67 16. Af saltsild kr. 0.25 fyrir hverja tunnu.
 19. febr. 17. Af fiski nýjum og ísuðum kr. 0.10 hver 100 kg.
 18. Af fiski frosnum kr. 0.14 fyrir 100 kg.
 19. Af saltfiski óverkuðum kr. 0.20 fyrir 100 kg.
 20. Af saltfiski verkuðum kr. 0.30 fyrir 100 kg.
 21. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum kr. 0.40 fyrir hver 100 kg.

VII. Um greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu, unz gjöldin eru greidd.

15. gr.

Gjald fyrir vörur, er getur um í 13. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslum. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna. Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

VIII. Ýmis ákvæði.

17. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi, og ekki umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum.

19. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún, nr. 15 frá 11. marz 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. febrúar 1945.

Emil Jónsson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

68

9. marz

um lokunartíma sölubúða á Eskifirði.

1. gr.

Sölubúðum á Eskifirði skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardag fyrir páska og laugardag fyrir hvítasunnunni eigi síðar en kl. 5 síðdegis. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 12 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 3 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 8 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði, mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja, eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem kommir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálf-sölum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja hátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu. Einn fremur er heimilt að selja nauðburftir, eftir lokunartíma, til langferðamanna, svo og til vegavinnu-, símalagninga- og annarra hóp-vinnumannna, sem atvinnu stunda fjarri heimili sínu og eigi koma oftast heim en á vikufresti.

68

9. marz

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í hreppssjóð Eskifjarðarhrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

69

14. marz

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta.

1. gr.

Bátar, sem til fiskjar sækja frá Reykjavík og Hafnarfirði og leggja lóðir sínar í norðanverðan Faxaflóa, skulu leggja út á miðin á þeim tíma og frá stað þeim, sem ákveðinn er í 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Brottfararstaður báta úr Reykjavík skal vera baujan á Akureyjarriði og báta úr Hafnarfirði baujan á Valhúsgrunni.

3. gr.

Brottfararstaður báta úr Reykjavík skal vera sem hér segir:

Í janúarmánuði	kl. 23.50	ísl. meðaltími.
Frá 1. febrúar til 14. febrúar	— 22.50	— —
— 15. febrúar til 15. marz	— 21.50	— —
— 16.—31. marz	— 20.50	— —
— 1.—15. apríl	— 19.50	— —
— 16.—30. apríl	— 18.50	— —
— 1.—15. maí	— 17.50	— —

Brottfarartími báta úr Hafnarfirði skal vera sem hér segir:

Í janúarmánuði	kl. 23.32	ísl. meðaltími.
Frá 1. febrúar til 14. febrúar	— 22.32	— —
— 15. febrúar til 15. marz	— 21.32	— —
— 16.—31. marz	— 20.32	— —
— 1.—15. apríl	— 19.32	— —
— 16.—30. apríl	— 18.32	— —
— 1.—16. maí	— 17.32	— —

Að því er varðar báta frá Reykjavík skal þeim gefið brottfararmerki (ljósmerki) frá Gróttu. Formenn þeir, sem kjörnir eru til eftirlits í Hafnarfirði skulu gefa brottfararmerki við brottfararstað þann, sem ákveðinn er í 2. gr. fyrir báta úr Hafnarfirði.

Ljósmerkin skulu vera svo greinileg, að þau sjáist frá öllum þeim bátum, sem komnir eru á brottfararstað. Er bátum óheimilt að leggja frá brottfararstað, fyrr en ljósmerki hefur verið gefið.

4. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til útilegubáta.

69

14. marz

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00—5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæla meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um róðrarlíma fiskibáta frá 12. janúar 1945 til að öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Járngerðarstaðahverfi í Grindavík.

70

14. marz

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hafnarsvæðið er öll Járngerðarstaðavík með öllum vikum og vogum, ásamt Hópinu. Takmarkast það af Hópsnesi að austan og hugsaðri línu gegnum bæina Krosshús og Hlið að vestan.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en þrír menn, kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd á fyrsta fundi hennar, til 4 ára í senn, hafi á hendi framkvæmd þeirra. Hreppsnefndin kýs formann nefndarinnar, en nefndarmenn kjósa hafnarvörð.

3. gr.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á mannvirkjum hennar, annast fjárhald hennar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI

Um hafnarsjóð.

4. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist hafnarsjóður. Renna í hann allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í reglugerð þessari. Hafnarsjóði skal eingöngu varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á nauðsynlegum mannvirkjum, viðhaldi þeirra og

70 umsjón, svo og til kaupa á landi í þarfir hafnarinnar, ef nauðsynlegt þykir. Óheimilt
 14. marz er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra.

IV. KAFLI

Um legu báta og umferð þeirra um hafnarsvæðið.

5. gr.

Bátar, sem ganga til veiða úr Járngerðarstaðahverfi, hafa rétt til notkunar á bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, sem þeir koma að þeim. Strax og bátar hafa fengið afgreiðslu, skulu þeir rýma til fyrir öðrum, sem þurfa að komast að. Meðan bátar eru á floti við bryggjurnar, skal jafnan vera einn maður til taks af skipshöfninni, ef færa þarf bátinn, eða framkvæma aðrar skipanir frá hafnarverði.

6. gr.

Allir bátar, er ganga til veiða úr Járngerðarstaðahverfi, eru skyldugir að eiga legufæri á Hópinu, sem tekin eru gild af trúnaðarmönnum hafnarinnar og lagt þar undir þeirra eftirliti þannig, að þau hindri ekki greiðan aðgang að bryggjum hafnarinnar. Legufærum, sem lagt er án leyfis eða í trássi við hafnarnefnd eða trúnaðarmann hennar, má færa til eða taka upp á kostnað hlutaðeiganda.

Þeir, sem vilja hafa legufæri á ytri höfninni (Lóninu) verða að fá til þess leyfi hafnarnefndar, og má aðeins leggja þeim undir eftirliti trúnaðarmanna hennar.

7. gr.

Ef bátar þurfa að keyra vélar sínar meðan þeir eru festir við bryggjur eða múrníngar, ber þeim að framkvæma slíkt með allri aðgæzlu, svo ekki hljótist af skemmdir á öðrum bátum eða mannvirkjum hafnarinnar.

8. gr.

Ef skip lendir á grunni eða sekkur, þar sem það, að álitni hafnarnefndar, torveldar notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Dragist það of lengi má hafnarnefnd láta flytja það burt á kostnað eigenda, og er henni heimilt að láta selja skipið til greiðslu kostnaðar, er af því leiðir.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki annarra innan hafnarinnar.

9. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru. Ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fær leyfi til að byggja bryggju innan hafnarinnar, skal halda henni svo vel við að ekki stafi hætta af. Brot gegn því varðar sektum, og ef um ítrekað brot er að ræða má rífa mannvirkið á kostnað eigenda.

10. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa bátar rétt til að leggjast að í sömu röð sem þeir koma inn og sækja um það, þegar eigandi ekki þarf að nota mannvirkin sjálfur.

VI. KAFLI
Um almenna reglu.

70

14. marz

11. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlíta boði hennar og banni, og starfsmanns þess, er hún setur til að halda uppi reglu.

Þykist einhver vera beittur órétti, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanns hennar ber tafarlaust að hlíða. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

12. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, fiskúrgangi eða neinu öðru, sem orsakað getur grynnkun hafnarinnar, í Hópið, innsiglinguna í það eða við bryggjuna þar.

Ekki má heldur kasta seglfestu, netjasteinum eða neinu slíku í varirnar við ytri bryggjurnar, sem gæti verið hættulegt fyrir botn eða byrðing þeirra báta, sem þar eru látnir standa.

Brot gegn þessum ákvæðum varðar sektum.

13. gr.

Á vertíð þegar vont er um bryggjupláss, skulu að minnsta kosti 3 menn kasta fiskinum á bílana, og sé um sjóveður að ræða, skal línan vera komin um borð um leið og síðasti fiskur fer í land.

14. gr.

Öll aðgerð á bryggjum hafnarinnar er bönnuð. Notendum fiskiaðgerðarhúsa, sem liggja að höfninni, ber að gæta fremsta þrifnaðar og aka burt öllum fiskúrgangi jafnharðan, þangað sem hafnarvörður tilvísar í hverju tilfelli.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

15. gr.

Öllum bátum, sem gerðir eru út frá Járngerðarstaðahverfi, ber að greiða til hafnarsjóðs 3% af afla sínum allt árið, að frádregnum venjulegum sameiginlegum kostnaði útgerðar og skipshafnar. Gjald þetta fellur í gjalddaga strax og afli er seldur úr hverri veiðiför.

16. gr.

Aðrir bátar, hvort heldur utan eða innan héraðs, skulu í hvert skipti sem þeir nota hafnarmannvirkin, greiða:

- a. fyrir að sækja eða láta í land veiðarfaeri, hafa samband við heimastöðvar sínar eða til kaupa á nauðsynjum, 35 aura á brúttó smálest, þó aldrei minna en 3 kr. í hvert sinn;
- b. þeir, sem vilja leggja upp afla sinn, hvort heldur til heimaksturs eða sölu á staðnum, greiði 2% af andvirði afla. Þessir bátar, ef þeir fara inn í Hópið, greiði enn fremur ljósagjald á tímabilinu frá 1. sept. til 1. maí, 3 krónur í hvert sinn.

Innlend strandferða- og millilandaskip, sem sigla eftir föstum, auglýstum áætlunum, svo og vöruflutningaskip, greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma í Grindavíkurhöfn, 30 aura af smálest hverri í hafnargjöld, en ekkert, þótt þau komi oftar á því ári.

- 70 Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða $7\frac{1}{2}$ 14. marz (7,5) eyrir af smálest hverri í hvert skipi, er þau koma í Grindavíkurhöfn. Bátar, sem koma inn undan óveðri, skulu undanþegnir gjaldi.

VIII. KAFLI

Vörugjald.

17. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Undanteknar eru vörur, sem látnar eru í land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

18. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, enn fremur kol, salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar. En hálfvörugjald skal greiða af kolum, salti og ís til útlendra skipa, þó það sé til eigin notkunar;
- b. vörur og tæki til hafnarinnar.

19. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu sem nemur helmingi eða meira telst heil gjaldeining. Vörugjald skal ákveðast eftir farmskrá skipa. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður gefa drengskaparvottorð um vörumagnið, sem skipið hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er lálið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem henni þykir hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

20. gr.

Flokkar vörugjaldskrárinnar.

1. flokkur: Gjald 26 aurar hver 100 kg:
Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír og stálvír, gærur sallaðar í pökkum, hverfisteinar, ís, járn, stál, koparvír, járnkeðjur og járnþípur, kaðlar, kítta, kol, krít, litarvörur þungar, prentsverta, salt, síld, sódi, togleður, þakjárn, þakpappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur, slægður og óslægður, óverkaður saltfiskur. (Gjald þetta af fiski greiðist aðeins þegar honum er skipað út.)
2. flokkur: Gjald 40 aurar hver 100 kg:
Áburðarolía, baðlyf, benzín, feiti, fernisolia, fiskilínur, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur, alls konar kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír og bækur, þokar, vaxdúkar, þokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur þurr, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, steinolia, tó, tjara, tvistur.
3. flokkur: Gjald 67,5 aurar hver 100 kg:
Ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kókó, lyf og lyfjavörur, lýsi, mjólk, niðursuðuvörur alls konar, jurtafeiti, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sundmagi, sykur, te, ull.
4. flokkur: Gjald 100 aurar hver 100 kg:
Dönn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.

5. flokkur: Gjald 84 aurar hver 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd:
6. flokkur: Gjald 270 aurar hver tekningsmetri:
Timbur, tunnur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
7. flokkur: Gjald 546 aurar hver teningsmetri:
Bifreiðar, húsgögn, orgel, pianó, saumavélar, stundaklukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur: Gjald 340 aurar hver gripur:
Hross, nautgripir, svín.
9. flokkur: Gjald 42 aurar hver kind:
Sauðfé.

70

14. marz

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

21. gr.

Formaður hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

22. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

Hafnarnefnd hefur rétt til að athuga reikninga og uppgjör báta, ef hún óskar þess.

23. gr.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið sem vörurnar flytur, er komið á legu. Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggjunum, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

24. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld, greiði sá, sem semur við hafnarnefnd um afnotin.

25. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

26. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skaða eða skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum mönnum dómkvöddum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemi 10% af hinnu ákveðnu skaðabótaupphæð.

Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

70

14. marz

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

27. gr.

28. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Járngerðarstaðahverfis.

29. gr.

Með mál út af brotum gegn regðlugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 113 frá 30. des. 1943 til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1945.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

71

16. marz

VIÐAUKI

við heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 83 24. sept. 1929.

I. KAFLI

Um skipan heilbrigðisnefndar.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa bæjarfógeti, héraðslæknir og 3 menn aðrir, er bæjarstjórn kys hlutfallskosningu til jafnlangs tíma og bæjarfulltrúarnir eru kosnir, og skal að minnsta kosti einn hinna kjörnu fulltrúa eiga sæti í bæjarstjórn.

Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar. Nefndin kys ritara og skiptir með sér störfum.

II. KAFLI

Um heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúi hefur daglegt eftirlit með þrifnaði í bænum og sér um, að fyrir-mælum nefndarinnar sé framfylgt. Hann skal hafa laun úr bæjarsjóði. Nefndin ákveður laun hans. Þó skal samþykki bæjarstjórnar til, ef grunnkaup fer yfir 800 kr. á ári. Verðlagsuppbót greiðist á laun hans sem annarra starfsmanna bæjarins. Heilbrigðisfulltrúastarfinu má skipta í tvennt.

III. KAFLI

Um hreinsun hunda.

3. gr.

Heilbrigðisfulltrúi skal vandlega gæta þess, að hundahreinsun fari árlega fram, eins og fyrirskipað er, og gera nefndinni aðvart, ef út af bregður. Nefndin getur á

kostnað bæjarins látið sérprenta sérreglur um hreinsanir hunda eftir leiðarvisi í 71
reglugerð 65/1920.

15. marz

Hreinsunarmenn fá 4 krónur úr bæjarsjóði fyrir hvern hreinsaðan hund, auk verðlagsuppbótar eftir verðlagsvísitölu.

IV. KAFLI

Um slátrun búfjár.

4. gr.

Enginn má slátra skepnum á verzlunarlóðinni, nema hann hafi til þess fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og getur nefndin sett skilyrði fyrir leyfi, er tryggi, að fylgt sé fyrirætlunum hennar um þrifnað og hreinlæti og mannúðlegar aðferðir við aflifun alidýra.

Nefndin getur bundið slátrunarleyfi því skilyrði, að hún skipi sérstakan eftirlitsmann með slátruninni, og greiði sá, er slátrar, eftirlitsmanni venjulegt tímakaup.

V. KAFLI

Um sölu og afhending mjólkur.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu á mjólk, sem er súr, óhrein eða gömul. Nefndin getur bannað sölu mjólkur og mjólkurafurða frá heimilum, er sóttnæm veiki geisar, eða hliða ekki þrifnaðarreglum.

VI. KAFLI

Um kjötskoðun.

6. gr.

Allt kjöt, sem selt er almenningi, skal skoðað og stimplað eða merkt af manni í Siglufirði, sem dýralæknir telur til þess hæfan.

VII. KAFLI

Um salerni.

7. gr.

Þar, sem skólpræsi er í götu, getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað eigendum þeirra húsa, sem eru við götuna, að koma fyrir vatnssalerni í húsunum og leggja skólþæð út í götuna frá salerni og þvottaskálum. Engin tæki má setja í samband við skólþveitu bæjarins í húsum inni nema með öruggum vatnslás. Nú er þessum fyrirskipunum nefndarinnar eigi hlýtt, og getur nefndin þá látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

VIII. KAFLI

Um samkomuhús og gististaði.

8. gr.

Öll samkomuhús, veitingastaðir, brauðgerðarhús, brauðbúðir og aðrar matvörobúðir, gistihús og knattþorðstofur, skulu að húsrúmi og hífylapryði, ræstingu allri, öllum snyrti- og hreinlætisútbúnaði, upphitun og umgengni fullnægja kröfum heil-

- 71 16. marz
 71 brigðisnefndar. Nefndin skal setja ákveðnar reglur um hífylskipun og hreinlætis- útbúnað samkomuhúsa, og skal húsunum skipt í flokka eftir notkun. Getur hún hannað notkun umræddra húsa, ef út af bregður. Nú telur nefndin umgengni almennings, ræstingu (þar á meðal loftræstingu), hreinlætis- eða snyrtiútbúnaði hússins áfátt, en eigi ráðið bót á eftir kröfum nefndarinnar, og getur nefndin þá lokað húsinu eða skipað sérstakan gæzlumann á kostnað eiganda hússins til þess að annast eða láta annast nauðsynlegar þrifnaðarráðstafanir í þessu skyni.

IX. KAFLI

Um sorpkassa.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað húseigendum að hafa sorpkassa við hús sín. Ef ákvæðum nefndarinnar er ekki hlýtt, getur nefndin látið kaupa sorpkassana á kostnað húseiganda.

X. KAFLI

Um peningshús og safngryfjur.

10. gr.

Ekkert fjárhús, fjós, hesthús, svínahús, eða annað alidýrahús, t. d. hæsnahús, loðdýrabúr, sláturhús, eða safngryfjur má reisa á verzlunarlóðinni, nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Bannað er að hafa hauga eða setja rusl á staði, sem eigi er leyft af heilbrigðisnefnd. Nú er fyrir mælum heilbrigðisnefndar um frágang og umgengni um safngryfjur eða alidýrahús eigi hlýtt, og getur nefndin þá bannað alidýrahúsið eða safngryfjuna, og ef um ítrekað brot er að ræða látið taka húsið eða gryfjuna burt.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd getur látið dýralækni eða annan þar til hæfan mann framkvæma skoðun á kúm og öðrum búpeningi í umdæminu, þegar nefndin telur þess þörf, og greiðist kostnaðurinn við það úr bæjarsjóði.

12. gr.

Þegar heilbrigðisnefnd hefur ákveðið hreinsun lóða eða aðra þrifnaðarráðstöfun, er bæjarsjóði skylt að greiða kostnaðinn til bráðabirgða.

XI. KAFLI

Um notkun sundlaugar.

13. gr.

Enginn má fara í sundlaug bæjarins nema hann fylgi reglum, er bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja um notkun laugarinnar og umgengni alla á lóð laugarinnar. Brot á þeim reglum varða sektum sem brot á heilbrigðissamþykktinni.

XII. KAFLI

Um sektir og afnám eldri ákvæða.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum sem önnur brot á heilbrigðissamþykktinni, og eru hér með öll eldri ákvæði, er brjóta í bág við ofangreind ákvæði, úr gildi fallin.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. 71
16. marz

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

72

17. marz

um breyting á reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, sbr. lög nr. 75 27. júní 1941.

Aftan við 37. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nefndinni er heimilt að fella niður, eða draga af uppeldisstyrk til fjáreigenda, sem byggja afkomu sína að mestu eða nokkru leyti á öðru en sauðfjárrækt. Einnig má nefndin fella niður, eða draga af uppeldisstyrk, eftir því, hve miklar skattskyldar tekjur fjáreigendur hafa.

Reglugerð þessi er hér með selt samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

73

17. marz

um holræsi og holræsagjald fyrir Blönduóshrepp.

1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefur lálið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet hreppsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

73

17. marz

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10 — tíu — pro mille af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 40 — fjörutíu — krónur.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðsrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjalds er 1. október ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lög lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

74

20. marz

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþrot eða óspektir ekki eiga sér stað. Menn mega ekki byrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi, svæði, er almenningur fer um eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingahús, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða, leikhús, önnur samkomuhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur og önnur samkomuhús, þar sem opinber eða almenn afgreiðsla fer fram eða umferð um, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, er við á.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eftir þeim fyrirætlum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

2. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra eða hafa annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem getur raskað allsherjarreglu eða ónáðað þá, er um fara eða nálægt búa.

3. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast nokkuð að, er ónáðar eða ónáðað getur íbúendur húsa.

74

20. marz

4. gr.

Á götum, eða þar sem hættu getur stafað af, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, né renna á skautum, skíðum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leika, er hindra eða hindrað geta umferðina. Bannað er að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða svæði, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

5. gr.

Á götum eða yfir götur eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með örvaboga, lyklabyssum, byssum eða öðrum skotvopnum, kasta gaflokum eða kasta öðrum kasttækjum eða henda henditækjum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða öðrum öðrum sprengiefnum, ekki kasta steinum, glerbrotum, snjókögglum, torfi, óhreindum, vatni eða öðru, er tjóni eða óþægindum geti valdið þeim, er um slíka staði fara. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu með skotelda, er sérstaklega stendur á, enda séu leyfin þá bundin við ákveðin svæði. Án leyfis lögreglustjóra má ekki tendra bál eða ganga með blys. Sprengingar má aðeins gera með sérstöku leyfi lögreglustjóra, og þer bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma, þar sem lögreglustjóri ákveður.

6. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannaferi eða í búningi, sem misbýður velsemi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er hannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að vera áberandi ölváður, með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmlegum orðum, með því að sýna af sér ósæmlegt látbragð, fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

7. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða fjörur kaupstaðarlóðarinnar, eða svo nálægt landi, að hneyksli geti valdið, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni liggja, ef það getur hneykslað nokkurn. Enginn má baða sig eða þvo sér í Hvanneyraránni, vatnsleiðsluþrónni eða þeim uppsprettum og lækjum, er renna í ána eða þróna, eða öðrum lækjum, sem vatn er notað úr til neyzlu.

8. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannaferi, er skyldur að segja rétt til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

9. gr.

Bifreiðastjórum er skylt að gæta þess, að gera engan óþarfa hávaða að næturlagi. Sírenumerki má aðeins viðhafa til brunaboðunar og þeirrar notkunar, er bæjarstjórn og lögreglustjóri samþykkja.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu eða öðrum löglegum skipunum þeirra. Lögregluþjónar geta krafist sér til aðstoðar hvern fulltiða mann, sem þeir ná til, til þess að afstýra óreglu eða óspektum. Ef lögregluþjónar eða þeir, sem

74 kvaddir hafa verið til aðstoðar lögreglunni, verða í skyldustarfi sínu fyrir skemmd-
20. marz um á fatnaði, þer þeim bætur úr bæjarsjóði eftir mati tveggja manna, en bæjar-
sjóður á aðgang að þeim seka.

Nú er um slys að ræða á lögregluþjóni eða hjálparmanni hans við slík skyldu-
störf, og greiðir þá bæjarsjóður meðul öll, lækni- og sjúkrakostnað, er eigi greiðist
annars staðar frá.

II. KAFLI

Ákvarðanir til þess að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu
leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra eða umsjónarmanns
vatnsveitunnar.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema þurfi til þess að gera vart
við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til þess að selja
vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, er leyfið
tekur til. Börn eða unglingar yngri en 16 ára mega ekki selja vörur á almanna-
færi nema með leyfi barnaverndarnefndar. Þó er börnum 8 ára eða eldri heimilt að
selja dagblöð og fréttu. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngu-
miða að útisamkomum, dagskrár og annað þessu skylt að hans dómi.

Íslenzkar afurðir getur heilbrigðisnefnd heimilað að selja á torgum eða annars
staðar, enda sé öllum gildandi ákvæðum um slíka sölu fullnægt.

Bannað er sölumönnum eða öðrum að gera vart við sig með ópi, köllum eða
söng frá náttmálum til dagmála.

Um sölu á fiski getur bæjarstjórn sett reglur, sem fullnægi kröfum heilbrigðis-
nefndar um þrifnað og hreinlæti.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum,
húsríðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er
gengið í hús eða á húslóðir, né fara inn í hibýli hans í söluverindum. Auk þess getur
lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur, að það
geti valdið óþægindum eða hættu.

14. gr.

Stéttir fram með götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum, eftir þeim
má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barna-
vagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla
hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddahrifur,
skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotið af, má aðeins flytja eftir götum
sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má
ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt
bera þannig, að opið viti upp.

15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja nokkuð það, er tálmar umferðinni.
Þó mega þeir, sem flytja að sér vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta

lagt það frá sér á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minnstan farartálma.

74
20. marz

Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til þess að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutnings, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

16. gr.

Á götum, gangstéttum eða annars staðar á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, er tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, t. a. m. höggva eða mylja grjót, járna hesta eða því um líkt. Eigi heldur hrista gólfteppi, víðra sængurföt eða hengja föt eða þvott til þerris eða þess konar, af veggsvölum eða gluggum, er vita að almannafæri.

17. gr.

Vöruskápa, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þessháttar má ekki hengja utan á hús á almannafæri, þannig að óþægindi verði að, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má ekki láta standa jurtaþotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

Eigi skal leyfilegt að setja upp sjálfsala.

18. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, snjóboltum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, ávaxtahýði, pappírusrusli eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sér hættu, óþrifnað eða óþægindi fyrir vegfarendur.

19. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 1. september til 14. maí, og ekki seinna en kl. 22 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum að vera á bryggjum og bryggjupöllum, ef þau ganga þar ekki að vinnu né eiga þangað brýnt erindi að dómi lögreglunnar.

20. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi veganeftndar og samþykki lögreglustjóra. Slíkt verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur eða skipað fyrir, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í saml lag aftur á kostnað þess, er átti að framkvæma verkið.

21. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá

74 20. marz áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til þess að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsgerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til þess að afstýra hættu eða farartálfa skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá húsnæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málningu, gluggaþvotti eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járn göddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri nema meðan verið er að nota þá.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

23. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða falli niður, eða það er þannig byggt, að hætt er við að járn fjúki af þaki eða veggjum, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gera þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri látið rífa húsið á kostnað hlutaðeiganda. Sama gildir og þegar grjótgörðum, skíðgörðum eða annarri girðingu liggur við falli.

24. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru til þess að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn.

25. gr.

Nú álitur veganeftnd, að síldarbryggjum, síldarpöllum eða öðrum mannvirkjum innan lögsagnarumdæmisins sé svo áfátt, að aðgerðar þurfi við, svo sem t. d. þegar göt eru á bryggjum eða síldarpöllum eða mannvirkin eru svo fúin eða sprungin, að þeim, sem fara um, geti að álitu veganeftndar, stafað hætta af, og getur veganeftnd þá heimtað af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, sem veganeftnd telur þurfa, svo hættulaust sé.

Nú er aðgerð ekki framkvæmd svo fljótt, sem veganeftnd telur þurfa, og getur hún þá látið aðgerðina fram fara á kostnað eigandans.

Nú er eigandi eða umráðamaður mannvirkis, sem aðgerðar þarf, ekki viðstaddur í bænum eða eigi næst til hans hér á landi, og er þá bæjarstjórn heimilt að framkvæma aðgerðina á kostnað eigandans án tilkynningar.

26. gr.

Þegar ís leggur á höfnina, má enginn fara út á isinn fyrr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra isinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann.

74

20. marz

27. gr.

Eigi má kasta í höfnina eða fjöruna grjóti, mól, sandi, ösku, dauðum fiski, sild, matarleifum, slori, fiskúrgangi, rusli né öðru sliku og ekki skilja nokkuð slíkt eftir nema fyrir utan línu, er hugsast dregin úr Vogarskeri í Selvíkurnef.

28. gr.

Nú gengur kjallaraop út að stétt eða götu og lengra fram en húshliðin, og skal þá vera handrið úr jární eða öðrum málni beggja megin við þau, og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því dimma tekur að kvöldi unz hjart er að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu skal setja handrið úr jární eða öðrum málni, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

29. gr.

Sildarnætur má aldrei breiða til þerris yfir götur kaupstaðarins, gangstéttir eða annars staðar þar sem umferð er mikil. Timbur má ekki liggja laust á verzlunarlóðinni eða þakjárn eða slíkar vörur, þannig, að þær geti fokið í hús eða götur.

30. gr.

Lögreglustjóri getur ákveðið um lengri eða skemmri tíma, að engin skot skuli leyfð á Siglufirði innan línu úr Vogarskeri í Selvíkurnef.

III. KAFLI

Almennar umferðareglur.

31. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með höðum eða bendingum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Allir vegfarendur skulu samstundis vikja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt hljóðmerki (sbr. 45. gr.).

32. gr.

Stéttir meðfram götum skulu aðeins ætlaðar gangandi mönnum og mega menn ekki halda kyrru fyrir eða staðnæmast þar svo lengi, að truflun valdi að dómi lögreglunnar. Eftir gangstéttum má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, handkerrur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna. Fótgangandi vegfarendur skulu, er þeir eru á ferð um götur bæjarins, vegi eða torg, að jafnaði halda sér á gangstéttunum, þar sem þær eru fyrir hendi. Þeir, sem ganga eftir götum eða stígum, þar sem engar gangstéttir eru, eða vegna þess, að þeir, sakir þrengsla á gangstéttinni, verða að vikja út á götuna, eða þurfa að ganga yfir hana þvera, skulu veita umferðinni nána athygli og vikja þegar til hliðar, er viðvörunarmerki eru gefin. Ef

74 fótgangandi vegfarendur fara yfir götuna, skulu þeir fara beina stefnu yfir þvera
20. marz götuna og yfir gatnamót er bannað að ganga á ská milli horna.

Vegfarendum er óheimilt að láta fyrirberast á götum eða stígum lengur en nauðsyn krefur til þess að komast leiðar sinnar. Gildir þetta jafnt þótt umferð sé engin samtímis, á sama stað eða nærliggjandi svæði.

33. gr.

Með hesta og ökutæki má aðeins fara eftir þeim hluta götunnar, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstéttum né vegum, sem ætlaðir eru til annarrar sérstakrar notkunar. Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn ákveðið einstefnuakstur, bannað akstur, reið eða hljólreiðar um einstakar götur, enda sé auglýst á gatnamótum hvaða umferð er bönnuð.

34. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjóli eða öðrum fararkosti, skulu halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götubrún eða gangstétt sem auðið er.

Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meir en nauðsyn krefur.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá biða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu, að sýna fyllstu nærgætni og varkárni við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu víkja til vinstri handar en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbrautina, sé hún á vinstri hönd.

35. gr.

Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hest eða ökutæki, sem á undan fer. Þegar ekið er út úr hliðum eða um vegamót, skal farið hægt.

36. gr.

Það er bannað að aka eða riða á móti hópögngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst, þegar fólk streymir af íþróttavelli o. þ. h.

Ekki má aka eða riða um götur, þar sem fólk hefur safnazl saman til að hlusta á hornablástur eða þess háttar, nema með leyfi lögreglunnar.

37. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri, og skal snúa farartækinu þannig, að hlið þess sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húsalínu.

38. gr.

Með hesta eða ökutæki má ekki nema staðar á götum bæjarins, nema meðan ferming eða afferming á sér stað, og skal það gert gangstéttarmegin. Farþegar skulu og þeim megin stiga upp í farartæki og út úr því.

39. gr.

Bæjarstjórnin eða lögreglustjóri getur ákveðið, að bifreiðastjórar skuli ætíð, er þeir ætla að beygja fyrir götuhorn, eða til að fara yfir þvera götu, gefa merki um það í tæka tíð, til hvorrar handar þeir ætla að beygja. Sömuleiðis, að þeir gefi rautt ljósmerki, er þeir draga skyndilega úr ferð bifreiðar sinnar eða stöðva hana.

Bæjarstjórn eða lögreglustjóri getur ákveðið, að bifreiðastjórar, sem aka bifreið, er ekki hefur sérstök hliðarmerkjataeki, svo og vagnstjórar, riðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa merki, er þeir breyta stefnu, nema staðar eða draga verulega úr ferð, með því að rétta út hönd sína til hægri eða vinstri, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta sömu hönd beint upp, er þeir draga úr ferð eða stöðva, og að aðrir öikumenn, riðandi menn og hjólreiðamenn, skuli gefa þessi merki með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð eða ætla að nema staðar.

40. gr.

Ef vegfarandi veldur slysi, hvort sem það er hans sök eða ekki, skal hann þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, og hjálpa þeim, sem slasast hefur, ef þörf gerist.

41. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutækið beri það auðveldlega. Því skal vera fyrirkomið og fest svo, að ekki haggist.

Ökutæki, sem flutt er á mól, mold, mykja, sandur, fiskúrgangur o. þ. h., skulu vera svo gerð, að lögreglan telji við hæfi, svo að eigi sé hætta á, að úr þeim hrynji eða slettist. Þau skulu og vera lokuð, ef flytja á grút eða fljótandi efni e. a. þ. h. Nú er á þessu misbrestur og er þá öikumanni skylt að hreinsa óhreinindin burtu af götunni. Lögreglan getur einnig með valdi hindrað slíkan akstur, er brýtur í bág við lögreglusamþykkt bæjarins. Skylt er öikumanni að ganga þannig frá hlasi sínu, að engin hætta sé á að nokkuð geti fallið af hlassinu niður af ökutækinu. Skal hlasið svo bundið á ökutækið með netjum eða þéttum og sterkum böndum, að lögreglan telji við hæfi, einkum ef um tunnur, timbur, torf, mó eða annað lauslegt er að ræða. Aldrei má svo mikið háfermi vera á ökutækinu, að lögreglan telji hættu á, að það eða farmur þess geti slengzt á eitthvað, er fyrir verður, eða oltið um.

42. gr.

Hjól á ökutækjum skulu vera slétt og nægilega breið, svo að ekki marki þau yfirborð gatna.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og þeirra laga, sem sett eru eða kunna að verða sett um umferðina

IV. KAFLI

Um bifreiðar.

43. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til þess að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði

44. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra

74 umferð, eða á vorin meðan klaka leysir úr jörð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri 20. marz eða bæjarstjórn takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

45. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir þeim lögum og reglugerðum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

Á sérhverri bifreið, sem ekið er um lögsagnarumdæmi Siglufjarðar getur bæjarstjórn ákveðið tæki, sem lögreglustjóri tekur gild, og gefa má með greinileg merki um það, til hvorrar handar bifreiðastjóri ætlar sér að beygja, svo og um það, að hann dragi syndilega úr ferð bifreiðar, eða stöðvi hana (sbr. 39. gr.). Horn þau, sem notuð eru til þess að gefa með hljóðmerki innanbæjar, skulu þannig gerð, að þau gefi þægilegt, djúpt og einraddað hljóð. Um gerð hornanna ákveður lögreglustjóri nánar í samráði við sérfróða menn.

Ljós bifreiða, sem aka um bæinn, mega ekki vera svo sterk, né þannig stillt, að þau villi vegfarendum sýn.

46. gr.

Á bifreiðum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma, sem segir í eftirfarandi töflu:

7. jan. til 13. jan.	frá kl. 15,20 til kl. 9,50
14. jan. til 20. jan.	— — 15,40 — — 9,35
21. jan. til 27. jan.	— — 16,00 — — 9,15
28. jan. til 6. febr.	— — 16,25 — — 8,55
7. febr. til 13. febr.	— — 17,00 — — 8,25
14. febr. til 20. febr.	— — 17,20 — — 8,05
21. febr. til 27. febr.	— — 17,45 — — 7,40
28. febr. til 6. marz	— — 18,05 — — 7,15
7. marz til 13. marz	— — 18,30 — — 6,50
14. marz til 20. marz	— — 18,50 — — 6,25
21. marz til 27. marz	— — 19,10 — — 6,00
28. marz til 6. apríl	— — 19,30 — — 5,30
7. apríl til 15. apríl	— — 20,00 — — 5,00
16. apríl til 20. apríl	— — 20,40 — — 4,20
21. apríl til 27. apríl	— — 20,55 — — 4,00
28. apríl til 6. maí	— — 21,15 — — 3,40
7. maí til 15. maí	— — 21,45 — — 3,05
1. ágúst til 6. ágúst	— — 22,10 — — 2,55
7. ágúst til 13. ágúst	— — 21,50 — — 3,15
14. ágúst til 20. ágúst	— — 21,25 — — 3,40
21. ágúst til 27. ágúst	— — 21,00 — — 4,00
28. ágúst til 31. ágúst	— — 20,35 — — 4,20
1. sept. til 6. sept.	— — 20,10 — — 4,40
7. sept. til 13. sept.	— — 19,50 — — 5,00
14. sept. til 20. sept.	— — 19,25 — — 5,20
21. sept. til 27. sept.	— — 19,00 — — 5,40
28. sept. til 6. okt.	— — 18,35 — — 6,00
7. okt. til 13. okt.	— — 18,05 — — 6,25
14. okt. til 20. okt.	— — 17,40 — — 6,50
21. okt. til 27. okt.	— — 17,15 — — 7,10
28. okt. til 6. nóv.	— — 16,20 — — 7,30
7. nóv. til 13. nóv.	— — 16,20 — — 8,05

14. nóv. til 20. nóv.	frá kl. 15,55 til kl. 8,25	74
21. nóv. til 27. nóv.	— — 15,35 — — 8,50	20. marz
28. nóv. til 6. des.	— — 15,20 — — 9,10	
7. des. til 13. des.	— — 15,00 — — 9,35	
14. des. til 20. des.	— — 14,55 — — 9,50	
21. des. til 27. des.	— — 14,50 — — 10,00	
28. des. til 6. jan.	— — 15,00 — — 10,00	

47. gr.

Sérhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hér í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína áður en hún er tekin til notkunar, svo og um það, hvar bifreiðin verði geymd, þegar hún ekki er notuð. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum bifreiðalaga og reglugerða samkvæmt þeim og þessarar samþykktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda tvö merki með áletruðu F. og tölumerki, og skal festa annað framan á en hitt aftan á bifreiðina, og má ekki taka þau af henni eða hylja á nokkurn hátt meðan bifreiðin er notuð.

Eigendaskipti bifreiða skal bæði seljandi og kaupandi tilkynna lögreglustjóra skriflega. Utanbæjarbifreiðar mega því aðeins fara um götur bæjarins, að framan og aftan á þeim sé greinilegt skrásetningamerki þeirra.

48. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi ökuskirteini, er heimili honum að stýra bifreið. Meðan ekið er má bifreiðarstjóri ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar, og varast skal hann að tala við farþega.

Bifreiðaeftirlitið ákveður, hve margir menn mega vera í einu í bifreið, ef hún er ætluð til þess að flytja farþega fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávallt hafa meðferðis skirteini bifreiðaeftirlitsmanns, er tiltekur farþegafjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugerða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

Bifreiðarstjóri má ekki neita áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðaaakstur.

49. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 18 km á klukkustund. Þar, sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megí bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar.

50. gr.

Ef bifreið mælir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá.

51. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

- 74 Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera ekki hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeim ber og að sjá um, að farþegar í vögn-um þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði. Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

52. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreið steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

V. KAFLI

Um reiðhjól.

53. gr.

Eigandi eða umráðamaður reiðhjóla ber ábyrgð á, að það fullnægi ákvæðum samþykktar þessarar, er það er í notkun með hans vitund og vilja. Hann ber einnig ábyrgð á öðrum brotum á hjólreiðaákvæðum þessarar samþykktar, ef hann lánar það unglingi undir 15 ára.

Bæjarstjórn, í samráði við lögreglustjóra, getur ákveðið, að skrásetja skuli hjá lögreglunni öll reiðhjól, sem notuð eru í umdæminu og þeim gefin einkenni, og er þá öllum hjólaeigendum skylt að koma með hjól sín á lögregluvarðstofuna eftir nánari tilkynningu lögreglunnar. Reglur þær, sem bæjarstjórn og lögreglustjóri koma sér saman um skulu birtar í Lögbirtingablaðinu og skal þar ákveða gjald fyrir skrásetningu og einkenni. Gjaldið rennur í bæjarsjóð, en bæjarsjóður kostar skrásetningu og einkenni.

54. gr.

- Þeir, sem fara á reiðhjóli um götur bæjarins, skulu gæta þess, sem hér segir:
- Á hjóli mega ekki í senn vera fleiri menn en hjólið er gert fyrir. Sá, sem stýrir hjóli, skal ætíð halda að minnsta kosti annarri hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sér á hjóli hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
 - Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hveitt hljóð, en ekki horn né annar hljóðgjafi, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri.
 - Ljósker, er snúi fram og lýsi fram undan sér skal vera á hverju hjóli, þegar farið er að skyggja. Ljós skal tendrað á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á ljósum bifreiða í 46. gr.
 - Ökuhraði á hjóli má ekki vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.
 - Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.
 - Enginn má aka á reiðhjóli undir áhrifum áfengis eða ef honum af öðrum ástæðum er ekki treystandi til þess að geta stýrt hjóli örugglega.
 - Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, og hjálpa þeim, er slasast hefur, ef þörf gerist. Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

VI. KAFLI

Um reið, hestaflutning og akstur á götum bæjarins.

74

20. marz

55. gr.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðara en á hægu brokki, og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins.

56. gr.

Það er með öllu bannað, að ríða, beita fyrir vagni eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur í ennis-topp eða tagl.

57. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er flytja farangur á áburðarhestum, er skylt að vikja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum og bifreiðum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum, en nauðsynlegt er til þess að taka ofan eða láta upp klyfjar. Um reiðhesta gildir hið sama, eftir því sem við á.

58. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, sem notaðir eru til mjólkurflutninga eða til annarra flutninga, sérstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sérstökum reglugerðum.

Aktygin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn. Sæti öku-mannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sér og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er öku-manni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

59. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfs, enda hafi þeim verið kennt að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuðið, fætur eða nára. Vagnhlass má ekki vera þyngri en svo, að hestum veiti létt að draga það.

60. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengdir séu saman. Það er bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

61. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sé bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

74

20. marz

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktygi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrast í hæfilegri fjarlægð.

62. gr.

VII. KAFLI

Um alifugla, gripi og fénað.

63. gr.

Alifugla má eigi hafa nema í tveggja metra hárrí hænsnavírnetsgirðingu eða annarri álíka girðingu, er lögreglan metur. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari eigi inn í garða manna eða svæði, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglan þá látið slátra alifuglunum á kostnað eiganda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur. Einnig getur lögreglan látið slátra þeim alifuglum, er hún telur eiga of illt eða eru til óþrifa. Er eigendum skylt að endurgreiða slátrunarkostnaðinn.

64. gr.

Allur geitfénaður er bannaður í Siglufirði innan Nesskriða.

Geitfé, sem hér eftir yrði flutt til lögsagnarumdæmisins innan Nesskriða, skal lóga á kostnað eigenda.

65. gr.

Bæjarstjórn kys þrjá menn í fjallskilastjórn til þriggja ára. Þeir skipta með sér verkum, ef bæjarstjórn hefur ekki öðruvísi ákveðið. Allar kindur á kaupstaðarlóðinni skulu reknar í afrétt fyrir 15. júní ár hvert, en fjallskilastjórn skal fyrirskipa fjárreksturinn í afrétt fyrir, ef hún telur henta. Er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrirmælum fjallskilastjórnar um burtrekstur fjárins í afrétt, smölun afrétta og heimalanda og jafnar fjallskilastjórn kostnaðinum niður á fjáreigendum eftir fjáreign þeirra. Á tímabilinu frá því féð skal rekið í afrétt og til fyrstu gangna ár hvert, mega engar kindur finnast á verzlunarlóðinni, nema þær, sem eru hafðar í húsi eða girðingu, sem lögreglan tekur gilda, ella getur lögreglan látið slátra kindunum á reikning eiganda. Skemmdir búfjár (alifugla, sauðfjár og annars búpenings), usla og grasnám meta tveir óvilhallir, dómkvaddir menn.

Að öðru leyti gefur bæjarstjórn út allar nánari reglur um fjallskil.

66. gr.

Enga gripi má reka ógátilega um götur bæjarins. Ársgömul naut eða eldri skulu ávallt leidd í nægilega traustu handi og a. m. k. tveir menn fylgja. Lögreglustjóri eða bæjarstjórn geta bannað að láta naut ganga með kúm innan umdæmisins.

67. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins, nema maður fylgi til að gæta þeirra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveizlu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum.

68. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins, nema innanbæjarhesta, sem fluttir eru úr haga og í.

Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem leika sér eða fara á hlaupum um götur bæjarins, skal handsama. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um göturnar, skal lögreglan hýsa og fódra.

69. gr.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sér. Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjóli, né fleiri en tvo lausa hesta samhliða.

70. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til þess að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

71. gr.

Bæjarstjórn lætur annast um rekstur kúa á verzlunarlóðinni í haga og úr, og mega kúaeigendur eigi sleppa kúm sínum lausum, nema á afgirt svæði eða til þeirra, er bæjarstjórn hefur falið rekstur kúa í haga og úr. Bæjarstjórn getur gefið út nánari reglur um tilhögun rekstursins og annað, er þar að lýtur. Þar á meðal ákveðið hagagjald eða rekstursgjald á kú.

VIII. KAFLI

Um hunda.

72. gr.

Bannað er að hafa hunda í umdæmi Siglufjarðar. Þó mega bændur á jörðum umdæmisins utan Hvanneyrar og Hafnar flytja inn nauðsynlega smalahunda með leyfi dýralæknis.

Innan umdæmisins má ekki láta hund fara inn á landareign Hafnar eða Hvanneyrar. Bera eigendur hundanna og vörzluhafar þeirra ábyrgð á, ef út af er brugðið. Lögreglustjóri getur þó leyft hunda með fjárrekstrum.

73. gr.

Skylt er eigendum hunda innan lögsagnarumdæmisins að hafa helsi á hundum sínum með áletruðum stöfum SI. Bæjarsjóður leggur helsin til ókeypis.

74. gr.

Skylt er að hundahreinsun fari fram tvisvar á ári, vor og haust, og er hunda-eigendum skylt að færa hundahreinsunarmanni hunda sína til hreinsunar, eftir ákvörðun hans.

Bæjarsjóður greiðir kostnaðinn við hundahreinsanir.

75. gr.

Allir óleyfilegir hundar, sem finnast á hinu bannaða svæði, eru réttdræpir. Kostnaðinn við dráp þeirra greiðir bæjarsjóður.

IX. KAFLI

Um friðun almenningsigna o. fl.

76. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota eða til þrýði á almannaferi, svo sem kirkju, skóla, kirkjugarð, minnisvarða, götuljósker, björgunartæki, vatnsleiðsluþró, nafnspjöld á götum og húsum, brunahana, tré, blómsturgarða, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma, ekki heldur ata eða saurga, ekki rifa, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá.

74

20. marz

Enginn má skemma girðingar né setjast á þær eða klifra yfir þær eða upp á þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreit eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

77. gr.

78. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikar eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum má enginn rífa upp eða færa burt né spilla eða saurga grafreitinn á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum. Börn yngri en 14 ára mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

79. gr.

Bannað er að rífa hris eða lyng innan lögsagnarumdæmisins eða fara inn á afgirt svæði, þótt eigi séu girt löggirðingu, nema maður eigi löglegt erindi.

X. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

80. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

Brot gegn reglum, er bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengi um sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, íþróttavelli og önnur opinber svæði eða hús til almenningsafnota, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórnin birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

81. gr.

Lögreglustjóri ákveður, hvar festa skuli upp opinberar auglýsingar, útgefnar af valdsmanni, útvegar auglýsingaspjöld eða auglýsingakassa í því skyni og sér um viðhald þeirra.

Bæjarsjóður greiðir kostnaðinn.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp aðrar opinberar auglýsingar.

Auglýsingar um sjónleika, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeiganda.

82. gr.

Uppfestar auglýsingar skal auglýsandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má annars enginn rífa niður, saurga þær eða gera þær ólæsilegar á nokkurn hátt.

XI. KAFLI

Um samkomur, knattborðsstofur, veitingahús og almennar skemmtanir.

84. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er almenn veitingasala matar og drykkja, kaffi- og ölstofur, sem og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Hafa skal nægilegt starfsfólk og dyragæzlu eftir því, er lögreglan telur nauðsynlegt til þess að halda uppi reglu og þrifalegri umgengni.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórn hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga og greiðasöluhúsa, sem eldri eru en þessi samþykkt.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

74
20. marz

85. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í móðgandi, ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té nokkurs konar veitingar um fram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu matar eða drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til þess að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu eða velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, að dómi lögreglunnar, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 83. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðvum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum, að gefinni aðvörun, og loka veitingahúsinu.

86. gr.

Veitingahúsum, kaffihúsum, knattborðstofum og öðrum slíkum skemmtistöðum skal lokað kl. 23½ til 7, og allir gestir, sem hafa þar ekki næturstað, skulu farnir út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Knattborðstofum og öðrum slíkum skemmtistöðum skal auk þess lokað allar stórhátíðir og aðra helgidaga frá kl. 12—16. Þó getur lögreglustjóri leyft félögum, sem ekki hafa dansleika og þess háttar skemmtanir fyrir markmið, að hafa dansleika fram yfir lokunartíma, ef aðrir en félagsmenn og gestir þeirra taka ekki þátt í þeim. Þó skal hífylum, er skemmtunin fer fram í, lokað kl. 23½ og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

Þó mega brúðkaup og önnur samsæti og boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

87. gr.

Enginn má setja upp knattborðstofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfi, ef hann álitur ástæðu til. Unglingar undir 18 ára mega ekki koma á knattborðstofur og er á ábyrgð knattborðsstofuhafa ef út af er brugðið.

88. gr.

Kvikmyndahúsum og öllum almennum skemmtisamkomum skal loka frá kl. 23½ til kl. 7. Þó er lögreglustjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði með samkomur, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, til almenningsheilla eða til styrktar framfaramálum bæjarins.

89. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki, hlutaveltu, dansleiki, myndasýningar, samsöngva eða aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, nema með leyfi lög-

74 reglustjóra. Þeim, sem fá þetta leyfi, er skylt að hlýta þeim ákvörðunum, er lög-
20. marz reglustjóri setur um löggæzlu og til þess að afstýra brunahættu, og greiða þann
kostnað, sem af því leiðir.

90. gr.

Skylt er þeim, er halda samkomur þessar, að hafa minnst tvo menn, sem lög-
reglustjóri útnefnir, sem dyraverði til þess að gæta reglu í og við samkomuhúsið.

Við allar opinberar samkomur skal slökkviliðsstjóri eða einhver sá, er hann
filnefnir úr slökkviliðinu, gæta þess að öll eldfæri séu í góðu lagi, og að eigi sé
farið óvarlega með eld í húsinu. Við leiksýningar og skrautsýningar ber þeim
manni að vera minnst svo klukkutíma í húsinu eftir að samkomunni er slitið.
Greiðir sá eða þeir, er skemmtunina halda eða húsið hafa á leigu, kostnað þann,
er af þessu leiðir til eftirlitsmanna.

91. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framansögðu hefur fengið leyfi til þess að halda
sjónleiki, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin
er að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága
við reglu eða velsæmi. Ef misbrestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta
samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara burtu.

92. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefur fengið til þess
að halda skemmtanir samkvæmt framansögðu, noti það á þeirra lóð. Sömuléiðis
er sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildir ástæður eru
fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti
er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

93. gr.

Unglingum innan 16 ára er bannaður aðgangur að almennum danssamkomum,
að veitingahúsum, kaffistofum eða öðrum slíkum veitingastofum, og almennum
kvikmyndasýningum, sem eigi eru ætlaðar fyrir börn. Barnaverndarnefnd getur
þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef unglingar eru í fylgd aðstandenda.

Þar sem unglingum er bannaður aðgangur að skemmtistöðum, mega þeir heldur
ekki hafa þar stöður og ber sá, er stendur fyrir skemmtuninni, ábyrgð á, að þess-
um ákvæðum sé hlýtt.

Á slíkar samkomur má engum leyfa aðgang, nema hann sanni, að hann sé
orðinn 16 ára. Heimilt er barnaverndarnefnd, á kostnað þess, er rekur veitinga-
stofu, kvikmyndasýningar eða aðrar samkomur, sem aðgangur er seldur að, eða dans-
félags, er það heldur samkomuna, — að skipa eftirlitsmann til þess að hafa eftirlit
með aðgangi unglinga að samkomunni, knattþórðsstofum eða veitingastofum. Lög-
reglustjóri úrskurðar kostnaðarupphæð við eftirlitið.

Heimilt er lögreglunni að reka alla út af dansleik eða dans-, „klúbb“, sem eigi
geta sannað þegar í stað, að þeir séu 16 ára, og eigi hafa undanþágu barnaverndar-
nefndar samkvæmt framangreindu.

94. gr.

Í bæjarsjóð skal greiða 20 kr. af hverri kvikmyndasýningu og 10—30 kr., eftir
nánari ákvörðun bæjarstjórnar, af öllum skemmtunum nema fyrirlestrum, skemmt-
unum höldnum í góðgerðarskyni, eða til fjáröflunar kirkju eða kristnihalds, og
skemmtunum, sem bæjarstjórn undanskilur gjaldinu.

95. gr.

74

20. marz

Nú er félag stofnað, sem hefur dansskemmtanir aðallega að félagsmiði, og gilda þá sömu reglur um aðgang unglunga undir 16 ára að danssamkomum slíkra félaga, og um aðgang þeirra að almennum dansleikjum.

96. gr.

Við hvert veitingahús, veitingastofu eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera nægilega mörg snyrtiherbergi með vatnsmígildi, vatnssalernum, eftir nánari ákvörðun heilbrigðisnefndar, og skal gestum heimill aðgangur að þeim. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum og þeirra gætt á fullnægjandi hátt, meðan á veitingum eða samkomu stendur. Nú verður misbrestur á þessu, og getur lögreglan þá lokað húsinu um skemmri eða lengri tíma.

97. gr.

Nú telur heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd umgengni, framreiðslu, framleiðslu eða annað starf starfsfólks í veitingastofu, matsöluhúsi, matvöruhúð, eða starfsmenn þar sem matvara er framleidd eða að einhverju leyti tilreidd eða handfjötluð, vera svo óþrifalega, að óhollusta eða sóttnæmi geti stafað af, og getur lögreglustjóri eða heilbrigðisnefnd þá krafizt, að starfsmaður sá, er þannig er ástatt um, láti þegar af slíkum störfum, ella lokað húsinu eða húðinni.

98. gr.

Nú er ofangreindum reglum, sbr. 83.—93. gr. og 97.—98. gr., þrátt fyrir áminningar, ekki hlýtt, eða ef ræsting (þar á meðal loftræsting), umgengni um veitingastofu, knattborðsstofu eða annað samkomuhús, eða einhverja klefa þess, einkum salerni eða mígildi, snyrtiherbergi, að áliti lögreglustjóra er sóðaleg eða húsakynni ósæmilega léleg, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar og samkomur í samkomuhúsum þessum og loka þeim um stundarsakir, unz úr hefur verið bætt á fullnægjandi hátt að dómi heilbrigðisnefndar.

XII. KAFLI

Um almennt hreinlæti og þrifnað o. fl.

99. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta annars staðar en þar, sem lögreglustjóri ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd.

Heimilt er heilbrigðisnefnd á kostnað bæjarins að setja upp ilát á almannafæri, er vegfarendur mega kasta í smárusli.

100. gr.

Lifrabræðslu, síldarbræðslu eða spikbræðslu eða verksmiðjuíðnað má ekki setja á stofn á lóð bæjarins nema þar sem heilbrigðisnefndin til vísar.

Atvinna þessi, svo og síldarverkun öll, skal standa undir sérstakri umsjón heilbrigðisnefndarinnar, og eru þeir, sem þessa atvinnu reka, skyldir til þess að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem lúta að því, að allur þrifnaður sé viðhafður og allri hættu afstýrt.

74

20. marz

Stampa, opnar tunnur eða fót með lifur, grút eða áburði, má alls eigi hafa á almannaferi eða við götur bæjarins, né heldur skran eða nokkuð það, sem óðan leggur af eða er til óþrifnaðar.

101. gr.

102. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannaferi nema í steinlindum gryfjum, vandlega byrgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

103. gr.

Skyllt er húseigendum eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús hans eða óbyggðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðru, er óþrifnaður eða eldhætta getur stafað af, inn á annars manns lóð eða valda að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á simm kostnað og gera ráðstafanir til þess að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

Undanþágu má heilbrigðisnefnd veita, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

104. gr.

Þar, sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skyllt að leggja holræsi frá húsi sínu út í götuholræsið, og skal leiða allt skólþ frá því út í göturæsið, og skal vatnssalerni komið fyrir í húsinu. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu í göturæsið, eða rennum þeim, er liggja kunna út í göt-urnar, og sjá um, að afrennsli í þeim stíflist ekki.

Nú vanrækir húseigandi að leggja holræsi frá húsi sínu samkv. 1. mgr. eða að koma fyrir vatnssalerni í húsinu og framkvæmir þá holræsanefnd verkið á kostnað húseiganda.

105. gr.

Ekkert hús eða herbergi má vera svo hlaðið fólki, sumar né vetur, að heilbrigði íbúa sé hætta búin að áliði heilbrigðisnefndar.

106. gr.

Polla, siki og tjarnir á leigðum lóðum kaupstaðarins, sem óhollusta stafar af að áliði heilbrigðisnefndar, er lóðareigendum skyllt að fylla upp og þurrka eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

107. gr.

Enginn má nota skotvopn innan lögsagnarumdæmisins, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, er einnig getur svipt hann slíku leyfi.

108. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt þessari samþykkt eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnaður við þetta og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim

ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af bæjarsjóði.

74
20. marz

109. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði, m. a. auglýsingar lögreglunnar eða lögreglustjóra til þess að kynna almenningi ýmis ákvæði samþykta bæjarins eða bönn til almennings.

110. gr.

Bannað er að hrækja á götuna eða gangstétt í bænum, nema í holræsi (ræsiop).

111. gr.

Lögreglustjóra og lögreglu er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

Þegar svo stendur á, er hverjum skylt að svara lögreglunni afdráttarlaust, er hún spyr um erindi hans og metur hún þá, hvort erindi sé svo brýnt, að umferðaleyfi verði veitt.

112. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur bæjarstjórn sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna og unglinga allt að 16 ára.

113. gr.

Þegar mógrafir eru teknar í Siglufirði, ber að ganga svo vel frá gröfinni, slétta ruðning og síðan hreinsa þurkvöllinn, að eftirlitsmaður bæjarins, ef einhver er, en ella einhver úttektarmanna telji við hæfi. Ef út af bregður getur bæjarstjórn látið framkvæma það vanrækta á kostnað þess seka.

114. gr.

Bannað er að hafa ræsi og leiðslur úr fjósi, gripahúsi eða safngryfju í sambandi við hælæsi bæjarins eða láta alidýrasaur fara á annan hátt í gegnum holræsin.

XIV. KAFLI

Um staðgildi samþykktanna og refsíákvæði o. fl.

115. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Siglufjarðarkaupstaðar.

116. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 1000.00.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem ganga barninu í foreldrastað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

117. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð. Hagnað af broti sökumanns má gera upptækan í bæjarsjóð.

74

20. marz

Með samþykkt þessari er úr gildi felld lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðar-kaupstað frá 24. september 1939, svo og síðari viðaukar og breytingar.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 20. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

75

20. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Þórunnar Havsteen“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. marz 1945. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Þórunnar Havsteen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Þórunnar Havsteen. Stofnaður á 50 ára afmæli Kvenfélags Húsavíkur með 2000 kr. gjöf frá manni hennar, Júlíusi Havsteen, sýslumanni, ásamt 1400 kr., sem einnig eru gjafir til félagsins þennan dag.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera til líkna og styrktar börnum og unglíngum í Húsavík.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipast þannig: Formaður Kvenfélags Húsavíkur er ávallt sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnar, en með henni í stjórn sitja: Sýslumaður Þingeyjarsýslu og kona úr Kvenfélagi Húsavíkur, kosin til eins árs í senn á hverjum aðalfundi félagsins.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggan hátt, í verðbréfum eða sparisjóði. Þegar sjóðurinn er orðinn 5000 kr. — fimm þúsund krónur — má fyrst veita úr honum hálfa ársvexti, hitt leggist við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn tíu þúsund krónur, þá má veita alla ársvexti.

5. gr.

Leysist Kvenfélag Húsavíkur upp og hætti að starfa, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn Húsavíkur kjósa árlega tvær konur í sjóðstjórnina til starfa með sýslumanni Þingeyjarsýslu.

Í stjórn Kvenfélags Húsavíkur, 13. febr. 1945.

Þórdís Ásgeirsdóttir,
form.

Sigríður Ingvarsdóttir,
ritari.

Helena Línal.

Lovísa Sigurðardóttir,
gjaldkeri.

Aðalbj. Jónsdóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

76

26. marz

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kaupþúna og sveita.

I. KAFLI

Um velsæmi og hegðun.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, söluhúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blistra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd skemmtanir aðrar, er hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi, né heldur kveikja í púðri, oliu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjóköggjum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. — Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið

76 er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík efni 26. marz má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem mishýður velsæmi eða raskar almennt reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Drukknun mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarsfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kaupúna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði hlutaðeigandi hrepps fyrir tjón, er þeir kunna að biða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn maður má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum kaupúna eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri.

14. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

15. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum kaaptúnanna. Byssu skal ávallt bera þannig, að hlaupið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má ekki flytja eftir götum eða vegum kaaptúnanna, nema svo sé um húið, að engin hætta stafi af.

16. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætið gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til þess að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Ekkert má hafa í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götur og valdið skaða á þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera umráðamenn og eigendur húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

19. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kaaptúnanna eða alfaravegi, hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætið skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fræm, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hælt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist, til þess að afstýra hættu, innan tiltekens tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri, á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur stafað af því fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur þá lögreglustjóri krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé.

76

26. marz

21. gr.
 Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

22. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stigum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé að riðandi maður eða yfirbyggðar bifreiðar reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingahlið á vegum skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

23. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farartækjum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri vegarbrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

24. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins. Riðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

25. gr.

Það er öllum bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt, t. d. eru illa járnaðir.

26. gr.

Það er bannað að ríða eða aka móti skruðgöngum eða líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

27. gr.

Slökkvilið eru undanþegin ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir til að víkja úr vegi fyrir þeim svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI

76

Um bifreiðar og reiðhjól.

26. marz

28. gr.

Bifreið nefnist í þessari samþykkt hvert það ökutæki, sem knúið er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og atlað er til þess, að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

29. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

30. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum þeim, er þar um gilda.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum þegar skyggja tekur, og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður á kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósanotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

31. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

32. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt þegar farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða órólegir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

33. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 15 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 10 km og eigi lengri leið en hálfan km í einu.

34. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera fjárrekstrarmönnum aðvart um að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komist fram hjá. Ef rekstur kemst eigi fram hjá bifreið vegna þrengsla, skal bifreiðin aka til baka, þangað til nægilegt svigrúm fæst.

35. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða verða settar samkvæmt þeim.

76

26. marz

Á hverju reiðhjólí, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hveltt hljóð, og skulu hjólreiðarmenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir horn eða gatnamót.

Skýlt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sé for eða bleyta á götunni, skal aka svo, að ekki sletlist á aðra vegfarendur. Á hjóli mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skýlt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefur, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar þegar, er lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

V. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

37. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður penings skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því sem eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur úti um hagann, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eigu eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slikum hundum eða köttum, ef enginn vill hirða þá.

Skýlt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi ekki til kirkju né til heimila, þar sem jarðarfararathöfn fer fram.

VI. KAFLI

Um friðun almenningseigna og fleira.

38. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, raf-áhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsþarfa. Sama gildir um viðvarpsbúnað einstakra manna.

39. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga né mála á hús manna eða girðingar neilt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girð-

ingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað 76
að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráða- 26. marz
manns. Enginn má á nokkurn hátt visvitandi spilla nokkrum eigum sýslubúa. Komi
slikt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

40. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

41. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landeiganda.

42. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstaði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósnum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gróf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.

VII. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar.

43. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

44. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

45. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eflirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

76

26. marz

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

46. gr.

47. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

48. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. — Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samseti einstakra, tiltekinna manna.

49. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um að því sé ávallt haldið vel hreinu.

50. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleik, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita slík leyfi, hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoma byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hafi eftirlit með samkomum allan tímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglur og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

51. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af ónæði.

52. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrymi snertir, sem hún til tekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. — Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

53. gr.

76

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

26. marz

IX. KAFLI

Samgöngur við skip.

54. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

X. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

55. gr.

Enginn má saura eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum, eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi helt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fatapvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum, að nokkur hætta sé á að neyzluvatn saurgist af.

56. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð rusl í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti stafað af fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kaupsins og á hverju býli í sveitum, enn fremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

57. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað því líkt, skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður fer á götuna.

58. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og sé hann hreinsaður strax að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

59. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeim og þannig fyrir komið, að öruggt sé að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun

76 skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sulli og innanmeið. Að lokinni hverri
26. marz slátrun skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau minnst fullan metra
niður í jörðu. Annars skulu slátruhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir
fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

60. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa, hver í sínum hreppi, eftirlit með öllu því, sem að al-
mennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir almennum heilbrigðissamþykktum.
er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

ANNAR ÞÁTTUR

Viðaukaákvæði, er taka til Raufarhafnar- og Þórshafnarkauptúns.

XI. KAFLI

Sérákvæði um umferðina innan kaupúanna.

61. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara
um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir
til að víkja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til vinstri. Við krossgötu skal, ef þörf
gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

62. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálm, ávaxtahýði, pappírslu
eða öðru þess konar á almannaferi eða í opinni götu, né heldur skvetta þar skólpi
eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Bannað er að hrista
gólfábreiður, víðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða
almannaferi.

63. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða
öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer
um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum
heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglu-
stjóri setur til að afstýra hættu, farartálmunum eða óþægindum fyrir vegfarendur.
Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannaferi, nema þar sem lögreglu-
stjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af
verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar hús-
gerðinni er svo langt komið, eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert
í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum,
að ekki stafi hættu, óþrifnaður eða óþryði af.

64. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða við-
gerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir
hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, glugga-
þvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

65. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal
þá vera traust handrið heggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt,

að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi og þar til 76
birtir að morgni. Í kring um birtugrófir við stétt eða götu skal setja handrið úr járn 26. marz
eða öðrum málm, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða göt-
unni. Handrið samkv. þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

66. gr.

Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárn laust úti og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtna-
rusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

67. gr.

Báta, eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi,
stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða
yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka
muni á burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa
verið aðvaraður.

68. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni
getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

XII. KAFLI

Um umferð á götum kaptúnanna.

69. gr.

Það er stranglega bannað að riða hraðar en hægt brokk á götum kaptúnanna.

70. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kaptúnanna, og aldrei
má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til
að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kaptúninu, er þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á
vetrum.

71. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til vinstri handar
sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar,
en í löngum boga, ef snúið er til hægri handar. Á götuhornum og gatnamótum er
bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að
nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar,
sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni.

72. gr.

Á almannaferi má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað öku-
tæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni, eða undir klyfjum, lengur
en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum,
og komið þeim til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kaptúnunum, né láta þá standa í réttum í köldu
veðri, eða óhæfilega lengi, að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lög-
reglan tekið slíka hesta til varðveislu á kostnað umráðamanns.

- 76 Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaupþúnunum, skulu tafarlaust koma
26. marz hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á túnlóðum einstakra manna.

XIII. KAFLI

Um skepnuhöld o. fl. í kaupþúnunum.

73. gr.

Hænsn eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði á tímabilinu 10. maí til 30. september, svo að þeir ekki geti gert öðrum óskunda.

74. gr.

Ef búpeningur smýgur eða stekkur fullgildar girðingar, skal sá, er fyrir tjóni verður, aðvara eiganda eða umráðamann slíks ágangspenings um að gæta hans. Ef ágangspeningur gengur þannig til skemmda á girt land oftast en tvisvar, þrátt fyrir aðvaranir til umráðamanns peningsins, má selja búpeninginn á opinberu uppboði og greiðist af uppboðsandvirðinu allur kostnaður og bætur fyrir tjón, sem af ágangi hefur hlotizt, samkvæmt reikningi landráðanda, en verði ágreiningur um hann, skulu úttektarmenn meta tjónið.

Gildar skulu þær girðingar teljast, sem eru styrkhæfar samkvæmt reglum Búnaðarfélagss Íslands að öllum frágangi. Ef ágreiningur ris um það, hvort girðing sé fullgild, skulu úttektarmenn viðkomandi hrepps meta, hvort svo sé.

75. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kaupþúnanna. Lausa hesta á flækingsi um göturnar ber lögreglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda.

76. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti, ársögömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfis árs eða eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kaupþúnansins.

77. gr.

Enginn maður má siga hundum á annan mann, eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann verður var við að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur, eru réttdræpir. Hundar mega ekki vera lausir um nætur, svo nokkru ónæði valdi íbúum kaupþúnanna. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjón neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

78. gr.

Skyllt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kaupþúnanna, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

79. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kaupþúnanna til útflutnings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XIV. KAFLI

Um mannvirki og lóðir.

80. gr.

Enginn má í löndum kaupúnanna rista torf eða strengi, stinga hnausa, rífa lyng eða hrís, nytja slægjur eða taka grjót, sand eða mól án leyfis og tilvísunar landeiganda, enda samþykki hreppsnefnd.

81. gr.

Skýlt er hverjum, sem tekur mó í löndum kaupúnanna, að ganga svo frá gröfum og haga greftri svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka mó í löndum kaupúnanna nema með leyfi og eftir tilvísan landeiganda, enda samþykki hreppsnefnd.

XV. KAFLI

Um eftirlit með börnum í kaupúnunum.

82. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skýlt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl og ekki seinna en kl. 10 frá 1. maí til 30. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu né eiga erindi, að vera á bryggjum kaupúnanna.

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

Barnaverndarnefndum er skýlt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

XVI. KAFLI

Um almennt hreinlæti í kaupúnunum.

83. gr.

Á almannafæri má ekki kasti hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innýfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja eða annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi við götur kaupúnansins að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð, eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar gryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kaupúnunum, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor eða annan fiskúr-gang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

84. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, meðan á flutningnum stendur.

76

26. marz

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, fyrir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í grýfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

85. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götu, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt, neins konar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

86. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið eða stíflað rennurnar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

XVII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

88. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Norður-Þingeyjarsýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar aðeins um Raufarhafnar- og Þórshafnar-kaupún.

89. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XVIII. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

90. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

91. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

92. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveit-

arsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

76

26. marz

93. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfun, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 26. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

77

3. apríl

um breyting á skipulagsskrá fyrir Snorrásjóð 1930, nr. 99/1931.

1. gr.

4. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, sparissjóði hans og verðbréfum, ef eigi er vænlegra fyrir efling sjóðsins að ávaxta hann í öðrum ríkistrygðum verðbréfum.

Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald sjóðsins, honum að kostnaðarlausu.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Forsætisráðherrann, 3. apríl 1945.

Ólafur Thors.

Birgír Thorlacius.

AUGLÝSING

78

9. apríl

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínsskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. maí til 1. september 1945:

A. Fólksbifreiðir:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði | 8000 litrar. |
| 2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga-
bifreiðir | 4000 — |
| 3. Leigubifreiðir, þær sem uppfylla ákveðin skilyrði | 3500 — |

78	4. Einkabifreiðir:	
9. apríl	a. Læknabifreiðir	1200 lítrar
	b. Almenn stærð, 5—6 manna	850 —
	c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	500 —
	d. Bifhjól	100 —
	B. Vörubifreiðir:	
	1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	4000 —
	2. Vörubifreiðir, 1½ tonn	3000 —
	3. Vörubifreiðir, ¾ til 1¼ tonn	2000 —
	4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	800 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

4. gr.

Benzínskömmtunarmiðar, sem menn kunna að eiga ónotaða frá 1. skömmtunartímabili ársins 1945, skulu gilda áfram á 2. skömmtunartímabili 1945.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. apríl 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

79

30. apríl

AUGLÝSING

um skrásetningu bifreiða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, hefur dómsmálaráðherra ákveðið að gjald til ríkissjóðs fyrir skrásetningu og umskráningu bifreiða og bifhjóla skuli vera kr. 30.00. Ber eiganda að greiða hlutaðeigandi lögreglustjóra gjaldið, er skrásetning eða umskráning fer fram.

Ákvæði þessarar auglýsingar ganga í gildi 1. maí 1945.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. apríl 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Mývetninga.

80

5. apríl

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Mývetninga og heimili hans og varnarþing skal vera Skútustaðahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Til tryggingar því, að fé það, sem sjóðurinn hefur í vörzlum sínum, glatist ekki, og sjóðurinn standi í skilum, skulu fengnir 30 ábyrgðarmenn, sem hver um sig ábyrgist 100 krónur. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist ekki fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar, eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941. Stjórninni skal skylt að sjá um, að ábyrgðarmenn verði eigi færri en 30 á hverjum tíma.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan hátt lögmætan, skal þegar kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru ráðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

Við sparisjóðinn skulu að minnsta kosti vera tveir starfsmenn, féhirðir og bókarari.

6. gr.

7. gr.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er stjórninni að hafa störf þessi með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánunum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skráð á vixilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti fjórum sinnum á ári, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum sjö dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna skal boða fundinn að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborganir, vextir og vaxtagreiðslur o. fl.

80

5. apríl

13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 króna í senn.
- b. Það, sem lagt er í sjóðinn, færast inn í innstæðubók, og fær hver innlagsmaður reikning.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sparisjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins, og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- d. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa stærri innstæður en 2000 krónur.
- f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna, þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá kr. 100.00 til 500.00 sé með tveggja vikna fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 krónur á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn héra greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að taka innstæðuna með ávísun, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal

- 80 gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal ennfremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlöggin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgun í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja ekki sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan, ásamt vöxtum, orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður hrekkur ekki til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nýtsamlegra fyrirtækja í almenningsparfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að gripa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa rikisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{3}{5}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álitur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% mánaðarlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga.

80

5. apríl

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar. Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum, minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, er henni skytt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marz mánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal vera þannig gerður, að af honum sjáist glögg:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagar hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánnum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjaldldagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skyllt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti misserislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skyllt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasemdi, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmatur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Viðskiptamálaráðuneytið, 5. apríl 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Akraneskaupstað.

81

7. apríl

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um eða ætlað er til almenningsafnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur, afgreiðslusvæði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, eða annarra staða, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir, sem fyrstir koma fái fyrst afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hált né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáða vegfarendur, viðstadda eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónáði.

5. gr.

Á götum bæjarins, eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum.

- 81 eða hafa um hönd skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er 7. apríl bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göt-urnar, eða festa við þá sleða, handvagn eða annað, er til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri. Á almannafæri má ekki kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og beri bæði verkstjóri og sá, sem verkið lætur vinna, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Hlaðnar byssur má ekki bera um götur bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal alltaf bera þannig, að opið viti upp.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður vel-sæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum orðum eða ósæmilegum, vera áberandi ölvaður, eða með því að sýna af sér þar ósæmilegt látbragð, svo sem fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis þegar lögreglan krefst þess.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð, eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til getur lögreglan krafði sér til aðstoðar hvern fulltiða mann, sem viðstaddur er til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga þeir á fullum bóttum úr bæjarsjóði fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að þeim seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til þess að afstýra tálmunum eða hættum fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins. Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra. Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma. Enginn má grafa niður á eða dýpka skólpu- eða vatnsæðar bæjarins nema með leyfi byggingarfulltrúa eða bæjarstjóra.

Brot gegn þessari grein varða sektum, sem ekki séu lægri en 200 krónur.

12. gr.

Után sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð, nema bæjarstjórnin veiti sérstaka undanþágu frá því, en þó má enginn selja vörur né reka atvinnu þar sem það tálmar umferð. Heimilt er að selja blöð og bæklinga á götum bæjarins

nema slíkt komi í bága við ákvarðanir barnaverndarnefndar, landslög eða sérstakar bæjarsamþykktir. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmálum til dagmála. 81
7. apríl

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum í garðshliðum eða á stöðum, þar sem gengið er í hús eða á húslóðir, eða fara inn í hýbýli hans í söluverndum. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

14. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur eða sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsyn er til að fylla þá eða tæma og aldrei á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem eru notaðar til fólks- eða vöruflutninga, og setur sérstakar reglur þar að lútandi. Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

15. gr.

Á almannafæri má ekki vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. d. telgja við, höggva grjót, járna hesta, gera við bifreiðar, reiðhjól eða því um líkt. Á almannafæri og veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má ekki hrista gólfábreiður, víðra nærföt, hengja föt til þerris eða þess konar.

16. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírusrusli eða þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Á götur eða í göturæsi má ekki hella gólfskólpi né öðrum óhreinindum sem saurga götuna.

17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á annan hátt, nema hann hafi til þess heimild byggingafulltrúa og samþykki bæjarstjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slíkt verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmana með nægilega greinilegum ljósum, sem loga skulu frá því dimma tekur til þess að hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem hann telur þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka því, eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rífið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglunni frá áður en verkið byrjar og sanna fyrir henni heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leyfar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandi færa burt, er húsagerð-

81 inni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki eða það er tekið burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður né óþrýði af.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar, skal vera nægilega traustur og þeir, sem nota hann skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott og þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meir en 4 m langur. Við fjölfarnar götur getur lögreglustjóri fyrirskipað að vörður standi við stiga meðan á verkinu stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Brot á þessari samþykkt er á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða ef hann er ekki tilgreindur þá á ábyrgð húseiganda.

20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigenður þess að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan ákveðins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri, á kostnað eiganda, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur eða aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

21. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notaðar eru til að hefja upp eða renna niður vörum úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

22. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsi í göturæsin eða rennurnar skal svo um búíð, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins, og er húseiganda skylt að halda hvorutveggja vel við.

III. KAFLI

Umferðarreglur.

23. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara fram eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðalögum, nr. 24 16. júní 1941, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessari samþykkt.

24. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót og þar, sem viðvörunarmerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir fyrirmælum, sem lögreglan gefur um umferðina og þar á meðal nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

25. gr.

Lögreglustjóri ákveður gerð umferðarmerkja, hvernig þeim skuli komið fyrir og þýðingu þeirra. Skal lögreglustjóri gefa út nauðsynlegar skýringar á umferðamerkjum, og skulu þær birtar í Lögbirtingablaðinu, en auglýsingu þeirra hagar hann að öðru leyti eftir því, sem hann telur þörf.

Allir vegfarendur skulu samstundis vikja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðkennd hljóðmerki.

81

7. apríl

26. gr.

Stéttir meðfram götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má ekki fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi hera, draga eða velta eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrifur eða skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um búið, að eigi stafi hætta af þeim.

27. gr.

Við gangbrautir og vegamót skulu bifreiðastjórar, hjólreiðamenn og aðrir ökumenn gæta sérstakrar varkárni og nærgætni. Skulu þeir nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi er þar á ferð fram undan ökutækinu eða á leið fyrir það. Enn fremur skulu ökumenn nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi bíður sýnilega færís að komast yfir götu, eða er í þann veginn að fara út á gangbraut. Þegar ökumenn af þessum ástæðum hafa numið staðar, skulu þeir bíða unz hinir fótgangandi vegfarendur eru komnir leiðar sinnar. Fótgangandi vegfarendur eru og skyldir til að gæta almennrar varkárni, er þeir leggja leið sína út á gangbrautir. Sérstaklega skulu þeir gæta þess, að ökutæki, sem nálgast, hafi nægan tíma og svigrúm til þess að nema staðar utan markalínu gangbrautarinnar, ef þess er þörf.

Bannað er að stöðva ökutæki á gangbrautum eða þannig, að nokkur hluti þess taki inn yfir gangbraut, nema að nauðsyn beri til, svo sem til að forðast árekstur eða annað slys.

28. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti hópögngum og líkfyldum eða fram hjá þeim. Skal vikja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst, þegar fólk streymir af íþróttavelli e. þ. h.

Ekki má aka eða ríða um götur, þar sem fólk hefur safnast saman til að hlusta á hornablástur eða þess háttar.

29. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni, og aðeins halda kyrru fyrir á meðan ferming eða afferming á sér stað. Farþegar skulu og stíga gangstéttarmegin upp í farartækin og úr þeim. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir, beint á móti hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húsalínu.

Öll farartæki skulu snúa samhliða gangstétt eða götugaðri meðan þau halda kyrru fyrir.

30. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bæjarstjórn veitt leyfið óákveðið eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin eða

81 ef aðstæður breytast verulega, að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi 7. apríl fyrirvaralaust. Þessi ákvæði taka einnig til núverandi bifreiðastöðva og bifreiða-afgreiðslna.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn takmarkað bifreiða-ferðir innanbæjar að næturlagi.

31. gr.

Ljós á bifreiðum og reiðhjólum, sem aka um bæinn, mega ekki vera svo sterk né þannig stillt, að þau villi vegfarendum sýn.

Á bifreiðum og reiðhjólum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma, sem í eftirfarandi töflu segir:

7. jan. frá kl. 13,30 til kl.	9,50
21. — — — 16,10 — —	9,15
7. febr. — — 17,10 — —	8,25
21. — — — 17,45 — —	7,40
7. marz — — 18,30 — —	6,30
21. — — — 19,10 — —	6,00
7. apríl — — 20,00 — —	5,00
21. — — — 20,55 — —	4,00
7. maí — — 21,45 — —	3,05
1. ágúst — — 22,10 — —	2,55
14. — — — 21,25 — —	3,40
28. — — — 20,35 — —	4,20
7. sept. — — 19,50 — —	5,00
21. — — — 19,00 — —	5,40
7. okt. — — 18,05 — —	6,25
21. — — — 17,15 — —	7,10
7. nóv. — — 16,20 — —	8,05
21. — — — 15,35 — —	8,50
7. des. — — 15,00 — —	9,35
21. — — — 14,50 — —	10,00

32. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

33. gr.

Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema að umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

34. gr.

Auk ákvæða 11. gr. umferðalaganna skulu hjólreiðamenn gæta þess sem hér segir:

- Enginn má flytja með sér á reiðhjóli hluti, sem valdið geta hættu eða hindra umferðina.
- Ökuhraði á reiðhjóli má ekki vera meiri en 25 km á kl.stund, en þar sem hjóla- maður sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil um- ferð er og vegur er sleipur, skal hjólreiðamaður ávallt aka hægt og gæta sér-

stakrar varúðar. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar. **81**

7. apríl

c. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær, og ekki inn eða út úr hliðum.

d. Enginn má aka á reiðhjóli, ef hann sökum áhrifa áfengis eða af öðrum orsökum er ekki fær um að stjórna því svo öruggt sé.

Eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ber ábyrgð á því að það fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar, er það er í notkun með hans vitund og vilja. Enn fremur ber eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ábyrgð á öðrum brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem yngri eru en 14 ára.

35. gr.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðar en á hægu brokki. Ekki má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins. Halta hesta, meidda eða svo horaða, að þeir hafa ekki fullan þrótt, má ekki nota til reiðar eða áburðar, né beita þeim fyrir vagn. Ökumenn (vagnstjórar) skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum, og aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, að hestum veitist létt að draga það. Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir séu saman. Það er bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir sleða, vagni eða undir klyfjum lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og klyfjar af hesti, og komið hestinum til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kaupstaðnum. Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaupstaðnum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða afgirtan haga.

IV. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

36. gr.

Mannvirki og hlutir, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsafnota eða til þrýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekkir, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, sem liggur að almannafæri. Enginn má raska friði fugla, sem eru á hafnarsvæðinu eða annars staðar í lögsagnarumdæminu.

37. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, né setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

38. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettir eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa úr stað, né spilla eða saurga grafreitir á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má ekki beita í kirkjugarðinn.

81 Börn yngri en 14 ára mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema í fylgd með full-
7. apríl orðnum, sem bera ábyrgð á framferði þeirra.

39. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem bæjarstjórnin setur um skemmtigarða, kirkju-
garða, leikvelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þess-
ari, enda séu reglurnar festar upp við innganginn inn í garðinn eða svæðið eða á
öðrum áberandi stað í garðinum eða svæðinu.

V. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

40. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála
nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir. Húseigendum er skylt að festa á hús
sín töluspjöld, sem tákna húsaröð, og skulu þeir halda spjöldum þessum við.

41. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og
öðrum stjórnarvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo
mörg, sem þurfa þykir. Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar
skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlut-
aðeigandi húseiganda.

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglu-
stjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögum.

42. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa full-
nægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Löglega
uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan
hátt.

VI. KAFLI

Um skemmtistaði og almennar skemmtanir.

43. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar,
sem og gistaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnar-
innar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í
sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í hús-
næði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft, og bæjarstjórnin hefur
samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru
eldri en þessi samþykkt. Á öllum gisti húsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

44. gr.

Á almennum veitingahúsum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsa-
legu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða annað heimilisfólk eða
nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslan-
lega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum mönn-
um í té neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða
samkomustöðum.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu matar og drykkja eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 43. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundar sakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt úr ágöllum, að gefinni aðvörun. **81**
7. apríl

45. gr.

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka frá kl. 23,30 til kl. 6, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út ekki síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hífylum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23,30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Ákvæði 43. og 44. gr. taka og til knattborðstofa eftir því sem við á.

46. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust, eða í góðgerðaskyni, eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar o. s. frv., eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

47. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina sýningu í senn, og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald til bæjarsjóðs.

48. gr.

Enginn má fyrir borgun halda samsöngva opinberlega eða aðrar söngskemmtanir né heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. Án leyfis lögreglustjóra má ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys (sbr. 6. gr.).

49. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleiki, dansleiki, samsöng eða aðra þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara burt. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

81

7. apríl

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefur fengið til að halda skenmtanir samkvæmt 46.—48. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

51. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera nægilega mörg vatnssalerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum.

VII. KAFLI

Um almennt hreinlæti og þrífnað o. s. frv.

52. gr.

Eigi má kasta á almannaferi, í höfnina, né fjöruna, hræum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, mól, sand, sorp, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér sérstaklega talið, sem valdið gæti óheilmæmi, óþrífnaði, tálmunum eða óþrýði. Í ræsi má ekki fleygja neinu því, er stíflað getur vatnstrásina.

53. gr.

Þeir, sem flytja vörur, eldivið, mold, mól, sand, hey eða annað um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningslækin séu gerð þannig, eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra, að ekki valdi óþrífnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannaferi við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur eða flutningnum ræður skyldur að hreinsa það upp aftur þegar í stað.

54. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þéttum. Má eigi fylla þá svo úr þeim hrynji meðan á flutningnum stendur.

55. gr.

Á húshliðar, gaffla eða girðingar, sem vita að almannaferi, má ekki hengja eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng né annað, sem óþrífnaður er af eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannaferi. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrífnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

56. gr.

Á tún, sem liggja að almannaferi, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af. Fiskúrgang og þorskhousa má ekki breiða á tún eða garða á kaupstaðarlóðinni, en með orðunum „kaupstaðarlóð“ er hér átt við það svæði, er kaupstaðurinn sjálfur stendur á og takmarkast að austan og norðan af línu, er hugsast dregin úr Leirgróf að vegamótum Innesvegjar ofan við Fögrugrund, þaðan þvert yfir skagann norðan húseignarinnar Hjarðarholts við fyrirhugaða Hringbraut og til sjávar á Presthúsakambi við svonefndan Sorpveg.

57. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, fyrir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannaferi. Þó getur bæjarstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að fengnum meðmælum heilbrigðisnefndar.

81

7. apríl

58. gr.

Bannað er að hafa hunda á Akranesi. Undanþágu frá banni þessu má lög-reglustjóri veita þeim mönnum, sem hafa þeirra brýn þörf við fjárgeymslu. Lög-reglustjóri annast um að hundar, sem hafðir eru í kaupstaðnum í óleyfi, séu sendir burt eða skotnir.

59. gr.

Óheimilt er að slátra skepnum annars staðar en í sláturhúsum, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, og þá með samþykki lögreglustjóra. Sláturhús og umhverfi þeirra skulu þrífín vel, gólf skoluð daglega, þegar slátrað er, gorilát og sorpgryfjur tæmd jafnóðum og þau fyllast og sullir látnir í sérstakt ílát, en síðan grafnir a. m. k. 1 m í jörð niður. Hundum má ekki hleypa inn í sláturhús eða þar sem slátrað er.

60. gr.

Skytt er hús- og lóðareigendum að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og að halda þeim vel við. Hús- eða lóðareigendum er og skytt að halda hreinum portum og öðrum byggðum eða óbyggðum lóðum kring um hús þeirra, þar á meðal rústum.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

61. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skytt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða allt skólp frá því og regnvatn af húsum og lóð út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur og sjá um að afrennsli í þeim stiflist ekki.

VIII. KAFLI

Um skepnuhald o. fl.

62. gr.

Enginn má hafa sauðfé heima í landi kaupstaðarins eða á kaupstaðarlóðinni (sbr. 56. gr.) á tímabilinu frá 1. maí til 20. október ár hvert, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu, að ágangur á land annarra geti eigi af hlotizt. Ágangsfénað, sem fjárnefnd eða lögreglan hefur handsamað, má selja á opinberu uppboði til lúkuingar áföllnum kostnaði við það, ef eigandi leysir það eigi út innan eins sólarhrings frá því honum barst tilkynning um að það hefði verið handsamað.

63. gr.

Enginn má láta hross eða nautgripi ganga laus í landi kaupstaðarins, nema þau séu höfð í gripheldri girðingu. Hross og nautgripir skulu ávallt hýstir á vetrum.

64. gr.

Hænsn, endur og aðrir alifuglar skulu jafnan byrgð inni í heldum girðingum tímabilið frá 1. apríl til 1. okt. ár hvert.

81

7. apríl

Allan kostnað er leiðir af ráðstöfunum, sem gerðar eru út af ágangi búfjár, greiðir eigandi fjárens. Sömuleiðis allt það tjón, er ágangur þess kann að hafa valdið. Allan kostnað annan, er leiða kann af ráðstöfunum, er nefnd sú er um getur í 62. gr., kann að gera, greiða fjáreigendur.

65. gr.

66. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, er nauðsynlegar eru til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur. Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti, árgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu gæzlulaus. Naut hálfis árs eða eldri mega ekki ganga saman við kýr bæjarbúa.

67. gr.

Hesta, nautgripi, sauðfé og alifugla, sem gengur laust í kaupstaðnum á þeim tíma, sem það er óheimilt samkvæmt áður sögðu, skal lögreglan handsama. Sömuleiðis má sá, er fyrir ágangi þess verður, handsama ágangsfénaðinn til bráðabirgða, en skýra skal hann þá lögreglustjóra frá því tafarlaust. Kostnað við handsömun og varðveislu fénaðarins greiðir eigandi þess.

IX. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

68. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, en skal því aðeins beitt utan kaupstaðarlóðarinnar, að það þyki við eiga eða því verði við komið.

69. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

70. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skort á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsá þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

71. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

72. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 frá 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 1919, lög nr. 88 1938 og lög nr. 111 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

HAFNARREGLUGERÐ

82

10. apríl

fyrir Eskifjarðarkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Eskifjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Mjóeyri yfir fjörðinn að Skeleyrantanga.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Eskifjarðarkauptúns og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeiningar við innsiglinguna.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd til fjögurra ára í senn og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hennar hönd.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim starfsreglur.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum

82 hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins 10. apríl ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmaett erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru framkvæmd.

6. gr.

Skýlt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Áliti hafnarnefnd, eða starfsmaður hennar, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldshætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar.

7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarnefndar og með þeim skilmálum, sem hún ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna nema með leyfi hafnarnefndar eða umsjónarmanns.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina. Hafnarnefnd getur einnig bannað að kastað sé í höfnina hvers konar fiskúr-gangi og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

Innan hafnartakmarkanna má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar og hreppsnefndar komi til.

IV. KAFLI

Um legu skipa og meðferð þeirra í höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo í höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndarinnar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá. Skip eða bátar mega aldrei leggjast svo frá sér strengi eða aðrar festar, að tálmi umferð. Festar skipa má aldrei leggjast yfir alfaraleið.

10. gr.

Skipum þeim og bátum, er liggja við sérstök legutæki á höfninni, má ekki leggjast svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legutækjum skipa og báta skuli lagt.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarnefnd látið gera það á ábyrgð og kostnað eiganda.

11. gr.

82

Í sérhverju skipi (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauð í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða hafnarbakknum. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr tafarlaust. Skytt er að hafa tryggjar hlífur milli skips og bakka eða bryggju ef krafizt er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða hafnarmannvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að álitni hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Um notkun hafnarbryggjunnar.

15. gr.

Meðan hafnarnefnd ákveður ekki annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðnum ferðaáætlunum og flytja póst, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju, þótt önnur séu þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, sé þess krafizt. Enn fremur er hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar heimilt að vísa skipum frá bryggjunni, sé það álitnið nauðsynlegt vegna veðurs.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þílför hinna á bjálkabrum. Svo er farþegum þeirra skipanna, er utar liggja, heimil umferð um þílför þeirra skipanna, er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skytt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt, getur hafnarnefnd eða starfsmenn hafnarinnar stöðvað verkið unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarnefnd eða umsjónarmaður visar til.

Þegar lokið er fermingu og affermingu, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfnina skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp, ef það sekkur, eða láti sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests. getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að eigi stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó það sé mannlaust, og er honum þá leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn sé á því, á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skytt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendrast á skipum þessum, þegar hafnarnefnd krefst þess.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi í höfninni.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld.

Öll skip 12 smálestir brúttó og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Eskifjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, er leita hafna vegna veðurs, en hafa ekkert samband við land. Hafnargjöld greiðist af nettó stærð skips og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, 50 aura

af hverri smálest, þó ekki minna en 10 krónur á ári, með gjalddaga 1. júlí 82 ár hvert.

10. apríl

- b. Fiskiskip greiða 10 aura af smálest hverri, þó ekki oftari en 5 sinnum á ári.
- c. Innlend strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Eskifjarðarhöfn, 35 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert, þó þau komi aftur á því ári.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða 10 aura af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma á Eskifjarðarhöfn.

24. gr.

Skip, sem lagt er við föst legutæki á höfninni, greiða árlega fyrir það, sem hér segir:

- a. Ef þau eru skrásett í Eskifjarðarkauptúni og eru að öllu leyti eign manna búsettra við hafnarsvæðið, greiða opnir bátar 5 krónur, vélbátar með þilfari 10 krónur, en stærri skip 15 krónur. Gjalddagi er 1. október ár hvert.
- b. Um aðra báta eða skip fer eflir samkomulagi við hafnarnefnd.

VIII. KAFLI

Um bryggjugjald.

25. gr.

1. Gjöld af bryggju hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettó stærð skipsins talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 24 klukkustundir eða minna. Varðskip eru þó undanþegin bryggjugjaldi. Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af farþega-, póst- og flutningaskipum: 8 aurar af nettó smálest skipsins.
 - b. Af togurum greiðast 25 krónur í hvert sinn, af línuveiðaskipum yfir 50 smálesta 15 krónur og af öðrum skipum yfir 25 smálesta 5 krónur.
 - c. Af öllum öðrum aðkomuskipum greiðast 10 aurar af nettó smálest skipsins, þó eigi minna en 4 krónur í hvert sinn, sé skipið 5 brúttó smálestir eða stærra, en 2 krónur í hvert sinn af minni skipum.
 - d. Bátar, heimilisfastir á Eskifirði, greiða: Bátar 5 smálesta, brúttó eða stærri, greiða 40 krónur á ári, bátar, sem eru minni en 5 brúttó smálestir, greiða 10 krónur á ári. Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.
2. Gjald af bryggjum og geymsluskipum einstakra manna og félaga:

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau stunda fiskveiðar frá Eskifirði og leggja upp við bryggjur þeirra. Flutningaskip og önnur gjaldskyld skip, sem leggjast að slíkum bryggjum, greiða í hafnarsjóð hálf bryggjugjald það, sem tilgreint er í 1. tölulið þessarar greinar. Reglur þær, sem greinir í þessum tölulið, gilda einnig um skip þau, er liggja við geymsluskip.

IX. KAFLI

Um vörugjald.

26. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og af skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eða affermdar eru á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

82

10. apríl

Þessar vörur eru algerlega undanþegar vörugjaldi:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

28. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé það ákveðið samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert vörugjald.

29. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hentast þykir. Reynist vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá.

30. gr.

Vörugjaldskrá.

Vörugjald skal greiða svo sem hér segir:

1. Kol, salt, sement, 25 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
2. Steinolía og aðrar oliur, 40 aura fyrir hver 150 kg.
3. Tómar tunnur, uppsettar og óuppsettar, 10 aura fyrir hverja.
4. Timbur, 6 aura fyrir hvert teningsfet.
5. Þurr bein, 15 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
6. Þurr fiskur, 30 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
7. Salfiskur, 25 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
8. Frystur fiskur, 40 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
9. Nýr fiskur, 25 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
10. Blaut bein, 4 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
11. Kjöt, 75 aura fyrir hverja tunnu.
12. Síld, 25 aura fyrir hverja tunnu.
13. Ull, 50 aura fyrir hver 50 kg eða minna.
14. Gærur, 7 aura fyrir hvert bindi (ca. 7 kg).
15. Hestar og nautgripir, 3 kr. fyrir hvern grip.
16. Kindur, 50 aura fyrir hverja kind.
17. Bátar og bifreiðar, 200 aura fyrir hvern bát eða bifreið.
18. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, 50 aura fyrir hver 100 kg eða minna, þó 25 aura hvert einstakt stykki, nái það ekki 65 kg þunga.

X. KAFLI

Um ýmis gjöld hafnarinnar.

82

10. apríl

31. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 5 auro af hverri smálest af nettóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en 2 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem eiga heima á Eskifirði.

32. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi á höfninni samkvæmt 20. gr., greiði eigandi 20 auro árgjald af hverri brúttó smálest.

33. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða 2 auro fyrir hvert stykki allt að 100 kg, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 stundir eða brot úr þeim. Um gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

34. gr.

Fyrir kjölfestu, tekna á landi hafnarinnar, greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

XI. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

35. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

36. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu allra gjalda, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu, unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

37. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 33. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslum. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna. Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar.

38. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XII. KAFLI
 Ýmis ákvæði.

39. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð.

Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

40. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

41. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

42. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

43. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún, nr. 59 13. júní 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um þá, sem fórust 83 frá Arnarfirði með v.s. Þormóði nóttina milli 17. og 18. febrúar 1943“, útgefin á 12. apríl venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. apríl 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um þá, sem fórust frá Arnarfirði með v.s. Þormóði nóttina milli 17. og 18. febrúar 1943.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður um þá, sem fórust frá Arnarfirði með v.s. Þormóði nóttina milli 17. og 18. febrúar 1943.

2. gr.

Sjóðnum er ætlað að verða minningar-, gjafa- og áheitasjóður allra þeirra, sem heiðra vilja minningu þessara mætu manna og kvenna.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 13. febrúar 1944.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins 3000 — þrjú þúsund — krónur er þegar lagt fram.

5. gr.

Markmið sjóðsins er: Að vinna að byggingu skólahúss á Bildudal, þar sem starfræktur sé unglíngaskóli, er taki við af barnaskóla.

6. gr.

Skóla þessum er ætlað að hafa ávallt á boðstólum það fullkornasta og bezta æskulýðnum til handa.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: sóknarprestur Bildudalsprestakalls, meðstjórnandi, sem sóknarprestur velur, og einn fulltrúi frá stjórn kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands á Bildudal.

8. gr.

Stjórnin annast vöxt og viðgang sjóðsins.

9. gr.

Þegar stjórn sjóðsins telur hann nægilega öflugan til þess að taka til starfa við byggingu skólans, tekur hún til þeirra nota upphæð þá, sem er umfram 10000 — tíu þúsund — krónur.

10. gr.

Þessar 10000 — tíu þúsund — krónur má ekki skerða og skulu þær standa sem varasjóður skólastarfsins.

11. gr.

Engar breytingar má stjórnin gera á þessari skipulagsskrá nema hún sé einróma samþykkt.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 26. júní 1944, um mat og eftirlit með ísvörðum fiski.

1. gr.

Opnir bátar eða bátar, sem þurfa að hafa fisk á þilfari meðan á veiðiför stendur, skulu hafa ábreiður meðferðis sumarmánuðina og breiða þær yfir fiskinn til þess að verja hann fyrir hita.

2. gr.

Þegar veiðiskapur er stundaður samtímis á ýmiss konar veiðarfæri og gæðamunur á fiski hinna ýmsu skipa verður óhjákvæmilegur af þessari ástæðu og vegna misjafnlega langrar legu veiðarfæraanna í sjó, svo og ef sérstaklega stendur á að öðru leyti, getur fiskimatsstjóri í samráði við yfirmatsmann gert sérstakar ráðstafanir um mat og eftirlit með nýjum fiski.

Fisk, sem er veiddur með veiðarfærum, er hafa legið í sjó meira en einn sólarhring, má ekki taka við í skip til útflutnings eða til vinnslu í hraðfrystihúsum, nema veiðin hafi áður verið vandlega aðgreind og allir skemmdir fiskar verið teknir úr.

3. gr.

Fiskimatsstjóri getur í samráði við yfirmatsmann lagt svo fyrir, að nýr fiskur, sem flytja á burt frá landingarstað til útflutnings eða frystingar annars staðar, skuli metinn þar, sem hann var lagður í land og vottorð frá matsmanni þaðan fylgja sendingunni til kaupandans. Þetta skal sérstaklega gert, þegar svo stendur á, er í 2. gr. segir. Þetta mat er þó ekki fullnægjandi til útflutnings eða fyrir hraðfrystihús, ef fiskurinn hefur skemmt í flutningi eða ef of langur tími er liðinn frá því matið fór fram á landingarstaðnum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbrevtni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1945.

Jakobsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt á Akranesi.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Akraneskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937, af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akraness eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- | | |
|--|----|
| 1. af byggðum byggingarlóðum, húseignum og öðrum mannvirkjum | 1% |
| 2. af óbyggðum byggingarlóðum | 2% |

Óbyggðar byggingarlóðir teljast þær lóðir, sem liggja að lögðum vegi og heimilt er að byggja á samkvæmt skipulagi bæjarins og byggingarsamþykkt.

85
17. apríl

3. gr.

Skattinn skal greiða af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem um fram er skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir og um önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er samkvæmt reglugerð þessari 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1945, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem ekki er greiddur tveimur mánuðum eftir gjalddaga skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt lögum um útsvör.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Akraness, aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa. Einnig jarðræktartilraunastöðvar þær, sem reknar eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti.

Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteigninni, sem hann er lagður á og skal, ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

86

18. apríl

AUGLÝSING

um afnám reglna nr. 9 9. febrúar 1929, fyrir nemendur hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

Reglur nr. 9 9. febrúar 1929, fyrir nemendur hins almenna menntaskóla í Reykjavík, eru hér með úr gildi felldar.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. apríl 1945.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorslacius.

87

25. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 155 24. nóvember 1944, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

6. gr. orðist svo:

Reynist fullur elli- og örorkulífeyrir lægri en 60%, eða fullur lífeyrir maka lægri en 40% af meðalgrunnlaunum síðustu 10 ára áður en sjóðfélaginn lét af starfi, að viðbætti verðlagsuppbót svo sem greitt er á laun opinberra starfsmanna samkvæmt lögum nr. 60 frá 12. marz 1945, skal hann hækkaður í þá fjárhæð á meðan greidd er aukauppbót á eftirlaun starfsmanna ríkisins hliðstæð þeirri, sem ákveðin var í þingsályktun frá 28. ágúst 1942, og notuð er heimild laga nr. 48 1942 um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðnum mismuninn á því, er greitt verður samkvæmt þessari grein, og því, sem lífeyrissjóðnum bæri að greiða samkvæmt lögum nr. 101 frá 30. desember 1943.

Grunnlaunin fram til 1. apríl 1945 skulu öll reiknuð með sams konar aukauppbót sem þeirri, er ákveðin var með þingsályktun frá 28. ágúst 1942.

Tilsvarandi reglur gilda um þá, sem ekki hafa öðlzt hámarksréttindi.

Fjármálaráðuneytið, 25. apríl 1945.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.

88

25. apríl

REGLUGERÐ

um lífeyrissjóð barnakennara.

1. gr.

Samband íslenskra barnakennara skal kjósa einn mann í stjórn lífeyrissjóðsins í stað sjóðfélaga eða félagsskaps þeirra, sbr. 4. gr. laga nr. 102 1943.

2. gr.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími, sem hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Starfstíminn þarf ekki að vera samfelldur.

3. gr.

Sjóðfélagi, sem öðlast hefur réttindi til hámarkslífeyris og orðinn er fullra 65 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og starfstími er 95 ár, þarf ekki að greiða iðgjöld í sjóðinn.

88

25. apríl

4. gr.

Reynist fullur elli- eða örorkulífeyrir lægri en 60%, eða fullur lífeyrir maka lægri en 40%, af meðalgrunnlaunum síðustu 10 ára áður en sjóðfélaginn lét af starfi, að viðbættri verðlagsuppbót, svo sem greitt er á laun opinberra starfsmanna samkvæmt lögum nr. 60 frá 12. marz 1945, skal hann hækkaður í þá fjárhæð á meðan greidd er aukauppbót á eftirlaun starfsmanna ríkisins hliðstæð þeirri, sem ákveðin var í þingsályktun frá 28. ágúst 1942, og notuð er heimild laga nr. 48 1942 um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðnum mismuninn á því, er greitt verður samkvæmt þessari grein, og því, sem lífeyrissjóðnum bæri að greiða samkvæmt lögum nr. 102 frá 30. desember 1943.

Grunnlaunin fram til 1. apríl 1945 skulu öll reiknuð með sams konar aukauppbót sem þeirri, er ákveðin var með þingsályktun 28. ágúst 1942.

Tilsvarendi reglur gilda um þá, sem ekki hafa öðlast hámarksréttindi.

5. gr.

Gjöld sjóðfélaga skulu innheimt mánaðarlega að $\frac{1}{2}$ hluta. Meðan mánaðarlaun eru breytileg vegna breytinga á framfærsluvisitölu má innheimta mánaðarlega áætlaðan $\frac{1}{2}$ hluta af ársiðgjaldi, en jöfnuður skal þá gerður í desembermánuði ár hvert.

Þeir aðilar, sem innheimta iðgjöld í umboði Tryggingastofnunarinnar skulu senda henni skilagrein yfir innheimt iðgjöld fyrir 15. næsta mánaðar eftir gjalddaga þeirra, en full skil fyrir öllum iðgjöldum skulu þeir hafa gert fyrir 31. jan. ár hvert. Um greiðslu iðgjaldafjárhæðarinnar fer að öðru leyti eftir samningi Tryggingastofnunarinnar við hvern einstakan innheimtuaðila.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu lífeyris. Heimilt er henni þó að semja við einstaka launaafgreiðsluaðilja um greiðslu lífeyris í umboði hennar. Árslífeyri skal greiða með $\frac{1}{2}$ mánaðarlega fyrir fram, nema þeir, sem lífeyris njóta, óski færri gjalddaga.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 102 30. des. 1943 og lögum nr. 48 30. júní 1942, öðlast þegar gildi. Ákvæði hennar gilda frá þeim tíma, er lög nr. 102 1943 öðluðust gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. apríl 1945.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til þess að standast fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skólinn starfar í þessum deildum:

1. Tveggja ára deild undir fiskimannapróf.
2. Þriggja ára deild undir farmannapróf.
3. Sérstök deild undir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins, og gangi nemendur í hana a. m. k. fjóra mánuði, eftir að þeir hafa lokið farmannaprófi.

3. gr.

Hverri kennsludeild skal skipta, ef þörf krefur, í kennslubekki. Í hverjum kennslubekk mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur.

Þetta ákvæði gildir þó eigi, þegar fyrirlestrar eru fluttir.

Engin kennslustund starfar með færri en 4 nemendum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

II. KAFLI

Um kennsluna.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: Stærðfræði, siglingafræði, islenzku, dönsku, ensku, þýzku, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og líkamsæfingar, auk þeirra fræðigreina, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

5. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kennslunni er ætlað að ná í hverri grein, setur ráðuneytið með prófreglugerð.

III. KAFLI

Um inntöku nemenda og burtför úr skóla.

6. gr.

Inntökubeiðni nýsveina í skólann skal vera skrifleg og komin til skólastjórans eigi síðar en 1. ágúst. Beiðninni skulu fylgja vottorð um þau atriði, er um getur í 7. gr., og vottorð um siglingatíma samkv. 8. gr.

7. gr.

89

27. apríl

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
2. Að kunna sund.
3. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
4. Að hafa óflekkað mannorð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í skólann, ber umsækjanda að leggja fram vottorð um $\frac{2}{3}$ hluta þess siglingatíma, sem krafizt er í lögum um atvinnu við siglingar til þess að geta fengið það stýrimannsskirteini, sem prófið veitir. Við inntöku nemenda í undirbúningsdeild fiskimannaprófs, skal miðað við þann siglingatíma, sem krafizt er til þess að fá hið meira stýrimannsskirteini á fiskiskipi.

Allan siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorði skráningarstjóra.

Til þess að verða tekinn í deild þá, er býr menn undir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægri meðaleinkunn en 6.

9. gr.

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið, eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur fiskimanna- eða farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í síðari bekk fiskimannaprófs, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

Í janúarlök ár hvert, skulu nemendur í fyrstu bekkjum farmanna- og fiskimannadeilda ganga undir próf í íslenzku og stærðfræði. Próf þetta skal haldið af kennurum skólans, og þeir einir, sem það standast, verða fluttir í eldri deild að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanþágu frá þessu prófi.

Til að standast prófið þarf einkunnina 4 í skriflegri stærðfræði og í íslenzkri ritæfingu, enda sé miðað við sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Próf þetta má einnig halda áður en skólinn tekur til starfa að haustinu, og er kennurum skólans auk þess heimilt, að halda áður tveggja vikna námskeið við skólann í áðurnefndum námsgreinum og öðrum, sem krafizt er til inntöku í eldri deildir.

IV. KAFLI

Um kennara skólans.

10. gr.

Kennarar skólans eru:

1. Fastir kennarar: skólastjóri, tveir kennarar í siglingafræði og tungumálakennari.
2. Stundakennarar, eftir þörfum, og setur ráðuneytið þá samkvæmt tillögum skólastjóra.

11. gr.

Ráðuneytið ákveður kennslustundafjölda skólastjóra og kennaranna.

12. gr.

Eftir atvikum má í samráði við vélaskólann skipta tungumálakennslu þess skóla og stýrimannaskólans milli tungumálakennara skólanna þannig, að hvor

89 tungumálakennarinn kenni það eða þau tungumál í báðum skólunum, sem hann 27. apríl er færari í.

13. gr.

Allir kennarar skólans eiga af fremstu megni að styðja að góðri reglu við skólann og láta sér annþ um, að kennslan nái tilgangi sínum. Kennurum ber jafnan að vera komnir í skólann, áður en kennslustund þeirra byrjar, og fara tafarlaust inn í sína kennslustofu, þegar inn er hringt.

V. KAFLI

Um stjórn skólans.

14. gr.

Skólastjórinn hefur á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón ráðuneytisins. Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum og hafa á hendi reikningshald skólans og eftirlit með viðhaldi hans, ræstingu o. s. frv.

Við hver áramót skal skólastjóri senda ráðuneytinu aðalreikning með fylgiskjölum yfir það, sem skólinn hefur notað umliðið ár.

Að afloknum burtfararprófunum skal skólastjóri senda ráðuneytinu greinilega skýrslu um ásigkomulag skólans, kennsluna og prófin.

15. gr.

Skólastjórinn skal sjá um, að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Prófbók, bréfabók, áhaldabók, athuganabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Um nemendur skólans.

16. gr.

Nemendur eiga í kennslustundum sem utan þeirra að sýna kennurum sínum virðingu og hlýðni.

17. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi, áður en kennsla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það, en skólastjóra ber að grennslast eftir, á hvaða rökum afsakanir eru byggðar, sé eigi sent læknisvottorð.

18. gr.

Nemendur skulu ávallt vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu eða neyta þar matar. Reykingar eru stranglega bannaðar.

19. gr.

Valdi nemandi skemmdum á kennsluáhöldum eða öðrum munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

20. gr.

Skyldir eru nemendur að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja að reglu og aga í skólanum.

21. gr.

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir.

Telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fullt og allt, skal til þess fengið leyfi ráðuneytisins.

89

27. apríl

VII. KAFLI

Um kennslutíma og leyfi.

22. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

23. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk vera allt að 36 kennslustundir. Hver kennslustund sé 50 mínútur, en hlé milli kennslustunda 10 mín. Skólastjóri semur stundatöflu fyrir hvert skólaár og leggur hana undir úrskurð ráðuneytisins.

24. gr.

Stundafjöldi námsgreinanna á viku skal vera sem hér segir:

Námsgreinir	Fiskimannaprófs- nemendur		Farmannaprófs- nemendur			Nemenda- deild skip- stjóraefna á varðskipum
	Fyrri bekkur	Síðari bekkur	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	
Stærðfræði	10	3	13	4	3	„
Siglingafræði	2	11	2	9	11	„
Íslenska	6	4	6	4	3	„
Danska	4	3	4	2	2	„
Enska	3	3	3	3	2	3
Þýzka	„	„	„	„	„	3
Sjóréttur	„	2	„	2	1	„
Heilsufræði	1	1	1	1	1	„
Bókhald	„	1	„	1	1	„
Viðskiptafræði	„	„	„	„	1	„
Eðlisfræði	„	1	1	1	1	„
Vélfræði	„	2	„	2	2	„
Landafr. og veðurfr.	„	1	„	1	1	„
Sjómennska	7	6	7	8	9	„
Stórskotafræði	„	„	„	„	„	5
Ljósfræði	„	„	„	„	„	1
Mælingafræði	„	„	„	„	„	2
Alþjóðaréttur	„	„	„	„	„	2
Alþjóðamerki	„	„	„	„	„	4
Líkamsæfingar	2	2	2	2	2	3
Samtals á viku	35	40	39	40	40	23

Enn fremur er öllum fiskimannaprófsnemendum og farmannaprófsnemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku tvisvar á mánuði. Þessir nemendur skulu og njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháska, eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði.

Heimilt er skólastjóra að fella niður kennslu í sjóvinnu síðari hluta vetrar, en þó eigi fyrir en í lok janúarmánaðar.

Færa má til stundafjölda í námsgreinum hverrar deildar, ef þess er þörf.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti.
4. Mánaðarfrí, einn dag í október, nóvember, febrúar og marz.

VIII. KAFLI

Um skólalækni o. fl.

26. gr.

Heilsufræðikennari stýrimannaskólans er læknir skólans og hefur hann eftirlit með, að fullnægt sé fyrir mælum um hreinlæti og allt, sem lýtur að almennum heilbrigðismálum við skólann.

27. gr.

Ráðuneytið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hagað, og hvað útheimtist til að standast þau. Það gefur og út fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

IX. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða um námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að standast fiskiskipapróf.

28. gr.

Námskeið þetta skal haldið við stýrimannaskólann í Reykjavík í næstu 5 ár, eftir að skólinn hefur fengið til þess nægan húsakost. Námskeiðið stendur frá októberbyrjun til janúarloka og endar með burtfararprófi.

29. gr.

Ekkert námskeið verður haldið með færri þátttakendum en 5.

30. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði á námskeiðið:

1. Að hafa náð 30 ára aldri.
2. Að hafa verið skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 36 mánuði.
3. Að uppfylla ákvæði 1., 3. og 4. liðs 7. gr. þessarar reglugerðar.

Umsóknir um þátttöku í námskeiðinu og vottorð um þessi atriði, skal afhenda skólastjóra stýrimannaskólans eigi síðar en 1. september.

Allan siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorðum skráningarstjóra.

31. gr.

Til þessa prófs skal kenna eftirfarandi námsgreinir: Stærðfræði, siglingafræði, íslensku, dönsku, sjórétt, heilsufræði, veðurfræði og alþjóðamerki.

Kennslustundir á viku skulu vera þessar:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg)	4 stundir
Siglingafræði (skrifleg og munnleg)	13 —
Íslenska (skrifleg og munnleg)	5 —
Danska (munnleg)	3 —
Sjóréttur (munnlegur)	1 —
Hjúkrunarfræði (munnleg)	1 —
Veðurfræði (munnleg)	1 —
Alþjóðamerki	2 —

Samtals á viku 30 stundir

Í prófreglugerð fyrir stýrimannaskólann verður kveðið nánar á um það, hverju takmarki kennslunni er ætlað að ná í hverri grein.

32. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin til meðferðar í IX. kafla, skal farið eftir viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar.

33. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 164 13. ágúst 1942, er úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1945.

Emil Jónsson.

Vígfús Einarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Ólafsfjarðar.

I. Raforka.

Rafveita Ólafsfjarðar skal selja raforku við því verði, sem hér segir:

A. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar:

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar og suðu, skal selja hana um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 20 aura hverja kwst. fyrstu 150 kwst. á mánuði hverjum. Notkun umfram þetta greiðist með 15 aurum hver kwst. Auk þess greiðist fast gjald, 21 eyrir á mán., af hverjum m² gólfplatar íbúðarherbergja. Til íbúðarherbergja teljast allar stofur og eldhús, en gangar, geymslur og baðherbergi undanskilin. Undir þennan lið falla og vinnustofur, skrifstofur og verzlunarhúðir.

B. Vélar:

Þar, sem orkan er seld til vélareksturs, skal hún seld um kwst.mæli á 50 aura hver kilóvattstund, allt að 150 kólíwattst. á hvert kilóvatt í málraun vélanna, en á 15 aura hver kilóvattstund, sem notuð er fram yfir það. Þó skal minnsta árgjald vera 75.00 kr. á hvert kilóvatt í málraun vélanna.

C. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu:

Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.

- 90 D. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjórn í samráði við rafveitustjóra selja
27. apríl raforkuna eftir sérstökum samningi í hvert skipti.
E. Í útihúsum og sjóhúsum greiðist hver kwst. með 1 kr. öll notkun.
F. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.

II. Mælaleiga.

Leiga fyrir rafmæla er kr. 1.00 á mán. Gjald fyrir raforku og mælaleigur skulu greiðast mánaðarlega.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

III. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 10.00.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til 1. október 1945.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld bráðabirgðagjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Ólafsfjarðarkauptúni, nr. 147 28. ágúst 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

91

30. apríl

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarmála Ólafsfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar er skipuð 7 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni kaupstaðarins, er til bæjarstjórnar koma. Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi bæjarstjórnar, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

2. gr.

Sérstökum málefnum kaupstaðarins stjórna og hafa með höndum fastar nefndir, er bæjarstjórn kys. Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd.
2. Framfærslunefnd.
3. Allsherjarnefnd.
4. Fasteignanefnd.
5. Rafveitunefnd.
6. Veganefnd.
7. Vatns- og hitaveitunefnd.
8. Fjallskilanevnd.
9. Bókasafnsnefnd.
10. Niðurfjöfnunarnefnd.

11. Bygginganefnd.

12. Hafnarnefnd.

13. Kjörskrárnefnd.

91

30. apríl

Enn fremur kýs bæjarstjórn:

1. 4 menn í skólanefnd kaupstaðarins og 2 menn í skólanefnd farskólans til fjögurra ára.
2. 4 menn í stjórn sjúkrasamlags Ólafsfjarðar.
3. 1 mann í heilbrigðisnefnd.
4. 1 mann í skattanefnd.
5. 1 mann í verðlagsskrárnefnd.
6. Slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og 1 mann í brunamálanefnd.
7. Kjörstjórnir samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna.
8. 2 endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara, til þriggja ára.
9. 5 menn í barnaverndarnefnd og 2 til vara.
10. 1 mann í fasteignamatsnefnd.

Fastar nefndir skulu kosnar til eins árs í senn, í fyrsta sinn á kjörtímabilinu þegar er reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, og síðan á fyrsta fundi hvers árs. Um kosningu í bygginganefnd fer þó eftir byggingarsamþykkt Ólafsfjarðarkaupstaðar.

Enn fremur kýs bæjarstjórn bæjarstjóra. Skal hann kosinn eftir hverjar almenningar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og bæjarfulltrúa. Endurkjósa má bæjarstjóra, og setur bæjarstjórn með samþykkt staðfestri af ráðuneytinu ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufé. Kosning bæjarstjóra skal vera leynileg.

Verði sæti nefndarmanns autt, eða fái hann þau forföll, að hann geti ekki gegnt starfi sínu, tekur varafulltrúi sæti hans, og gilda um það sömu reglur og um setu varafulltrúa í bæjarstjórn í stað bæjarfulltrúa, sé um bæjarfulltrúa að ræða. Sé nefndarmaður utan bæjarstjórnar, kjósi bæjarstjórn mann í hans stað, ef henni þykir ástæða til.

Bæjarstjórn getur með þeim undantekningum, sem leiða af ákvæðum í lögum og reglugerðum um starf fastra nefnda, tekið sérhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið hafi verið fastri nefnd, og er það þá gengið undan þeirri nefnd.

Bæjarstjórn getur og skipað sérstakar nefndir í einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einhverjum fulltrúa framkvæmd þeirra. Allar nefndir skulu kjósa sér formann á fyrsta fundi sínum. Sérhver fastanefnd skal halda gerðabók og skrá þar fundargerðir.

3. gr.

Fjárhagsnefnd er skipuð þremur bæjarfulltrúum. Hún hefur umsjá með fjárhag kaupstaðarins, undirbýr áætlanir um tekjur og gjöld kaupstaðarins, semur árlega skýrslu um eignir og skuldir kaupstaðarins, hefur eftirlit með því að bæjargjaldkeri riti rétt og reglulega bækur sínar, heimti tekjur kaupstaðarins á réttum tíma, setji handbært fé hans á vöxtu og yfirleitt að hann hegði sér samkvæmt erindisbréfi sínu.

Nefndin skipar fyrir um hversu bækur gjaldkera og annarra, er kunna að hafa umráð yfir fé kaupstaðarins, skuli lagaðar, nema öðruvísi sé fyrir mælt. Hún leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli, lítur eftir fjárbyrgðum þeim, er þeir hafa undir höndum og gætlir þess, að reglum þeim sé hlýtt, sem um fjárhagsmálefni eru settar.

4. gr.

Í framfærslunefnd eru kosnir þrír menn. Nefndin hefur á hendi stjórn allra framfærslumála í Ólafsfjarðarkaupstað. Nefndin stjórnar og elliheimili og barna-

91 heimili bæjarins, ef slík fyrirtæki verða sett á stofn. Bæjarstjórn úthlutar ellilaun-
30. apríl um og örorkubótum samkvæmt alþýðutryggingalögum.

Bæjarstjóri er jafnframt framfærslustjóri, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.

5. gr.

Allsherjarnefnd skipa þrír bæjarfulltrúar. Hefur hún með höndum öll þau mál, er ekki heyra sérstaklega undir aðrar fastanefndir bæjarstjórnar.

6. gr.

Í fasteignanefnd eru kosnir þrír bæjarfulltrúar. Hefur nefndin á hendi umsjá með fasteignum bæjarins, svo sem: lóðum, húsum, jörðum, svo og veiðiafnotum, reka, mótaki, grjótnámi, slægjum, hagabeit o. s. frv.

Nefndin sér um útmælingu ræktunarlóða og annarra lóða, sem ekki falla undir starfssvið bygginganefndar samkvæmt byggingasamþykkt kaupstaðarins, gerir tillögur um leigu á fasteignum, lóðum og jarðarafnotum.

7. gr.

Rafveitunefnd skipa þrír menn. Hún sér um rafstöð kaupstaðarins, samkvæmt lögum og reglum um það efni. Rafstöðvarstjóri er ráðunautur nefndarinnar um öll störf hennar og mætir á öllum fundum nefndarinnar, en hefur þar ekki atkvæðisrétt. Hann sér og um innheimtu á tekjum stöðvarinnar. Bæjargjaldkeri skal vera gjaldkeri rafstöðvar.

8. gr.

Veganefnd er skipuð þremur bæjarfulltrúum. Nefndin hefur á hendi alla umsjón með og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum vega og hirðingu. Einnig gerir hún tillögur til bæjarstjórnar um framlag til vega.

9. gr.

Vatns- og hitaveitunefnd er skipuð þremur mönnum. Nefndin hefur það verk-
svið, að sjá um framkvæmdir hitaveitu Ólafsfjarðar og hafa eftirlit með öllu, er henni viðkemur. Enn fremur hefur nefndin umsjón með vatnsveitu og holræsnum kaupstaðarins samkvæmt reglugerðum.

Hún hefur og eftirlit með innheimtu og reikningshaldi þessara fyrirtækja og gerir tillögur um fjárhagsleg atriði fyrirtækjanna.

10. gr.

Fjallskilaneftnd skal skipuð þremur mönnum. Annast hún allt, er að fjallskil-
um lýtur, þar með talin refaeyðing, fjárböðun og fjárkláðaeftirlit.

11. gr.

Í bókasafnsnefnd eru kosnir þrír menn. Hún annast bókasafn bæjarins, sam-
kvæmt samþykktum þar að lútandi.

12. gr.

Í niðurjöfnunarnefnd eru kosnir fjórir menn í nóvembermánuði, til eins árs
í senn, en formaður hennar er formaður skattanefndar. Um störf niðurjöfnunar-
nefndar fer eftir lögum um útsvör.

13. gr.

Bygginganefnd er skipuð fjórum mönnum, auk bæjarstjóra. Þar af tveimur
úr flokki bæjarfulltrúa. Nefndin annast byggingamál bæjarins samkvæmt því sem
fyrir er mælt í byggingalögum og byggingasamþykkt kaupstaðarins.

14. gr.

Hafnarnefnd skipa þrjú menn og þrjú til vara. Nefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, samkvæmt hafnarlögum Ólafsfjarðar-kaupstaðar. Hún hefur auk þess eftirlit með innheimtu hafnargjalda.

15. gr.

Í kjörskrárnefnd eru kosnir 3 menn. Nefndin semur með aðstoð bæjarstjóra kjörskrá í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar.

16. gr.

Samkvæmt viðkomandi lögum og reglugerðum eru kosnar og starfa: Skólanefndir, stjórn sjúkrasamlags Ólafsfjarðar, heilbrigðisnefnd, skattanefnd, slökkviliðsstjóri og brunamálanefnd, kjörstjórnir, endurskoðendur bæjarreikninganna, barnaverndarnefnd og fasteignamatnefnd.

17. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar og nefndir, er hún setur í einstök mál, skulu leggja gerðir sínar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

18. gr.

Alla reikninga til bæjarsjóðs og fyrirtækja bæjarins, skal senda bæjarstjóra. Rannsakar hann þá, sér um að þeir séu nægilega vottaðir að þeir séu réttir, hafi áætlunarheimild eða samþykkt bæjarstjórnar við að styðjast og ávísar þeim síðan til greiðslu.

Ekkert fé, nema laun fastra starfsmanna, má greiða úr bæjarsjóði nema eftir löglegri ávísun. Lögleg ávísun telst áritun formanns hlutaðeigandi nefndar.

19. gr.

Endurskoðaðir reikningar kaupstaðarins skulu liggja frammi 15 daga almenningsi til sýnis, og séu þeir lagðir fram fyrir lok aprilmánaðar ár hvert.

20. gr.

Þær nefndir, sem fjármál hafa með höndum, skulu innan þess tíma er bæjarstjóri tiltekur, senda fjárhagsnefnd frumvarp að áætlun um tekjur og gjöld mála þeirra, er undir þær heyra, svo og tillögur um hvernig fjárveiting skuli varið.

21. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málum þeim og ráðstöfunum, sem eigi eru öðrum falin, og allar bréfaskriftir bæjarstjórnar.

22. gr.

Til þess að gera breyting á samþykkt þessari þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar-kaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 60 31. okt. 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ**um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún.**

1. gr.

Þar, sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsi sínu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti, sem unnt er, leitt í húsræsið.

Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi, með hæfilegum fresti, sem hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndinni heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað.

Bannað er að leiða frárennsli úr gripahúsum í holræsi hreppsins.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita, eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum tilheyrir, utan húss og innan, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsälögn þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum og vinnustöðvum, sem standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá, sem hér segir:

a. Fast gjald á hvert hús kr. 30.00

b. Fast gjald á hverja íbúð fram yfir eina í húsa — 10.00

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, kr. 30.00.

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og ber hann ábyrgð á greiðslu þess.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð, er húsið stendur á, ef hún er eignarlóð hans. Næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 500 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglu-mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 frá 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. maí 1945.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 24. tbl. Lögbirtingablaðsins 1945, um afnám bannsvæðis í Faxaflóa. 93
7. maí

Fyrirmæli um bann við fiskveiðum og siglingum í og utan við Faxaflóa frá 23. nóvember 1944, sem birt eru í 66. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1944, eru úr gildi felld.

REGLUGERÐ 94
9. maí

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins „Léttis“, Akureyri.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Akureyrarbúa. Tillagið til reiðvegarins má aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé, lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað eða kemur af öðrum ástæðum ekki til greina samkv. kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild, endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt, að innskot fáiast að fullu aftur.

94

9. maí

8. gr.
 Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurðum dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 14. maí 1945 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 9. maí 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

95

12. apríl

AUGLÝSING

um viðauka við uppboðslaun samkvæmt V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

Með tilvísun til auglýsingar ráðuneytisins 26. janúar 1945, sbr. lög nr. 18 24. janúar 1945, er hér með auglýst, að uppboðslaun skv. V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921 skal innheimta með einungis 40% viðauka.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

96

24. apríl

REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara í skólum ríkisins og öðrum skólum, er styrks nýjóta úr ríkissjóði, skulu vera sem hér segir:

Í menntaskólum	kr. 8.00 fyrir hverja kennslustund.
- kennaraskólum, vélskólanum, stýrimanna-skólanum, gagnfræðaskólum, iðnskólum og verzlunarskólum	— 7.60 — — —
- héraðsskólum og húsmæðraskólum	— 6.20 — — —
- barna- og unglingaskólum	— 5.50 — — —

Laun stundakennara í öðrum skólum en hér eru greindir og styrktir eru úr ríkissjóði, skulu ákveðin í samráði við fræðslumálastjórnina.

2. gr.

96

Verði breyting á kennslustundafjölda fastra kennara frá því sem nú er, breytast stundakennaralaunin í sama hlutfalli. 24. apríl

3. gr.

Heimilt er að gjalda kennurum aukapóknun fyrir stílaleiðréttingar, er nemi allt að 30 aurum fyrir hvern stíl.

4. gr.

Á laun þau, er um ræðir í 1. og 3. gr., skal greiða verðlagsuppbót.

5. gr.

Prófdómarar njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

6. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 32. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, skal gilda frá 1. apríl 1945.

Menntamálaráðuneytið, 24. apríl 1945.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um viðauka við og breyting á reglugerð nr. 49 3. marz 1945,
um skömmtun á smjöri.

97

12. maí

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á 2 enskum pundum af smjöri, sem heimilað var að afhenda í 2. gr. reglugerðar nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á smjöri, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu ensku pundi (453 g). Gildir sú innkaupaheimild til 1. sept. 1945 og eiga við um hana allar sömu reglur og innkaupaheimild, sem veitt var samkvæmt frammannefndri grein.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins setur nánari reglur um úthlutunina.

2. gr.

Innkaupaheimild sú, sem gefin var samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 49/1945, sbr. auglýsingu ráðuneytisins sama dag, gildir aðeins til 1. júní en ekki til 1. júlí.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið 12. maí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

98

14. maí

AUGLÝSING**um lækkun aðflutningsgjalda af lituðu sykurvatni með kjörnum.**

Samkvæmt heimild í f-lið 3. gr. laga nr. 62 30. desember 1939, sbr. 3. gr. laga nr. 6 12. janúar 1945, hefur ráðuneytið ákveðið, að meðan ákvæði auglýsingar nr. 74 6. nóvember 1943 eru í gildi, skuli fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, tolla litað sykurvatn með kjörnum, nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar, með 7 aura vörumagnstolli hvert kg og 10% verðtolti.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

99 18. maí **Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorgeirs Ljósvefningagoða“**, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 18. maí 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Minningarsjóð Þorgeirs Ljósvefningagoða.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Þorgeirs Ljósvefningagoða.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutun Aðalheiðar Jónsdóttur, Hrísum, og með forgöngu kvenfélagsins Freyja í Víðidal um alþingishátíðina 1930. Upphæð sjóðsins er nú kr. 500.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leitast við að efla hjá unglingum í Þorkelshólshreppi sannan drengskap, fórnfýsi og heilbriggt mat á fegurð íslenzkrar náttúru. Sé þetta gert til minningar um höfðingjann Þorgeir Ljósvefningagoða, sem vegna skarpskygni sinnar og mannkosta bar giftu til að semja til sátta og friðar á ör-lagaríkri stund í íslenzku þjóðlífi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafi á hendi tvær konur úr stjórn kvenfélagsins Freyja í Víðidal ásamt hreppstjóra Þorkelshólshrepps. Hætti kvenfélagið Freyja störfum þá sé auk hreppstjóra í stjórn sjóðsins sýslunefndarmaður hreppsins og þriðji maður, sem skipaður sé af sýslumanni í Húnavatnssýslu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllu því er sjóðnum kann að áskotnast og ávaxtar hann í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu eða á annan tryggilegan hátt.

6. gr.

99

18. maí

Vextir af sjóðnum leggjast allir við höfuðstól og eins gjafir, er honum kunna að berast, unz hann er orðinn það stór, að stjórn sjóðsins sér fært að hann taki til starfa. Úr því leggjast jafnan $\frac{1}{2}$ vaxtanna við höfuðstól, en $\frac{1}{2}$ af þeim má verja til þess að fá hæfan mann til lað halda námskeið fyrir unglina í Þorkelshólshreppi, er leiðbeini þeim, hiðstætt því sem skátar kenna um drengilega hegðun í hvívetna. Jafnframt sé reynt að vekja áhuga þeirra á almennri náttúrufræguð og að prýða kring um heimili sín svo sem með trjá- og blómarækt.

Takist að stofna og starfrækja almennan félagsskap meðal ungliga sveitarinnar á þessum grundvelli nýtur hann hinna útborguðu vaxta sjóðsins, en að öðrum kosti hefur stjórn sjóðsins heimild að verja vöxtum hans til eflingar trjáræktar, til gagns og heimilisprýði. Sé að mati stjórnarinnar um stund ekki aðstaða til þess að nota sjóðinn samkvæmt framangreindum tilgangi, þá er allt að 5 ára vöxtum heimilt til ráðstöfunar, að þeim tíma liðnum falla þeir allir til höfuðstólsins, sem aldrei má skerða. Fer þá eins um næsta 5 ára tímabil o. s. frv.

7. gr.

Oddviti hreppsnefndarinnar í Þorkelshólshreppi varðveiti reikninga sjóðsins og séu þeir endurskoðaðir með reikningum hreppsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Lækjamóti, 20. okt. 1943.

Jónína Sigurðardóttir Línal,
formaður.

Margrét Jóhannesdóttir,
ritari.

Kristín Gunnardóttir,
gjaldkeri.

AUGLÝSING

100

29. maí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað,
nr. 73 15. júlí 1937.

4. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. júlí til 1. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

- 101 Staðfesting forsetans á skiulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórönnu Jónsdóttur“,
30. maí útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. maí 1945.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórönnu Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um frú Þórönnu Jónsdóttur frá Blönduholti, er andaðist 12. júní 1944, af eftirlifandi manni hennar, Hermanni Guðmundssyni og börnum þeirra, með upphæð 2000 — tvö þúsund — krónur.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórönnu Jónsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi skal vera til styrktar fátækum konum í Kjósarhreppi, er þurfa að dvelja í sjúkrahúsi.

3. gr.

Af árlegum vöxtum sjóðsins skal einn þriðji hluti lagður við höfuðstólinn honum til aukningar, en tveim þriðju hlutum skal varið eins og segir í 2. gr. Ef tveim þriðju hlutum ársvaxtanna er eigi varið öllum eitthvert ár konum til styrktar, skal leggja afganginn þegar við höfuðstólinn, svo og annað fé, er sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Hann skal vera undir stjórn þeirra, er skipa stjórn Kvenfélags Kjósarhrepps á hverjum tíma. Hætti áður nefnt félag störfum, skal hreppsnefnd Kjósarhrepps tilnefna fimm konur í hreppnum til þess að hafa á hendi alla stjórn sjóðsins.

Í stjórn Kvenfélags Kjósarhrepps.

Hálsi, 28. maí 1945.

Valgerður Guðmundsdóttir,
formaður.

Kristín Jónsdóttir,
gjaldkeri,

Ólafía Þorvaldsdóttir,
ritari.

- 102
31. maí

AUGLÝSING

um brottfall auglýsingar frá 10. febrúar 1945, um fyrirkomulag fiskflutninga o. fl. og auglýsingar frá 10. marz 1945, um viðauka við þá auglýsingu.

Auglýsing frá 10. febrúar 1945 um fyrirkomulag fiskflutninga o. fl. og auglýsing um viðauka við þá auglýsingu frá 10. marz 1945, eru úr gildi felldar frá 1. júní 1945.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hjálmars Stefáns- 103
sonar frá Vagnbrekku við Mývatn“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- 4. júní
málaráðherra 4. júní 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hjálmars Stefánssonar frá Vagnbrekku við Mývatn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hjálmars Stefánssonar.

Við undirritaðir tónlistarmenn, Björn Ólafsson og Árni Kristjánsson, höfum stofnað þennan sjóð og þegar lagt í Söfnunarsjóð Íslands kr. 857.00. Stóð upphæð þessi í Söfnunarsjóði á s. l. áramótum og skal standa þar um aldur og ævi.

Þykir okkur vel fara á því, að sjóðurinn aukist af gjöfum, ágóða af söng- og öðrum skemmtisamkomum, eða hvers konar öðrum gjöfum, sem unnendur tónlistar vilja láta til sjóðsins falla. Auk slíkra gjafa skulu ársvextir sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, þar til hann hefur náð 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónum að upphæð. En þegar sjóðurinn hefur náð þeim vexti, skulu $\frac{1}{2}$ hlutar ársvaxta greiddast stjórn sjóðsins til ráðstöfunar samkvæmt því, er síðar segir.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Þrír þeirra skulu heima eiga í Suður-Þingeyjarsýslu, en tveir í Norður-Þingeyjarsýslu. Til næstu fimm ára skal stjórnin skipuð söngstjórum söngkóranna í Mývatnssveit, Reykjadal og í Húsavík, en þeir kjósi tvo menn úr Norður-Þingeyjarsýslu til samstarfs í stjórn sjóðsins. Þegar fimm ár eru liðin, skulu söngstjórar kóra, sem starfandi eru í Þingeyjarsýslum, ásamt kirkjuorganleikurum þar og söngkennaranum við Laugaskóla, kjósa mann eða menn úr sínum hópi í sjóðsstjórnina, þegar skipa þarf í sæti.

3. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, sem tilskilið er í 1. gr. skal skila $\frac{1}{2}$ hlutum ársvaxta sjóðsins í hendur sjóðsstjórnarinnar og verji hún því fé til styrktar efnilegum nemanda úr Þingeyjarsýslum til tónlistarnáms. Einn fimmti hluti vaxtanna skal jafnan leggjast við höfuðstól. Þegar úthlutun til styrktar hefst úr sjóðnum og séu þá báðir eða annar stofnandi sjóðsins á lífi, skal leita atkvæðis þeirra, eða þess sem á lífi er og samþykkis, til styrkveitingar. Séu stofnendur báðir látnir, skal stjórn sjóðsins veita styrk úr sjóðnum í samráði við skólastjóra tónlistarskólans í Reykjavík, eða forstjóra þeirrar stofnunar, sem þá hefur með höndum starf þessa skóla.

Rétt telja stofnendur, að sami nemandi njóti styrks fleiri ár, ef ástæður mæla með. Ef um engan efnilegan nemanda tónlistar er að ræða, skulu ársvextir leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins semur árlega reikning hans og fær hann birtan í Lögbirtinga- blaðinu.

Staðfestingar skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum þeim, er síðar kunna á henni að verða.

Reykjavík, í janúarmánuði 1945.

Árni Kristjánsson. Björn Ólafsson.

104
5. júní

AUGLÝSING

um viðauka við gjaldskrá landssímans.

1. gr.

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B-stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði notendur eða hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannaþóknunar fram til kl. 22 og $\frac{3}{4}$ kostnaðar eftir þann tíma.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Samgöngumálaráðherrann, 5. júní 1945.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

105
6. júní

PRÓFREGLUGERÐ

fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, og reglugerð 27. apríl s. á., um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með settar eftirfarandi reglur um tilhögun á prófunum og hvað til þeirra útheimtis.

I. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

1. gr.

Burfararpróf skulu haldin í apríl—maímánuði ár hvert.

2. gr.

Vilji maður ganga undir burfararpróf skólans, án þess að hafa stundað þar nám, skal hann senda ráðuneytinu beiðni um það minnst 2 mánuðum áður, og skulu beiðinni fylgja vottorð um, að umsækjandi fullnægi þessum kröfum:

1. Að hann fullnægi kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hann hafi þá sjón, heyrn og málfæri, sem staðan heimtar.
3. Að hann kunni sund.
4. Að hann sé eigi haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum skaðvænn.
5. Að hann hafi óflekkað mannorð.
6. Skírnarvottorð.

Svo skal hann og senda vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

3. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í stýrimannaskólanum og hafa með sér sjókort, pappír og öll þau hjálpartæki, sem þarf til úrlausnar skriflegra verkefna. Orðabækur mega prófsveinar ekki hafa við úrlausnir stíla, og einungis töflubækur við úrlausnir í skriflegri stærðfræði.

4. gr.

Við burtfararprófin skulu, auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar ráðuneytið til þess sérfræðinga eftir þörfum. Það skipar einn þeirra formann prófnefndar.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði.

5. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka prófverkefnin, hvorir í sinni grein, og skal hvert af skriflegu verkefnum vera í svo mörgum eintökum að minnsta kosti að hver prófsveinn fái eitt.

6. gr.

Við skriflegt próf fá allir prófsveinar, sem ganga undir sams konar próf, sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blaðið, en vera má verkefnið í fleiri liðum.

Tekið skal fram, hve margar einkunnir séu gefnar fyrir verkefnið, svo og hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn hafa.

7. gr.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið sér til eftirlitsmanns.

8. gr.

Meðan á skriflega prófinu stendur, mega engir aðrir en prófsveinar og eftirlitsmenn vera í prófstofunni. Kennarar skólans mega ekki vera eftirlitsmenn, að minnsta kosti ekki við þær greinir, sem þeir hafa kennt. Eftirlitsmenn bera ábyrgð á, að engum brögðum sé beitt við prófið. Þeir skulu vera tveir í hverri prófstofu. Hinir skipuðu prófdómendur eru eftirlitsmenn. Ef prófdómendur eru eigi eins margir og eftirlitsmenn þurfa að vera, þá skipar ráðuneytið eftirlitsmenn eftir þörfum.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sér, eða hjálpi öðrum, skal honum þegar vikið frá prófi, og skal svo álitnið, að hann hafi eigi staðizt prófið.

9. gr.

Nú gengur prófsveinn frá prófi og kennir sjúkleik um, en sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið veikur, og má þá prófa hann í því, sem hann átti ótekið próf í, jafnskjótt og því verður viðkomið á sama próftíma.

10. gr.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur formaður prófnefndar vikið honum frá prófinu.

11. gr.

Áður en prófið byrjar, skal prófnefndin semja próftöflu, er skal undirrituð af formanni prófnefndarinnar og fest upp í stýrimannaskólanum, minnst degi áður en prófið byrjar. Skulu prófdómendur og prófsveinar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

12. gr.

Munnlegar spurningar skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar. Við prófið dregur hver prófsveinn sínar spurningar. Prófsveinar skulu prófaðir eftir staf-rófsröð. Ef tveir eða fleiri hafa sömu nöfn og feðraheiti, skal aldur ráða, og skal sá eldri prófaður fyrir.

105
6. júní

13. gr.

Fyrir svör við hverri spurningu eða verkefni, skulu prómdómendur gefa einhverja af einkunnum þeim, er hér segir: 8, 7%, 7½, 7, 6%, 6½, 6, 5%, 5½, 5, 4½, 4¼, 4, 3%, 3½, 3, 2%, 2½, 2, 1%, 1½, 1, 0.

II. KAFLI

Prófkjöfur.

14. gr.

Til fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Reikningur: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.* Tugakerfið, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum. Að finna eina óþekkta stærð í jöfnum. Þekking á veldi talna og tvíveldisrótaráutdrætti. Einfaldur prósentureikningur. Reikningur með logaritnum.
2. *Flatarmálsfræði: Beinir línur. Horn. Hringurinn. Marghyrningur. Sporbaugur. Reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum. Rétthyrndur þríhyrningur. Einslaga og samfalla þríhyrningar. Flatarmál hrings og marghyrninga. Uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.* Þekking á flötum þríhyrningum, ferhyrningum, sporbaugum, kúlum og sparbaugskúlum. Kunnátta í að skipta beinum línunum, að draga upp og fella línu beint niður á aðra, að draga línu samhliða annari beinni línu, að afmarka horn, er sé jafnstórt öðru tilteknu horni, að skipta horni í tvo jafnstóra hluta, að skipta hring í 2, 4, 6 eða 8 jafnstóra hluta.
3. *Þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra, rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.* Þekking á hornaföllum og notkun þeirra við útreikning á flötum, rétthyrndum þríhyrningum.
4. *Rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sivalnings.*

Siglingafræði (munnleg og skrifleg):

1. *Þekking á jarðarhnettinum, lögum hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslinur og kompásstrik.*
Skyn á miðjarðarbaug, jarðarás, jarðskautum, lengdarbaugum, breiddarbaugum, lengd, breidd, breiddarmun, lengdarmun, afviki, kompáslinum og kompásstrikum.
2. *Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvisun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvisun eða segulskekkju viks- (amplitude-)athugun sólar og með azimutathugun sólar eða stjarna og staðar-ákvarðanir með radiómiðunum.*

Grein á segulmagni, segulnál, hinum ýmsu hlutum kompássins og mismunandi kompástegundum, misvisun og misvisunarlinum, halla og hallalínunum, segulskekkju og helztu orsökum hennar, hvernig hún verði fundin af stefnum og miðunum á sjókortum, enn fremur grein á segulskekkjutöflum og stýris-töflum, notkun þeirra og tilbúningi. Misvisun og segulskekkju skal finna með því að miða sólina, þegar hún rís eða rennur, eða með því að mæla hæð sólarinnar eða fastastjörnu og miða hana samtímis. Misvisun og segulskekkju skal og finna með því að miða pólstjörnuna og finna azimut hennar úr veiðeigandi töflum. Þekking á orsökum hallasegulskekkju, og hvernig hún verði fundin og notuð. Þekking á miðunarspjaldi, misvisun og breytingum á henni, á halla, breytingum á honum og áhrifum hans á kompásinn. Skyn á hinum ýmsu teg-

undum segulskekkju, orsökum hennar og breytingum á henni. Upp á radiómiðanir skal heimfæra viðeigandi leiðréttingar og finna með þeim staðarlínur fyrir skipið.

3. *Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun; að búa til vaxandi kort.*

Grein á aðalreglum um gerð sjókorta eftir Mercatorsaðferð, mælikvörðum þeirra og línunum, hvað standa eigi á sjókortum, og hvernig þau eru notuð. Þekking á helztu aðferðum við tilbúning vaxandi sjókorta eftir Mercators aðferð og á mismunandi mælikvörðum þeirra.

4. *Þekking á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði; þekking á leiðarreikningi, straumi; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í kortinu.*

Þekking á gerð skriðmæla og vegmæla, á grunnlóði og djúplóði, ýmiss konar djúpmælitækjum, að finna stefnu og hraða straumsins með athugunum jarðlægra hluta; að geta fundið þann stað, er halda á til, þegar sá staður, sem siglt er frá, er kunnur, og stefnur þær og vegalengdir, er farnar hafa verið; að marka stað skipsins á kortið með miðum, miðunum og hornmælingum; að finna þá stefnu á kortinu, sem halda á, og leiðréttá þá stefnu fyrir straumi og öðrum áhrifum á hana, svo að fundin verði sú stefna, sem stýra á eftir áttavitanum, að finna þá vegalengd, er halda skal, og hve langt um líði, þangað til komið verður til ákveðins staðar.

5. *Þekking á dagbókarhaldi: Kunná að finna hvenær flóð verður og fjara. Þekking á tilgangi skipsdagbókar og leiðarbókar, meðferð þeirra og hvað og hversu í þær skuli ritað. Að kunna að finna flóð- og fjörutíma með sjávarfallatöflum.*

6. *Þekking á sextanti og notkun hans.*

Grein á helztu hlutum sextantsins, skiptingu mælibogans og brotmælisins, á stöðu speglanna og hvernig hún er athuguð og lagfærð, á markréttingu og hvernig hún finnst, og á mælingu horna milli jarðlægra punkta og á hæðarmælingum himinhnatta yfir hafsbúr. Notkun hættuhorna, bæði láréttra og lóðréttra.

7. *Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans. Kunná að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta. Þekking á heimsásnum, miðhiminbaug, rektascensionsbaugum, deklinationsbaugum, tímabaugum, sjónbaug, azimutbaugum, hæðabaugum, rektascension, deklination, tímahornum, hvirfilhornum (azimuti), hæð, viki (amplitude), afstöðu heimsássins við sjónbauginn, dag- og náttbogum himinhnatta, æsæjum og ósæjum stjörnum, hinni daglegu hreyfingu, áhrifum breiddar og deklinationar á hæð himinhnatta. Þekking á sólbrautinni og hreyfingu sólarinnar eftir henni. Grein á stjörnuþegi, stjörnutíma, sólþegi, sóltíma, meðalþegi, meðaltíma, meðalsól, tímajöfnuði, hjálparstærðunum „R“ og „E“, trópisku sólarí, almanaksári. Ristími, hágöngutími og hvarftími himinhnatta skal fundinn með viðeigandi töflum.*

8. *Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta, og að kunna að finna breiddina með athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug. Þekking á lækkun hafsbúrará, geislabroti, sjónarmun (parallaxis) og á hálfum þvermæli. Finna skal og nota hæðarleiðréttingarnar, annaðhvort hverja fyrir sig eða allar í einu. Breiddina skal finna af hæðarathugun sólar eða fastastjörnu í háboga og lágboga.*

Sjómennska (munnleg og verkleg):

1. *Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.*

Þekking á reglum þeim, sem fylgja ber til að forðast ásiglingu, og á ljósum

105
6. júní

þeim, sem skipum ber að hafa undir ýmsum kringumstæðum, svo og að kunna að nota almenn þjargtæki við þjörgun úr sjávarháska.

2. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.

Þekking á að gefa og taka á móti merkjum með alþjóðlegum merkjaveifum og fjarlægðarbendingum, svo og með ljós- og hljóðmerkjum eftir Morse-stafrófi.

3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Þekking á, hve þýðingarmikil er góð hirðing og meðferð á skipum og öllu, sem þar að lýtur, og hvernig hún er framkvæmd; samsetning kaðla og víra, vafning kaðla og víra, skyn á ýmiss konar taliðum, og hve margfaldan kraft þær gefa, á ýmiss konar nauðsynlegum hnútum, vafningum og brögðum; notkun rekakera, olíu og öryggislína, neyðarstýris, skyn á bráðabirgðaviðgerð á leka úti á sjó, á umbúnaði lestaropa, á legufærum og hvernig leggja beri skipi fyrir 2 akkerum og í vetrarlægi (mooring), á notkun þjargbelta og þjarghringa, útsetning og inntöku báta, á þjörgun manns, er dettur útbyrðis; helztu grundvallaratriði í seglasaum og að geta annazt smáviðgerðir á seglum.

Þekking á, hvernig fara eigi yfirleitt með ýmiss konar veiðarfæri, bæði í notkun og þegar þau eru ekki í notkun, og hvaða þýðingu litun, börkun eða tjörgun hefur á endingu þeirra.

Íslenska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, í lausu máli og ljóðum og geta skýrt þær nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta.

Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttitun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

Nemendur skulu þekkja orðflokkanana, hljóðvörp, klofningu, hljóðskipti í sterkum sögnum, beygingu málsins og allar helztu réttitunarreglur, frumlag og umsögn í setningu og helztu reglur um lesmerki. Þeir skulu geta samið sæmilega stílaða og stafsetta ritgerð um efni, er snertir sjómennsku, og sýna, að þeir kunni að setja lesmerki nokkurn veginn rétt.

Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku. Prófsveinninn verður að kunna nokkur helztu atriði danskrar málfræði.

Enska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó. Prófsveinninn verður að kunna nokkur helztu atriði enskrar málfræði.

Sjóréttur (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra. Þekking á helztu íslenskum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðunum til að vera skipstjóri, réttindum og skyldum hans á skipinu, um vald skipstjóra og ábyrgð á eigin gerðum og gerðum skipverja; skilyrðum til að vera stýrimaður og vélstjóri,

réttindum og skyldum þeirra á skipinu, og réttindum annarra skipverja; um ráðningu skipverja.

105
6. júní

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áhersla á þessi atriði:

1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.
2. Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
3. Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
4. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

Bókhald:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir. Helztu atriði tvöfaldrar bókfærslu.

Vélfræði (munnleg):

Einöldustu atriði mótfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í veðurfræði.

15. gr.

Til farmannaprófsins útheimtis:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg):

Hið sama og til fiskimannprófs og enn fremur:

1. *Í reikningi: Fyllri þekking á veldi og rót og á logaritmum. Reikningur með viðlægum og frádrægum stærðum með tölum og bókstöfum. Einfaldur vaxtareikningur. Einfaldar jöfnur. Þekking á, hvað ált er við með veldi og rót og með logaritmum. Grundvallaratriði bókstafareiknings og að leysa einfaldar jöfnur með einni og tveim óþekktum stærðum.*
2. *Í flatarmálsfræði: Skyn á rétthyrndu koordinatkerfi. Þekking á breytingu hornafallanna í þríhyrningafræðinni í rétthyrndu koordinatkerfi.*
3. *Í rúmfræði: Afstaða beinnar línu til flatar og afstaða flata innbygðis. Þekking prisma, strýtu, keilu, kúlu, sívalnings og á línunum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Skyn á bogahornum og bogapríhyrningum. Rúmtak prisma, strýtu, keilu og sívalnings. Þekking á jafnskiptum mælikvarða; að draga hring gegnum 3 gefna punkta; að draga sneiðboga yfir tilnefnt horn; að finna óþekktu parta í þríhyrningi með uppdrætti. Þekking á flatarmáli þríhyrninga, ferhyrninga, marghyrninga og hringflata. Þekking á rúmmáli og þyngd tenings, prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings.*

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Hið sama og til fiskimannaprófs, og enn fremur:

1. *Kompásleiðréttingar. Reglurnar um leiðréttingu kompássins með segulstöngum og hlutum úr deigu járn.*
2. *Þekking á stefnumagnsmæli (deflector) og notkun hans við segulskekkjurannsóknir.*
3. *Djúpmælar. Þekking á helztu djúpmælitækjum ásamt bergmálsdýptarmælum.*
4. *Að kunna að finna breiddina af athugun sólar, fastastjörnu og reikistjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og að kunna að finna breiddina af athugun tunglsins í hágöngu (háþoga). Tímahorn himinhnattarins skal finna með því að nota sjóúrið og lengdina; við athugun himinhnattar fyrir utan hádegisbauginn skal finna breiddina annaðhvort með því að reikna kúlupríhyrninginn milli hvirfil-*

105
6. júní

- depils, himinskautsins og himnhnattarins, eða með því að reikna út hæðaraukann, sem leggja á við tvímiðjuhæðina til þess að fá hæðina í hágöngu. Tunglið skal aðeins mælt í háboga.
5. *Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.* Þekking á því, hvar sjóúrið á að vera í skipinu, hversu með það skuli fara, þegar það er í skipinu eða flutt í skipið eða úr því. Stöðu sjóúrsins skal finna með tímaathugun við himinhnetti, bæði yfir hafsbrún og gerfiláflöt, við samanburð á öðru úri og við tímamerki.
 6. *Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.* Hér skal nota tímahornsútreikninginn og meðaltímamann í Greenwich.
 7. *Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínum, byggðum á athugun sólar, tungls, fastastjörnu eða reikistjörnu.* Þekking á jafnhæðarbaugum og stefnu staðarlínu í sambandi við jafnhæðarbauga; finna skal stað skipsins með því að mæla samtímis hæð tveggja himinhnatta, eða mæla hæð himinhnatta á mismunandi tíma og taka tillit til þess, er siglt hefur verið milli athugananna; staðarlínan á kortinu sé fundin með útreikningi tveggja punkta í jafnhæðarbaug eða með einum punkti og azimuti (annaðhvort hæðar- eða tímaazimuti); enn fremur með hæðaraðferðinni. Misvisun og segulskekkju skal einnig finna með hæðar- eða tímaazimuti, með töflum eða reikningi.
 8. *Fyllri þekking á himintunglum.* Almennt yfirlit yfir sólkerfið, og að þekkjja helztu reiki- og fastastjörnur.
 9. *Í dagbókarhaldi:* Einkum þau artiði, er snerta skipseigendur, váttryggjendur og eigendur farms.
 10. *Þekking á notkun helztu raf- og radiótækja, sem notuð eru við siglingar.* Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug. Skyn á Gyro-kompassum, radiómiðunartækjum, rafmagnsvegmælum og öðrum rafvélum, sem notaðar eru við siglingar. Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort.

Vélfræði (munnleg):

Þekking algengra einvéla ásamt kötlum og hjálparvélum. Hestöfl, eldsneytiseyðsla og gæzla vélarinnar. Þekking á algengustu mótorvélum, einkum Dieselvélum og gæzlu þeirra, ásamt hjálparvélum og eldsneytiseyðslu.

Eðlisfræði (munnleg):

Þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum hluta. Jafnvægi og hreyfing fastra, fljótandi og loftkenndra hluta; þyngdarlögmál. Samstilling og sundurliðun afla. Einfaldar vélar. Eðlisþyngd. Dætur. Loftþyngdarmælar. Aðaldrættir hitafræðinnar. Einfaldar reglur um hljóðið, ljósið, rafmagn og rafsegulmagn.

Sjómennska (skrifleg, munnleg og verkleg):

Hið sama og til fiskimannaprófs og enn fremur:

1. *Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, djúprista, afturhlæðni og stöðugleiki. Viðhald skipa á sjó og landi. Áhrif skráfu og stjris. Vatnsþéttar skiljur og tæmingartæki. Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa. Aðalhlutar skipsins: Kjölur, bönd, langbönd, stefni, súðir, þilför, skiljur, skipting skipsins í vatnsþétt rúm. Helztu smíðaeefni og samskeyting þeirra. Helztu útreikningar, er snerta djúpristu, afturhlæðni og stöðugleika, fermingu og affermingu skipa. Viðhald járn- og tréskipa. Hleðsluborð og hleðslumerki, og yfirlit yfir lög og reglur um þau efni. Stjórn og beiting skipa á höfnum inni, þröngum siglingaleiðum og í rúmsjó.*
2. *Bátar og notkun þeirra. Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð farms og kjölfestu. Öryggisráðstafanir við skipströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Linubysstur og önnur bjargtæki. Notkun leiðalýsinga o. fl. þ. h. Ein-*

faldur jafnvægisreikningur með tilliti til fermingar og affermingar skipa. Notkun taflna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa. Skyldur stýrimanns á verði. Stjórn og meðferð báta undir ýmsum kringumstæðum, bæði við land og í rúmsjó; notkun báta við björgun úr sjávarháska; brimlending, og hvernig flutt eru út akkeri með bátum. Útreikningur á þeirri áreynslu, sem losunartæki verða fyrir. Helztu ráðstafanir og hvers ber að gæta við flutning ýmiss konar farms. Hirðing og loftræsting farm- og kolarúma. Vatn sem kjölfesta. Björgunarráðstafanir á skipi og mönnum við skipströnd, í rúmsjó og við árekstur. Íkveikjuhætta af farni, eldvoði, eldsvarnir og slökkvitæki. Skemmdir á skipi og farni. Rekakkeri. Neyðarstýri. Að lægja sjó með olíu eða lýsi. Meðferð og notkun líubyssu, bjargstóls og annarra bjargtækja. Að draga skip og að leggja skipi í rétt. Staða stýrimannsins á skipinu og skyldur þær, sem á honum hvíla, bæði á ferðinni og við land.

Landafræði og veðurfræði (munnleg):

Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir. Helztu verzlunarborgir. Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftsins, ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort. Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu rafstrauma. Orsakir hitabeltisstorma, og hvernig beri að sigla til að forðast þá eða komast úr þeim.

Íslenska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skjúrt það vel. Efnid skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orðtök, er að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenskri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenskt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á allgóðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er snertir sjóferðir, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar.

Nemandinn skal kunna hið sama og krafizt er til fiskimannaprófs, en auk þess, sem þar segir, skal hann þekkja deili á brottfalli, samlögun, hljóðbreikkun, hljóðgreiningu og kunna öll helztu atriði setningarfræðinnar.

Danska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um líf og störf sjómanna, og geta talað dönsku sæmlega, einkum um það, er sjómennsku snertir, og að geta gert léttan danskan stíl.

Nemandinn verður að kunna helztu atriði danskrar málfræði og geta talað málið, einkum um þau efni, er varða stöðu hans.

Enska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja, „Nautical Almanac“ og geta talað ensku nokkurn veginn, einkum um það, er sjómennsku tilheyrir. Prófsveinn verður að kunna helztu atriði enskrar málfræði og geta talað málið nokkurn veginn, einkum um þau efni, er snerta stöðu hans.

Sjóréttur (munnlegur):

Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farm-skirteini. Farmsamningar.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.

- 105** **Bókhald og viðskiptafræði** (skrifleg og munnleg):
 6. júní *Pau atriði, er farmenn skipta mestu og staða þeirra heimtar. Að kunna svo tvöfalda bókkærslu, að hann geti fært sjálfstætt bókhald fyrir skipið og gert upp rekstursreikning þess. Helztu atriði almennrar viðskiptafræði.*

16. gr.

Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins útheimtist:

Stórskotafræði (munnleg og verkleg):

1. *Þekking á byssum varðskipa ríkisins, notkun þeirra og hirðingu.*
2. *Þekking á fjarlægðamælum og notkun þeirra.*

Ljósfræði (munnleg):

Þekking á frumatriðum ljósfræðinnar, prismaglerjum og öðrum sjónglerjum.

Mælingafræði og stærðfræði (skrifleg og munnleg):

1. *Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana.*
2. *Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsendingar í vaxandi kort.*
3. *Þekking á leiðréttingu sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna. Flokkun og nákvæmni mælistaða, og hvers ber að gæta við val þeirra til staðarákvarðana. Að kunna að leiðrétta horn, sem mæld eru með sextanti milli mishárna mælistaða, þegar kunn eru hæðarhorn af mælistöðunum. Fyllri kunnátta í stærðfræði en til farmannaprófs, einkum í bókstafareikningi, líkingum og hornafræði.*

Alþjóðamerki (verklegt):

Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga. Leikni í að nota handflögg til merkjagjafa eftir alþjóðareglum. Áherzla skal lögð á merkjagjafir eftir Morse-stafrófi og með tveim handflöggum eftir alþjóðareglum.

Alþjóðaréttur (munnlegur):

Helztu ákvæði millríkjasamninga um gæzlu landhelginnar og um fiskveiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.

Enska (skrifleg og munnleg):

Fyllri kunnátta í að tala og rita málið, en krafizt er til farmannaprófs.

Þýzka (skrifleg og munnleg):

Sama kunnátta og í ensku.

Líkamsæfingar:

Kunnátta í algengri leikfimi og æfing í að sjórna leikfimisflokki. Róðraræfingar og kunnátta í að stjórna bátum. Krafizt er þeirrar kunnáttu, sem nauðsynleg er til þess að geta stjórnað þeim æfingum í leikfimi, sem hægt er að viðhafa á skipi. Enn fremur róðraræfingar eftir settum reglum og kunnátta í að stjórna bæði róðrar- og vélbátum. Prófsveinn sé æfður í að gefa fyrirskipanir í því, er að þessu lýtur, kveðjum og viðeigandi framkomu sem yfirmaður.

III. KAFLI

105

Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófin.
Fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

6. júní

17. gr.

Við *fiskimannapróf* skal gefa 22 einkunnir, sem sé:

Í <i>stærðfræði</i> : 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í <i>siglingafræði</i> : 4 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 2 einkunnir fyrir 2 munnlegar úrlausnir	6
Í <i>notkun sextants</i>	1
Í <i>sjómennsku</i> : 1 einkunn fyrir munnlegar úrlausnir í alþjóða siglingareglum og neyðarbendingum, 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn í almennri sjómennsku og viðhaldi skipa og veiðarfæra, 1 einkunn fyrir kunnáttu í verklegri sjóvinnufræði og 1 einkunn fyrir kunnáttu í merkjagjöfum eftir Morse-stafrófi og í notkun alþjóða merkjabókar	4
Í <i>islenzku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í <i>dönsku</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>ensku</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>sjórétti</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>bókhaldi</i> : 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í <i>heilsufræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>vélfræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>ritleikni og frágangi skriflegra verkefna</i> : 1 einkunn	1
Í <i>íþróttum</i>	1

Við *farmannaprófið* skulu gefnar 33 einkunnir, sem sé:

Í <i>stærðfræði</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í <i>siglingafræði</i> : 6 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 3 einkunnir fyrir 3 munnlegar úrlausnir	9
Í <i>notkun sextants</i>	1
Í <i>sjómennsku</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn í alþjóða siglingareglum og neyðarbendingum, 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn í almennri sjómennsku og í skipagerð, 1 einkunn fyrir kunnáttu í verklegri sjóvinnufræði og 1 einkunn fyrir kunnáttu í merkjagjöfum eftir Morse-stafrófi og í notkun alþjóða merkjabókar	5.
Í <i>landafræði og veðurfræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>islenzku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í <i>dönsku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í <i>ensku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í <i>sjórétti</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>heilsufræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>bókhaldi</i> : 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í <i>viðskiptafræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>vélfræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>eðlisfræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í <i>ritleikni og frágangi skriflegra verkefna</i> : 1 einkunn	1
Í <i>íþróttum</i>	2
Við <i>skipstjórapróf á varðskipum ríkisins</i> skulu gefnar 12 einkunnir, sem sé:	
Í <i>stórskotufræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega og verklega úrlausn	1
Í <i>mælingafræði og stærðfræði</i> : 2 einkunnir fyrir munnlegar og skriflegar úrlausnir	2
Í <i>alþjóðamerkjum</i> : 1 einkunn fyrir verklegar úrlausnir	1

105
6. júní

Í alþjóðarétti: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í ensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í þýzku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í líkamsæfingum: 2 einkunnir fyrir hæfni í þessum greinum	2
Í rilleikni og frágangi skriflegra verkefna: 1 einkunn	1

18. gr.

Til þess að standast próf útheimtis:

Í siglingareglum ekki lægra en einkunnin 5.

Í íslenzku og siglingafræði ekki lægra en meðaleinkunnin 4 í hvoru.

Meðaleinkunn minnst 4.

Hæstu og lægstu aðaleinkunnir við prófin verða því sem hér segir:

Við *fiskimannapróf*: Hæsta einkunn 176 stig, lægsta einkunn 88 stig.

Við *farmannapróf*: Hæsta einkunn 264 stig, lægsta einkunn 132 stig.

Við *skipstjórapróf á varðskipum ríkisins*: Hæsta einkunn 96 stig, lægsta einkunn 48 stig.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin	7.15—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin	6—7.15
2. einkunn telst meðaleinkunnin	5—6
3. einkunn telst meðaleinkunnin	4—5

19. gr.

Hver prófsveinn, er próf hefur staðizt, fær prófskírteini, er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skírteinið skal gefið út á íslenzku og ensku eftir þeim fyrirmyndum, sem hér fara á eftir:

1. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)

hefur staðizt

fiskimannapróf

samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1 eink.	stig
— siglingafræði	6	—	—
— notkun sextants	1	—	—
— siglingareglum	1	—	—
— merkjagjöfum	1	—	—
— sjómennsku	2	—	—
— íslenzku	2	—	—
— dönsku	1	—	—
— ensku	1	—	—
— sjórétti	1	—	—
— bókhaldi	1	—	—
— heilsufræði	1	—	—
— vélfræði	1	—	—
— ritleikni	1	—	—
— íþróttum	1	—	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin , og hefur hann því staðizt prófið með einkunn.

105
6. júní

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19. . . .
.....
skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 176 stig.

Til þess að standast prófið þarf:

- Í siglingareglum ekki lægra en . . . 5 stig
- íslenzku minnst 8 —
- siglingafræði minnst 24 —
- meðaleinkunn minnst 4 = aðaleinkunn minnst 88 stig.

2. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn)
fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)
hefur staðizt

farmannapróf

samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík,
og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	2 eink.	stig
– siglingafræði	9	—	—
– notkun sextants	1	—	—
– siglingareglum	1	—	—
– merkjagjöfum	1	—	—
– sjómennsku	3	—	—
– landafræði og veðurfræði	1	—	—
– íslenzku	2	—	—
– dönsku	2	—	—
– ensku	2	—	—
– sjórétti	1	—	—
– heilsufræði	1	—	—
– bókhaldi	1	—	—
– viðskiptafræði	1	—	—
– eðlisfræði	1	—	—
– vélfræði	1	—	—
– ritleikni	1	—	—
– íþróttum	2	—	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin , og hefur hann því staðizt prófið með einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19. . . .
.....
skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 264 stig.

Til þess að standast prófið þarf:

- 105 Í siglingareglum ekki lægra en .. 5 stig
 6. júní – íslenzku minnst 8 —
 – siglingafræði minnst 36 —
 – meðaleinkunn minnst 4 = aðaleinkunn minnst 132 stig.

3. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn)
 fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)
 hefur staðizt

skipstjórapróf á varðskipum ríkisins

samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík,
 og hlotið þessar einkunnir:

Í stórskotafraedi	1 eink.	stig
– mælingafræði	2 —	—
– alþjóðamerkjum	1 —	—
– alþjóðarétti	1 —	—
– ensku	2 —	—
– þýzku	2 —	—
– líkamsæfingum	2 —	—
– ritleikni	1 —	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin, og hefur hann því staðizt prófið
 með einkunn.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 96 stig.
 Til þess að standast prófið þarf 48 stig.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19....

.....
 skólastjóri.

20. gr.

Nöfn þeirra, er ganga undir próf, skal rita í bók, sem atvinnumálaráðuneytið
 löggildir, og sem geymist í stýrimannaskólanum. Skal í henni skýrt frá fullu nafni
 hvers prófsveins, fæðingarstað, fæðingardeg og fæðingarári, og frá einkunnum
 þeim, sem gefnar voru við prófið. Inn í hana skal færa öll skrifleg prófverkefni
 og yfir höfuð ítarlega skýrslu um prófið. Forstöðumaður skólans sér um, að próf-
 bókin sé færð. Hún skal undirrituð af öllum, sem einkunnir gáfu í prófinu.

Prófvottorðin undirritar forstöðumaður einn.

IV. KAFLI

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólans í Reykja-
 vík, eru hér með sett ákvæði til bráðabirgða um *fiskiskipapróf*.

21. gr.

Próf þetta skal haldið í lok janúarmánaðar í næstu 5 ár, í fyrsta skipti árið
 1946 og síðast árið 1950.

22. gr.

Ákvæði 2.—13. gr. og 21. gr. þessarar reglugerðar eiga einnig við um fiski- skipapróf.

105

6. júní

23. gr.

Prófkröfur.

Til fiskiskipaprófs útheimtist:

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Reikningur*: Þekking á heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum, þri- liðu, einföldum prósentureikningi og notkun logaritma.
2. *Flatarmálsfræði*: Beinur linur, horn, hringurinn, flatir þríhyrningar og ferhyrn- ingar. Þríhyrningaupprættir.
3. *Þríhyrningafræði*: Notkun taflna yfir réttthyrnda þríhyrninga og kunnátta í að nota logaritma yfir hornaföllin.
4. *Rúmfræði*: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

Siglingafræði (munnleg og skrifleg):

1. Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd, breiddarmun, lengdarmun og afviki. Kompáslínur og kompásstrik, kompásinn og notkun hans. Misvisun og segulskekkja og hvernig þær stærðir verða fundnar með jarðlægum athugunum og með viks- og azimutathugun sólarinnar. Segulskekkjutöflur og stýristöflur og notkun þeirra.
2. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun. Þekking á vegmæli og ýmiss konar djúpmælitækjum. Þekking á leiðarreikningi, straumi og drift, að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í kortinu. Að ákveða stað skipsins með tveimur staðarlínum, fundnum samtímis og á mismunandi tímum. Staðar- ákvarðanir með radió-miðunum.
3. Þekking á sextanti og notkun hans og að mæla lárétt og lóðrétt horn með hon- um. Kanna að rita skipsdagsbók og leiðarbók. Kanna að finna hvenær flóð verður og fjara.
4. Þekking á himinhvolfinu og bauganeti þess, daglegu hreyfingunni og gangi jarðarinnar kringum sólina. Belti jarðarinnar og árstíðir. Hlutfallið milli tína og lengdar. Stjörnufræðiárbækur og notkun þeirra. Ristími og hvarftími sólar. Azimutspeglar. Notkun taflna yfir hæðarleiðréttingar. Að finna breiddina eftir hæð sólar í hádegisbaug.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 40 bls. í 8 bl. broti og geta skýrt það nokkurn veginn. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenzkt mál í ræðu og riti, sérstaklega í þeim efnum, er til stöðu þeirra heyra. Aðalatriði málfraeðinnar og allar helztu staf- setningarreglur.

Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti í lausu máli, sérstaklega um líf og störf sjómanna, ásamt helztu málfraeðiatríðum.

Sjóréttur (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra og skipverja. Þekking á helztu íslenzkum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðunum til að vera skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri, og á réttindum og skyldum þeirra á skipinu. Þekking á valdi og ábyrgð skipstjóra á eigin gerðum og á gerðum skip- verja, réttindum og skyldum þeirra á skipinu og á ráðningu skipverja.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

- 105 1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.
6. júní 2. Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
3. Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
4. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

Alþjóðamerki:

Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í veðurfræði.

Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófið.**Fyrirmynd prófvottorða o. fl.**

24. gr.

Við fiskiskipapróf skulu gefnar 14 einkunnir, sem sé:

	<i>Í stærðfræði:</i> 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
	– <i>siglingafræði:</i> 3 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir og 2 einkunnir	
fyrir	munnlegar úrlausnir	5
	<i>Í notkun sextants:</i> 1 einkunn	1
	– <i>íslenzku:</i> 2 einkunnir fyrir eina munnlega og eina skriflega úrlausn ..	2
	– <i>dönsku:</i> 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
	– <i>sjórétti:</i> 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
	– <i>hjúkrunarfræði:</i> 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
	– <i>alþjóðamerkjum:</i> 1 einkunn	1
	– <i>ritleikni</i> og frágangi skriflegra verkefna 1 einkunn	1

25. gr.

Til þess að standast prófið þarf:

Í siglingafræði og íslenzku ekki lægra en meðaleinkunnina 4 í hvoru.

Meðaleinkunn minnst 4.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 112 stig, en til þess að standast prófið þarf 56 stig.

Einkunnir eru hinar sömu og við önnur próf skólans.

26. gr.

Hver prófsveinn, er próf hefur staðizt, fær prófskírteini, er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skal það gefið út eftir þessari fyrirmynd:

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)

hefur staðizt

fiskiskipapróf

samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1 eink.	stig
– siglingafræði	5	—	—
– notkun sextans	1	—	—
– íslenzku	2	—	—
– dönsku	1	—	—

Í sjórétti	1 eink.	stig
– hjúkrunarfræði	1 —	—
– alþjóðamerkjum	1 —	—
– ritleikni	1 —	—

105
6. júní

Aðaleinkunn

sem verður meðaleinkunnin, og hefur hann því staðizt prófið með

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19....
.....
skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 112 stig.

Til þess að standast prófið þarf:

Í siglingafræði minnst 20 stig

– íslenzku minnst 8 —

– meðaleinkunn minnst 4 = aðaleinkunn minnst 56 stig.

27. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með henni er felld úr gildi prófreglugerð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 56 29. apríl 1938.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur.

106
6. júní

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um námskeið, er veita þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipsjárnarréttindi samkvæmt 4. gr. laga nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í síðari bekk fiskimannadeildar stýrimannaskólans í Reykjavík.

I. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

1. gr.

Námskeiðin skulu haldin annaðhvort ár, samtímis á tveim stöðum utan Reykjavíkur, þegar næg þátttaka er fyrir hendi. Þessir staðir eru: Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar.

Það árið, þegar ártalið er jöfn tala, skal halda námskeið á Akureyri og í Vestmannaeyjum, en hitt árið, oddatöluárið, á Ísafirði og í Neskaupstað.

Námskeiðin skulu standa frá októberbyrjun til janúarloka.

2. gr.

Ekkert námskeið verður haldið, séu nemendur til fiskimannaprófs færri en 5.

106
6. júní

3. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík ræður siglingafræðikennara námskeiðsins, sem jafnframt er forstöðumaður þess. Skal heimilt að ráða hann til 4 ára í senn. Skólastjórinn auglýsir starf þetta eigi síðar en í maímánuði, og skal umsókn um það vera komin honum í hendur eigi síðar en í júlilok. Forstöðumaður námskeiðsins ræður sérstakan kennara í sjóvinnu, sé þess þörf. Aðra kennara við námskeiðið ræður bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar í samráði við forstöðumann námskeiðsins. Hún skal og útvega hæfilegt og gott húsnæði fyrir námskeiðið.

4. gr.

Fari fjöldi fiskimannaprófsnemenda fram úr 20, má í samráði við skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík skipta þeim í 2 deildir.

5. gr.

Á námskeiðstímanum er eftir ástæðum heimilt að hafa 2 námsflokka fyrir 6—30 rúmlesta prófið, enda séu nemendur í hvorum flokki ekki færri en 3. Er þá gert ráð fyrir, að kennslutími eins flokks fari ekki fram úr 6 vikum.

6. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði á námskeiðin:

a. *Fyrir fiskimannapróf:*

1. Að hafa verið háseti á skipi eftir 16 ára aldur í 24 mánuði og þar af verið að minnsta kosti 6 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir, eða að hafa verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að hafa óflekkað mannorð.

b. *Fyrir 6—30 rúmlesta próf:*

1. Að hafa verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði.
2. Að hafa þá sjón og heyrn, sem nauðsynleg er fyrir skipstjórnarmenn.
3. Að hafa óflekkað mannorð.

Vottorð um þau atriði, er um getur í þessari grein, skal afhenda forstöðumanni námskeiðsins eigi síðar en 15. september.

Allan siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorðum skráningarstjóra.

II. KAFLI

Kennsla og próf.

7. gr.

Kennslustundir í fiskimannaprófsdeild skulu vera þessar á viku:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg)	10	stundir
Siglingafræði (munnleg)	2	—
Íslenzka (skrifleg og munnleg)	6	—
Danska (munnleg)	4	—
Enska (munnleg)	3	—
Heilsufræði (munnleg)	1	—
Siglingareglur	1	—
Morse-merki	3	—

Sjóvinna	3 stundir	106
Líkamsæfingar	2 —	6. júní
Samtals á viku 35 stundir		

Forstöðumaður námskeiðsins semur stundatöflu, er farið skal eftir.

8. gr.

Að aflokinni kennslu hvers námsflokks fyrir 6—30 rúmlesta próf, afhendir forstöðumaður námskeiðsins þeim nemendum, sem að hans dómi eru til þess hæfir, vottorð um, að þeir uppfylli skilyrði 4. gr. laga nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, stafl. a—h.

9. gr.

Í lok janúarmánaðar ganga nemendur fiskimannaprófsdeildar undir próf í íslenzku og stærðfræði, og þeir, sem það standast, fá aðgang að síðari bekk fiskimannadeildar við stýrimannaskólann í Reykjavík.

Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófið, eru hin sömu og við samsvaranda próf í stýrimannaskólanum.

Til þess að standast prófið er krafizt:

Í íslenzku: Nemendur skulu hafa lesið að minnsta kosti 20 bls. í 8 bl. broti í óbundnu máli og kunna nokkurn veginn að greina orð, þekkja föll, kyn, tölur, stig og aðaltiðir. Megináherzlu ber að leggja á stafsetningu og merkjasetningu, og skulu nemendur kunna það af íslenzkri málfræði, sem nauðsynlegt er til að geta skilið stafsetningarreglur og fært sér þær í nyt. Þeir skulu og læra helztu atriði merkjasetningar, einkum í sambandi við samsætningar. Þeir skulu við prófið fá stafsetningarverkefni, er eigi sé styttra en 250 orð og eigi lengra en 300 og hafi inni að halda dæmi, er gefi nemanda tækifæri til að sýna kunnáttu sína í öllum helztu stafsetningarreglum. Þeir skulu og leysa úr lesmerkjaverkefni, er sýni kunnáttu þeirra í merkjasetningu samkvæmt því, er að ofan segir, og sé það nokkru lengra en stafsetningarverkefnið.

Við próf í íslenzku mega nemendur ekki nota stafsetningarorðabækur, ritreglur eða aðrar kennslubækur eða önnur hjálpartæki.

Í stærðfræði: Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með jákvæðum og neikvæðum tölum, nefndum og ónefndum. Stærsti sammælir og minnsti samnefnari. Reikningur með almennum brotum, brotabrotum og tugabrotum. 1.-stigs jöfnur með einni óþekktri stærð. Veldi talna og rót. Hlufallsjöfnur, bein og öfug hlutföll, þríliða og samsett þríliða. Einfaldur prósentureikningur. Reikningur með logarritmum.

Við próf í stærðfræði mega nemendur ekki hafa nein minnisblöð eða kennslubækur, aðrar en logarritmatöflur.

10. gr.

Prófið er aðeins skriflegt, og skal skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík senda bæjarfógeta hlutaðeigandi kaupstaðar verkefnið í innsigluðum umslögum það snemma, að þau verði komin honum í hendur fyrir janúarlok. Á tilsettum tíma skal trúnaðarmaður bæjarfógetans koma með verkefnið á prófstaðinn og opna hvort um sig þegar próf byrjar í þeirri námsgrein, sem við á og prófsveinar eru komnir í sæti sín.

Tekið skal fram á verkefnunum hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn hafa. Úrlausnartíminn reiknast frá því að byrjað er að lesa verkefnið upp eða skrifa það á töflu.

11. gr.

Gæzlumenn skulu vera tveir í hverri skólastofu, skipaðir af bæjarfógeta, og hera þeir ábyrgð á að engum brögðum sé beitt við prófið. Kennarar námskeiðsins mega ekki vera gæzlumenn, að minnsta kosti ekki við þær greinir, sem þeir hafa kennt.

12. gr.

Þegar úrlausnum er skilað, skulu gæzlumenn athuga að þær séu greinilega merktar fullu nafni prófsveins, fæðingardegi hans og heimilisfangi, og rita á þær tímenn, sem prófsveinninn hefur notað til úrlausnarinnar. Úrlausnum í íslenzku skal skila bæði í hreinskrift og uppkasti og allur útreikningur stærðfræðiverkefna skal sýndur greinilega ásamt útkomum. Öll verkefni í íslenzku skal endursenda stýrimannaskólanum ásamt úrlausnum.

Strax að loknu prófi í hvorri grein, skulu gæzlumenn fara með úrlausnirnar til bæjarfógeta, sem gengur frá þeim í innsigliðum umbúðum og sendir þær stýrimannaskólanum í Reykjavík svo fljótt, sem því verður við komið.

Meðan prófið stendur yfir, mega ekki aðrir vera í prófstofunni en trúnaðarmaður bæjarfógeta, prófsveinar og gæzlumenn, og auk þeirra kennari námsgreinarinnar meðan verkefni er lesið upp eða ritað á töflu.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sér eða hjálpi öðrum, skulu gæzlumenn þegar víkja honum frá prófi og skal svo álitid, að hann hafi eigi staðizt prófið.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, geta gæzlumenn vikið honum frá prófinu.

13. gr.

Nú gengur nemandi frá prófi, stenzt eigi próf eða hættir við það af öðrum sökum, og getur hann þá gengið undir þetta próf við stýrimannaskólann í Reykjavík að hausti.

14. gr.

Að námskeiði loknu, skulu forstöðumenn senda stýrimannaskólanum greinilega skýrslu um námskeiðin, kennslu í hvorri grein, nemendafjölda og annað, er máli skiptir.

15. gr.

Öll nauðsynleg áhöld til kennslu í siglingafræði greiðir rikissjóður, svo og allan kostnað við námskeiðin, þar með talið efni til kennslu í sjóvinnu.

Skemmi nemendur eða ónýti eitthvað af tækjum námskeiðanna, húsgögn eða annað þeim tilheyrandi, skal þeim skylt að bæta skaðann að fullu.

16. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð frá 23. sept. 1936, um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur, er úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hallbjarnar Bergmanns Andréssonar, Ásholti, Skagaströnd“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1945. 107 8. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hallbjarnar Bergmanns Andréssonar, Ásholti, Skagaströnd.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Hallbjarnar Bergmanns Andréssonar. Nafni sjóðsins má eldrei breyta.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hallbjörn Bergmann Andrésson, organleikara og forsöngvara við Skagastrandarkirkju, fæddan 15. nóv. 1917, dáinn 2. jan. 1943.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — sem foreldrar hins látna, Sigurborg Hallbjarnardóttir og Andrés Guðjónsson, leggja fram.

3. gr.

Sjóðinn skal alltaf ávaxta í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, eða annarri peningastofnun með ríkisábyrgð á innstæðum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að því, að sem fullkomnastur söngflokkur verði starfandi við Skagastrandarkirkju, og verði vöxtum af sjóðnum varið söngnum til eflingar samkvæmt fyrirætlum 6. og 7. gr.

5. gr.

Sjóðinn má auka með framlagi af fé kirkjunnar, gjöfum, áheitum eða á hvern annan hátt, er æskilegt þætti.

6. gr.

Allir vextir leggjast árlega við höfuðstólinn unz hans hefur náð 10 þúsund króna upphæð, en þá má fyrst verja $\frac{1}{2}$ — helming — árlegra vaxtatekna sjóðsins í greiðslur til söngflokks kirkjunnar. Hinn helmingur vaxtanna leggst við höfuðstólinn árlega þar til hann er orðinn 20 þúsund krónur. Upp frá því falla $\frac{3}{4}$ hlutar árlegra vaxta til styrktar kirkjusöngnum, en $\frac{1}{4}$ hluti leggst við höfuðstólinn þar til hann hefur náð 50 þúsund krónum. Þaðan frá skal kirkjusöngurinn styrktur með $\frac{1}{10}$ árlegra vaxta, en $\frac{9}{10}$ hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn, þar til hann hefur náð þeirri upphæð, að dómi sjóðsstjórnarinnar, að árlegir vextir séu nægjanlegir til að bera allan kostnað af störfum söngflokksins í þarfir kirkjunnar, með þeim takmörkunum, er 7. gr. ákveður. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

7. gr.

Greiðslu úr sjóðnum skal hver sá njóta, karl eða kona, sem starfar í söngflokk Skagastrandarkirkju og fórnar til þess verulegu af tíma sínum. Þó skal organleikara aldrei greitt kaup sitt af fé sjóðsins, með því að gera verður ráð fyrir að honum verði jafnan séð fyrir viðunandi launum af fé kirkjunnar.

107

8. júní

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: Sóknarnefnd Skagastrandarkirkju og prestur sóknarinnar. Þeir hafa umsjón með öllum fjárreiðum hans og annast greiðslur eftir fyrirætlum skipulagsskrárinnar.

Þeir halda þessar bækur:

1. Reikningsbók, og sé í hana færðir árlegir reikningar yfir eignir, tekjur og gjöld, og ársreikningur sjóðsins.
2. Gerðabók, þar sem skráðar séu allar fundargerðir sjóðsstjórnarinnar og ákvæði áhrærandi það fé, sem úr honum er greitt. Í gerðabókina skal skipulagsskráin jafnan innfærð.

9. gr.

Endurskoðun ársreikninga sjóðsins skal framkvæmd af prófasti Austur-Húnavatnsprófastsdæmis, og sér hann um að reikningar sjóðsins séu birtir í Lögbirtingablaðinu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

108

8. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Námsjóð hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir námsjóð hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir námsjóður hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4380 — fjögur þúsund þrjú hundruð og áttatíu krónur —, og er hann stofnaður í tilefni af áttaræðisafmæli Erlends Björnssonar hreppstjóra 3. nóv. 1944 af eftirtöldum 18 bændum í Bessastaðahreppi.

Arngrími Bergmann, Landakoti, Árna Gunnlaugssyni, Brekku, Bertel Andrésyni, Sveinskoti, Eyþór Stefánssyni, Akurgerði, Gunnari Stefánssyni, Norður-Eyvindarstöðum, Jóni Diðrikssyni, Bjarnastöðum, Jóni Inga Eyjólfssyni, Sviðholti, Karítas Skarphéðinsdóttir, Tröð, Klemenzi Jónssyni, Vestri-Skógtjörn, Markúsi Einarssyni, Bessastöðum, Ólafi Árnasyni, Deild, Ólafi Bjarnasyni, Gesthúsum, Ólafi Jónssyni, Akrakoti, Sigurði Ásmundssyni, Kirkjubrú, Skarphéðni Eliassyni, Tröð, Sófusi Ólafssyni, Landakoti, Stefáni Jónssyni, Eyvindarstöðum, Sæmundi Arngrímsyni, Landakoti.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unglunga í Bessastaðahreppi til einhvers konar framhaldsnáms, enda hafi þeir lokið fullnaðarprófi við barnaskólann í hreppnum og hafi þá verið á framfærslu einhvers hreppsúa. Verði breytingar

gerðar á hreppsmörkunum, skal engu að síður í þessu sambandi miðað við núverandi hreppsmörk. 108
8. júní

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir lagðir við höfuðstól.
- b. Gjafir og áheit, sem honum kunna að hlotnast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: Oddviti hreppsnefndar, sem er formaður stjórnarinnar, formaður skólanefndar og sóknarprestur. Ef sami maður gegnir tveim af þeim störfum, er greind voru, tilnefni skólanefnd mann í hið auða sæti.

6. gr.

Stjórnarnefnd annast styrkveitingar úr sjóðnum og annað honum viðvíkjandi. Hún heldur gerðabók, er hún ritar í styrkveitingar og aðrar framkvæmdir sínar í þágu sjóðsins. Formaður stjórnarnefndar annast reikningshald sjóðsins og sendir reikninga hans, ásamt hreppsreikningum, sýslunefnd Gullbringusýslu til athugunar og samþykktar.

7. gr.

Ekki kemur til úthlutunar úr sjóðnum, fyrr en stjórnarnefndin ákveður. Aldrei má úthluta meira í einu en $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxtanna, en afgangurinn leggist við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

8. gr.

Höfuðstól sjóðsins, eins og hann er á hverjum tíma, skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands eða annarri jafntryggri lánsstofnun.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

frá fjármálaráðuneytinu, er varðar innheimtu á veitingaskatti.

109

9. júní

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. laga nr. 99 1933 skuli, þar til öðru vísi verður ákveðið, vera kr. 6.00 frá og með 1. júlí þ. á. að telja.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

110
11. júní

AUGLÝSING

um breyting á framlagningarfresti skattaskrár og kærufresti til skattstjóra í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 71 12. apríl 1945, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli skattskráin í Reykjavík liggja frammi á lögákveðnum stað 12. til 25. júní, að báðum dögum meðtöldum.

Enn fremur er ákveðið, að kærufrestur til skattstjóra skuli vera til 25. júní þ. á., að þeim degi meðtöldum.

Fjármálaráðuneytið, 11. júní 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

111
15. júní

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt til Ólafsfjarðarkaupstaðar.

1. Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af öllum fasteignum innan lögsagnar-umdaemis Ólafsfjarðarkaupstaðar eftir þeim reglum er hér fara á eftir:
2. a. Af byggingalóðum og óbyggðum 9.8‰
b. Af húseignum og öðrum mannvirkjum 4.9—
c. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum 2.4—
3. Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. des. 1937.
4. Skatt þennan skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.
5. Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. sept. ár hvert og falla dráttarvextir á samkvæmt lögum nr. 69 1937. Skatt þennan má taka lögtaki.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

112

15. júní

um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Ólafsfjarðarkaupstað. Holræsagerð bæjarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar, sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að hlíta því, að lagt sé ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Innanhússleiðslur leggi húseigandi á sinn kostnað, en skylt er honum að tilkynna umsjónarmanni holræsagerðarinnar áður en hann láti leggja slíkar leiðslur og skal allt, er við kemur slíkum leiðslum, ákveðið í samráði við umsjónarmann.

Nú telur bæjarstjórn, eða nefnd sú, sem fer með þessi mál fyrir hönd bæjarstjórnar, að regnvatn frá húsi spilli götu eða gangstétt og getur hún þá skyldað húseiganda til að leiða regnvatnið í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja slíkar leiðslur innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn, eða nefnd sú, er hún felur framkvæmd þessara mála, til tekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi leggur ekki innanhússveitur innan tiltekins frests.

3. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði innan húss og utan. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins, þar með talin ræsi úr aðalleiðslu að húsveggjum, greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 12 af þúsundi af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en 60 krónur af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati. Auk þess ber húseiganda að greiða, í eitt skipti fyrir öll, stofngjald, að upphæð kr. 300.00, þegar holræsagerðin hefur lagt skólpræsi úr aðalleiðslu að húsvegg hjá honum.

Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 25 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að taka í sína umsjá núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreininger verður.

6. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds (árgjalds og stofngjalds). Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí ár hvert en stofngjald ber að greiða þegar leiðsla hefur verið lögð úr aðalæð að húsvegg.

112

15. júní

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, sem renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 44 10. júní 1938, um holræsi og holræsagjald fyrir Ólafsfjarðarkauptún.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

113

20. júní

REGLUGERÐ**um rekstur radióstöðva.**

1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem leyfisbréf hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega stofna eða reka neins konar loftskæptatæki, talstöðvatæki, radiómiðunarstöðvar o. þ. l., á Íslandi eða í íslenskri landhelgi eða lofthelgi, eða flytja til landsins, selja, leigja, smíða, gera við, breyta eða setja upp slík tæki eða hluta þeirra.

Enn fremur er bannað að flytja senditæki úr þeim stað, sem leyfisbréfið tilgreinir, án skriflegrar heimildar frá póst- og símamálastjórninni, nema um sé að ræði flutning tækja beint og án tafar til næstu landssímastöðvar til athugunar þar eða afhendingar.

2. gr.

Þótt leyfisbréf fyrir rekstri senditækja sé fengið, má ekki starfrækja þau nema af manni, sem fengið hefur til þess starfræksluskirteini loftskæptamanna eða talstöðvarvarða, útgefið af póst- og símamálastjórninni. Eigandi skips og skipstjóri bera ábyrgð á því, að senditæki í skipinu séu ekki starfrækt af öðrum en þeim, er hafa fullgild skirteini til starfrækslu þeirra, enda séu skirteini og leyfisbréf ávallt geymd um borð í skipinu hjá dagbók skipsins eða hjá dagbók radióstöðvarinnar.

3. gr.

Nú verða eigendaskipti að radiótækjum eða að skipi eða flugvél, sem slík tæki eru í, og ber þá bæði hinum fyrri og hinum nýja eiganda tafarlaust að tilkynna það póst- og símamálastjórninni með símskeyti, en auk þess ber þeim, er heldur tækjunum, að afla nýs leyfisbréfs fyrir þeim, svo og fullgilds skirteinis þeim til handa, sem á að stunda þau, hafi hann það ekki áður.

Hvorki má innrita né þinglesa eigendaskiptum að skipi eða bát, nema vottorð símaafgreiðslumanns um að slíku skeyti, sem í fyrri málsgrein segir, hafi verið veitt móttaka til sendingar á símastöðinni.

4. gr.

Öll skeyta- og talviðskipti við menn í landi fari fram um strandstöðvar landsímans. Allar aðrar skeytasendingar og allt radiótal frá senditækjum í skipum

og flugvélum til manna í landi, beint eða óbeint, er stranglega bannað. Ekki má senda út „blint“ skeyti, tal eða önnur merki eða hljóð, heldur aðeins afgreiða til ákveðinnar stöðvar, sem hefur svarað kalli. Skeytaviðskipti og samtal milli skipa eða milli flugvéla, skulu vera sem stytzt og mega aðeins fjalla um nauðsynlegar upplýsingar og mega vara í mesta lagi 10 mínútur í senn. **113**
20. júní

5. gr.

Dulmál í loftskeytum, talskoytum eða radiósamtölum, hvort heldur er beint eða óbeint, er stranglega bannað, svo og samtöl á öðrum tungumálum en íslensku og hinum Norðurlandamálunum og ensku og frönsku, nema skrifleg heimild til þess sé fengin frá póst- og símamálastjórninni.

6. gr.

Senditæki í skipum má ekki nota í höfnum inni, þar sem símasamband er í landi, hvort heldur er í innri eða ytri höfnum eða á hafnarlegum, nema að fengnu leyfi næstu strandarstöðvar.

7. gr.

Í hvert skipti, sem sendistöð kallar á aðra stöð, skal hún nefna greinilega kallmerki eða nafn skips eða flugvélar, sem hún er í, svo og umdæmisbókstafi, ef nafnið eitt er ófullnægjandi. Áður en kallað er, skal starfrækjandi fullvissa sig um með því að hlusta, að bylgjulengdin sé ekki í notkun af öðrum.

8. gr.

Í radióviðskiptum má aðeins nota þessar bylgjulengdir:

Loftskoytastöðvar í skipum skulu nota 500 krið/s (600 m) til að kalla á aðra loftskoytastöð og til neyðarþjónustu. Til annarra viðskipta skulu þær nota bylgjulengdir, sem ákveðnar eru í leyfisbréfi stöðvarinnar.

Talstöðvar í skipum skulu nota 1650 krið/s (181.8 m) til að kalla á strandarstöð og til mjög áriðandi kallana á aðrar talstöðvar, svo og til neyðarþjónustu. Til annarra viðskipta skal nota þær bylgjulengdir, sem ákveðnar eru í leyfisbréfi stöðvarinnar.

Loftskoyta- og talstöðvar annars staðar en í skipum skulu nota þær bylgjulengdir, sem ákveðnar eru í leyfisbréfi stöðvarinnar, og ekki aðrar.

9. gr.

Bátar og skip, sem hafa radióstöðvar, skulu stuðla að því, að stöðvarnar komi að sem mestu gagni til aukins öryggis lífi manna á sjónum almennt, meðal annars með því að hlusta sem tíðast á hugsanlegt kall annarra skipa og báta, þegar svo stendur á, að líkur eru til, að hjálpar geti þurft, og taka þátt í skipulagsbundinni hlustvörzlu, ef slíku fyrirkomulagi yrði komið á.

Loftskoytamenn og talstöðvarverðir skulu að jafnaði hlusta á strandstöðvarnar á hinum auglýstu tímum, er þær senda út tilkynningar um skeyti til skipa.

10. gr.

Leyfishafi er skyldur að láta skoðunarmenn landssímans skoða radióstöðina a. m. k. einu sinni á ári og greiða fyrir það skoðunargjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Skoðunarmönnum landssímans skal ávallt vera frjáls aðgangur að radióstöðinni, og getur skoðunarmaður krafizt þess, að raforka sé fyrir hendi, er skoðun fer fram, enn fremur, að loftskoytamaður eða talstöðvarvörður sé viðstaddur til

113 aðstoðar og til þess að taka á móti þeim fyrirællum, sem skoðunarmaður kann 20. júní að gefa viðvikjandi stöðinni.

Leyfishafi er skyldur að sjá um, að fyrirællum skoðunarmanns sé hlýtt.

11. gr.

Öll skip yfir 12 tonn eru samkvæmt siglingalögum skyld að hafa dagbók, sem lögreglustjórar afgreiða, og skal, auk annars, skrá í hana allt skráningar- skylt varðandi talstöð skipsins, svo sem hver á skipinu hafi talstöðvarskirteini á hverjum tíma og rétt til að afgreiða símtöl og símskeyti um talstöðina. Smærri skip, sem hafa talstöðvar, skulu einnig hafa bók, sem lögreglustjóri afhendir, og skrá í hana framangreind atriði og annað markvert, er varðar talstöðina. Skip, sem hafa loftskeytastöðvar, skulu skrá radióviðskiptin í sérstaka dagbók, sem póst- og símamálastjórnin lætur í té.

12. gr.

Hlustverðir, sem eftirlit hafa með því, hvort fyriræli um notkun talstöðva og loftskeytastöðva eru haldin, eru opinberir sýslunarmenn, enda séu þeir í þjón-ustu póst- og símamálastjórnarinnar eða viðurkenndir af henni og eiðsvarnir.

13. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur sett nánari reglur um notkun radióstöðva, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, svo og reglum, sem póst- og símamálastjórnin setur samkvæmt 13. gr., varða sektum allt að 10000 krónum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Nú leikur rökstuddur grunur á um það, að brot hafi verið framið, og er þá heimilt að loka stöðinni tafarlaust, þar til er málinu er lokið, afturkalla leyfisbréf og starfsskirteini.

15. gr.

Póst- og símamálastjórnin ákveður sektir og aðrar aðgerðir samkvæmt 14. gr., nema hún æski þess, að dómur gangi um málið án úrskurðar af hennar hálfu.

Ef maður vill ekki una sekt, er póst- og símamálastjórnin hefur úrskurðað honum að greiða, getur hann krafizt innan hálfis mánaðar, frá því er honum var birtur úrskurðurinn, að málið gangi til dómstólanna, og skal þá farið með það að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 4. maí 1943, um notkun talstöðva og loftskeytastöðva, reglugerð frá 31. júlí 1943, um breyting á reglugerð 4. maí 1943, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva, reglur frá 1. júní 1943, um viðskipti talstöðva í íslenskum skipum, sérreglur frá 20. marz 1941, um notkun talstöðva í skipum, sem sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands og reglur frá 11. nóvember 1940, um viðskipti talstöðva í landi (og í eyjum).

Samgöngumálaráðherrann, 20. júní 1945.

Emil Jónsson

Guðmundur Hlíðdal.

REGLUGERÐ

114
21. júní

um breyting á og viðauka við reglugerð nr. 140 5. ágúst 1941, um breyting á reglugerð um notkun bátabryggjunnar í Ólafsfirði, nr. 138 25. júlí 1939.

1. gr.

Öll bryggjugjöld og gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt reglugerð nr. 140 5. ágúst 1941, skulu hækka um 100%.

2. gr.

Við reglugerðina bætist:

Samkvæmt heimild í f-lið 10. gr. hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð nr. 68 28. des. 1944, skal innheimta 2% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í Ólafsfirði og leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins, — eða í skip á höfninni, —, eða hafa þar uppsátur. Gjöld þessi renna í hafnarsjóð.

Um innheimtu á gjöldum þessum gilda sömu reglur sem um innheimtu bryggjugjalda.

3. gr.

Auglýsing nr. 87 16. júní 1942 er úr gildi numin.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. desember 1944, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1945.

Emil Jónsson.

Vígfús Einarsson.

AUGLÝSING

115
21. júní

um það, hvernig hestöfl vélar skuli ákveðin.

Samkvæmt 1. lið 2. gr. 1. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Með hestafla skipsvélar er átt við orku þá, sem aðalvél skipsins gefur, til þess að knýja skipið áfram, miðað við fjögurra klst. siglingu á því fullfermdu.

2. gr.

Gufuvélar.

Hestöfl skulu reiknuð eftir neðanskráðri reglu:

$$HÖ = \frac{\sqrt[3]{P} (\sqrt[3]{P^2} \cdot \sqrt[3]{S.a.n.} + b \cdot H)}{c}$$

P = ketilþrýstingurinn í kg á hvern ferem.

b = þvermál lágþrýstistrokks í cm.

S = bulluslagið í cm.

115
21. júní

n = tala jafnstórra lágþrýstistrokka.
H = hitaflötur ketilsins í fermetrum.
Sn = snúningshraðinn á mínútu.

Þegar $\frac{S \times Sn}{3300}$ er minna en 2,5 er a 1.00

— — — 3,0 — — 1.10

— — — 3,5 — — 1.25

— — — 4,0 — — 1.40

— — — 4,5 — — 1.55

Stuðlarnir b og c fara eftir bulluslaginu.

Þegar S er minna en 20 cm er b 265 c 340

— — — — 40 — — — 270 — 345

— — — — 60 — — — 275 — 355

— — — — 80 — — — 280 — 365

— — — — 100 — — — 285 — 375

— — — — 120 — — — 290 — 385

— — — — 140 — — — 295 — 395

Þegar S liggur á milli ofangreindra centimetratalna, skal finna b og c með interpolation.

Sé vélsúgur notaður, skal hækka stuðulinn b um 10%.

Til hitaflatarins H telst:

Allt yfirborð ketilpípnanna, milli pípuplatanna.

Allt yfirborð eldholanna, niður að miðri rist, milli saumfara til beggja enda.

Yfirplata og hliðarplötur bálholsins niður að línu, sem er 76 mm undir miðlínu eldholans (en sé hliðarplata yfir botni bálholsins, skal mæla að henni).

Innri pípuplatan, að frádregnu flatarmáli pípnanna.

Bakplata bálholsins, að línu sem er 76 mm undir miðlínu eldholans.

Ofangreind regla gildir fyrir vélar, sem hafa lægri eimþrýsting en 16 kg á hvern ferem og meðalþrýsting meiri en 1,6 kg á hvern ferem.

$$\text{Meðalþrýstingurinn } pm = \frac{225000 \text{ HÖ}}{n.F.S.Sn.}$$

F er flatarmál lágþrýstibullu í ferem.

3. gr.

Mótorar.

a. Mótorar allt að 800 hestöfl:

$$HÖ = \frac{K \cdot T \cdot D^2 \cdot S \cdot N}{10^6}$$

HÖ = tala hestafla.

T = tala jafnstórra strokka.

D = þvermál strokks í cm.

S = slaglengd bullu í cm.

N = snúningur mótorsins á mínútu.

K = margfeldi, sem er:

4,5 fyrir miðþrýstimótora;

5 fyrir háþrýstimótora með tvískiptu brunaholi og 2-gengis dieselmótora, sem nota sveifarhúsið fyrir skolloftsdælu, og rafkveikjuvélar;

8,6 fyrir 2-gengis dieselmótora, sem hafa sérstaka skolloftsdælu;

4,3 fyrir 4-gengis dieselmótora.

Sé bulluhraðinn yfir 6 metra á sekúndu, dragast 5% frá hestöflum þeim, 115
sem reiknuð eru eftir þessum reglum, sé um 4-gengis mótoru að ræða, en 10% 21. júní
ef um 2-gengis mótoru er að ræða.

b. Mótorar 800 hestafla og þar yfir:

$$HÖ = \frac{T \cdot F \cdot pm \cdot S \cdot N}{G \cdot 225000}$$

T = tala jafnstórra strokka.

F = flatarmál bullu í ferem.

pm = meðalþrýstingur í kg/cm².

S = slaglengd bullu í cm.

N = snúningur mótorsins á mínútu.

G = $\begin{cases} 4 & \text{fyrir 4-gengismótora.} \\ 2 & \text{fyrir 2-gengismótora.} \end{cases}$

Pm reiknast 6,2—8 kg/cm² eftir gerð mótorsins.

4. gr.

Komi það fyrir, að aðalvél skips sé mjög frábrugðin áðurgreindum vélartegundum, felur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið tveimur þar til hæfum mönnum að ákveða hestaflafjölda þessara véla.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað og fellur jafnframt úr gildi auglýsing nr. 122 30. október 1936 um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur og Hjalta Jóhannssonar og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur“, 22. júní
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júní 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur (f. 27. júlí 1892, d. 2. febrúar 1942) og Hjalta Jóhannssonar (f. 11. marz 1875, d. 13. júní 1944), áður bónda á Gilsstöðum, Vatnshorni og víðar, en síðar verkamanns á Hólmavík, og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur (f. 6. júní 1865, d. 10. des. 1925).

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur og Hjalta Jóhannssonar og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt fyrirætlum í erfðaskrá Hjalta Jóhannssonar, verkamanns á Hólmavík, dagsettri 7. júní 1944, og staðfestri sama dag af notario publico.

Stofnfé sjóðsins að frádregnum erfðafjárskatti er kr. 9000.00.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum stjórnarnefndar ríkisspítalanna og ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Alla vexti skal leggja við höfuðstólinn, unz sjóðurinn hefur náð þeirri fjárhæð, að telja megi, að hann sé fær um að svara nokkurn veginn rausnarlega tilgangi sínum. Eftir það má verja allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxta samkvæmt ákvæðum 5. gr. Hinn hluta vaxtanna skal enn leggja við höfuðstólinn honum til aukningar. Höfuðstólinn, eins og hann er á hverjum tíma, má aldrei skerða.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja krabbameinssjúklinga þeim til lækningar og aðhlyningar. En verði slíkra styrkveitinga ekki þörf, vegna almennra trygginga eða fjárframlaga hins opinbera, skal í þess stað verja úthlutuðum vöxtum til að styrkja vísindalegar krabbameinsrannsóknir.

Styrkveitingum úr sjóðnum ráða yfirlæknar Landsspítalans og forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans. Verði stofnanir þessar að einhverju eða öllu leyti lagðar niður, taka við úthlutuninni þeir opinberir starfsmenn, er samsvarandi störfum gegna, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af stofnum þeirri, er fer með yfirstjórn heilbrigðismála ríkisins. Á samsvarandi hátt fer um það, ef stjórnarnefnd ríkisspítalanna (sbr. 4. gr.) verður lögð niður.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

Skipulagsskrá þessi er að fyrirlagi stofnandans samín af landlækni. Leita skal henni staðfestingar forseta.

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða í Þingeyrarkauptúni í Þingeyrarhreppi.

Sölubúðum í Þingeyrarkauptúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis nema föstudaga kl. 7 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal búðum lokað eigi síðar en kl. 5 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h.

Annan tíma árs — vetrarmánuðina — skal lokunartími á laugardögum vera kl. 5. 117

Meðan slátrun stendur yfir að haustinu skal búðum lokað kl. 7 síðdegis. 25. júní

3. gr.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í kaптúninu, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrir en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

4. gr.

Almennu helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, 1. mánudag í ágústmánuði og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

5. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum og öðrum þeim, sem nefndir eru í 4. grein, frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis. eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja, eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, salt, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala geti farið fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð Þingeyrarhrepps.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júní 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

118
28. júní

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélag Norðurár í Borgarfirði.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Norðurár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er að Dalsmynni, Norðurárdal, Mýrasýslu.

2. gr.

Félagið er stofnað í því augnamiði, að gera sem arðbærasta laxveiði og silungsveiði í Norðurá. Tilgangi sínum hyggst félagið að ná með því, að selja ána á leigu til stangaveiði, en koma í veg fyrir allar aðrar aðferðir við veiði í henni nema að svo miklu leyti, sem nauðsyn þykir að nota netaveiði til þess að ná í klaklax.

3. gr.

Félagssvæði er Norðurá frá Króksfossi að Munaðarnesi og Arnarholti.

4. gr.

Félagsmenn eru allir ábúendur jarða eða eigendur veiðiréttinda í Norðurá á félagssvæðinu, þ. e. fyrir þessum jörðum: Krókur, Háreksstaðir, Sveinatunga, Hvammur, Hóll, Hafþórsstaðir, Dýrastaðir, Hreimsstaðir, Klettstía, Dalsmynni, Skarðshamrar, Desey, Brekka, Hreðavatn, Svartagil, Glitstaðir, Uppsálar, Laxfoss, Veiðilækur, Einifell, Litla Skarð, Grafarkot, Stóra Gröf.

5. gr.

Veiði öll skal óheimil í ánni, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal fram tekið í veiðileyfi, að eigi sé heimilt að nota önnur veiðitæki en stöng, og að öðru leyti til hve langs tíma leyfið sé veitt og á hverju svæði árinna það heimili að veiða.

6. gr.

Félagsstjórnin hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum alla ána eða hluta af henni, um tiltekið árabíl, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 10 ár. Í slíkum samningi skal jafnan fram tekið, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði, og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stofnfundur félagsins kýs hina fyrstu stjórnendur, en þeir ganga úr stjórninni eftir hlutkesti, einn á hverju ári og verður því eftirleidis kosinn einn maður í stjórnina árlega, til þriggja ára. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögleg forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn samfleytt í 3 ár.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur og eftirlit með því, að samþykktum félagsins sé hlýtt og má ráða mann sér til aðstoðar til þess að hafa eftirlit með veiðinni o. fl. Formaður félagsstjórnarinnar kemur fram fyrir félagsins hönd út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og öllum fjárreiðum. Á fundum stjórnarinnar ræður afl

atkvæða. Ef atkvæðin eru jöfn, sker atkvæði formanns úr, enda er stjórnarfundur lögmætur er tveir stjórnendur eru mættir.

118
28. júní

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en í febrúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er skriflega eða símleiðis boðaður með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarins og efnis hans getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Auk stjórnar kys og aðalfundur tvo endurskoðendur félagsreikninganna. Hann kveður og á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

10. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefni.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir fram til úrskurðar.

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er að minnsta kosti af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún í þrjú ár í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir hin gamla áfram, enda sé eigi krafizt mats að lögum. Félagsmenn greiða gjöld félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Tekjum félagsins skal skipt eins fljótt og unnt er, þá er þær hafa borgazt inn.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr., og veiði eða andvirði hennar, svo og veiðitæki, skulu gerð upptæk og verða eign félagssjóðs.

14. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

15. gr.

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það. Eignum félagsins eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafnað niður samkvæmt arðskrá.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

119
28. júní

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Norðurár í Borgarfirði.

1. Sveinatunga	300.00
2. Krókur	330.00
3. Háreksstaðir	350.00
4. Hvammur	410.00
5. Hóll	300.00
6. Dýrastaðir	250.00
7. Hafþórsstaðir	300.00
8. Hreimsstaðir	300.00
9. Skarðshamrar	570.00
10. Klettstía	250.00
11. Dalsmynni	250.00
12. Brekka	250.00
13. Glitstaðir og Uppsafir	550.00
14. Svartagil	350.00
15. Hreðavatn	1000.00
16. Deseý	100.00
17. Veiðilækur	2300.00
18. Laxfoss og Einifell	5600.00
19. Litla Skarð	1300.00
20. Grafarkot	500.00
21. Stóra Gröf	600.00

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

120

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs læknishjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen
héraðslæknis á Akranesi, árið 1944.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:	
Inneign í Aðaldeild Söfnunarsjóðs nr. 589	kr. 4333.14
2. Vextir 1943 innfærðir á árinu	— 210.28
3. Gjafir á árinu	— 700.00
	<hr/>
	Kr. 5243.42

Gjöld:

120

1. Styrkur veittur Sigurði Ólafssyni frá Eyri í Svinadal	kr. 200.00
2. Sjóður í árslok	— 5043.42
	<u>Kr. 5243.42</u>

Akranesi, 24. janúar 1945.

Ólafur Finsen. Þorsteinn Briem. Árni Árnason. Þuríður Guðnadóttir.

V Ö G G U S T O F U S J Ó Æ U R

121

Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, ljósmóður, frá Seljamýri.

Ársreikningur 1944.

Reikningur yfir tekjur og gjöld:

Gjöld:

1. Úthlutað $\frac{1}{2}$ hlutum ársvaxta sjóðsins til vöggustofubarna	kr. 268.32
2. Tekjuafgangur	— 12712.10
	<u>Kr. 12980.42</u>

Tekjur:

1. Minningargjafir:	
a. Stofngjöf (frá Sigrúnu Sigurj. og Ísak Jónss.)	kr. 5000.00
b. Minningargjöf um Ingibjörgu Þorsteinsdóttur forstöðukonu frá Sumargjöfinni (verðbréf)	— 1000.00
c. Minningargjöf frá ættingjum og vinum I. Þ. forstöðukonu	— 1090.00
d. Minningargjöf um frú Kristínu B. Símonarson og frú Camillu Bjarnason frá Bandalagi kvenna	— 3000.00
e. Minningargjöf um Jón Þorsteinsson, bónda að Seljamýri, frá skóla Ísaks Jónssonar	— 2000.00
f. Minningargjafir og áheiti um ýmsa frá ýmsum	— 555.00
2. Vextir af verðbréfum og sparisjóðsinneign	— 335.42
	<u>Kr. 12980.42</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1944.

Eignir:

1. Handbært fé:	
Í sparisjóðsbók nr. 46426 (sjá bankabók)	kr. 6712.10
2. Aðrar eignir:	
Bankavaxtabréf (Veðdeildarbréf)	— 6000.00
	<u>Kr. 12712.10</u>

Skuldir:

1. Höfuðstóll:	
Tekjuafgangur þessa fyrsta árs sjóðsins	kr. 12712.10
	<u>Kr. 12712.10</u>

F. h. Vöggustofusjóðs Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur.

Ísak Jónsson.

122

REIKNINGAR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1944.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá f. á.:			
a. 4 jarðræktarbréf, hvert á 1000.00 (nafnverð)	kr.	4000.00	
b. Veðdeildarbréf, 1 á 1000.00, 4 á 500.00 (nafnverð) —		3000.00	
c. Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Ísl. —		2350.69	
			kr. 9350.69
2. Vextir:			
a. Af jarðræktarbréfum	kr.	220.00	
b. — veðdeildarbréfum	—	150.00	
c. — Sogsvirkjunarlánsbréfi	—	40.00	
d. — 1 Rafmagnsveitulánsbréfi	—	40.00	
e. — innlögum í Útvegsbanka Íslands	—	7.97	
			— 457.97

Gjöld:

			kr. 9808.66
1. Leiga fyrir pósthólf nr. 54 í Landsbanka Íslands	kr.	30.00	
2. Eftirstöðvar til næsta árs:			
a. 4 jarðræktarbréf, hvert á 1000.00 (nafnverð)	kr.	4000.00	
b. 5 veðdeildarbréf, 1 á 1000.00, 4 á 500.00 (nafnverð) —		3000.00	
c. 1 Sogsvirkjunarlánsbréf (nafnverð)	—	1000.00	
d. 1 Rafmagnsveitulánsbréf (nafnverð)	—	1000.00	
e. Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Ísl. —		778.66	
			— 9778.66
			kr. 9808.66

Reykjavík, 4. janúar 1945.

Sigurgeir Sigurðsson. Sigurjón Jónsson. Helgi Ingvarsson.

123

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar fyrir árið 1940.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	13200.00	
b. Fasteignaveðslán	—	82780.00	
c. Ríkisskuldabréf	—	10000.00	
d. Bankainnstæða	—	2891.57	
e. Útistandandi vextir	—	2668.00	
			kr. 111539.57
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	654.50	
b. — ríkisskuldabréfum	—	550.00	
c. — bankainnstæðu	—	67.36	
	Flyt	kr. 1271.86	
			kr. 111539.57

	Flutt	kr. 1271.86	kr. 111539.57	
d. Af fasteignaveðslánunum	kr. 5890.50			123
+ ógr. vextir frá 1940	— 921.50			
		<u>4144.00</u>	— 5415.86	
÷ innb. vextir frá f. árum	kr. 2668.00			
				Kr. 116955.43

Gjöld:

1. Veittur styrkur		kr. 4000.00	
2. Eign í árslok:			
a. Bankavaxtabréf	kr. 13200.00		
b. Fasteignaveðslán	— 81646.48		
c. Ríkisskuldabréf	— 10000.00		
d. Bankainnstæða	— 1520.36		
e. Í sjóði	— 5658.09		
f. Útistandandi vextir	— 921.50		
			kr. 112955.43
			Kr. 116955.43

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. maí 1941.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

REIKNINGUR

124

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar fyrir árið 1941.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Bankavaxtabréf	kr. 13200.00		
b. Fasteignaveðslán	— 81646.48		
c. Ríkisskuldabréf	— 10000.00		
d. Bankainnstæða	— 1529.36		
e. Í sjóði	— 5658.09		
f. Útistandandi vextir	— 921.50		
			kr. 112955.43
2. Vextir:			
a. Af fasteignaveðslánunum	kr. 5069.49		
÷ innb. vextir frá f. ári	— 921.50		
		kr. 4147.99	
b. Af bankainnstæðu	— 147.09		
c. — ríkisskuldabréfum	— 440.00		
d. — bankavaxtabréfum	— 654.50		
e. — öðrum verðbréfum	— 250.00		
f. Arður af verðbréfakaupum	— 262.50		
			— 5902.08
			Kr. 118857.51

124

Gjöld:

1. Veittur styrkur o. fl.	kr.	4012.74
2. Eign í árslok:		
a. Bankavaxtabréf	kr.	13200.00
b. Fasteignaveðslán	—	78679.72
c. Ríkisskuldabréf	—	8000.00
d. Bankainnstæða	—	9965.05
e. Önnur verðbréf	—	5000.00
		<u>— 114844.77</u>

Kr. 118857.51

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. jan. 1942.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

125

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar fyrir árið 1942.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:		
a. Bankavaxtabréf	kr.	13200.00
b. Fasteignaveðslán	—	78679.72
c. Ríkisskuldabréf	—	8000.00
d. Bankainnstæða	—	9965.05
e. Önnur verðbréf	—	5000.00
		<u>kr. 114844.77</u>
2. Vextir:		
a. Af fasteignaveðslánum	kr.	4072.75
b. — bankavaxtabréfum	—	604.50
c. — ríkisskuldabréfum	—	412.50
d. — öðrum verðbréfum	—	250.00
e. — bankainnstæðu	—	240.66
		<u>— 5580.41</u>

Kr. 120425.18

Gjöld:

1. Veittur styrkur	kr.	4000.00
2. Eignir til næsta árs:		
a. Fasteignaveðslán'	kr.	67829.89
b. Bankavaxtabréf	—	12100.00
c. Ríkisskuldabréf	—	7000.00
d. Önnur verðbréf	—	5000.00
e. Bankainnstæða	—	24495.29
		<u>— 116425.18</u>

Kr. 120425.18

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. jan. 1943.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

REGLUGERÐ

126

7. ágúst

um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 3 4. apríl 1923.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 33 frá 9. jan. 1935, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sölu og veitingu áfengra drykkja, er um ræðir í nefndum lögum og lögum nr. 3 frá 1923.

1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefur aðsetur sitt í Reykjavík og útibú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði, svo og í öðrum kaupstöðum og kaupúnum, eftir því sem ríkisstjórnin kann að ákveða, eftir að fullnægt hefur verið skilyrði því, er um ræðir í 9. gr. 2. mgr. áfengislaganna nr. 33 frá 1935, sbr. lög nr. 26 18. febrúar 1943.

2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins má ein flytja áfenga drykki hingað til lands. Þó er henni óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

3. gr.

Áfengisverzlunin selur áfengi eftir því, sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari og gildandi lögum.

4. gr.

Áfengisverzlunin selur áfengi þeim, er hér segir:

1. Veitingastað, sem öðlazzt hefur heimild til veitinga áfengra drykkja.
2. Læknur, sem rétt hafa til lyfjasölu, og lyfsöllum, þó aðeins það áfengi, sem talið er í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja, og í samræmi við reglugerð, er sett hefur verið samkvæmt 10. gr., 1. tölul., 2. mgr., áfengislaganna.
3. Þeim, sem rétt hafa til að fá keyptan vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota, svo og þeim, sem rétt hafa til sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, hvort tveggja í samræmi við það, er fyrir er mælt í reglugerð, er sett var samkvæmt 10. gr., 3. tölulið, áfengislaganna.
4. Alþingi, ríkisstjórn og bæjarstjórnnum til risnu.

Óheimilt er Áfengisverzlun ríkisins að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnum tillögum forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, útsöluverð áfengisins með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

6. gr.

Allt það áfengi, sem áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverðið.

7. gr.

Ráðuneytið ræður forstöðumenn útibúa og ákveður kjör þeirra, önnur en laun, sem ákveðin eru í launalögum.

Forstöðumennirnir skulu fara nákvæmlega eftir ákvæðum þessarar reglu-

- 126 gerðar, gildandi lögum og þeim frekari ákvæðum, er fjármálaráðuneytið og 7. ágúst Áfengisverzlun ríkisins kann að setja um söluna yfirleitt eða sérstaklega fyrir hvern stað. Forstöðumaður Áfengisverzlunar ríkisins skal í samráði við fjármálaráðuneytið mæla fyrir um, hvernig bókfærslu og skilum útibúanna skuli hagað.

8. gr.

Útsölustöðum Áfengisverzlunar ríkisins er óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

Útsölustaðirnir skulu vera lokaðir frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

9. gr.

Veitingar áfengis, þ. e. sölu til neyzlu á staðnum, má aðeins hafa um hönd af þeim, sem fjármálaráðuneytið veitir heimild til þess, og aðeins í þeim húsakynnum, er ráðuneytið samþykkir. Skyldur er veitingasali að fara í öllu eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum þeim, er ráðuneytið setur honum í veitingaleyfi eða á annan hátt.

10. gr.

Veitingar áfengis mega aðeins fara fram á tímabilinu frá kl. 12 á hádegi til kl. 2½ síðdegis, og frá kl. 7 til 11½ síðdegis. Þó má veita áfengi í lokuðum samkvæmum eftir kl. 11½ síðdegis, en þó aldrei lengur en til kl. 4 f. h. Ekki má vín vera á borðum gesta lengur en ½ klukkutíma, eftir að liðinn er sá tími, er áfengi má veita.

11. gr.

Heimilt er Áfengisverzlun ríkisins að selja áfengi til veitingahúss 10% herra verði en áfengið er selt í áfengisútsölum. Veitingastað skal leyfð verðframbærsla, sem nemur allt að 35% af kaupverði hans á áfenginu, þegar neytendum er selt vín á hálfum og heilum flöskum. En auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 25% frá þessu verði, þegar sala fer fram í minni skömmtum. Áfengisverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð vina á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

12. gr.

Enginn má hafa með sér vín í veitingahús eða hafa það með sér þaðan. Veitingamanni er skylt að gæta þess, að ekki sé brotið gegn þessu.

13. gr.

Óheimilt er Áfengisverzlun ríkisins, útibúum hennar og veitingastöðum að selja vín.

1. Þeim, sem yngri eru en 21 árs.
2. Þeim, sem bersýnilega eru ölvaðir, þegar þeir beiðast kaupa.
3. Þeim, sem sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

14. gr.

Engum er heimilt að auglýsa áfengi né einstakar áfengistegundir.

15. gr.

Hver, sem notar eftirmynd af merkjum Áfengisverzlunar ríkisins eða misnotar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu að lögum.

16. gr.

Lögreglustjórar geta ekki neytt heimildar þeirrar til að leyfa, að áfengi sé um hönd haft í félagsskap, sem ræðir um í 17. gr. 2. mgr. áfengislaganna, nema í veizl-

um, samsætum og öðrum slíkum samkvæmum, þar sem sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafa ekki fjárhagslegan hagnað af. Slík leyfi má ekki veita skemmtifélögum. **126**
7. ágúst

Ekki má heldur veita slík leyfi til vinnautnar í samkvæmum, sem haldin eru á veitingastöðum, ef ætla má að til þeirra sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahúsið.

Leyfi samkvæmt 17. gr., 2. mgr. áfengislaganna skulu vera skrifleg, og skal þess getið í þeim, hvert tilefni leyfisins sé og hvar samkvæmið verði haldið. Samrit af leyfinu skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tafarlaust senda til fjármálaráðuneytisins.

17. gr.

Lögreglustjórum skal heimilt að loka útsölu eða veitingastað áfengis um einn eða fleiri daga, ef óeirðir eru byrjaðar eða yfirvofandi á staðnum eða önnur slík tilefni gefast, er hafa það í för með sér, að sérstök hættu geti stafað af vinnautn manna. Jafnan skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tilkynna fjármálaráðuneytinu símleiðis, ef unnt er, en ella við fyrsta tækifæri, þegar slík lokun á sér stað og tilefni hennar.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 25 kr. nema þyngri refsing liggji við samkvæmt áfengislögnum nr. 33 frá 1935 eða öðrum lögum.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er numin úr gildi reglugerð nr. 164 2. október 1940, útgefin af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sbr. forsetaúrskurð 2. ágúst 1945 um breyting á forsetaúrskurði nr. 73 31. maí 1945 um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 7. ágúst 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

*Bráðabirgðalög um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglu-
firði, undirskrifuð af forsetanum 31. maí 1945, nr. 72.*

*Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrif-
aður af forsetanum sama dag, nr. 73.*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymslu-
hús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, undirskrifuð af forsetanum 29. júní 1945,
nr. 74.*

*Forsetaúrskurður um breyting á forsetaúrskurði 31. maí 1945, um skipun og
skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af forsetanum 2. ágúst 1945, nr. 75.*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýr-
tiðarvisitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðar-
afurða á visitöluna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 76.*

*Fyrirmæli um sparissjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands, undirskrifuð af land-
búnaðarráðherra 7. maí 1945, nr. 77.*

*Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð fyrir verkfræðideild
Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 2. ágúst 1945, nr. 78.*

127 Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 30. tbl. Lögbirtingablaðsins 13. júní 1945, um afnám og innköllun siglingaskírteina.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni, að ekki sé lengur þörf fyrir siglingaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941, sbr. auglýsingu ráðuneytisins í Lögbirtingablaðinu, dags. 19. febrúar s. l.

Skírteinum þessum ber að skila aftur eins fljótt og hægt er til brezka aðal-konsúlatsins í Reykjavík, brezka vice-konsúlsins á Akureyri, brezku flotastjórnarinnar á Seyðisfirði og brezka vice-konsúlsins í Vestmannaeyjum.

128 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið 10. júlí Bíóhöllina á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- herra 10. júlí 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi.

1. gr.

Við undirrituð hjón höfum með bréfi, dags. 28. september 1943, gefið Akranes-kaupstað kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina við Vesturgötu nr. 29 á Akra-nesi með gangstéttum umhverfis og tilheyrandi lóð, 770 fermetrum að stærð, ásamt sýningarvélum og öllum útbúnaði innan húss, eins og þetta var í byrjun október-mánaðar 1943, skuldlaust.

Tilgangur okkar með gjöf þessari er samkvæmt gjafabréfinu að styðja mann- **128**
úðar- og menningarmál innan Akraneskaupstaðar, og skal öllum arði af rekstri **10. júlí**
Bíóhallarinnar varið í því skyni, svo sem nánar er mælt fyrir um í 6. gr. skipu-
lagsskrár þessarar.

2. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar skipa fimm menn:

Við hjónin og Sturlaugur sonur okkar, meðan við erum á lífi, sóknarprestur Akraneskirku, eða safnaðar, og bæjarstjóri Akraneskaupstaðar.

Eftir andlát okkar taka þrír nánustu afkomendur okkar eða makar þeirra sæti í stjórninni. Þó skulu þeir afkomendur okkar, sem heima eiga á Akranesi, ganga fyrir um sæti í stjórninni. Á meðan annaðhvort okkar er á lífi áskiljum við okkur að ráða því sjálf, hver vandamanna okkar tekur sæti í stjórninni með okkur.

Ef fleiri en þrír jafnánir afkomendur okkar eiga heima í Akraneskaupstað, taka þeir þrír menn sæti í stjórn, sem tilnefndir eru af afkomendum okkar innan kaupstaðarins. Nú verða atkvæði jöfn við tilnefningu og ræður þá hlutkesti.

Nú eiga færri en þrír afkomendur okkar eða makar þeirra, heima á Akranesi og skulu þá stjórnarnefndarmenn boða til fundar með þeim afkomendum okkar, sem til næst, með opinberri auglýsingu, er birt sé með hæfilegum fyrirvara, og tilnefna þeir þá menn, er til vantar í stjórnina af sinni hálfu. Skulu þeir afkomendur okkar, sem heima eiga í Borgarfjarðarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði eða nánasta nágrenni þeirra kaupstaða ganga fyrir þeim, sem fjær búa. Verði atkvæði jöfn við tilnefningu þessa ræður hlutkesti.

Nú koma eigi a. m. k. þrír afkomendur okkar á fund þenna og skal þá á sama hátt boða til fundar með öllum afkomendum foreldra okkar til þess að ráða stjórnarkjöri til lykta. Skulu og afkomendur systkina okkar ganga fyrir öðrum til stjórnarkjörs að afkomendum okkar frágengnum.

Fari svo, að stjórn Bíóhallarinnar verði ekki fullskipuð á þann hátt, sem að framan greinir, felum við dómsmálaráðuneytinu að tilnefna þann eða þá stjórnendur, sem á vantar fulla tölu, eins og að framan greinir.

Enginn getur tekið eða átt sæti í stjórninni né heldur tekið þátt í stjórnarkjöri, nema hann sé lögráður.

3. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar kýs sér formann og ritara úr sínum hópi. Formaður kveður til stjórnarfunda þegar honum þykir ástæða til. Á fundum ræður af atkvæða.

4. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar hefur yfirstjórn á rekstri hennar. Hún ræður framkvæmdarstjóra og segir honum upp starfi ef því yrði að skipta.

Stjórnin ræður ein öllum málefnum Bíóhallarinnar innan þeirra takmarka, sem sett eru í skipulagsskrá þessari.

Ef hún telur brýna nauðsyn bera til er henni heimilt að selja Bíóhöllina eða veðsetja hana, en þó aðeins að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Nú kann svo að fara, að Bíóhöllin verði seld og skal þá ef unnt er fá í staðinn og starfrækja annað hús hagkvæmara, í sama tilgangi og Bíóhöllin var starfrækt. Sé það ekki unnt, skal verja söluandvirðinu til mannúðar- og menningarmála á Akranesi samkvæmt því, sem segir í 6. gr., t. d. með því að stofna sjóð í þessu skyni.

5. gr.

Reikningsár Bíóhallarinnar er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið við reikninga hvers árs fyrir lok janúar mánaðar næsta ár og afhent þá til endurskoðunar.

128 Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar kýs tvo endurskoðendur reikninga Bíóhallarinnar.
10. júlí innar.

Bíóhöllin greiðir ekki útsvar né sætagjald eða neina aðra skatta til bæjar-sjóðs, sbr. gjafabréf okkar og svarbréf bæjarstjórnarinnar á Akranesi, dags. 19. sept. 1943.

6. gr.

Tekjuafgangi af rekstri Bíóhallarinnar skal, að frádregnum viðhalds- og um-bótakostnaði, verja til þess að styðja að byggingu gamalmennahæla, barnaheimila, sjúkrahúsa og drykkjumannahæla fyrir kaupstaðinn og til kaupa á hjúkrunar- og lækningatækjum og öðrum útbúnaði til stofnana þessara, svo og til styrktar rekstri þeirra, þegar þau eru komin á fót.

7. gr.

Sjóð þann, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, skal stjórnin geyma og ávaxta á sem tryggilegastan hátt og þannig, að til hans megi grípa með litlum fyrirvara til styrktar þeim málefnum, sem um ræðir í 6. gr. Skal meginhluti sjóðsins að jafnaði geymdur í banka eða örugnum sparisjóði, en heimilt er stjórninni að ávaxta þann hluta hans, sem ekki er líklegt að grípa þurfi til í náinni framtíð, með kaupum á tryggum, opinberum verðbréfum.

Hins vegar er óheimilt að veita einstaklingum eða félögum lán úr sjóðnum.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og er skipulags-skrá nr. 82 24 maí 1944 þar með úr gildi fallin.

Akranesi, 5. júní 1945.

Ingunn Sveinsdóttir. Haraldur Böðvarsson.

129
9. júlí

REGLUGERÐ

um veltuskatt.

1. gr.

Ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á fjárhæð veltuskatts skal tilkynnt skattgreiðanda með ábyrgðarbréfi, sem skal póstlagt í síðasta lagi 1. n. m., eftir að gjaldið er ákveðið. Ef skattgreiðandi vill kæra skatt sinn fyrir skattstjóra eða skattanefnd, skal hann senda kæru sína fyrir 10. sama mánaðar. Úrskurður skattstjóra eða skattanefndar skal kveðinn upp og tilkynntur í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurði skattstjóra eða skattanefndar má áfrýja til yfirskaftanefndar og síðan til rikisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kæru-frestur til þeirra eru 10 dagar, og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 62 12. marz 1945, um veltuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 86 24. apríl 1943, um samflot skipa.

Reglugerð nr. 86 24. apríl 1943, um samflot skipa, er úr gildi numin.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1945.

Emil Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

130

17. júlí

SAMBÝKKTIR

fyrir Sparisjóð Skriðuhrepps, Eyjafjarðarsýslu.

131

27. júlí

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Skriðuhrepps. Heimili hans og varnarþing er í Skriðuhreppi.

2. gr.

Til tryggingar því, að geymslufé innlagsmanna glatist ekki og sjóðurinn standi í skilum, skal sveitarfélagið, sem stofnandi hans, ábyrgjast innstæðurnar með allt að kr. 10000.00, og skal hreppsnefndin fyrir hönd sveitarfélagsins skrifa undir skuldbindingu þar að lútandi í gerðabók hreppsins. Ábyrgðin er óuppsegjanleg.

3. gr.

Stjórn sparisjóðsins er: hreppsnefnd Skriðuhrepps, og ræður hún starfsmenn og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnvaldaauglýsingar, hverjir séu starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og upplýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni stjórnar, starfsmanna eða endurskoðenda, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og aðrir starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum né ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn: féhirðir og formaður. Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð nema tveir úr stjórn hans eða starfsmenn séu viðstaddir og rita þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins. Féhirðir má veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þótt aðrir starfsmenn séu ekki viðstaddir. Heimilt er hreppsnefndinni að hafa þessi störf með höndum. Starfsmenn skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn, en heimilt er stjórn sjóðsins að segja þeim upp starfinu fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir fyrir hendi. Skal formaður leggja málið fyrir lögboðaðan sveitarfund, sem fellir í því fullnaðarúrskurð.

131

27. júlí

Sérhver greiðsla í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust rituð í dagsjóðbók og aðrar þær bækur, sem greiðsla á heima í, og einnig skal rita afborganir af lánnum á hlutaðeigandi skuldabréf. Allar bækur skulu skýrt og greinilega færðar, og sé einhverri tölu breytt, skal sjást, í hverju breytingin var innifalin. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja greiðslu.

7. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok marz mánaðar ár hvert, og boðar sveitarstjórnin fundinn með nægum fyrirvara. Þar skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins fyrir næsta almanaksár, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar stjórnin, ef ástæða þykir til. Samþykktum sjóðsins má ekki breyta, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna séu með breytingunni.

8. gr.

Innlög í sjóðinn skulu ekki minni en 1 króna í senn. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver maður viðskiptabók með sama nafni og númeri og í innstæðubók stendur og jafnframt samþykktir, ef þess er óskað. Telji sparisjóðsstjórnin skaðlegt fyrir sjóðinn að taka á móti innstæðufé, getur hún neitað því, og einnig getur hún sett hömlur á, hve mikið fé má leggja í reikning hvers einstaklings. Um eignir manna í sjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

9. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sjóðstjórnin í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma, og skulu vextir reiknaðir að fullu og færðir í bækur sjóðsins í árslok. Í innstæðubókina skulu vextir færðir og lagðir við höfuðstólinn hjá hverjum innstæðueiganda. Vextir reiknast eftir þrítugnættum mánuðum og gjaldast minnst í einum eyri.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextir færðir í hana og þess þá nákvæmlega gætt, að henni beri saman við innstæðubókina. Finnist skekkjur í vaxtareikningi, eftir að fært hefur verið í innstæðubók, má eigi breyta hinum skráðu tölum, en leiðrétta skal skekkjuna þegar í stað.

10. gr.

Nú vill sá, sem fé á í sjóðnum, fá það útborgað, og skal hann þá krefjast þess með tveggja mánaða fyrirvara, nema það séu 100 krónur eða minna. Innstæðufé má aldrei greiða, nema viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin skráð í hana. Starfsmenn sjóðsins skulu gæta þess nákvæmlega að bera bækur sjóðsins saman við viðskiptabókina í hvert skipti, sem innstæða er hreyfð.

Það er eigi á ábyrgð sjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

11. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast í gjaldgengri mynt eða seðlum. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabók aftur án endurgjalds. Glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

Ef eigandi að innstæðu eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár til þess að taka við vöxtum eða segja höfuðstól upp og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun

í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins. **131**

27. júlí

12. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fyrirvara. Skal þá gefa út auglýsingu um það í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem sagt var upp.

13. gr.

Ársarð af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiðast úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema varasjóður sé 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt samkvæmt tillögum sparisjóðsstjórnar að verja megi fé úr sjóðnum til almennra þarfa í héraðinu.

14. gr.

Varasjóður skal vera í tryggum, auðseldum verðbréfum eða inneign í banka, sem er ríkistryggður. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok næst á undan.

Eigi má grípa til þessa fjár nema nauðsyn krefji, og skal þá svo fljótt sem verða má koma því í lag aftur.

15. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur slík verðbréf;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn veði í fasteign og þó aldrei yfir 60% af fasteignamati eða öðru mati, sem lögskipaðir matsmenn framkvæma. Sjálfskuldarábyrgðarlán má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé þeim að fullu lokið innan 10 ára frá lánveitingu;
- c. með því að kaupa víxla, sem stjórn sjóðsins telur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegt.

16. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af lánnum. Verði vanskil á vöxtum, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

17. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti stjórnarinnar sé því samþykkur og ákveði lánshámark.

Sparisjóðurinn skal ætíð eiga $\frac{1}{10}$ hluta af innstæðufénu í ríkistryggðum banka eða auðseldum verðbréfum. Komi það fyrir, að stjórn sjóðsins neyðist til að grípa til þess fjár, skal það lagfært svo fljótt sem mögulegt er, og ætíð skal það gert innan tveggja mánaða. Verðbréfaforða sjóðsins má eigi skerða, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur. Ef verðbréf, sem sjóðurinn á, hljóða á handhafa, skulu þau skráð sem eign sjóðsins.

18. gr.

Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema öll stjórn sparisjóðsins sé því samþykk. Ef sjóðurinn veðsetur verðbréf sín, skal það greinilega skráð í bækur sjóðsins, hverjum bréfin séu veðsett, og einnig skulu vera í vörzlum sjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins.

131
27. júlí

19. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisanir á sjálfan sig.

20. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar endurskoðaðir lagðir fyrir sveitarfund til samþykktar fyrir lok marz mánaðar ár hvert.

21. gr.

Reikningur sparisjóðsins skal gerður samkvæmt fyrirmynd, sem sparisjóðseftirlitið setur á hverjum tíma.

22. gr.

Semja skal við hver árslok skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, ásamt vöxtum. Skal tala viðskiptabóka nákvæmlega sjást á skrá þessari. Einnig skal semja skrá yfir öll lán, sem sjóðurinn á útistandandi, hverju nafni sem nefnast, og skal þá sjást greinilega, hvað er fasteignaveðlán, sjálfskuldarábyrgðarlán og víxlar. Gjaldalagi allra lána skal sjást, og fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir, einnig hvernig víxilréttar hefur verið gætt. Á skráum þessum skal geta nafns hvers lántakanda og einkennistölu. Loks skal semja skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

23. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikningana í því formi, sem fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

24. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla skal sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kjósa 2 endurskoðendur með hlutfallskosningu til eins árs í senn og tvo varaendurskoðendur.

Endurskoðendur má endurkjósa.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

25. gr.

Skyllt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins og verðbréfaeign að minnsta kosti misserislega, og einnig hafa þeir aðgang að öllum bókuum, skjölum og öðrum verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir nauðsyn til þera.

26. gr.

Endurskoðendum er skyllt að gæta þess, að öll bókfærsla sparisjóðsins sé í lagi og allra fyrirmæla þar um sé nákvæmlega gætt. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasavert, svo að úr því verði tafarlaust bætt.

27. gr.

Ársreikning sjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka strax eftir að hann er saminn og rita síðan vottorð á hann um, að endurskoðun sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

28. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um reikningshald sjóðsins eða annað það, er bókfærslu sjóðsins snertir, sker sparisjóðseftirlitið úr. Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og

reglugerð um sparisjóði frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sparisjóðsins bætir ekki tafarlaust úr því, sem ábótavant er. 131
27. júlí

29. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra, ef reikningar þeirra þykja ekki á rökum byggðir.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

S A M Þ Y K K T I R

fyrir Sparisjóð Bolungavíkur.

132
27. júlí

I. KAFLI

Um nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sparisjóður Bolungavíkur“, og er heimili hans og varnarþing í Bolungavík.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru 17 og skulu þeir allir búsettir í Hólshreppi. Þó getur ábyrgðarmannafundur veitt undanþágu í þessu efni fyrir tvo ábyrgðarmenn, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nú fækkar ábyrgðarmönnum við andlát eða af öðrum ástæðum, og skal þá stjórnin með aðstoð annarra ábyrgðarmanna gera það, sem í hennar valdi stendur til þess að ábyrgðarmenn verði aldrei færri en 17. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning, missi fjárforræðis eða gjaldþrots, nema fundur ábyrgðarmanna samþykki. Samþykki ábyrgðarmannafundur þarf til upptöku nýrra ábyrgðarmanna í stað þeirra, sem úr falla.

3. gr.

Ábyrgðarmenn skuldbinda sig með undirskrift sinni undir samþykktir sjóðsins til þess að ábyrgjast, að hann fullnægi skuldbindingum sínum, og svarar hver um sig í því skyni, ef með þarf, allt að kr. 500.00.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu eða hlutaðeigandi bæjarstjórn á sama tíma, og gildir kosning þeirra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnendur má endurkjósa svo oft sem vill. Þeim ábyrgðarmanni, sem gegnt hefur stjórnarstórfum samfleytt í fjögur ár, er ekki skylt að taka við kosningu, fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs sér formann árlega. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr hér-aðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögætán hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögætán hátt

132 óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd 27. júlí kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparissjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnvaldaauglýsingar, hverjir eru stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparissjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Stjórnin ræður afgreiðslumann (eða afgreiðslumenn, ef fleiri eru) til eigi skemmri tíma en eins árs í senn. Stjórnendur eða ábyrgðarmenn mega hafa þau störf á hendi. Stjórnin getur sagt afgreiðslumanni upp eða vikið honum frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal þá kalla saman fund ábyrgðarmanna tafarlaust, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Stjórn sjóðsins undirritar skuldbindingar fyrir sjóðinn.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparissjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparissjóðsins.

Sömuleiðis getur féhirðir greitt úr sjóðnum fé gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn sjóðsins séu eigi viðstaddir.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar að fengnum tillögum sparissjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið hver upphæðin sé. Sé einhverri tölu breytt vegna skakktrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti mánaðarlega, og ákveður stjórnin, og ákveður stjórnin, 27. júlí hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins.

132

11. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með tveggja daga fyrirvara. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá.

Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess og geta um fundarefni. Fundur er lögmætur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki, enda komi breytingarnar eigi í bága við gildandi lög um sparisjóði.

II. KAFLI

Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 króna í senn.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók, og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins, og geti innstæðueigendur fengið þær til afnota, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta sinn.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku fé í sparisjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 25000 kr.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 400 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðu-

132 bók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna, þá er 27. júlí hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórnin sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá kr. 300.00 til kr. 500.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að greiða meira en kr. 1000.00 á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tókka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því eigi veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum.

16. gr.

Innstæðufé og vextir endurgreiðast í gjaldgengri mynt eða seðlum, og tillærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sjóðsins.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er birt sé í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldauglýsingar skulu birtar í. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádragnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 25% af sparisjóðsinnstæðufénu og öðrum skuldbindingum sparisjóðsins samanlögðum. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi

fé úr sjóðnum til nyttsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í Hólshreppi, en ábyrgð-armannafundur verður að hafa samþykkt slíkar tillögur með $\frac{2}{3}$ atkvæða. **132**
27. júlí

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum eða inn-eign hjá Landsbankanum eða öðrum ríkistryggðum banka. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að bæta úr því.

III. KAFLI

Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 60% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta eða gegn sjálf-skuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa vixla, sem sparisjóðsstjórn álitur tryggja;
- d. á hvern þann hátt, er stjórn sparisjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Stjórnin áskilur sér forvexti af útlánunum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að greiða fram yfir gjalddaga. Af föstum lánunum greiðast vextir fyrir eigi skemmri tíma en $\frac{1}{2}$ ár í senn.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar. Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 10% af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að bæta úr því. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðs-eftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum.

132 Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið 27. júlí það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar sliikum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. KAFLI

Um reikninga sparisjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið; einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokinn og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) sjást nákvæmlega af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignarveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins, af hverjum lánnum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda og tilfæra einkennistölur og tilvísanir í lögskyldar bækur sjóðsins.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

29. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. KAFLI
Um endurskoðun.

132
27. júlí

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu eða hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara, og ganga þeir í stað aðalmanna í förföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparissjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparissjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparissjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi og verðbréfaeign hans að minnsta kosti misserislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparissjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparissjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitt-hvað er athugasemdi, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparissjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparissjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparissjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparissjóði, svo og reglugerð 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR**Sparisjóðs Kaupfélags Þingeyinga.****I. Nafn, stofnfé, stjórn og endurskoðendur.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Kaupfélags Þingeyinga. Heimili hans og varnarþing er í Húsavík.

2. gr.

Stofnfjáreigendur sjóðsins skulu ekki vera færri en 15 og skal stjórn sjóðsins skylt að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að þeir verði aldrei færri. Tryggingarfé, eða stofnfjárframlag af þeirra hálfu, skal eigi vera minna en kr. 3000.00 samtals, eða kr. 200.00 frá hverjum stofnfjáreiganda og takmarkast ábyrgð þeirra hvers og eins við það.

Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi nema við andlát, burtflutning af félagssvæði K. Þ., missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður óreigi á annan hátt, svo og samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu tveir þeirra kosnir á aðalfundi úr flokki stofnfjáreigenda með hlutfallskosningu, ef óskað er, en sá þriðji skal kosinn af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra til þriggja ára í senn.

Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt.

Stjórnin kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Hún ræður starfsmenn sjóðsins, hafi hún eigi sjálf með höndum hin daglegu störf fyrir sjóðinn.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tilögum stjórnarinnar.

4. gr.

Endurskoðendur sjóðsins eru tveir og aðrir tveir til vara. Eru þeir kosnir af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu til eins árs í senn með hlutfallskosningu, ef óskað er.

5. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert skal aðalfundur sparisjóðsins haldinn og boðar formaður hann öllum stofnfjáreigendum með eigi minna en viku fyrirvara. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir s. l. ár með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar eða reikningshaldara. Leggur fundurinn úrskurð á reikningana. Aukafundi boðar formaður á sama hátt. Fundur er lögmætur þegar minnst helmingur stofnfjáreigenda mætir. Mæti eigi helmingur stofnfjáreigenda, skal fundur boðaður að nýju með sama hætti og er hann þá lögmætur, hversu fáir sem mæta. Á fundum ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum. Þó er sú undantekning, að eigi má gera breytingar á samþykktum sjóðsins nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna samþykki breytingarnar.

II. Innlög, innstæður, vextir af innstæðum.

6. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færirst inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.

- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 5000 kr.
- f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

7. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni þörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 2000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

8. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 500.00 til kr. 2000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en kr. 2000.00 á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

9. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið

133 á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að við-
27. júlí skiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við saman-
burð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það
svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

10. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

11. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan, ásamt vöxtum, orðin eign sparisjóðsins.

12. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

III. Útlán.

13. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{3}{5}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álitur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

14. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

15. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

IV. Varasjóður, reikningshald, endurskoðun o. fl.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema

Því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu **133**
samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir 27. júlí
tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrir-
tækja í almenningsþarfir í héraðinu.

17. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðveldum verðbréfum eða
inneign í ríkistryggðum banka. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo
fyrir, en nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok
næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár
þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða
má, að koma því í samt lag aftur.

18. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningsfærsla og endurskoðun skal vera í samræmi við gildandi lög um
sparisjóði og opinbera reglugerð, er þar að lýtur.

19. gr.

Leggist sjóðurinn niður, skal sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu ráðstafa eign-
um hans til almenningsheilla á félagssvæði Kaupfélags Þingeyinga, að fengnum
tillögum fulltrúaráðs K. P. og síðustu stjórnar sjóðsins.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

134

um skyldu skipa og flugfara til að koma á tiltekna hafnir eða flugstöðvar
til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

27. júlí

1. gr.

Öli skip, sem hingað koma frá útlöndum, að undanteknum þeim, sem um
ræðir í 2. gr., skulu taka fyrstu höfn og fá fyrstu afgreiðslu í einhverri neðan-
greindra hafna:

Reykjavík,
Patreksfjörður,
Ísafjörður,
Siglufjörður,
Akureyri,

Seyðisfjörður,
Neskaupstaður,
Fáskrúðsfjörður,
Vestmannaeyjar,
Hafnartfjörður,

nema þau leiti annarra hafna í neyð, enda sannist í sjóprófi, að um neyðarhöfn
hafi verið að ræða.

134

27. júlí

Fiskveiðaskip og fiskflutningaskip íslenskr og þau erlend, sem eru í leigu íslenskra ríkisborgara, mega taka fyrstu höfn og fá fyrstu afgreiðslu í einhverri neðangreindra hafna, auk þeirra hafna, sem getur í 1. gr.:

Akranes,	Ólafsfjörður,
Borgarnes,	Dalvík,
Ólafsvík,	Húsavík,
Stykkishólmur,	Raufarhöfn,
Þingeyri,	Þórshöfn,
Flateyri,	Eskifjörður,
Bolungarvík,	Djúpivogur,
Hólmavík,	Hornafjörður,
Sauðárkrókur,	Keflavík.

Ef skipin hafa með sér farþega eða tollskyldan farm, ber þeim þó að taka fyrstu höfn og fá fyrstu afgreiðslu á einhverri þeirra hafna, sem getur í 1. gr.

3. gr.

Öll skip, sem fara héðan til útlanda, skulu láta síðast úr og fá síðustu afgreiðslu á einhverri neðangreindra hafna:

Reykjavík,	Ólafsfjörður,
Akranes,	Akureyri,
Borgarnes,	Húsavík,
Stykkishólmur,	Raufarhöfn,
Patreksfjörður,	Seyðisfjörður,
Þingeyri,	Neskaupstaður,
Flateyri,	Eskifjörður,
Ísafjörður,	Fáskrúðsfjörður,
Hólmavík,	Vestmannaeyjar,
Blönduós,	Keflavík,
Sauðárkrókur,	Hafnarfjörður.
Siglufjörður,	

Auk þessa mega fiskveiðaskip og fiskflutningaskip íslenskr og þau erlend, sem eru í leigu íslenskra ríkisborgara, láta síðast úr og fá síðustu afgreiðslu á þeim höfnum, sem taldar eru í 2. gr., auk þeirra, sem taldar eru í þessari grein.

4. gr.

Öll flugför, sem koma hingað frá útlöndum, skulu lenda fyrst og fá fyrstu afgreiðslu á flugvællinum í Reykjavík eða flugvællinum við Keflavík, nema þau þurfi að nauðlenda annars staðar, enda sannist í lögreglurétti, að um nauðlending hafi verið að ræða. Öll flugför, sem fara héðan til útlanda, skulu leggja síðast upp og fá síðustu afgreiðslu á öðrum hvorum ofangreindra flugvalla.

5. gr.

Til sönnunar því, að skip og flugför hafi í komu sinni til landsins fengið tilskilda fyrstu afgreiðslu á höfnum þeim eða flugstöðvum, sem um getur í 1.—4. gr., skulu tollyfirvöldin á þeim stað, sem afgreiðslan er veitt, gefa skipstjórum eða flugfarstjórum, skirteini um hana, sem sýna skal tollyfirvöldum þegar krafizt er.

Þegar skip eða flugför leggja af stað héðan til útlanda, skulu tollyfirvöld fá þeim skirteini um síðustu afgreiðslu (tollvegabréf), og er óheimilt að leggja af stað án slíks vegabréfs.

6. gr.

134

Ráðuneytið veitir undanþágur frá ákvæðum 1.—5. greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. 27. júlí

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1.—5. greinar varða skipstjóra eða flugfarstjóra sektum, allt að 10000.00 kr.

Ef skip tekur fyrstu höfn eða flugfar fyrstu landing á öðrum stöðum en þeim, sem heimilt er samkvæmt 1.—4. gr., eru samgöngur við það óheimilar, og skal tollyfirvald vísa því tafarlaust til einhvers þess staðar, sem það má fá fyrstu afgreiðslu á, nema það sé í nauðum statt.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 12 5. maí 1941, um breyting á þeim lögum.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 167 9. október 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tiltekna hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi, og undanþágur, sem frá henni hafa verið gefnar.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktar- og menningarsjóð starfsmanna H.f. Egill Vilhjálmsson“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. júlí 1945. 24. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktar- og menningarsjóð starfsmanna H.f. Egill Vilhjálmsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktar- og menningarsjóður starfsmanna H.f. Egill Vilhjálmsson.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 10000 króna framlagi frá H.f. Egill Vilhjálmsson.

3. gr.

Sjóðurinn er eign starfsmanna H.f. Egill Vilhjálmsson og með sérstöku reikningshaldi. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

4. gr.

Sjóðfélagar geta allir fastráðnir starfsmenn H.f. Egill Vilhjálmsson orðið, ef þeir óska þess.

135

24. júlí

5. gr.

Sjóðinn má auka með hvers konar tillögum, en fastatekjur hans skulu vera 25 kr. árstíllag frá hverjum sjóðfélagi og skal haldið eftir við útborgun launa á tímabilinu janúar—marz ár hvert, enn fremur skal firmað H.f. Egill Vilhjálmsson á sama tíma ár hvert greiða til sjóðsins tvöfalda þá upphæð, er sjóðfélagar leggja til. Sjóðfélagar eiga ekki kröfu á endurgreiðslu tillaga til sjóðsins, þó að þeir hætti að vera félagar.

6. gr.

Tilgangur félagsins er að styrkja þá sjóðféлага, sem verða fyrir fjárhagsörðugleikum vegna langvarandi veikinda eða slysa. Nú deyr sjóðfélagi, er þá heimilt að styrkja aðstandendur hins látna vegna útfararkostnaðar, ef þurfa þykir, enda liggja til grundvallar tillögur styrkveitinganefndar.

7. gr.

Styrkja má sjóðféлага, ef sérstök bágingi steðja að honum, önnur en um getur í 6. gr. Til þess að slík styrkveiting fari fram, verður hún að hafa hlotið samþykki sameiginlegs fundar sjóðstjórnar og styrkveitinganefndar.

8. gr.

Eigi má veita styrk úr sjóðnum fyrir en höfuðstóll hans er orðinn 25000 krónur, og aldrei má veita svo styrk úr honum, að höfuðstóllinn fari niður fyrir þá upphæð. Sé fé fyrir hendi, umfram styrkveitingu, má á aðalfundi veita ákveðna fjárupphæð til almennrar menningarstarfsemi fyrir sjóðféлага. Að öðrum kosti leggist afgangur við höfuðstólinn ásamt vöxtum og vaxtavöxtum af sjóðnum, enn fremur gjöfum, er sjóðnum kunna að áskotnast. Styrkveitingar fari fram í desember ár hvert eða á öðrum tímum, ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Breyta má tilgangi sjóðsins síðar þannig, að fé verði einnig veitt úr honum sem eftirlaun. Til þess að slík breyting verði gerð á tilgangi sjóðsins, þarf til samþykki aðalfundar, þar sem mættir eru minnst $\frac{2}{3}$ sjóðféлага. Einnig þarf til að koma samþykki forstjóra eða forráðamanna H.f. Egill Vilhjálmsson.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er svo skipuð, að H.f. Egill Vilhjálmsson skipar einn mann, en aðalfundur skal kjósa tvo. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að einn maður gengur úr á ári hverju, hið fyrsta skipti eftir hlutkesti. Sé félagskjörinn maður, sem úr gengur, skal á aðalfundi kjósa mann í hans stað, en ella skipar hlutfélagið mann í stað fulltrúa síns. Þá skal aðalfundur og kjósa einn varamann til tveggja ára í senn. Stjórnin skal hafa sér til aðstoðar sérstaka styrkveitinganefnd. Skal hún svo skipuð, að hver starfsgrein firmans kys sér einn fulltrúa til eins árs í senn. Skal sjóðstjórninni tilkynnt um fulltrúakösnningar eigi síðar en einum mánuði eftir aðalfund. Styrkveitinganefnd hefur aðeins tillögurétt, ef annað er ekki tekið fram í skipulagsskrá þessari, en verði ágreiningur, skal það borið undir almennan félagsfund.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Þá skulu þessi mál tekin fyrir:

- a. Skýrsla stjórnarinnar.
- b. Endurskoðaðir reikningar sjóðsins lagðir fram.
- c. Lagabreytingar.

- d. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.
e. Önnur mál, er fram kunna að koma.

135
24. júlí

12. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á lögmatum aðalfundi, en aðalfundur telst því aðeins löglegur, að til hans hafi verið boðað með viku fyrirvara í starfsdeildum firmans og mættir séu $\frac{2}{3}$ hlutar félagsmanna. Þó má aldrei breyta að verulegu leyti ákvæðum 6., 7., 8. og 9. greinar skipulagsskrárinnar eða verja fé úr sjóðnum í öðru augnamiði en þar um getur. Verði aðalfundur ólöglegur vegna þess hve fáir mæta, skal boða aftur til fundar á sama hátt, og er sá fundur löglegur án tillits til þess, hve margir mæta. Afl atkvæða ræður á aðalfundi sem öðrum félagsfundum nema til breytinga á skipulagsskrá þessari, þá þarf $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða.

13. gr.

Hætti H.f. Egill Vilhjálmsson að starfa eða sjóðurinn verði lagður niður einhverra hluta vegna, skulu eigur hans renna til einherrar líkningarstarfsemi eftir ákvörðun fundar, er boðað verði til um þetta mál. Um þann fund gildi sömu reglur og aðalfundur.

14. gr.

Leita skal samþykkis forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. júlí 1945.

Stjórn Styrktar- og menningarsjóðs starfsmanna H.f. Egill Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans.

136
30. júlí

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og 8. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans frá 27. febrúar 1935.

1. gr.

16. gr. orðist þannig:

Hver starfsmaður, sem innir af hendi sunnudagsvaktir, á rétt til 1 hvíldardags í sömu viku, enda hafi starfsmenn ekki færri en 52 hvíldardaga á ári auk sumarleyfis, þó að meðtöldum þeim helgidögum, sem falla í sumarleyfið. Helgidagavarskrá skal samin fyrir fram fyrir einn mánuð í senn, og helgidagavinnan skiptist sem jafnast niður á starfsmenn.

Hvíldardagur telst sá dagur, að á undan honum og eftir fari næturhvíld. Starfsmaður, sem vegna veikinda getur ekki innt af hendi sunnudagsvakt, á ekki rétt til aukahvíldardags, og eins fellur aukahvíldardagur hans niður, ef hann er veikur þann dag.

Ef starfsmaður, sem vinna á á helgidagsverði, er veikur eða fjarverandi, skal sá af starfsmönnum, er stöðvarstjóri eða varðstjóri ákveður, vinna aukavinnu í hans stað (sbr. 19. gr.).

2. gr.

19. gr. orðist þannig:

Vikulegur meðal-vinnutími skal vera sem hér segir:

- a. 48 klst., þegar unnið er á sama tíma daglega og aðeins á virkum dögum, og

136
30. júlí

- hinn reglulegi vinnutími fellur innan tímabilsins kl. 8—18 alla virka daga nema laugardaga, en þá kl. 8—12.
- b. 39 klst. hjá sendimönnum landssímans og aðstoðarmönnum við skeytaútsendinguna í Reykjavík.
 - c. 36 klst., þegar unnið er einn dag á öðrum tíma dags en á öðrum degi eftir fastri varðskrá, eða ef einhver hluti hins fasta daglega vinnutíma fellur utan þess tímabils, sem nefnt er undir a-lið.

Enn fremur skal greidd sérstök uppbót fyrir hverja þá klukkustund fasta vinnutímans, sem fellur á tímabilið kl. 2100—0800 alla daga vikunnar, er nemi 33% af launum hlutaðeigandi starfsmanna á klst., þegar hámarks-árslaun hans launaflokks, samkv. gildandi launalögum, hefur verið deilt með fyrirhuguðum starfsstundafjölda yfir árið.

- d. 35½ klst. á skrifstofum og teiknistofum, enda sé hinn venjulegi starfstími aðeins á virkum dögum á sama tíma daglega og innan tímabilsins kl. 0800—1800 alla virka daga, nema laugardaga, þá til hádegis.
- e. Hámarks lengd skylduvaktar má ekki yfirstíga raunverulegar 9 stundir daglega hverju sinni og einnig skulu liða minnst 9 klst. milli skylduvakta. Ekki skal kveðja starfsmenn til starfs eftir fulla næturvakt fyrr en að liðnum 30 klst.
- f. Sérhver starfsmaður er skyldur að vinna aukavinnu sé þess krafizt af hlutaðeigandi yfirmanni, en aukavinna telst sú vinna, sem unnin er umfram skyldustörf. Þó greiðist ekki aukavinna fyrir afgreiðslu símskeyta og símtala, sem kunna að vera afgreidd um lokunartíma, svo og daglega sjóðsuppgerð, sem ekki er hægt að framkvæma fyrr en í lok starfstímans, enda taki það verk ekki lengri tíma en allt að 30 mínútur, annars reiknast hálf tíma aukavinna fyrir það, en eins klukkutíma aukavinna, ef það tekur 40 mínútur eða meir af fyrsta klukkutímanum.

Þar sem þjónustunni er skipað í vaktir, skal varðskrá, er sýni vinnutíma hvers starfsmanns, samin fyrir fram fyrir einn mánuð í senn. Þó má semja nýja varðskrá áður en mánuðurinn er liðinn, ef um óvenjulegar aðstæður er að ræða, svo sem sæsímaslit eða þess háttar.

3. gr.

21. gr. orðist þannig:

- a. Þar sem þjónustunni er skipað í vaktir, sbr. c-lið 19. gr., og þjónustan nær fram yfir kl. 1300, svo og hjá þeim, sem koma undir a-, b- og d-liði sömu greinar, skal matmálstíminn vera 1 klst. og falla á tímabilið kl. 11—14, enda telst matmálstími þessi ekki til vinnutímans.
- b. Starfsmenn fá eftirtalin hlé til hressingar í vinnutímanum: Þeir, sem vinna 48 klst. á viku fá tvö kaffihlé á dag, 20 mínútur hvort. Þeir, sem vinna 39 klst. eða minna fá 15 mínútna kaffihlé á síðdegisvaktinni, enda dragist hlé þessi ekki frá vinnutímanum. Kaffihléum skal hagað eftir því sem á stendur og starfið leyfir.
- c. Starfsmönnum er óheimilt að yfirgefa vinnustað án leyfis yfirmanns meðan þeir njóta hressingar. Þar sem því verður við komið, sér stofnunin starfsmönnum fyrir vistarveru, þar sem þeir geta neytt hressingar, og séð er fyrir nauðsynlegum hitunartækjum.

4. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1945.

Samgöngumálaráðherra, 30. júlí 1945.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

REGLUGERÐ

137

30. júlí

um starfstíma og starf póstmanna á póststofunni í Reykjavík.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins og 8. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er hér með sett eftirfarandi reglugerð um starfstíma og starf póstmanna á póststofunni í Reykjavík.

1. gr.

Starfstími póstmanna í Reykjavík, annarra en bréfbera og bílstjóra, skal vera 37 klst. á viku og skal hann unninn eftir því, sem við verður komið, óskiptur, eins og verið hefur og sem næst að $\frac{1}{6}$ hluta hvern virkan dag á tímabilinu frá kl. 8—20, nema um fasta þjónustu (vaktir) sé að ræða.

Þó mega póstmenn ekki hætta að vinna að kvöldi, fyrr en lokið er afgreiðslu farandi pósts, en slík eftirvinna má þó eigi fara fram úr 5 klst. á mann á mánuði nema þá með samkomulagi.

Í daglegum starfstíma fellst eitt 15 mínútna hlé til hressingar eða 5—6 sinnum í viku.

Starfstími bréfbera og bílstjóra skal vera 42 klst. á viku.

Vinnutími og vinnuhlé miðast við þörf vinnunnar og fer eftir ákvæðum, sem póstmeistarinn í Reykjavík setur.

2. gr.

Á lögskipuðum helgidögum og almennum frídögum, svo sem sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst, eru póstmenn skyldir að vinna ef þörf krefur að dómi póstmeistara, en þá skal greiða þá vinnu sérstaklega, sbr. 3. gr. Vinnu á helgidögum og frídögum skal haga þannig, að póstmenn inna hana af höndum til skiptis, og skal hver starfsmaður að jafnaði eigi kvaddur oftari til vinnu en fimmta hvern helgidag eða frídag, og eigi lengur en allt að 4 tíma í senn á tímabilinu kl. 9—13, nema þá með samkomulagi. Póst- og símamálastjórnin getur, ef henni þykir ástæða til, heimilað, að pósthúsinu í Reykjavík sé lokað fyrir almennt af afgreiðslu á stórhátíðisdögum (nýjárstag, föstudaginn langa, fyrsta páska- dag, fyrsta hvítasunnudag, 17. júní, fyrsta jóladag) og einnig að sumri til (15. maí til 14. sept.) á laugardögum eftir kl. 12,30 og síðdegisútburður pósts í Reykjavík falli þá niður.

3. gr.

Fyrir aukavinnu á virkum dögum, sbr. 1. gr., og vinnu á helgidögum og frídögum, ber póstmönnum í Reykjavík sérstök greiðsla, sem ákveðst af fjármálaráðuneytinu.

Fyrir óstundvisi við vinnu skal dregið af greiðslu kaups eftir nánari ákvörðun póstmeistara í samráði við Póstmannafélag Íslands, sem er viðurkenndur samningsaðili við póststjórnina um þau mál, er varða störf stéttarinnar og einstakra starfsmanna og launakjör, sem ekki eru annars bundin með lögum, reglugerðum eða fyrirmælum samkvæmt þeim.

Ef starfsmaður veikist og getur af þeim ástæðum ekki mætt til vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum, sem ákveður hvort læknisvottorð skuli heimtað. Læknisvottorð skulu vera frá trúnaðarlækni stofnunarinnar.

4. gr.

Póstmenn eiga rétt til sumarleyfis samkvæmt eftirfarandi reglum:

Starfsmenn á 1—12 mánaða þjónustualdri	1—14 daga
Starfsmenn á 1—10 ára þjónustualdri	16 daga
Starfsmenn á 10—15 ára þjónustualdri	14 daga
sumarleyfi og 7 daga vetrarleyfi.	

Starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu stofnunarinnar í 15 ár eða lengur fá 21 dags sumarleyfi eða 28 daga vetrarleyfi.

Helgidagar, sem falla inn í sumar- og vetrarleyfi teljast með í leyfinu.

Sérhver starfsmaður á rétt til fullra launa, svo lengi sem veikindadagar hans fara ekki fram úr 90 á 12 mánuðum. Séu þeir fleiri lækka launin um helming þann tíma, sem umfram er. Þegar hann hefur verið fjarverandi 180 daga á árinu, fellur launagreiðslan niður. Fyrir starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu stofnunarinnar í 10 ár, lengist 90 daga tímabilið í 120 daga, og 180 daga tímabilið í 240 daga. Eftir 15 ára þjónustualdur lengist tíminn á sama hátt í 180 og 360 daga. Starfsmaður, sem verið hefur í þjónustu stofnunarinnar í 20 ár, á rétt til fullra launa í 360 daga, en þá fellur launagreiðslan niður.

Starfsmaður, sem verið hefur 6 mánuði eða skemur í þjónustu stofnunarinnar, á rétt til fullra launa í 30 daga og hálfra í 30 daga. Starfsmaður, sem verið hefur veikur í einn mánuð eða lengur, getur ekki tekið við starfi aftur, fyrr en trúnaðarlæknir stofnunarinnar vottar, að hann sé full vinnufær.

5. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1945 þar til öðruvísi verður ákveðið. Jafnframt falla úr gildi reglur um starfstíma póstmanna í Reykjavík o. fl., útgefnar 30. sept. 1942, og breytingar á sömu reglum, útgefnar 2. júní 1944.

Samgöngumálaráðherrann, 30. júlí 1945.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 35. tbl. Lögbirtingablaðsins 1945, um takmarkað afnám umferðartálmana af hernaðarástæðum.

Samkvæmt tilkynningu amerísku herstjórnarinnar eru öll fyrirmæli varðandi umferðartálmanir á landi og við stendur landsins úr gildi fallin með þeim takmörkunum, er hér greinir:

1. a. Tilkynningar um tundurduflasvæði úti fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum eru enn í gildi.
- b. Þar til er lokið hefur verið hreinsun fyrrverandi bannsvæðis milli Gróttu og Akraness, geta skip, sem veiða með netum eða leggjast við akkeri innan 20 faðma dýptarlínunnar, átt á hættu að verða fyrir tjóni á veiðarfærum eða flækja legufærin vegna hindrana, sem enn liggja í botni á þessu svæði, og gera skipin þetta því á eigin ábyrgð.
2. Öllum öðrum en þeim, sem hafa fengið þar til gerð vegabréf eða sérstaka heimild frá hlutaðeigandi yfirmanni, er bannað að fara inn í herbúðir eða hermannvirki. Til að hindra óafvitandi yfirtroðslur er megnið af þessum mannvirkjum

innan girðinga og merkt með aðvörunarskiltum bæði á ensku og íslenzku, svo sem hér segir: **138**

6. júlí

KEEP OUT
MILITARY PROPERTY
ARMED GUARDS

AÐGANGUR BANNAÐUR
HERNAÐAR ÚTBÚNAÐUR
VARÐMENN MEÐ BYSSUR

Inngangar að slíkum hersvæðum eru í myrkri lokaðir þar sem hentugt þykir, með slám, hliðum eða öðrum hentugum hindrunum. Innganga þessara er einnig gætt eða verðir við þá.

Sérhver, sem fer inn á slíkt bannsvæði án heimildar, gerir það á eigin ábyrgð.

REGLUGERÐ

139

9. júlí

um veltuskatt.

1. gr.

Ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á fjárhæð veltuskatts skal tilkynnt skattgreiðanda með ábyrgðarbréfi, sem skal póstlagt í síðasta lagi 1. n. m. eftir að gjaldið er ákveðið. Ef skattgreiðandi vill kæra skatt sinn fyrir skattstjóra eða skattanefnd, skal hann senda kæru sína fyrir 10. sama mánaðar. Úrskurður skattstjóra eða skattanefndar skal kveðinn upp og tilkynntur í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurði skattstjóra eða skattanefndar má áfrýja til yfirsattanefndar og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þeirra eru 10 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 62 12. marz 1945, um veltuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

140

17. júlí

um viðauka við og breyting á reglugerð nr. 49 3. marz 1945, og reglugerð nr. 97 12. maí 1945, um skömmtnun á smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtnunar á 2 enskum pundum af smjöri, sem heimilað var að afhenda í 2. gr. reglugerðar nr. 49 3. marz 1945, og einu ensku pundi af smjöri, sbr. reglugerð nr. 97 12. maí 1945, skal enn fremur afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu ensku pundi (453 g) af smjöri fyrir mánuðina september og október, og gildir sú innkaupaheimild til 1. nóv. n. k., og eiga við um hana allar sömu reglur og þær innkaupaheimildir, sem áður hafa verið veittar í þessu skyni.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins setur nánari reglur um úthlutunina.

140
17. júlí

2. gr.

Innkaupaheimild sú, sem gefin var samkvæmt reglugerð nr. 97 12. maí 1945, sbr. auglýsingu ráðuneytisins sama dag, gildir aðeins til 1. ágúst, en ekki til 1. september.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 17. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

141
17. júlí

AUGLÝSING

um skömmtnun á erlendu smjöri.

Samkvæmt reglugerð, útgefinni í dag, löggildist hér með stofnauki nr. 5, sem fylgir skömmtnunarseðlum fyrir tímabilið 1. júlí til 1. október, sem innkaupaheimild fyrir einu ensku pundi (453 g) af erlendu smjöri, og gildir hann sem innkaupaheimild fyrir þessu magni til 1. nóvember n. k.

Verð þess smjörs, sem selt er gegn þessari innkaupaheimild, er kr. 6.50 hvert enskt pund (453 g).

Viðskiptamálaráðuneytið, 17. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

142
8. ágúst

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Þar sem Gísli Guðmundsson alþingismaður hefur sagt af sér þingmennsku sakir vanheilsu, er nú orðið autt sæti alþingismanns fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Fyrir því er hér með, samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 frá 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skipað svo fyrir, að kosning skuli fara fram þriðjudaginn 18. sept. 1945 á alþingismanni fyrir Norður-Þingeyjarsýslu í stað hins fráfarra þingmanns, og er framboðsfrestur útrunninn 17. þ. m.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. nefndra laga er mælt svo fyrir, að auglýsingarfrestur sá, er getur í málsgreininni, skuli falla niður og samkvæmt heimild í 23. gr. sömu laga er enn fremur frestur sá, er getur í 1. mgr. 19. gr. laganna, stytur þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 5 vikum fyrir kjördag.

Loks styttest tími sá, er kjörskrár eiga að liggja frammi, þannig að hann verður 2 vikur, sbr. 3. mgr. 19. gr. kosningalaganna.

Þetta er hér með birt öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og hefur verið lagt fyrir **142**
hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um, að hún fari **8. ágúst**
fram lögum samkvæmt.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

143

14. ágúst

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. september til 31. desember 1945:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8200	lítrar.
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga- bifreiðir	4100	—
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500	—
4. Einkabifreiðir:		
a. Læknabifreiðir	800	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400	—
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	300	—
d. Bifhjól	60	—

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900	—
2. Vörubifreiðir, 1½ tonn	2100	—
3. Vörubifreiðir, ¾ til 1¼ tonn	1400	—
4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	700	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtnarhefti til annarra nota en bifreiða-
aksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínkömmtnarmiðar frá fyrri skömmtnartímabilum falla úr gildi 1. sept-
ember þ. á.

4. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mann-
flutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum
til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. ágúst 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

144

18. ágúst

AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1945 til 31. júlí 1946.

- I. Reykjavíkurborg, Akranesbær, Ísafjarðarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Vestmannaeyjakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður:

Til fulls 4 ára aldurs	kr.	680.00
— — 7 — — —		570.00
— — 15 — — —		680.00
— — 16 — — —		340.00

- II. Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnes-sýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarkaupstaður og Neskaupstaður:

Til fulls 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1945 til júlí 1946. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

145

25. ágúst

SAMÞYKKT

um fjárskipti á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfafljóts sunnan Mývatnsgirðingar samkvæmt lögum nr. 88 frá 1941.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er Skútustaðahreppur allur, Bárðdælahreppur, austan Skjálfafljóts norður að fjárpestargirðingu hjá Arndísarstöðum. Enn fremur Holt og Laugasel í Reykdælahreppi.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á nefndu svæði skal fara fram þegar á næsta hausti (1945). Fjárfjöldi á svæðinu um síðustu áramót mun hafa verið tæplega 5000 fjár.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptamála skipa 6 menn, eða 3 fyrir hvorn hrepp og skulu þeir kosnir á almennum fundi atkvæðisbærra fjáreigenda í hvorum hreppi. Kjósa skal fulltrúana hlutbundnum kosningum ef óskað er. Enn fremur skal kjósa jafnmarga varamenn. Fulltrúaráðið kys 3 menn í framkvæmdanefnd og aðra 3 til vara.

145

25. ágúst

4. gr.

Aðalstörf framkvæmdanefndar eru:

Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns;

að sjá um að einangrun svæðisins sé sem allra bezt tryggð;

að greiða fyrir kaupum á ósýktu fé til fjárskiptanna og sjá um að framkvæmdir allar séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög, er þar að lúta. Framkvæmdanefndinni er heimilt að velja mann eða menn, til að fara á fund sauðfjár-sjúkdómanefndar, til að vinna að framgangi málsins og er að öðru leyti skylt að starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við nefndina og framkvæmdastjóra hennar.

5. gr.

Sameiginlegur kostnaður, sem ekki tilheyrir fjárkaupum og jafnast á innkeypt fé, skiptist á hreppana í hlutfalli við meðalfjártölu þeirra samkvæmt vorframtölum síðustu þriggja ára, áður en fjárskipti fara fram.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 88 9. júlí 1941, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. ágúst 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.

146

27. ágúst

F Y R S T I Þ Á T T U R

Ákvæði, er taka bæði til kaupsins og sveita.

I. KAFLI

Um velsæmi og hegðun.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða, úti-samkomusvæði o. þ. h. Um samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman,

146 skulu menn haga sér eftir fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita
27. ágúst góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi neinn hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að að óþörfu nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum, reiðhjólum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skambyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri nema hann sé á leið á eða af grimudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi sem misbýður velsæmi eða raskar almenntri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri með ósæmilegum orðum eða látbragði.

8. gr.

Drukknun mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum. Ölvaðir menn mega ekki draga fé í réttum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kauptúna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu og óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði hlutaðeigandi hrepps fyrir tjón, er þeir kunna að bíða fyrir það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

146

27. ágúst

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri.

13. gr.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast í umgirtu svæði eða á öðrum friðuðum stöðum né fara inn í hús manna í óleyfi.

14. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig að hlaupið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má ekki flytja eftir götum eða vegum nema svo sé um húið, að engin hætta geti stafað af.

15. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar mega standa og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

16. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

17. gr.

Ekkert má hafa í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götur og valdið skaða á þeim, er fara um og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera umráðamenn og eigendur húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

18. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kaupúnanna eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess, að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk

146 dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði 27. ágúst í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

19. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri, á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur þá lögreglustjóri krafizt þess af eigendum mannvirkjana, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé. Tryggilega skal gengið frá öllum mannvirkjum, bæði einstaklinga og opinberum, þannig að mönnum og skepnum stafi eigi hætta af. Skurði og gryfjur, sem ekki eru nauðsynleg að verki loknu, skal fylla og jafna yfir.

20. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur og hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, er verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

21. gr.

Hvarvetna, þar sem girðingahlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé, að ríðandi maður eða yfirbyggðar bifreiðar reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta, að þessa sé gætt. Um girðingahlið á vegum og girðingar meðfram þeim skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

22. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri vegarbrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut.

23. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins. Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er far-

angur flytja, er skylt að vikja úr vegi eða jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögn- **146**
um, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Þó á sá veg- **27. ágúst**
farandi ætíð umferðarréttinn á brú eða uppfyllingu, þar sem ekki er unnt að komast
fram hjá, sem fyrr er kominn út á og skal hinn bíða á þeim stað, þar sem greiðlega
verður komizt fram hjá.

24. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum
eða meiddum hestum, horuðum, eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir,
að ekki hafa fullan þrótt, t. d. eru illa járnaðir. Hesta eða aðra gripni má ekki slá með
öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Virsvipur eða annað, sem sakað
getur hestana, má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

25. gr.

Það er bannað að ríða eða aka móti skruðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá
þeim. Skal vikja úr vegi fyrir þeim ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara
fram hjá.

26. gr.

Slökkvilið eru undanskilin ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir
eru skyldir að vikja úr vegi fyrir þeim svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir um
sjúkragagna.

IV. KAFLI

Um bifreiðar og reiðhjól.

27. gr.

Bifreið nefnist í þessari samþykkt hvert það ökutæki, sem knúið er áfram af
aflvél í ökutækinu sjálfu, og ætlað er til þess að flytja fólk eða varning. Samþykktin
nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu
af slökkviliði.

28. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og ein-
stökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg eða þegar vegir eru svo á sig komnir
að þeir þola ekki umferð, einkum á vorin meðan klaka leysir úr jörðu.

29. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum, er þar um gilda.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur, og ávallt hafa þau
tendruð, er þær eru á ferð, frá því hirtu bregður að kvöldi og þangað til að albjart
er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósanotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

30. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal
bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

31. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er
við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann
ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast
eða verða órólegir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram
hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi

146 hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar 27. ágúst í vögnum þeirra hafi eigi um hönd hávaða eða söng, er raski næturró manna.

32. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan km í einu.

33. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn fer fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera fjárrekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo að bifreiðin geti komizt fram hjá. Ef rekstur kemst eigi fram hjá bifreið vegna þrængsla, skal bifreiðin aka til baka, þangað til að nægilegt svigrúm fæst. Aldrei má bifreið valda því, að fjárrekstur fari út af vegi á hættulegum og erfiðum stöðum, svo sem klungrum, skriðum og þröngum giljum, þar sem erfitt er að koma fénu á veginn aftur.

34. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

35. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því er skyggja tekur að kvöldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sé for eða bleyta á götunni skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur. Á hjóli mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist óró. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, er slasazt hefur, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar þegar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

V. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

36. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir fjallskilareglugerð Suður-Þingeyjarsýslu, eins og hún nú er eða síðar kann að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður penings skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því, sem eignar- eða leigu-

peningur hefur valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati út- **146**
tektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur úti um hagann, eru réttdræpir **27. ágúst**
hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eigu eða umsjá
neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan
þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum og köttum,
ef enginn vill hirða þá.

Skylt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi ekki til kirkju né til heimila, þar
sem jarðarfararathöfn fer fram.

VI. KAFLI

Um friðun almenningsegna og fleira.

37. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinna né á annan hátt spilla almennings-
eignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, raf-
áhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, þjörgunar-
tæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota. Sama gildir um víðvarpsútbúnað
einstakra manna.

38. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt
það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma
girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er
hannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða um-
ráðamanna. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eigum sýslubúa.
Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur bæta fullum bótum þann skaða, sem hann
gerir.

39. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, tünnum,
engjum, matjurtagörðum, skóglendi eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er
eða ógirt. Ekki má heldur skemma plötur né á nokkurn hátt spilla neinu í graf-
reitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin
hlið, sem lokað verður.

40. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka sér neinar nytjar,
svo sem beit, berjalöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað án leyfis landeiganda.

41. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði,
eða þar sem þeir koma saman á víðavangi. Ber að ræsta slíka staði vandlega af
öllum óhroða og rusli, svo sem dósnum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru
þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gróf eða gjótu eða flytja
það burtu.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri
með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Einnig er bannað að kveikja í sinu, nema
leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til.

VII. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar.

42. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

43. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær án heimildar, óhreinna eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

44. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill aðgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Í öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

45. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

46. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun.

47. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir án þess að vera bundnir við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samseti einstakra tiltekinna manna.

48. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

49. gr.

Vilji einhver halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleik, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða

seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita 146
 leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi. Þó getur hann falið hrepp- 27. ágúst
 stjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða fyrirmælum þeim, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoma byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglur og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

50. gr.

Í samkomuhúsum sé jafnan gætt fyllsta öryggis gagnvart eldhættu. Ef enginn býr í húsinu skulu forstöðumenn fullvissa sig um, áður en skilið er við húsið, að ekki sé neins staðar óslökktur eldur. Einkum sé þess gætt, að ákveðnum mönnum sé falið eftirlit með eldhættu á barnasamkomum, þar sem jólatré eru höfð. Í öllum samkomuhúsum skal vera greiður gangur til útidyra.

51. gr.

Sérhverjum, sem sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af ónæði.

52. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

53. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

IX. KAFLI

Samgöngur við skip.

54. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

X. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

55. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nærri brunnum, að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

56. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim og svo vel um girtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kauptúna og á hverju býli í sveitum, enn fremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

57. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvilíkt, skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur eða alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

58. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert í húsum, að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og hann sé hreinsaður strax að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn hanni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

59. gr.

Við hvert slátruhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvöllinum ílát með loki undir sullu og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna sullina og meinið eða grafa þau, minnst fullan metra niður í jörðu. Annars skulu slátruhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

60. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem á hverjum tíma gilda fyrir hreppa sýslunnar.

ANNAR ÞÁTTUR

Viðaukaákvæði, er taka til kauptúnanna innan sýslufélagsins.

146

27. ágúst

XI. KAFLI

Umferðarákvæði.

61. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan vikja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir að vikja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til vinstri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

62. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Bannað er að hrísta gólfábreiður, víðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, eða fast við götu, torg eða almannafæri.

63. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir fyrirætlum þeim, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálmum eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt á burtu, án þess að annað sé byggt í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

64. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerð húsa, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

65. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemmu eða hlera frá því dimmir að kvöldi og þar til birtir að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járn eða öðrum málm, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

66. gr.

Bannað er að hafa þakjárn laust úti og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

146

27. ágúst

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaravæg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd eða lögreglustjóri látið færa slíka muni burt á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

68. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

69. gr.

Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kaptúnanna.

70. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kaptúnanna, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kaptúnunum, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

71. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrúin eða gangstétt til vinstri handar sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni.

72. gr.

Á almannaferi má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brún nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum og komið þeim til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kaptúnunum, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi, að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveislu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaptúnunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á túnlóðum einstakra manna.

XII. KAFLI

Um skepnuhald o. fl. í kaptúnunum.

73. gr.

Hænsni eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði á tímabilinu 10. maí til 30. september, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

74. gr.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kaptúnunum eða grennd þeirra, hvorki skemmi neitt eða fari inn í löggirt svæði, tún, matjurtagarða, skrudgarða eða trufla svefnfrið manna með

hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráða- **146**
 birgða, en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum mála- **27. ágúst**
 vöxtum. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. sept.
 árlega. Á þeim tíma má búfenaður ekki ganga laus í kauptúnunum eða um þau,
 nema maður fylgi til að gæta hans eða hann sé í öruggri vörzlu.

Eftir almennan rúningstíma að vorinu má ekki láta sauðfé ganga innan tak-
 marka kauptúnanna. Ef út af þessu er brugðið, varðar það eigandann sektum, og
 enn fremur ber honum að greiða allan kostnað við handsömun og varðveizlu fén-
 aðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandinn greiðir
 hann ekki. Frá þessu ákvæði geta þó hreppsnefndir veitt undanþágu.

75. gr.

Enginn má láta hesta sína eða kýr ganga lausa eða án eftirlits um götur kaup-
 túnanna. Lausa hesta eða kýr á flækingsi um göturnar ber lögreglunni að hand-
 sama og ráðstafa á kostnað eiganda.

76. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi,
 og minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti ársögömlu eða eldra. Ekki mega
 naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfis árs eða eldri mega alls
 ekki ganga saman við kýr kauptúnanna.

77. gr.

Skýlt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagabeit í landi kaup-
 túnanna, bæði hvernig hagabeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum
 gjöldum er lögtaksréttur.

78. gr.

Enginn maður má siga hundum á annan mann eða láta fyrirfarast að aftra
 því, ef hann verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án
 þess að stofna sér í hættu. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur, eru rétt-
 dræpir. Hundar mega ekki vera lausir um nætur svo nokkru ónæði valdi íbúum
 kauptúnanna. Flækingshunda, sem ekki eru í eigu eða umsjón neins manns, getur
 lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólar-
 hringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá
 að sér.

79. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kauptúnanna til útflut-
 nings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar
 þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XIII. KAFLI

Um lóðir og mannvirki.

80. gr.

Enginn má í löndum kauptúnanna rista torf eða strengi, stinga hnausa, rífa lyng
 eða hris, nytja slægjur eða taka grjót, sand eða mól án leyfis og tilvísan landeig-
 anda, enda samþykki hreppsnefnd.

81. gr.

Skýlt er hverjum, sem tekur mó í löndum kauptúnanna, að ganga svo frá
 gröfum og haga greftri þannig, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka mó

146 í löndum kauptúnanna nema með leyfi og eftir tilvísun landeiganda, enda sam-
27. ágúst þykki hreppsnefnd.

XIV. KAFLI

Um eftirlit með börnum í kauptúnunum.

82. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 10 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu frá 1. sept. til 14. maí, og ekki seinna en til kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

83. gr.

Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára og eldri heimilt að selja dagblöð, fréttablöð og aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

XV. KAFLI

Um almennt hreinlæti í kauptúnunum.

84. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innflli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi, við götur kauptúnsins, að sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kauptúnunum, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor eða annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

85. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo að úr þeim hrynji meðan á flutningnum stendur.

86. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

87. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götu, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

88. gr.

146

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað 27. ágúst rennurnar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

XVI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

89. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Suður-Þingeyjarsýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar aðeins um þau kaupún innan sýslufélagsins, sem ekki hafa sérstaka lögreglusamþykkt.

90. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XVII. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

91. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

92. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

93. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

94. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

- 146** Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar 27. ágúst í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 27. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

- 147** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningar- og minningarsjóð 27. ágúst kvenna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. ágúst 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og minningarsjóð kvenna.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Menningar- og minningarsjóður kvenna.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er frú Briet Bjarnhéðinsdóttir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er dánargjöf frú Brietar, að upphæð kr. 2000.00, sem afhent var af börnum hennar á 85 ára afmæli hennar, 27. sept. 1941, og telst sá dagur stofndagur sjóðsins.

Sjóðurinn nemur nú kr. 26606.13.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að menningarmálum kvenna:

- a. með því að styðja konur til framhaldsmenntunar við æðri menntastofnanir, hérlandar og erlendar, með náms- og ferðastyrkjum.

Ef ástæður þykja til, svo sem sérstakir hæfileikar og efnaskortur, má einnig styðja stúlkur til byrjunarnáms, t. d. í menntaskóla;

- b. með því að styðja konur til framhaldsrannsókna, að loknu námi, og til náms og ferðalaga til undirbúnings þjóðfélagslegum störfum, svo og til sérnáms í ýmsum greinum og annarra æðri mennta;

- c. með því að veita konum styrk til ritstarfa eða verðlauna ritgerðir, einkum um þjóðfélagsmál, er varða áhugamál kvenna. Þó skulu námsstyrkir sitja í fyrir-rúmi meðan sjóðurinn er að vaxa.

Komi þeir tímar, að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu og sömu aðstæður til menntunar, efnalega, lagalega og samkvæmt almennings-áliti, þá skulu bæði kynin hafa jafnan rétt til styrkveitinga úr þessum sjóði.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Dánar- og minningargjafir, áheit og aðrar gjafir, tekjur af ýmsri starfsemi í þágu sjóðsins, vextir.

6. gr.

Gjafir allar skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins.

Af öðrum árlegum tekjum, merkjasölu, minningarþjóldum o. s. frv., skal heimilt að verja allt að $\frac{3}{4}$ samkvæmt 4. grein.

Vextir allir skulu lagðir við höfuðstól þangað til sjóðurinn nemur kr. 150000.00, skal þá heimilt að verja helmingi árlegra vaxta til styrkveitinga.

147

27. ágúst

7. gr.

Sjóðnum skal fylgja sérstök bók og skal, ef óskað er, geyma í henni nöfn, myndir og helztu æviatriði þeirra, sem minnst er með minningar- og dánargjöfum.

Æviminningar þeirra og handrit, bréf eða ritverk, sem eftir þær (eða þá) liggja, lætur sjóðstjórnin geyma á tryggum stað, t. d. í handritasafni Landsbókasafnsins. Minningabókin skal geymd á sama stað.

8. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal hann geymdur í tryggum verðbréf-um eða á annan hátt, er fullnægir fyrir mælum laga um örugga varðveislu og ávöxtun opinberra sjóða.

9. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram í júlímánuði og skulu umsóknir komnar fyrir 15. júlí í hendur sjóðstjórnar. Heimilt er þó sjóðstjórn að veita styrk úr sjóðnum á öðrum tíma, ef ástæða þykir til.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 konum, sem kosnar eru á Landsfundi kvenna, fyrir það tímabil, sem líður á milli landsfunda. Í fyrsta sinn skal stjórnin þó kosin á fulltrúaráðsfundi Kvenréttindafélags Íslands, í júní 1945 (og skal hún starfa til næsta landsfundar). Stjórnarkonur skulu vera félagar í K.R.F.Í. í Reykjavík og stjórnin öll sé búsett þar. Í fyrsta sinn, sem kosið er á landsfundi, skal draga úr tvær konur, síðan verða kosnar á víxl tvær og þrjár konur í einu. Kjósa skal jafnmargar konur til vara á sama hátt.

Ef K.R.F.Í. leggst niður, án þess að annar félagsskapur komi í þess stað, er sjóðurinn sé falinn, er þess óskað að stjórn sjóðsins sé kosin af sameinuðu Alþingi. Stjórnin skal þó ávallt vera skipuð konum.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulags-skrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins, tekjur og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og aðrir reikningar Kvenréttindafélags Íslands.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

148

27. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 31
25. júlí 1941.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 100% eða lækka um allt að 50%.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

149 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Hlifar
3. sept. Jónsdóttur og Daniels Andréssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. september 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Hlifar Jónsdóttur og Daniels Andréssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Hlifar Jónsdóttur og Daniels Andrés-sonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Hlíf Jónsdóttur frá Háagerði á Skagaströnd og Daniel Andrésson frá Syðri-Bægisá í Öxnadal, af syni þeirra Árna Danielssyni á Sjávarborg í Skagafirði.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur. Höfuðstóll þessi skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að og styrkja skógrækt í Skagafjarðarsýslu, á sveitabýlum, og skulu búendur innan Skarðshrepps ávallt sitja fyrir öðrum um styrk-veitingar úr sjóðnum.

5. gr.

Vextir skulu leggjast allir við höfuðstól sjóðsins til ársins 1949, en þaðan af að- eins $\frac{1}{5}$ hluti vaxtanna, upp frá því skal verja $\frac{4}{5}$ hlutum ársvaxta til þess að styrkja búendur sveitabýla til skógræktar samkvæmt því sem segir í 4. gr. Skal fyrst veittur styrkur úr sjóðnum á 100 ára afmæli Hlifar Jónsdóttur hinn 6. september 1949, og

siðan árlega sama dag upp frá því. Falli styrkveiting niður eitt ár eða fleiri, veitist 149
því meiri styrkur næsta eða næstu ár, sem umsóknir eru fyrir hendi. 3. sept.

6. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum skal jafnan vera bundin því skilyrði, að fylgt sé ákvæðum 2. og 3. málgr. 4. gr. og ákvæðum 5. gr. samþykktar um skóggræðslu í Skagafjarðarsýslu, útg. 10. maí 1945. Verði ákvæðum þessum breytt, skal farið eftir þeim ákvæðum, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu setur í þeirra stað til tryggingar græðslu gagnskógar til skjóls og búsparfa eða prýðis.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 sjálfkjörnir menn, þeir sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, sýslunefndarmaður Skarðshrepps og umsjónarmaður sýsluskógræktarinnar í Skagafjarðarsýslu, sem búsettur er innan sýslunnar, og er sýslumaðurinn ávallt formaður sjóðstjórnarinnar. Stjórnin ræður styrkveitingum úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun þessarar skipulagsskrár. Hún annast fjárreiður sjóðsins og ber ábyrgð á þeim fyrir sýslunefnd. Reikningsár er almanaksárið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan halda gerðabók og bóka þar framkomnar umsóknir um styrk, ákvarðanir um styrkveitingar, svo og reikninga sjóðsins og annað það, sem máli skiptir um rekstur sjóðsins og efnahag. Ársreikningur sjóðsins skal jafnan lagður fram á aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu til endurskoðunar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sjávarborg, í desember 1944.

Árni Daniélsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristínar Egilsdóttur“, 150
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. september 1945. 3. sept.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Minningarsjóð Kristínar Egilsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Egilsdóttur og er stofnaður af ættingjum og erfingjum hennar, til minningar um hana, en hún var fædd 29. sept. 1864, dáin 18. okt. 1941, dóttir Egils Jónssonar bókbindara og bókaútgefanda í Reykjavík og konu hans Guðrúnar Halldórsdóttur, prófasts á Melstað, Ámundasonar.

2. gr.

Sjóðurinn er nú við stofnun hans (í júní 1945) að upphæð kr. 8808.89 auk vaxta, en eykst væntanlega með framlögum ættingja, sem enn hafa ekki lagt í hann, og annarra vina, sem vilja styðja hann og tilgang hans, sérstaklega söngvina.

150

3. sept.

Varðveizla og stjórn sjóðsins skal vera í höndum Tónlistarskólans í Reykjavík, sem skal geyma hann í ríkisskuldabréfum eða á annan jafntryggan hátt. Sjóðstjórnina skulu skipa formaður skólaráðs, skólastjóri og elzti starfandi kennari skólans. Hún birtir reikning sjóðsins árlega í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins og innlög önnur en vexti, má aldrei skerða og skulu vextir lagðir við hann þangað til hann er orðinn kr. 25000 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Þegar hann hefur náð þeirri upphæð, skal leggja við hálfu vexti, en hálfum vöxtum varið til stuðnings söngmennt í landinu samkv. ákvörðun sjóðstjórnarinnar, svo og til að styrkja efnilega tónlistarnemendur eða til hljóðfærakaupa eða á annan hátt. Má verja hálfum vöxtum þannig árlega eða ef stjórnin telur það betur henta, að leggja saman vexti fyrir tvö eða fleiri ár til sérstakrar notkunar.

Þegar sjóðurinn er orðinn fimmtíu þúsund krónur, má stjórnin ákveða að verja til úthlutunar meira en helming vaxta, en aldrei sé þó minna en $\frac{1}{4}$ hluti vaxta lagður við höfuðstól.

5. gr.

Hætti Tónlistarskólinn í Reykjavík að starfa með núverandi fyrirkomulagi, tekur sú stofnun við vörzlu og stjórn sjóðsins, sem kemur í stað skólans og leysir hlutverk hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á þessari skipulagsskrá.

F. h. erfingjanna

Reykjavík, í júní 1945.

Kristinn Daníelsson,

fyrrv. prófastur.

151

4. sept.

REGLUGERÐ

um laun símstjóra á I. fl. B. og II. fl. símstöðvum fyrir rekstur stöðvanna svo og laun póstafgreiðslumanna.

1. gr.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um laun símstjóra á I. fl. B og II. fl. símstöðvum, sem ákvæði nefndra laga ná ekki til.

2. gr.

Starfsmenn við póstafgreiðslustörf á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum njóta sömu launakjara og starfsmenn póststofunnar í Reykjavík. Póst- og símamálastjórnin ákveður starfsmannafjölda á ofangreindum stöðum og flokkun þeirra samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Árspóknun síma- og póstafgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum séu sem hér segir:

- Kr. 7200: Akranes (1. fl. B), Borgarnes (1. fl. B) og Keflavík (1. fl. B). Árslaun 151
fullnuma afgreiðslustúlkna á ofangreindum stöðum séu allt að kr. 4200.00 4. sept.
og ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þeirra á hverjum stað.
- Kr. 7200: Selfoss (1. fl. B), Stykkishólmur (1. fl. B), Blönduós (1. fl. B), Eski-
fjörður (1. fl. B), Neskaupstaður (1. fl. B), póstafrgreiðslan í Vest-
mannaeyjum, Húsavík og Sauðárkróki.
- Kr. 6000: Póstafrgreiðslan í Hafnarfirði og Patreksfirði.
- Kr. 5300: Fáskrúðsfjörður (1. fl. B) og Þingeyri (1. fl. B).
- Kr. 3600: Póstafrgreiðslur á Flateyri, Hólmavík, Hvammstanga, Ólafsvík og Reyð-
arfirði.
- Kr. 3500: Bíldudalur (1. fl. B), Bolungavík (1. fl. B), Dalvík (1. fl. B), Egilsstaðir
(1. fl. B), Eyrarbakki (1. fl. B), Hveragerði (1. fl. B), Hvolsvöllur (1. fl. B),
Ólafsfjörður (1. fl. B) og Vopnafjörður (1. fl. B).
- Kr. 3000: Símsstöðvarnar á Húsavík (1. fl. B), Patreksfirði (1. fl. B) og Sauðár-
króki (1. fl. B).
- Kr. 2400: Póstafrgreiðslur á Einarssstöðum, Stað, Suðureyri og Vík.
- Kr. 1800: Brúarland (1. fl. B), símsstöðin á Flateyri (1. fl. B), Hnífsdalur (1. fl. B),
símsstöðvarnar á Hólmavík (1. fl. B), Hvammstanga (1. fl. B) og Ólafsvík
(1. fl. B), póst- og símsstöðin á Stokkseyri (1. fl. B) og símsstöðin í
Vík (1. fl. B).
- Kr. 1500: Póstafrgreiðslan á Kirkjubæjarklaustri.
- Kr. 1000: Póstafrgreiðslur í Bakkafirði og Mjóafirði.

Árslaun fullnuma afgreiðslustúlkna á símsstöðvum, sem nefndar eru í þessari
grein, að undanskildum þremur fyrstu stöðvunum (sbr. 2. málsg.), séu allt að
kr. 3600.00 og ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þeirra á hverjum stað.

4. gr.

Síma- og póstafrgreiðslumenn á eftirtöldum stöðum hafa ársþóknun að með-
talinni aðstoð sem hér segir:

- Kr. 7200: Sandgerði (1. fl. B — 2. fl.).
- Kr. 6000: Raufarhöfn (1. fl. B — 2. fl.).
- Kr. 5400: Þórshöfn (2. fl.).
- Kr. 5200: Hjalteyri (1. fl. B — 2. fl.), Djúpavík (1. fl. B. — 2. fl.) og Búðardalur
(2. fl.).
- Kr. 4800: Hrisey (1. fl. B. — 2. fl.), Gerðar (1. fl. B — 2. fl.), Laugarvatn (1. fl. B
— 2. fl.), Grindavík (1. fl. B — 2. fl.), Skagaströnd (1. fl. B — 2. fl.) og
Kópasker (1. fl. B — 2. fl.).
- Kr. 4200: Sandur (2. fl.) og Hofsó (2. fl.).
- Kr. 3600: Símsstöðvarnar Krossar (1. fl. B) og Kirkjubæjarklaustur (1. fl. B).
- Kr. 3200: Grafarnes (2. fl.) og Súðavík (2. fl.).
- Kr. 2800: Borgarfjörður (2. fl.).
- Kr. 2400: Stöðvarfjörður (2. fl.), Fosshóll (2. fl.), Breiðdalsvík (2. fl.), Króks-
fjarðarnes (2. fl.), síma- og bréfhirðinginn á Drangnesi (2. fl.), síms-
stöðvarnar á Breiðumýri (2. fl.) og Djúpavogi (2. fl.).
- Kr. 2100: Síma- og bréfhirðingarnar á Eiðum (2. fl.), Skútustöðum (2. fl.), Skóg-
um í Fnjóskadal (2. fl.) og Svignaskarði (1. fl. B — 2. fl.).
- Kr. 1800: Síma- og bréfhirðingarnar í Reykholti (2. fl.), á Torfastöðum (2. fl.),
Grenjaðarstað (2. fl.), Varmahlíð í Skagafirði (3. fl.) og í Höfnum (2. fl.)
og símsstöðvarnar í Haganesvík (2. fl.), Grenvík (2. fl. — 3. fl.), Ing-
ólfsfirði (2. fl. — 3. fl.) og Svalbarðseyri (2. fl. — 3. fl.).

- 151 Kr. 1500: Síma- og bréfhirðingin í Bólstaðarhlíð (2. fl.), Ás í Vatnsdal (2. fl.) og 4. sept. Minniborg (2. fl.), og símstöðin í Ásgarði í Grímsnesi (2. fl.), pósta-
afgreiðslan í Djúpavogi og Haganesvík.
- Kr. 1200: Síma- og bréfhirðingin að Arnarstapa á Mýrum (2. fl.), Ásgarði í Döl-
um (2. fl.), Síðumúla (2. fl.), Arngerðareyri (2. fl. — 3. fl.) og Staðar-
felli (2. fl.), og símstöðvarnar á Mælifelli (2. fl.), í Varmahlíð undir
Eyjafjöllum (2. fl.) og Þingvöllum (1. fl. B — 3. fl.).
- Kr. 800: Síma- og bréfhirðingarnar á Hallormsstað (2. fl. — 3. fl.) og Ásum í
Gnúpverjahreppi (2. fl. — 3. fl.).

5. gr.

Þriðja hvert ár skal endurskoða rekstrarþóknun landssímastöðva og pósta-
greiðslna. Verði innan endurskoðunartímabilsins aukning á afgreiðslumagni eða
öðrum rekstrarskilyrðum símstöðvar eða póstaafgreiðslu, skal henni að nýju skipað
í launaflokk. Við endurskoðun og skipun í launaflokka, skal höfð hliðsjón af eftir-
farandi formúlum og komi stöðvarnar og póstaafgreiðslurnar í þann launaflokk,
sem næstur er útkomunni. Taka má þó tillit til fleiri atriða, ef ástæða þykir til, svo
sem skiptipjónustu, óvenju örðugrar eða auðveldrar afgreiðslu, afgreiðslufjölda
pósts, tölu pósta frá póstaafgreiðslunni o. fl. Póst- og símamálastjóra til aðstoðar
við nefnda flokkaskipun skulu vera 3 menn skipaðir af ráðherra, og sé einn þeirra
tilnefndur af B. S. R. B.

I. fl. B. símstöðvar: Ársgrunnlaun (í krónum) = $0,20V + 300S + 0,035T + 12N$.

Í þessari formúlu er:

V = Tala viðtalsbila í útförnum símtölum og tala útfarinna símskeyta innan-
lands.

S = Afgreiðslutími stöðvarinnar í stundum á dag.

T = Tekjur stöðvarinnar í krónum af útförnum símtölum og símskeytum
innanlands.

N = Tala gjaldskyldra símnotenda við stöðina.

II. fl. símstöðvar: Ársgrunnlaun séu samanlagt:

1. Föst upphæð er sé:

kr. 780 hjá stöðvum, er hafa 1000—2000 útfarnar afgreiðslur á ári

kr. 1200 hjá stöðvum, er hafa 2000—3000 útfarnar afgreiðslur á ári

kr. 1500 hjá stöðvum, er hafa yfir 3000 útfarnar afgreiðslur á ári

2. 20 aurar fyrir hvert viðtalsbil í útförnum símtölum og fyrir hvert útfarið síms-
keyti.

3. 12 kr. fyrir hvern gjaldskyldan símnotanda við stöðina.

Póstaafgreiðslur: Ársgrunnlaun (í krónum) = $10A + 200S + P + 75F$.

Í þessari formúlu eru:

A = Tala almennra póstsendinga (aðkominna og útfarinna) í þús.

S = Tala skráðra póstsendinga í þúsundum.

P = Fjárhæð innborgaðra og útborgaðra póstaávísana í þús. króna.

F = Upphæð seldra frimerkja í þúsundum króna.

6. gr.

Í launum þeim eða þóknun, sem samkv. reglugerð þessari eru ætluð til reksturs
síma- og póstaafgreiðslna, er miðað við, að innifalinn sé kostnaður við aðstoð vegna
forfalla og annars, er að rekstrinum lýtur. Hins vegar greiðist orlofsfé sérstaklega.

Þegar ástæða þykir til er póst- og símamálastjórninni heimilt, í sérstökum
veikindaförföllum, að greiða símstöðvum og póstaafgreiðslum nokkra aukþóknun
þess vegna.

Á símsstöðvum í gisti- og veitingastöðum beri þeir að verulegu leyti kostnað við símaafgreiðslu vegna gesta sinna. **151**

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur símsstöðva og póstafrgreiðslna. **4. sept.**

7. gr.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að ákveða greiðslur til einstakra símsstöðva og póstafrgreiðslna vegna húsaleigu, ljóss, hita o. fl.

8. gr.

Á þeim stöðvum, þar sem símsstjórar og póstafrgreiðslumenn hafa húsnæði til íbúðar í húseignum pósts og síma, skal það árlega metið af yfirskattanefnd og dregið frá launum þeirra. Ljós og hita greiði þeir hlutfallslega við póst og síma.

9. gr.

Á launagreiðslur, samkvæmt reglugerð þessari, greiðist verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt útreikningi kauplagsnefndar.

10. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1945.

Samgöngumálaráðherra, 4. september 1945.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Jóns Halldórssonar frá Stóra-Fljóti“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. september 1945. **152** **6. sept.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Jóns Halldórssonar, Stóra-Fljóti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Jóns Halldórssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóni Halldórssyni, Stóra-Fljóti, með gjafabréfi útgefnu 19. júlí 1939, og er að upphæð hinn 19. maí 1945 19000 — nítján þúsund — krónur.

3. gr.

Sjóður þessi er eign Biskupstungnahrepps í Árnessýslu og má hagnýta hann aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir.

4. gr.

Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps hefur á hendi umsjón og stjórn sjóðsins, reikningshald og bókfærslu, og gerir grein fyrir, bæði gagnvart hreppsþúum og öðrum aðiljum samkvæmt lögum.

152

6. sept.

Fé sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, eða annarri lánsstofnun, er ríkið tekur ábyrgð á, verði Söfnunarsjóðurinn lagður niður. Skulu allir vextir sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, unz sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Þá falla til útborgunar $\frac{1}{4}$ vaxta þar til hann er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, síðan $\frac{1}{2}$ vaxta, unz höfuðstóll er 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund — krónur, en úr því falla til útborgunar $\frac{3}{4}$ vaxta, en $\frac{1}{4}$ leggst ávallt við höfuðstólinn, en hann má aldrei skerða. Gjafir og áheit, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggst við höfuðstólinn.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. að verðlauna þá húsráðendur, sem skara fram úr í snyrtilegri umgengni;
2. að verðlauna þá, sem koma upp trjáreitum við býli sín, sem til fyrirmyndar mega teljast;
3. að verðlauna þá bændur, sem bera af í vandaðri og góðri ræktun, að dómi sérfróðra manna;
4. að styrkja fátæka pilla og stúlkur til búfræði og húsmæðranáms;
5. að stofna trjáræktarstöð í sveitinni, er beri nafn gefandans, þegar handbært fé sjóðsins er orðið svo mikið, að slíkt sé framkvæmanlegt.

Verðlaun þessi og styrkir veitast aðeins þeim, er lögheimili eiga í Biskups-tungnahreppi.

7. gr.

Úthlutun verðlauna og styrkja úr sjóðnum hefur á hendi þriggja manna nefnd, er skal kosin í fyrsta sinn á vorhreppaskilafingi það ár, er fyrst kemur til úthlutunar úr sjóðnum. Skulu tveir menn kosnir af hreppsþúum, en hreppsnefndin kys einn mann úr sínum hópi og er hann formaður nefndarinnar. Kosningin fylgir jafnan hreppsnefndarkosningum.

8. gr.

Nú fer svo eitthvert ár, að engin verðlaun eða styrkur er veitt, eða nefndin telur ekki ástæðu til að nota allt það fé, sem hún hefur til úthlutunar, og skal þá það fé leggjast á sérstakan reikning til úthlutunar síðar.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana fundagerðir og ályktanir, svo og reikningabók, sem í eru færðir allir reikningar sjóðsins.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningur sjóðsins fylgja hreppsreikningi til endurskoðunar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Vatnsleysu, 23. júlí 1945.

Guðjón Rögnvaldsson.
Erlendur Björnsson.

Þorsteinn Sigurðsson.
Einar J. Helgason.

Skúli Gunnlaugsson.
Sigurður Greipsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

Jarðir:	Einingar:
Stóri-Ós	184
Saurar	34
Ytri-Reykir	33
Syðri-Reykir	33
Torfustaðir neðri	18
Torfustaðir efri	9
Urriðaaá	3,5
Bjarg	58
Bjargshóll	9
Uppsalar	9,5
Litlibakki	7
Barkarstaðir og Sel	22
Skárastaðir	8,5
Núpsdalstunga	40
Efri-Núpur	15,5
Þverá	4
Foskot	4
Neðri-Núpur syðri	3
Neðri-Núpur ytri	12,5
Torfustaðir	5
Haugur	8
Litlihvammur	8,5
Litlatunga	78
Giljaland	3
Skeggjastaðir	3
Dalgeirsstaðir	3
Hnúkur	3
Kollufoss	3,5
Huppahlíð	11
Brekkulækur	161
Króksstaðir	53
Staðarbakki	46,5
Melstaður	50
Barð	50
Sandar	11

Alls 1005

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi arðskrá fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga, nr. 18 19. febrúar 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. september 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1945 til jafnlengdar 1946.

		1 peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Fríður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	970	83	970	83	809
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	132	08	792	48	660
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	120	91	967	28	806
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	67	55	675	50	563
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	792	50	792	50	660
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	715	00	953	33	794
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni pd. á	3	48	417	60	348
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni pd. á	2	55	306	00	255
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	8	82	1058	40	882
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	3	14	376	80	314
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispæysur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpæysur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	65	67	394	02	328
23.	— 6 vættir af harðfiski. vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

	Í peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar	á	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar	á	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar	á	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	11	92	178	80 149
F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	pund	á	8 67 34 68 29
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10	pund	á	7 17 43 02 36
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10	pund	á	6 40 38 40 32
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	» » » » »
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	» » » » »
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10	pund	á	» » » » »
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert	á	»	» » » » »
G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið	á	»	» » » » »
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	pundið	á	»	» » » » »
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10	pund	á	» » » » »
41.	— 480 pd. af fjallagrösom	10	pund	á	» » » » »
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	á	47 08	»	» 942
43.	— 1 lambsfóður	á	44 58	»	» 892
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaaurum verður:					
Eftir A. eða í friðu			858	65	715
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			539	70	450
Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
Eftir D. eða í fiski			394	02	329
Eftir E. eða í lýsi			178	80	148
Eftir F. eða í skinnavöru			38	70	32
En meðalverð allra landaura samantalið			2009	87	1674
og skipt með 5 sýnir:					
Meðalverð allra meðalverða			401	97	335

Skrifstofu Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 20. marz 1945.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Suður-Múlasýslu og Neskaupstað

frá 16. maímánaðar 1945 til jafnlengdar 1946.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	865	62	865	62	721
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	111	00	666	00	555
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	135	38	812	28	677
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	115	00	920	00	767
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	98	50	1182	00	985
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	112	37	898	96	749
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	52	19	521	90	435
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	801	56	801	56	668
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	688	56	918	08	765
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni pd. á	3	10	372	00	310
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni pd. á	2	31	277	20	231
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	9	03	1083	60	903
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	2	82	338	40	282
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundid á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnipeysur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	75	00	450	00	375
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

	I peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar	á	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar	á	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar	á	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	pottar	á	»
F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	12	08	48 32	40
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns	»	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnns	»	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	»	»	»	»
G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	110	62	663 72	553
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	106	67	1280 04	1067
41.	— 480 pd. af fjallagrösom	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	44	33	»	887
43.	— 1 lambsfóður	43	67	»	873
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í friðu	842	93	702	
	Eftir B. eða í ulla, smjöri og tólg	517	80	431	
	Eftir C. eða í ullartóvöru	»	»	»	
	Eftir D. eða í fiski	450	00	375	
	Eftir E. eða í lýsi	»	»	»	
	Eftir F. eða í skinnavöru	48	32	40	
	En meðalverð allra landaura samtalið	1859	05	1548	
	og skipt með 4 sýnir:				
	Meðalverð allra meðalverða	464	76	387	

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 13. marz 1945.

Kristinn Júlíusson,
— settur. —

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1945.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Austur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1945 til jafnlengdar 1946.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	562	00	562	00	468
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	75	40	452	40	377
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	78	00	468	00	390
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	63	20	505	60	421
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	50	60	607	20	506
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	59	40	475	20	396
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	29	00	290	00	242
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	660	00	660	00	550
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	550	00	740	00	617
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni pd. á	2	78	333	60	278
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni pd. á	1	74	208	80	174
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	5	08	609	60	508
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	1	88	225	60	188
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundid á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnipeysur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	pottar	á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	pund	á	9	50	38 00 32
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnss	10	pund	á	7	17	43 02 36
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnss	10	pund	á	5	17	31 02 26
34.	— 8 fjórð. sauðskinnss, af tvæv. og eldri	10	pund	á	5	42	43 36 36
35.	— 12 fjórð. sauðskinnss, af veturg. og ám	10	pund	á	4	17	50 04 42
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert	á		0	80	192 00 160
<i>G. Ýmislegt.</i>							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið	á		»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	pundið	á		»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	á			26	60	» » 532
43.	— 1 lambsfóður	á			19	40	» » 388
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:							
Eftir A. eða í fríðu					528	93	441
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg					344	40	287
Eftir C. eða í ullartóvöru					»	»	»
Eftir D. eða í fiski					»	»	»
Eftir E. eða í lýsi					»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru					66	24	55
En meðalverð allra landaura samantalið					939	57	783
og skipt með 3 sýnir:							
Meðalverð allra meðalverða					313	19	261

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 20. janúar 1945.

Gísli Sveinsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Vestur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1945 til jafnlengdar 1946.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	878	57	878	57	732
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	111	86	671	16	559
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	146	43	878	58	732
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	107	86	862	88	719
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	75	71	908	52	757
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	108	57	868	56	724
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	45	71	457	10	381
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	842	86	842	86	702
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	617	14	822	85	686
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ulla, vel þveginni pd. á	2	83	339	60	283
11.	— 120 pd. af mislitri ulla, vel þveginni pd. á	1	82	218	40	182
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	8	64	1036	80	864
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	2	49	298	80	249
<i>C. Tóvara af ulla.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundí, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundí á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispesur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpesur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

	Í peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur	kr.	aur	aur.
<i>E. Lýsi.</i>					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8 pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8 pottar á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8 pottar á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8 pottar á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10 pund á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10 pund á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10 pund á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10 pund á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10 pund á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10 pund á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert á	»	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	pundið á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10 pund á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösnum	10 pund á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	á	51	14	1023
43.	— 1 lambsfóður	á	49	29	986
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:					
Eftir A. eða í fríðu			799	01	666
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			473	40	394
Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
Eftir D. eða í fiski			»	»	»
Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru			»	»	»
En meðalverð allra landaura samantalið			1272	41	1060
og skipt með 2 sýnir:					
Meðalverð allra meðalverða			636	20	530

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 20. marz 1945.

Gísli Sveinsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Vestmannaeyjakaupstað

frá 16. maímánaðar 1945 til jafnlengdar 1946.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	850	00	850	00	708
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	100	00	600	00	500
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	120	00	720	00	600
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	100	00	800	00	667
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	80	00	960	00	800
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	90	00	720	00	600
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	55	00	550	00	458
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	750	00	750	00	625
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	450	00	600	00	500
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ulla, vel þveginni pd. á	2	10	252	00	210
11.	— 120 pd. af mislitri ulla, vel þveginni pd. á	1	10	132	00	110
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	10	00	1200	00	1000
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	2	00	240	00	200
<i>C. Tóvara af ulla.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispesur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpesur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	52	00	312	00	260
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

		í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
E. Lýsi.						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar	á	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar	á	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar	á	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	pottar	á	16 00	240 00 200
F. Skinnavara.						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	pund	á	12 00	48 00 40
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10	pund	á	10 00	60 00 50
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10	pund	á	7 00	42 00 35
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	12 00	96 00 80
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	10 00	120 00 100
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10	pund	á	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit		hvert	á	»	»
G. Ýmislegt.						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið	á	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum		pundið	á	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10	pund	á	50 00	600 00 500
41.	— 480 pd. af fjallagrösom	10	pund	á	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir		á		53 68	» 1074
43.	— 1 lambsfóður		á		»	»
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:						
Eftir A. eða í friðu				727	78	606
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg				456	00	380
Eftir C. eða í ullartóvöru				»	»	»
Eftir D. eða í fiski				312	00	260
Eftir E. eða í lýsi				240	00	200
Eftir F. eða í skinnavöru				73	20	61
En meðalverð allra landaura samantalið				1808	98	1507
og skipt með 5 sýnir:						
Meðalverð allra meðalverða				361	80	301

Skrifstofu Vestmannaeyjakaupstaðar, 16. apríl 1945.

Sigfús M. Johnsen.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 16. apríl 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Rangárvallasýslu

frá 16. maímánaðar 1945 til jafnlengdar 1946.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	1011	82	1011	82	843
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	90	82	544	92	454
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	120	99	725	94	605
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	93	90	751	20	626
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	72	64	871	68	726
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	90	23	721	84	602
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	42	11	421	10	351
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	688	18	688	18	573
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	351	36	468	48	390
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ulla, vel þveginni pd. á	2	30	276	00	230
11.	— 120 pd. af mislitri ulla, vel þveginni pd. á	1	45	174	00	145
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	8	05	966	00	805
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	2	53	303	60	253
<i>C. Tóvara af ulla.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

		I peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
E. Lýsi.							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	»	»	»	»	
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	»	»	»	»	
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	»	»	»	»	
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	»	»	»	»	
F. Skinnavara.							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	8	40	33	60	28
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns	10	7	29	43	74	36
33.	— 6 fjórðungar þrossskinnns	10	5	14	30	84	26
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	10	5	60	44	80	37
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	10	5	00	60	00	50
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert á	0	64	153	60	128
G. Ýmislegt.							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum	10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	á	52	45	»	»	1049
43.	— 1 lambsfóður	á	42	91	»	»	858
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:							
Eftir A. eða í friðu					689	46	574
Eftir B. eða í ulla, smjöri og tólg					429	90	358
Eftir C. eða í ullartóvöru					»	»	»
Eftir D. eða í fiski					»	»	»
Eftir E. eða í lýsi					»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru					61	10	51
En meðalverð allra landaura samtalið					1180	46	983
og skipt með 3 sýnir:							
Meðalverð allra meðalverða					393	49	328

Skrifstofu Rangárvallasýslu, 24. febrúar 1945.

Björn Björnsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 24. marz 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Árnessýslu

frá 16. maímánaðar 1945 til jafnlengdar 1946.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
A. Friður peningur.						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	1062	50	1062	50	885
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	119	06	714	36	595
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	145	77	874	62	729
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	116	69	933	52	778
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	95	42	1145	04	954
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	112	81	902	48	752
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	53	75	537	50	448
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	743	33	743	33	619
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	498	67	664	89	554
B. Ull, smjör og tólg.						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni pd. á	2	78	333	60	278
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni pd. á	1	75	210	00	175
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	8	77	1052	40	877
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	2	98	357	60	298
C. Tóvara af ullu.						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
D. Fiskur.						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
E. Lýsi.							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	pottar	á	»	»	»
F. Skinnavara.							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	pund	á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnss	10	pund	á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnss	10	pund	á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinnss, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinnss, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit		hvert	á	»	»	»
G. Ýmislegt.							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið	á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum		pundið	á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	60	á	33	»	»	1207
43.	— 1 lambsfóður	49	á	87	»	»	997
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaúrum verður:							
Eftir A. eða í friðu		842	03	702			
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg		488	40	407			
Eftir C. eða í ullartóvöru		»	»	»			
Eftir D. eða í fiski		»	»	»			
Eftir E. eða í lýsi		»	»	»			
Eftir F. eða í skinnavöru		»	»	»			
En meðalverð allra landaúra samantalið		1330	43	1109			
og skipt með 2 sýnir:							
Meðalverð allra meðalverða		665	21	554			

Skrifstofu Árnessýslu, 23. marz 1945.

Páll Hallgrímsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1945.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað og Reykjavík

frá 16. maímánaðar 1945 til jafnlengdar 1946.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	898	67	898	67	749
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	107	67	646	02	538
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	121	92	731	52	610
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	102	75	822	00	685
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	90	77	1089	24	908
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	96	54	772	32	644
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	53	92	539	20	449
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	662	00	662	00	552
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	497	86	663	81	553
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni pd. á	2	78	333	60	278
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni pd. á	2	20	264	00	220
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	10	00	1200	00	1000
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	3	19	382	80	319
Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 23. ágúst 1945, nr. 80.

Bráðabirgðalög um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu, undirskrifuð af forsetanum 29. september 1945, nr. 81.

Bráðabirgðalög um viðauka við bráðabirgðalög frá 20. ágúst 1945, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 82.

AUGLÝSING

um kartöfluverð o. fl.

174

28. sept.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 76 2. ágúst 1945, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna, að útsöluverð á kartöflum skuli frá og með 1. október næstkomandi vera þannig:

Í heildsölu:

I. flokkur	kr. 88.00	hver 100 kg
Úrvalsflokkur	— 100.00	— 100 —
II. flokkur	— 77.00	— 100 —

Í smásölu:

I. flokkur	kr. 1.10	hvert kg
Úrvalsflokkur	— 1.25	— —
II. flokkur	— 0.96	— —

Jafnframt hefur ráðuneytið falið Grænmetisverzlun ríkisins að kaupa eða semja við aðra um kaup á þeim kartöflum, sem framleiðendur í landinu vilja selja af þessa árs uppskeru, eftir því sem ástæður leyfa og samkvæmt því, sem hún ákveður.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

175

23. okt.

REGLUGERÐ**um bann við dragnótaveiði í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.**

Samkvæmt lögum frá 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu innan línu, er hugsast dregin frá Hrómundsey í Ketilsfles og þaðan í beina stefnu við suðurodda Sandeyjar í Búlandsnes, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. október 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Auglýsing um viðskiptasamning, er gerður var í Stokkhólmi hinn 7. apríl 1945 milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 3. september 1945, nr. 85.

Auglýsing um loftflutninga milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. september 1945, nr. 86.

*Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1945 skuli koma saman til fundar mánu-
daginn 1. október 1945, undirskrifuð af forsetanum 13. september 1945, nr. 84.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup
rikisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 87.*

*Lög um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í
landhelgi, undirskrifuð af forsetanum 22. október 1945, nr. 83.*

*Lög um breyting á lögum nr. 1 16. janúar 1943, um innflutning og gjald-
eyrismeðferð, undirskrifuð af forsetanum 7. nóvember 1945, nr. 88.*

*Auglýsing um að Ísland hafi staðfest sáttmálann um stofnun hjálpar- og
endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða (UNRRA), undirskrifuð af utan-
ríkisráðherra 10. nóvember 1945, nr. 92.*

*Auglýsing um að Ísland hafi staðfest bráðabirgðasamkomulag um alþjóða-
flug, er gert var á alþjóðaflugmálaráðstefnunni í Chicago í nóvember og desem-
ber 1944, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 93.*

*Auglýsing um að Ísland hafi staðfest alþjóðasamkomulag um viðkomurétt-
indi flugfara og alþjóðasamkomulag um loftflutninga, er gert var á alþjóðaflug-
málaráðstefnunni í Chicago í nóvember og desember 1944, undirskrifuð af utan-
ríkisráðherra sama dag, nr. 94.*

*Lög um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín,
undirskrifuð af forsetanum 23. nóvember 1945, nr. 89.*

*Lög um kaup á nýjum strandferðaskipum, undirskrifuð af forsetanum sama
dag, nr. 90.*

*Lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð, undirskrifuð af forsetanum 30.
nóvember 1945, nr. 91.*

*Lög um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, undirskrifuð af
forsetanum 12. desember 1945, nr. 95.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr
Kjappeyrarlandi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 96.*

*Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir
Ísland, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 97.*

*Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942, undirskrifuð af for-
setanum sama dag, nr. 98.*

REGLUGERÐ

176

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hólmavíkirkauptún, nr. 21 8. apríl 1937. ^{3/8 '44}

1. gr.

Hvarvetna, þar sem orðið „Hrófbergshreppur“ stendur í hafnarreglugerðinni,
komi í stað þess orðið: Hólmavíkurhreppur.

2. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni hætti um 150%.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917,

176 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut ^{3/8} '44 eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

177 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð séra Sigurðar Z. Gíslasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 4. ágúst 4. ágúst 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Z. Gíslasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um séra Sigurð Z. Gíslason, prest á Þingeyri í Dýrafirði, er fórst í snjóflóði á leið til útkirkju sinnar að Hrauni á nýársdag 1943.

Stofnfé sjóðsins er 3000 krónur, lagðar fram af nánustu ættingjum hins látna.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla kristindóminn í landinu, meðal annars með því að veita námsstyrk fátækum en efnilegum guðfræðinimum við Háskóla Íslands, og skulu nemendur úr Sandaprestakalli í Dýrafirði og úr Hofsprestakalli í Vopnafirði ganga fyrir um styrk.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk vaxta af höfuðstól, hvers konar gjafir og áheiti, er sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjá biskupsins yfir Íslandi, er ávaxtar fé hans í Landsbanka Íslands eða í rikisskuldabréfum.

5. gr.

Úthluta skal árlega $\frac{2}{3}$ af vöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{3}$ vaxta leggst við höfuðstól, unz sjóðurinn er orðinn 100 þúsund krónur. Eftir þann tíma má úthluta öllum vöxtunum, en aldrei skerða höfuðstólinn. Styrk skal jafnan úthluta þann 1. janúar, og annast biskupinn þá úthlutun að fengnum tillögum kennara guðfræðideildar háskólans. Nemi fé það, er úthluta skal, meiru en kr. 1500.00, er biskupi heimilt að verja því, sem um fram er, til styrktar kristindómi í landinu á þann veg, er hann telur bezt til fallið.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd ættingjanna

Sigurgeir Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Einars Guðmundssonar á Vatnsleysu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. september 1945. 178 13. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Einars Guðmundssonar á Vatnsleysu.

1. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

2. gr.

Vextir leggjast allir við höfuðstólinn, þar til er þeir nema 250 — tvö hundruð og fimmtíu — krónum á ári, en síðan einn fimmtí hluti, þar til er þeir nema 1000 — eitt þúsund — krónum á ári, þá einn tíundi hluti upp frá því.

3. gr.

Því af vöxtunum, sem eigi er lagt við sjóðinn, skal verja til að styrkja efni-
leg ungmenni, 17—25 ára að aldri, til náms við einhvern alþýðuskóla hér á landi, kennaraskóla, gagnfræðaskóla, bændaskóla, lýðháskóla, kvennaskóla eða hverjum öðrum nöfnum, sem þeir skólar kunna að nefnast, sem ætlaðir eru til alþýðu-
menntunar hér á landi.

4. gr.

Stjórn fræðslumála í Biskupstungnahreppi hefur stjórn sjóðsins á hendi og veitir styrk úr honum. Þeim einum má styrk veita af sjóðnum, sem heima eiga í Biskupstungum, og skulu þau ungmenni ganga fyrir, er foreldrar hafa eigi efni á að kosta til náms, séu þau jafnvel hæf til náms, sem hin. Upphæð styrksins skal miða við það, að hann sé hlutaðeiganda nægilegur til dvalar við skólann, að því viðbættu, sem hann kann að geta unnið sér inn sjálfur þann tíma árs, sem skólinn stendur eigi. Halda skal áfram að veita þeim styrk, sem eitt sinn hefur hlotið svo lengi sem hann þarf til þess að geta lokið námi við þann skóla, er hann hefur kosið sér í upphafi, svo framarlega sem hann hefur eigi sýnt sig ómaklegan styrksins, að dómi hlutaðeigandi skólastjóra og fræðslustjórnar hreppsins (Biskupstungna).

5. gr.

Þegar ársvextir eru orðnir svo miklir, að nægir 6 — sex — ungmönnum til þess náms, er að framan greinir, má verja því, sem umfram verður, til að styrkja efnilega menn, er áður hafa lokið námi hér á landi, til að leita sér frekari menntunar í sömu átt við skóla erlendis, þó eigi lengur en tvö ár, og með þeim skilyrðum, sem áður eru sett í 3. og 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um, að ákvæði skipulagsskrár þessarar séu birt almenningi í hreppnum, svo sem nægir til þess, að enginn þurfi að verða af styrkunum fyrir þá sök, að eigi viti hann, að styrksins er kostur. Verði samt sem áður eigi svo miklu útbýtt af vöxtunum eitthvert ár sem hér er gert ráð fyrir, skal leggja afganginn við höfuðstólinn.

Vatnsleysu, 1. sumardag (23. apríl) 1908.

Einar Guðmundsson.

179 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Austur-Landeyja-
29/6 '44 hrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. júní 1944. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs Austur-Landeyjahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sæmundi Ólafssyni, bónda að Lágafelli í Austur-Landeyjum og konu hans, Guðrúnu Sveinsdóttur, með 2500 króna gjöf á sjötugs-afmæli Sæmundar, 29. júní 1944.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur úr Austur-Landeyjahreppi í væntanlegum héraðsskóla Rangæinga eða til hagnýts framhaldsnáms annars staðar.

3. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa er höfuðstóll hans nemur 10000 krónum.

Skal þá jafnan verja $\frac{3}{5}$ hlutum ársvaxtanna til styrkveitinga samkvæmt tilgangi hans.

4. gr.

Sérstök sjóðnefnd skal hafa á hendi styrkveitingar úr sjóðnum. Styrki skal veita án umsóknar.

Sjóðnefnd skipa skólastjóri héraðsskólans og er hann formaður nefndarinnar, oddvitinn í Austur-Landeyjahreppi og sóknarprestur Krosssóknar.

Sjóðnefnd skal halda sérstaka gerðabók.

5. gr.

Nú telur sjóðnefnd ekki ástæðu til að úthluta styrk eitthvert ár og skal henni þá heimilt að ákveða, að féð skuli geymast til úthlutunar síðar, ella skal það lagt við höfuðstól.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn sýslunefndar Rangárvallasýslu, er annast vörzlu hans og reikningshald. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir á sama hátt og sýslureikningarnir.

Sýslunefnd tilkynnir sjóðnefnd hversu mikið fé falli til styrkveitinga ár hvert.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði eða í íslenskum ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða sparissjóði, sem nýtur ríkisábyrgðar.

Sjóðnefnd skal vinna að því, að afla sjóðnum tekna, eftir því sem ástæður eru til.

Allar tekjur sjóðsins, að undanteknu því, er úthlutað er samkvæmt 3. grein, leggjast við höfuðstól.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Lágafelli, 29. júní 1944.

Guðrún Sveinsdóttir. Sæm. Ólafsson.

AUGLÝSING

180

17. sept.

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu,
nr. 98 frá 15. júlí 1941.

1. gr.

4. mgr. 50. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hreppstjóri skoði eða láti skoða mörk á öllum þeim hrossum, sem seld eru í hreppnum og fara eiga til annarra héraða. Er seljandi og kaupandi skyldur að veita aðstoð við það. Enn fremur eru kaupendur skyldir að tilkynna hreppstjóra, áður en sala fer fram. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrétt, skal fara með það eins og fyrir er mælt um sauðfé, sbr. 46. gr.

2. gr.

6. mgr. 50. gr. falli niður.

3. gr.

Síðasta málsgr. 50. gr. orðist svo:

Borgun til þeirra manna, er skoða mörk á hrossum og fé í sveitum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Þeir, sem taka fé eða hross til slátrunar á staðnum, kosti sjálfir þann mann, er skoðar mörkin.

4. gr.

Upphaf 51. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allt fé og öll hross í sölurekstrum skal vera með glöggu rekstrarmerki, o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

181

18. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.,
nr. 121 frá 24. júlí 1940.

Aftan við reglugerðina komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Prentun markaskrár sýslunnar, sem átti að fara fram 1946, er heimilt að fresta, þó eigi lengur en til ársins 1950.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. september 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

182

19. sept.

REGLUGERÐ

um holræsi í Keflavík.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námundi við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdarstörf, sem holræsakerfi kaupþúsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald, um leið og hann tengir ræsi við aðalholræsi, kr. 600.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 200.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina.

Verksmiðjur, sölubúðir, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl. þ. h. greiða í tengigjald kr. 600.00.

Auk tengigjalds skal hver húseigandi greiða í holræsagjald til hreppsins kr. 25.00 árlega af hverju húsi og enn fremur 5% af fasteignamati húsanna.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjaldið, getur hreppsnefndin hækkað og lækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

5. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

183

19. sept.

um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í Seyðisfjarðarkaupstað skal árlega leggja á fasteignaskatt í bæjarsjóð. Skal hann lagður á eftir gildandi fasteignamati á hverjum tíma og vera sem hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, greiðist 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum greiðist 0,4%.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigulóðir sé að ræða, þá greiðist skatturinn af notanda.

3. gr.

Skatturinn greiðist af heilum hundruðum króna af fasteignamatsverði, en því, sem umfram er, skal sleppa. Nái matsverð ekki 100 krónum, þá greiðist enginn skattur.

4. gr.

Gjalddagar skattsins eru 1. apríl og 1. september ár hvert, og greiðist helmingur á hvorum gjalddaga. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu tveimur mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum. Skatturinn hvílir sem lögveð á fasteignum þeim, sem hann er lagður á, og skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, í tvö ár frá gjalddaga. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð hússins.

Skattinn má taka lögtaki.

5. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjarsjóðs, nema leigulóðir, enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, eiliheimili, barnahæli og sjúkrahús. Sama er um lóðir, er fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

6. gr.

Að öðru leyti fer um skattálagningu þessa samkvæmt lögum nr. 69 frá 1937.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1937, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

184

23. okt.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 35 2. marz 1943, um breyting á samþykkt nr. 44
16. maí 1934, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

16. tölul. 1. gr. orðist svo:
Hjaltadalsvegur frá Hólum að Reykjum.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
Eyrarvegur, þ. e. vegurinn frá kolageymsluhúsi Kaupfélags Skagfirðinga á
Sauðárkróki norður að Hafnarhúsi á Eyrinni, telst sýsluvegur, svo lengi sem
hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps krefst ekki til eigin ráðstöfunar þess hluta vega-
skattsins, sem hreppnum er heimilaður til eigin afnota samkv. 5. gr. laga nr. 102
frá 1933.

Til þessa vegar skal eingöngu varið framangreindu fé, þ. e. þeim hluta vega-
skattsins, sem Sauðárkrókshreppur á kröfurétt til, ásamt því fé, er rikissjóður
leggur á hverjum tíma móti þessu fjárframlagi, og má ekki ráðstafa því til ann-
arra sýsluvega.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og sam-
þykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. október 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

185

24. okt.

AUGLÝSING

um lækkun aðflutningsgjalda af tilbúnum gosdrykkjasöftum.

Samkvæmt heimild í f-lið 3. gr. laga nr. 62 1939, sbr. 3. gr. laga nr. 6 1945,
hefur ráðuneytið ákveðið, að meðan ákvæði auglýsingar nr. 74 1943 eru í gildi,
skuli fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, tolla tilbúin gosdrykkjasöft,
sem teljast til nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar, með 7 aura vörumagnstolli af kg
og 10% verðtoll, enda reki viðtakandi innlenda tollvörugerð, þar sem úr söft-
unum er framleidd vörutegund, sem af ber að greiða tollvörugjald og eftirlits-
gjald við sölu eða afhendingu, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að saftirnar
verði notaðar til tollvörugerðar.

Með auglýsingu þessari er úr gildi numin fyrirmæli auglýsingar nr. 98 1945,
um lækkun aðflutningsgjalda af lituðu sykurvatni með kjörnum.

Fjármálaráðuneytið, 24. október 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Búnaðarfélags Svarfdæla“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. 26. okt. 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Búnaðarfélags Svarfdæla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Búnaðarfélags Svarfdæla.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna bændur á félagssvæðinu, einkum hina fátækari, fyrir framúrskarandi dugnað og hagsýni í landbúnaði, svo sem jarðrækt, allri fóðrun og kynbótum búfjár, húsabyggingum á ábýli sínu, smíði og notkun landbúnaðarverkfæra eða hverju öðru því, er hafið getur atvinnugrein þessa til vegs og tryggt afkomu hennar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Svarfdæla hefur á hendi veitingu verðlauna úr sjóðnum. Umsóknir um verðlaun skulu sendar félagsstjórninni, og er hverjum manni búsettum á félagssvæðinu heimilt að senda umsókn til handa öðrum manni, en aldrei til sjálfsverðlauna. Þyki stjórninni ástæða til að verðlauna einhvern búanda samkvæmt 2. gr., skal henni það heimilt, þótt eigi hafi komið um það tilmæli eða umsókn.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, er dánargjöf Jóns Baldvins Guðjónssonar, bónda á Hreiðarsstöðum í Svarfaðardal.

Þegar sjóðurinn nemur þrjú þúsund krónum, má hefja verðlaunagreiðslu og verja til þess ársvöxtum sjóðsins. Ávallt skal þó leggja hálf ársvexti við höfuðstól, unz sjóðurinn nemur sex þúsund krónum, en eftir það bætist þriðji hluti ársvaxtanna við höfuðstólinn. Ef sá hluti ársvaxtanna, sem verja má til verðlauna, er ekki notaður eða aðeins að einhverju leyti, skal afgangurinn lagður við höfuðstólinn.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum og öðru því fé, sem honum kann að berast, og leggst það við höfuðstólinn.

6. gr.

Verðlaunasjóðurinn sé ætíð í umsjá stjórnar Búnaðarfélags Svarfdæla og sé henni skylt að ábyrgjast og ávaxta hann, sem aðrar peningaeignir félagsins.

7. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Svarfdæla færir árlega reikning um hag sjóðsins. Sé reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, lesinn upp á aðalfundi þess og samþykktur þar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

186

26. okt.

8. gr.
Skiptist Búnaðarfélag Svarfdæla í tvö félög, fellur sjóðurinn óskiptur í eign þess félagsins, sem nær yfir fremri hluta Svarfaðardals.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

187

28. sept.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 234 31. desember 1943, um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, nr. 222 21. febr. 1939.

Í 2. málslíð 1. mgr. 2. gr. Í stað „kr. 65.00“ komi: kr. 33.00.

Ákvæði þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 104 30. desember 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

188

25. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 131 25. júlí 1941.

1. gr.

8. grein reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með $2\frac{1}{2}\%$ af fasteignamatsverði húsanna.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 5% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

2. gr.

9. grein verði svo hljóðandi:

Af hverri tunnu grófsaltaðrar síldar greiðist 5 aurar í vatnsgjald.

Af hverri tunnu sérverkaðrar síldar greiðist 10 aurar í vatnsgjald.

Fyrir hverja tunnu af flakaðri síld 25 aurar.

Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 3 aurar.

Af hverri tunnu af söltuðum flökuðum fiski greiðist 10 aurar.

Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskiflökum greiðist 15 aurar.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum, fyrir **188**
en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum samkvæmt 16. og 18. 25. sept.
gr. reglugerðarinnar, ef út af bregður.

3. gr.

10. gr. verði svo hljóðandi:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, svo sem sildarverk-
smiðjur ríkisins, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá
smálestin 15 aura.

Sem árslægmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 400.00 fyrir hverja
1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við
vatnsæð veitunnar.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að
útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli
eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald til sildarverksmiðja vera 2,5 aurar fyrir
hvert mál sildar, er verksmiðjan hefur tekið á móti til bræðslu.

Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

4. gr.

14. gr. orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt og vatnsgjald
um allt að 100% og lækka það um allt að 50% frá ákvæðum í greinum 8, 9, og 10
og taki þá hækkunin eða lækkunin jafnt til allra gjaldenda.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið
og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til
að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. september 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrkveitingasjóð Jóhannesar **189**
Norðfjörð úrsmíðameistara og konu hans, Ásu J. Norðfjörð“, útgefin á venju- **3. okt.**
legan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 3. okt. 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Jóhannesar Norðfjörð úrsmíðameistara og konu hans,
Ásu J. Norðfjörð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Jóhannesi Norðfjörð úrsmíðameistara og
konu hans, Ásu Jónsdóttur Norðfjörð frá Ásmundarstöðum, til heimilis að Njarðar-
götu 49, Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur. Sjóðinn skal ávaxta í sjóði
eða verðbréfum eftir því, sem stjórn sjóðsins telur tryggilegast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur þeirra manna, sem haft hafa úrsmíða-
starf að aðalatvinnu sinni.

189

3. okt.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vexti alla skal leggja við höfuðstólinn, þar til er hann er orðinn 40000 — fjöruþíu þúsund — krónur. Eftir það má verja hálfum vöxtum til styrkveitinga samkvæmt 3. gr. Öðrum tekjum sjóðsins og vöxtum af þeim, svo sem tekjum af minningarspjöldum, má þó verja til styrktar eftir því, sem stjórn sjóðsins ákveður.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrjár konur, er séu eiginkonur úrsmiða. Skulu þær kosnar af Úrsmiðafélagi Íslands til þriggja ára í senn.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta, nema til samrýmingar löggjöf, er kynni að koma í bág við ákvæði hennar.

7. gr.

Leita skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 7. september 1945.

Ása Jónsdóttir Norðfjörð. Jóhannes Norðfjörð.

190

16. okt.

REGLUGERÐ

fyrir læknisvitjanasjóð Mjóafjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Mjóafjarðarhrepps í Norðfjarðarlæknishéraði og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa Mjóafjarðarhrepps vegna læknisvitjana.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórninn í Mjóafjarðarhreppi, sem jafnframt sé reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins, og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. tillag ríkissjóðs, er nemur tveim krónum á hvern íbúa hreppsins;
2. tillag hreppsins, sem er ein króna á hvern hreppsbúa á ári;
3. áheiti og gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast;
4. læknisvitjanastyrkur, er kann að verða veittur.

5. gr.

Tekjum sjóðsins má aðeins verja til styrktar hreppsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Nær þetta ákvæði til allra hreppsbúa, hvort sem þeir eru meðlimir sjúkrasamlagsins eða utan þess. Ekki má úthluta hærri styrkveitingum árlega en nemi ¼ af tekjum sjóðsins það ár, sem styrkveitingin nær til, fyrr en sjóðurinn er orðinn 1000.00 krónur. Má ekki skerða þá upphæð, nema knýjandi nauðsyn beri til, að dómi sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Að liðnu hverju reikningsári, sem sé almanaksárið, og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum, að fengnum umsókn-

um þeirra, er styrks æskja. Umsóknir og skilríki sendast formanni sjóðstjórnarinnar. Þegar tekjur sjóðsins, sbr. 5. gr., hrökkva ekki til að greiða allan læknavitjanakostnað umsækjanda, skal haga úthlutun styrkja eftir efnahag og ástæðum að dómi sjóðstjórnar. **190**
16. okt.

7. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá deginum í dag að telja.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. október 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Dánarbótasjóð Barðastrandarsýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. okt. 1945. **191**
17. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Dánarbótasjóð Barðastrandarsýslu.

I. Nafn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Dánarbótasjóður Barðastrandarsýslu.

II. Stofnun og markmið.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kr. 5000.00, sem nokkrir Vestfirðingar, búsettir á Siglufirði, gáfu til minningar um það fólk, sem fórst með vélskipinu Þormóður frá Bíldudal, ofviðrisnóttina milli 17. og 18. febrúar 1943.

3. gr.

Markmið sjóðsins er: Að greiða dánarbætur til efnalítilla nánustu aðstandenda þeirra manna í Barðastrandarsýslu, sem farast af slysum, sérstaklega þeirra, sem ekki eru líftryggðir og engar dánarbætur eru greiddar fyrir annars staðar frá.

III. Um stjórn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu skal vera sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, en auk hans kys hvor sýslunefnd einn mann í stjórnina til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Stjórnin fær enga þóknun fyrir störf sín. Hún heldur að minnsta kosti einn fund árlega. Hún annast fjárreiður sjóðsins og gerir reikninga hans. Reikningur

- 191** liðins árs skal gerður fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og sendur endurskoðanda 17. okt. Vestur-Barðastrandarsýslu til endurskoðunar. Skal hann síðan lagður, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara, fyrir næsta aðalfund sýslunefndarinnar til úrskurðar. Eitt eintak reikningsins skal sent sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu, sem hefur rétt til að gera við hann athugasemdir, ef henni þykir ástæða til.

IV. Um vöxtun og vörzlu.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Sjóðurinn tekur við gjöfum, sem honum kunna að berast. Skulu þær lagðar við höfuðstólinn, nema öðruvísi sé ákveðið af gefanda.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum verðbréfum í banka eða sparisjóði.

8. gr.

Fjórðungur ársvaxtanna skal jafnan leggjast við höfuðstólinn. Þrjú fjórðu hlutar þeirra skulu lagðir inn á sérstakan dánarbótareikning, og skal þeim fjárhæðum, ásamt áfallandi vöxtum, varið til dánarbóta samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

V. Um úthlutun dánarbóta.

9. gr.

Sýslunefndirnar gera tillögur til sjóðstjórnarinnar um úthlutun dánarbóta til manna, hvor í sinni sýslu, þegar þær telja ástæðu til. Skal fylgja tillögunum rökstudd greinargerð. Stjórnin úrskurðar síðan, hvort bætur skuli veittar og hve miklar.

10. gr.

Ekki er heimilt að veita nema einu sinni bætur fyrir hvern mann, en heimilt er að greiða bæturnar á fleiri árum, ef það er talið æskilegra, heldur en greiða þær allar í einu. Nákvæmlega skal tekið fram, hverjum bæturnar séu veittar, maka, barni, foreldri o. s. frv., og hversu há fjárhæð hverjum aðila, einum eða fleirum, allt eftir því, sem ástæða þykir vera til hverju sinni.

11. gr.

Við ákvörðun dánarbótanna skal hafa hliðsjón af reglum þeim, sem Tryggingastofnun ríkisins fer eftir. Þó er heimilt að fara eftir öðrum sjónarmiðum, ef stjórnin er öll sammála um það.

VI. Niðurlagsákvæði.

12. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Þannig samþykkt á sýslufundi Vestur-Barðastrandarsýslu 14. marz 1945 og Austur-Barðastrandarsýslu 24. apríl s. á.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 14. september 1945.

Jóhann Skaptason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum 12. desember 1945, nr. 99.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 20. desember 1945, nr. 100.

Lög um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 101.

Lög um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 102.

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 103.

Lög um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 104.

Lög um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni, undirskrifuð af forsetanum 21. desember 1945, nr. 105.

Fjárlög fyrir árið 1946, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1945, nr. 106.

Lög um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 107.

Lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 108.

Lög um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 109.

Lög um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942 um váttryggingarfélög fyrir vél-báta, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 110.

Lög um tekjuskattviðauka árið 1946, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 111.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 112.

Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 113.

AUGLÝSING

um breyting á erindisbréfi fyrir ullarmatsmenn, nr. 27 1. apríl 1935.

192

6. nóv.

1. mgr. 7. gr. erindisbréfsins orðist þannig:

Kaup ullarmatsmanna skal vera almennt verkamannakaup, greitt á staðnum, að viðbættum 25% um hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat ullarinnar, sekkjun eða útskipun. Á þeim stöðum, þar sem eigi er fastákveðið eða almennt gildandi kaupgjald, skal kaup ullarmatsmanna fara eftir samkomulagi milli matsmanna og ullar kaupanda.

Ákvæði þessi öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

193

7. nóv.

GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Ólafsfjarðar.

Gjaldskrá fyrir rafveitu Ólafsfjarðar, nr. 90 27. apríl 1945, skal gilda áfram til 1. október 1946.

Ákvæði þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt vatnalögum, nr 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. nóvember 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

194

22. nóv.

GJALDSKRÁ

fyrir notkun rafmagns í Húsavík.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa er kr. 1.10 fyrir kílóvattstund, en til suðu, hitunar og iðnaðar kr. 0.80 fyrir kílóvattstund. Til lýsingar á bryggjum og til annarra utanhússljósa einstakra manna eða félaga fer um gjaldið eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka verðið allt að 20% frá því er að framan segir, og sömuleiðis að lækka það allt að 40%. Enn fremur er hreppsnefnd heimilt að selja alla raforku sama verði og til ljósa, ef svo stendur á að afl vélanna fullnægi ekki nema til ljósa eingöngu.

2. gr.

Leiga eftir mæla skal vera kr. 8.00 á ári.

3. gr.

Reikningsár rafstöðvarinnar er almanaksárið.

Gjalddagar fyrir rafmagn eru ársfjórðungslega, síðasti dagur hvers ársfjórðungs. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga, er stöðinni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeigandi eftir að hafa tilkynnt honum það skriflega.

Taka má gjaldið löglaki. Gjaldið greiðist til oddvita Húsavíkurhrepps. Húsaráðandi, eða hver sá, er hefur mæli á nafni sínu, greiðir það, er sá mælir telur.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Húsavíkurhreppi, nr. 68 frá 28. ágúst 1928 og breytingar á þeirri gjaldskrá, nr. 220 18. des. 1941.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

BYGGINGARSAMÞYKKT

195

22. okt.

fyrir Reykjavík.

I. KAFLI

Stjórn byggingarmála.

1. gr.

1. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar og stjórnarráðs.

2. Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir bæjarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef bæjarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins. Nú greinir byggingarnefnd og bæjarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr.

3. Byggingarnefnd sér um, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

2. gr.

1. Byggingarnefnd skipa 7 menn: borgarstjóri, bæjarverkfræðingur, húsameistari bæjarins, skipulagsstjóri ríkisins og þrír menn, kosnir hlutfallskosningum í bæjarstjórn árlega, samtímis öðrum föstum nefndum. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar. Byggingafulltrúi, slökkviliðsstjóri og aðrir sérfræðingar, sem bæjarstjórn ákveður, eiga sæti á fundum byggingarnefndar og hafa þar tillögurétt.

Nú er einhver forfallaður, sem samkvæmt stöðu sinni skipar byggingarnefnd eða á sæti á fundum hennar, og kemur þá í hans stað sá, sem í forföllum gegnir starfi hans. Í stað hinna kjörnu nefndarmanna koma varamenn, sem bæjarstjórn kys samtímis aðalmönnum og á sama hátt.

Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef á fundi eru formaður og þrír nefndarmenn aðrir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

2. Byggingarnefnd heldur fundi tvisvar í mánuði hverjum, eða oftár, ef formaður ákveður. Reglulegir fundir skulu að jafnaði haldnir annan og síðasta fimmtudag í hverjum mánuði.

Málefni, sem koma eiga fyrir byggingarnefnd, skulu komin til byggingarfulltrúa fyrir hádegi þriðjudag næstan fyrir fundinn.

3. Nefndin heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir.

Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktunum meiri hlutas, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

Allir viðstaddir nefndarmenn undirrita gerðabókina í fundarlök.

4. Gerðabókinni fylgir glögg skrá, svo gerð, að greinilega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka fasteign og önnur atriði, er hún tekur til meðferðar.

5. Enn fremur haldi nefndin bréfabók og dagbók yfir öll bréf, er henni berast, og yfir bréf, er hún sendir frá sér.

3. gr.

1. Bæjarstjórn skipar byggingarfulltrúa, og skal hann vera húsameistari. Hann er fulltrúi byggingarnefndar og hefur á hendi daglegt eftirlit með því, að fyrirmælum byggingarsamþykktar sé fylgt.

Byggingarfulltrúa skal launa úr bæjarsjóði, en byggingarnefndin setur honum erindisbréf, er bæjarstjórn samþykkir.

2. Byggingarfulltrúi skal undirbúa öll mál, er lögð verða fyrir byggingarnefnd.

195 3. Bæjarverkfræðingur skal samþykkja alla útreikninga og uppdrætti viðvíkj-
22. okt. andi burðarþoli í byggingum.

Með sama hætti samþykkir rafmagnsstjóri uppdrætti af rafmagnslögnum, gas-
stöðvarstjóri gaslagnir og hitaveitustjóri vatns-, skolp- og hitalagnir.

Lóðarskrárritari skal afmarka allar stefnur húsa og girðinga, svo og hæð götu
og lóðar við húshlið.

4. Byggingarnefndarmenn og byggingarfulltrúi skulu jafnan hafa frjálsan að-
gang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

II. KAFLI

Byggingarleyfi.

4. gr.

1. Hver sá, er reisa vill hús, breyta því, gera girðingu eða önnur mannvirki á
lóð sinni, skal senda byggingarnefndinni skriflega beiðni um það, og skulu henni
fylgja tvíritaðir uppdrættir af hinu fyrirhugaða mannvirki eftir mælikvarða 1:100,
og tvírituð lýsing af öllu því, sem ekki sést greinilega á uppdráttunum eða nauðsyn-
legt er til sönnunar því, að mannvirkid fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar og
þeim reglum, sem settar eru. Ef mannvirki er stærra á einhvern veg en svo, að fyrir
komist á fyrirskipaða pappírsstærð eftir mælikvarða 1:100, má gera yfirlitsuppdrátt
eftir minni mælikvarða. Beiðni um byggingarleyfi skal rita á eyðublað, er byggingar-
fulltrúi lætur í té.

2. Uppdrættir að húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneið-
ingar og allar hliðar og gafla þess.

Á uppdrætti skal rita öll aðalmál í metramáli og til hvers nota skuli hvert ein-
stakt herbergi, svo og hæð á neðsta gólfi í hlutfalli við götuhæð og jarðhæð.

Sé hús í samfelldri húsaröð, skal á uppdrætti sýna hluta af aðliggjandi hús-
hliðum.

3. Séruppdrætti skal gera af:

- a. járnbentri steinsteypu og fleiru viðvíkjandi burðarþoli í byggingum; fylgi út-
reikningar, þar sem reiknað er með meiri notþunga en venjulegum íbúðarhúsa-
notþunga, skal þess getið á uppdráttum og hve mikill hann er;
- b. fyrirkomulagi vatns- og skolpveitna og hita-, gas- og rafmagns-lagna um fyrir-
hugað hús, að því og frá því, allt eftir nægilega stórum mælikvarða;
- c. sérstökum hlutum húss eða mannvirkis, eftir svo stórum mælikvarða, að vinna
megi eftir þeim, ef byggingarfulltrúi krefst þess.

Séruppdrætti samkvæmt þessum lið þarf ekki að senda með beiðninni um bygg-
ingarleyfi, heldur nægir, að þeir séu samþykktir af hlutaðeigandi embættismanni
bæjarins (sbr. 3. gr. 3. l.) og afhentir byggingarfulltrúa í tæka tíð, að hans dómi (sbr.
20. gr. 2. l.). Byggingarfulltrúi áritar séruppdrættina í umboði byggingarnefndar.

Ef afrennsli frá kjallaragólfi í fyrirhuguðu húsi nær ekki til göturæsis á venju-
legan hátt, skal uppdráttur af skolpleiðslu frá húsinu þó fylgja beiðninni um bygg-
ingarleyfi.

4. Þegar um breytingu á húsi er að ræða, skal uppdráttur sýna gerð og lögum
þess fyrir og eftir breytinguna.

5. Uppdrættir af girðingum, auglýsingaspjöldum og öðrum mannvirkjum skulu
glögglega sýna gerð þeirra.

6. Hverri beiðni um byggingarleyfi skal einnig fylgja tvíritaður uppdráttur af lóð
þeirri, er byggja skal á, eftir mælikvarða 1:500, og sýni hann afstöðu til gatna og ná-
grannalóða, ásamt öllum mannvirkjum, sem fyrir eru í 20 metra fjarlægð frá lóðinni,
og skal rita flatarmál lóðar og byggingar á uppdráttinn. Á uppdrættinum skal og
sýnt, hvornig haga skuli aðgangi að húsinu, ef það stendur ekki við götu eða torg.

7. Uppdrættir allir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist letur eða drættir við geymslu. Stærð þeirra skal vera $42,0 \times 59,4$ eða $59,4 \times 84,1$ cm og sé á hverjum uppdraetti afmarkaður 7×10 cm reitur til áritunar fyrir byggingarnefnd og dreginn mælikvarði. 195
22. okt.

Fylgi meira en eitt uppdráttarblað sömu beiðni, skal tölusetja öll blöðin og rita á hvert þeirra, við hvað uppdrátturinn á.

Standi alveg sérstaklega á, má byggingarfulltrúi leyfa að gera uppdraetti á stærri blöð í D.I.N.-broti.

8. Uppdrættir og útreikningar skulu gerðir af sérmenntuðum mönnum, húsa-meisturum, verkfræðingum, iðnfræðingum eða þeim öðrum, sem byggingarnefnd telur hafa nauðsynlega kunnáttu til þess og uppfylla þær kröfur, sem gera verður til „tekniskra“ uppdráttu.

Sá, er uppdrátt gerir eða útreikning, skal undirrita hann með eigin hendi, enda beri hann ábyrgð á, að árituð mál séu rétt og uppdráttur og útreikningar séu í samræmi við settar reglur.

9. Byggingarfulltrúi tekur, fyrir hönd byggingarnefndarinnar, við öllum beiðnum um byggingarleyfi.

Hann athugar, að hverri beiðni fylgi nægilegir uppdraettir og lýsingar og leggur hana síðan fyrir byggingarnefnd ásamt tillögum sínum.

10. Umsækjanda skal tilkynnt bréfléga, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfi skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttar síðan afhent byggingarleyfisbeiðanda gegn greiðslu byggingarleyfisgjalds. Hitt eintakið leggst í skjalageymslu nefndarinnar.

11. Ekki má nota fengið byggingarleyfi, fyrr en byggingarfulltrúa hefur verið tilkynnt, hver múrarmeistari sjái um múrsmíði og hver húsasmíðameistari um trésmíði. Þessar tilkynningar skal rita á eyðublöð, sem byggingarfulltrúinn lætur í té.

12. Ekki mega aðrir en meistarar, sem hlotið hafa löggildingu byggingarnefndar, hafa umsjón með múr- eða trésmíði, hver í sinni iðn.

Byggingarnefndin má með samþykki bæjarstjórnar setja nánari reglur um þekkingu meistarara, sem takast á hendur þessa umsjón.

Meistarar í hvaða grein sem er bera ábyrgð á, að allt verk, sem undir þá heyrir, sé vel af hendi leyst, í samræmi við reglugerðir, samþykktir og lög, og í öllu sé farið eftir samþykktum uppdráttum. Ekki má meistari á nokkurn hátt breyta eða láta breyta verki, sem heyrir undir annan meistarara. (Sbr. 24. gr. 3. l. og 25. gr. 14. l.)

Meðan á smíði stendur, er meisturum skylt að hafa jafnan til taks á vinnustaðnum nothæf eftirrit af samþykktum uppdráttum, árituðum af byggingarfulltrúa. Verði meistari sekur um mjög stórfellt eða ítrekað brot á byggingarsamþykkt, má byggingarnefnd neita að taka hann gildan til umsjónar með smíði.

13. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, er koma í bága við byggingarsamþykkt, enda þótt samþykktur uppdráttur kunni að sýna eitthvað slíkt (sbr. 8. lið).

14. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan árs frá leyfisveitingu.

5. gr.

1. Áður en byrjað er að vinna að byggingu húss eða mannvirkis, skal sá, sem sér um verkið, tilkynna það byggingarfulltrúa og lögreglustjóra (sbr. 21. gr. lögreglu-samþykktar). Sé hætt vinnu við húsbyggingu lengri tíma en 2 vikur eða vegna frosta, skal tilkynna byggingarfulltrúa áður en verk er hafið að nýju (sbr. 17. gr. 6. lið). Meðan á verkinu stendur, skal enn fremur með sólarhrings fyrirvara tilkynna byggingarfulltrúa á þar til gerð eyðublöð, er hann lætur í té:

- 195 a. Hvenær byrjað verði á undirstöðu eða breytingu húss.
 22. okt. b. Hvenær rakavarnarlög verði gerð.
 c. Hvenær grind eða þak er reist.
 d. Hvenær timburgólf verði lögð á bita.
 e. Hvenær járn verði lögð í járnbenta steypu.
 f. Hvenær byrjað verði á hitaeinangrun gólfa, veggja og lofta.

2. Viðvíkjandi alls konar pípulögnum í húsum skal senda bæjarverkfræðingi, rafmagnsstjóra, hitaveitustjóra og gasstöðvarstjóra þær tilkynningar, sem fyrirskipaðar eru eða verða í sérstökum reglugerðum eða samþykktum.

3. Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við smíði húsa og annarra mannvirkja, skal vera nægilega traustur og fullnægja kröfum lögreglunnar (sbr. 22. gr. lögreglusamþykktar).

Húsasmíðameistari ber ábyrgð á smíði alls slíks útbúnaðar, og verði settar sérstakar reglur um gerð hans, skal meistarinn sjá um, að farið sé eftir þeim.

4. Húsasmíðameistarar bera ábyrgð á, að steypumót séu gerð svo traust og þétt, að þau skekkist ekki eða leki steypunni, þegar hún er látin í þau.

5. Múrarmeistari ber ábyrgð á því, að allur járnbindingur sé samkvæmt uppdráttum, plötuþykktir séu réttar og steypugæði eins og áskilið er samkv. 18. og 19. gr.

Ofangreinda vinnu má ekki framkvæma að múrarmeistara fjarverandi, nema hann feli það öðrum fagmanni, en þrátt fyrir það ber hann ábyrgð á verkinu.

6. Mótum má ekki raska eða taka utan af steypu, fyrr en hún hefur náð nægum styrkleika, sbr. 18. gr.

7. Húsasmíða- og múrarmeistarar skulu sjá um, að á steipt loft, bita, stiga eða palla verði ekki lagður verulegur þungi, á meðan steypan er að harðna.

Þurfi nauðsynlega að nota nýsteipt gólf, t. d. við uppsetningu móta, skal gæta ýtrustu varúðar að ofreyna ekki steypuna á einn eða annan hátt.

8. Ekki má taka neitt nýbyggt hús til afnota, fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa um, að það sé fullgert og fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar. Sama gildir um viðbyggingar og verulegar breytingar á eldri húsum.

9. Áður en slíkt vottorð verði gefið, þarf að liggja fyrir vottorð frá hlutaðeigandi embættismönnum bæjarins um, að allar pípulagnir fullnægi settum reglum.

10. Hafi breytingar verið gerðar á áður samþykktum uppdráttum, skal, áður en vottorð er gefið, afhenda byggingarfulltrúanum uppdrætti, er sýni bygginguna, eins og gengið er frá henni.

11. Byggingarfulltrúinn má gefa út bráðabirgðaleyfi til þess að taka hluta af húsi til afnota, ef húshlutinn er gerður samkvæmt samþykktum uppdráttum og fullnægir settum reglum.

III. KAFLI

Lóðir.

6. gr.

1. Hverju húsi, sem ætlað er fyrir íbúðir, skrifstofur eða vinnustofur, skal fylgja óbyggð lóð, er sé áföst við byggðu lóðina, og fer minnsta stærð hennar eftir veggghæð hússins (sbr. 12. gr.).

2. Sé hæð hússins allt að 7,00 m, má óbyggða lóðin ekki vera minni en 50% af allri lóðinni, 55%, ef húshæðin er 7,00—10,00 m og 60%, ef hæðin er 10,00—13,00 m, en sé hús hærra en 13,00 m skal óbyggða lóðin vera minnst 65% af stærð allrar byggingarlóðarinnar.

3. Þar sem byggingarreitir og lóðir eru svo bundnar samkvæmt skipulagi, að reglunum í 2. lið verði ekki við komið, er byggingarnefndinni heimilt að veita nauðsynlegar undanþágur frá þeim.

4. Á óbyggða lóð, er fylgir húsi, má byggingarnefnd leyfa að gera skýli fyrir bifreiðar, reiðhjól, barnakerrur o. fl., enda sé hæð þeirra ekki meiri en 2,50 m að þaki meðtöldu, svo og garðhús og gróðurhús, allt að 2,20 m há, enda sé samantlagður grunnflötur þeirra bygginga ekki stærri en svo, að eftir sé óbyggður helm-ingur af flatarmáli allra bygginga á lóðinni.

195

22. oktt.

5. Undir óbyggðar lóðir húsa má byggingarnefnd leyfa að gera geymslukjallara, enda séu þeir vatnsheldir og svo frá lofti gengið, að það þoli þá umferð og þau þyngsli, sem til greina koma, og yfirborðshæð í samræmi við yfirborð lóðar eða aðliggjandi gatna. Slíkir kjallarar skulu vera að minnsta kosti 1,80 m á hæð frá gólfi að bita eða lofti. Séð skal um næga birtu og yfirborðsvatni skal veita út í göturæsi.

7. gr.

1. Bil milli húsa, sem annað hvort eða bæði eru ætluð fyrir íbúð, skrifstofur eða vinnustofur, má eigi vera minna en veggshæð hærra hússins að viðbættum hæðar-mun, ef lóð hallar að hærra húsinu, og skal ávallt miðað við hæstu veggshæð, sem leyfð er á hverjum stað, þótt lægra sé byggt. Bilið má þó aldrei vera minna en 6,30 m, nema hafður sé eldvarnarveggur (sbr. 22. gr.).

2. Í eldri hlutum bæjarins, þar sem lóðir eru þegar svo bundnar, að ákvæðun-um í 1. lið verði alls ekki við komið, má byggingarnefnd veita nauðsynlegar undan-þágur (sbr. 6. gr. 3. l.).

8. gr.

1. Inn á hverja lóð skal vera greiður aðgangur frá götu og að hverju húsi á baklóð. Byggingarnefnd ákveður um hverja lóð, hvaða ráðstafanir skuli gera, svo að nægilegt rými sé fyrir slökkvitól og björgunartæki, ef eldsvoða ber að höndum, og getur hún heimilað sameiginlegan gang frá götu fyrir fleiri en eitt hús.

2. Gangur í gegnum hús, sem ætlaður er gangandi fólki eða til þess að fara um með brunaslöngu, skal vera að minnsta kosti 1,20 m á breidd og 2,20 m á hæð, en gangur, sem ætlaður er til umferðar með bifreiðar, ekki mjórri en 2,50 m og ekki lægri en 3,20 m, og sé gólf hans stallalaust. Öll mál eru innanmál, og frá-gangur skal vera eldtraustur í hólf og gólf. Hurðir mega þó vera úr tré.

3. Ganga og óbyggðar lóðir, sem ætlaðar eru til umferðar eða til afnota fyrir slökkviliðið, má ekki nota til neins konar geymslu, heldur skal þar ávallt vera vel greiðfært og nægilega bjart.

9. gr.

1. Ekki má skipta lóð eða húseign, nema hver hluti fullnægi ákvæðum bygg-ingarsamþykktar, enda komi til samþykki byggingarnefndar.

2. Samþykki nefndarinnar þarf og til þess að breyta lóðarmörkum vegna skipu-lags eða hentugra fyrirkomulags húsa á lóðum, sem liggja saman.

10. gr.

1. Lóðir og lönd skal girða á þann hátt, er byggingarnefnd samþykkir.

2. Ekki má girða með grjótgörðum eða öðrum girðingum með slíkri gerð, að rottur og mýs geti átt fylgsni í þeim og ekki með gaddavír, nema sérstaklega standi á, og þá með leyfi byggingarnefndar.

3. Hurð eða hlið á girðingum má aldrei opnast út á götu eða gangstétt.

IV. KAFLI

Viðhorf húsa til gatna.

11. gr.

1. Hæð húsveggja, er snúa að götu, skal ávallt telja frá gangstétt í götulinu, eins og hún verður, þegar gatan er fullgerð. Sé gatan með halla, getur byggingarnefndin ákveðið, að byggja skuli hús með stöllum, eftir ákvörðun nefndarinnar í hvert skipti. Liggi hús að fleiri en einni götu, má miða hæðina við þá götu, er lengsta hlið snýr að, eða við breiðari götuna, séu hliðar jafnlangar, en séu göturnar í mismunandi hæð, skal miða hæðina við þá götu, er lægra liggur, nema byggt sé með stöllum.

2. Veggghæð húss telst á miðju húsi frá gangstétt, eins og ákveðið er í 1. lið þessarar greinar, að skurðlinu milli þaks og veggflatar, en sé rishalli á þaki eða hluta þess meiri en 45° eða sé kvistur á þaki, skal bæta við veggghæðina mestu hæð, sem verður fyrir ofan línu dregna með 45° halla frá skurðarlinu milli þaks og veggflatar.

3. Veggghæð húss við götu fer eftir ákvæðum skipulags bæjarins, en má þó aldrei vera meiri en götubreiddin (sbr. 7. gr.), nema með sérstöku samþykki bæjarstjórnar.

4. Sé forgarður við hús, má telja hann til götubreiddar, er ákveða skal mestu veggghæð, en halli lóð að götu, skal telja hæðarmuninn frá götulinu að húshlið með veggghæðinni.

5. Við torg, opin svæði og á gatnamótum má byggingarnefndin leyfa að byggja gafla, turna og þess háttar herra en ákveðið er í 3. lið.

12. gr.

1. Hús og girðingar, sem standa í götulinu við gatnamót eða torg, skal hornsneiða þannig, að að minnsta kosti 2 m sé numdir af hvorri hlið, mælt frá horni, enda sé sniðlinan aldrei styttri en 2 metrar.

2. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef byggingarlag mannvirkis eða aðrar ástæður mæla með því og það veldur ekki tálmunum á götu-umferð.

13. gr.

1. Allar byggingar skulu að utan svo gerðar, málaðar eða húðaðar, að sæmi-legalar séu útlits.

2. Sé hús rifið eða það eyðist af öðrum orsökum, svo að ber veggur eða gafl komi í ljós, skal hann gerður að utan svo að fullnægi kröfum þeim, sem gerðar eru í 1. lið.

3. Sé um friðaðar byggingar að ræða, skal algerlega óheimilt að breyta þeim á nokkurn hátt, nema réttir aðilar leyfi.

14. gr.

1. Útitröppur skulu að öllum jafnaði gerðar úr steypu eða steini eða álíka haldgóðu efni. Á þeim sé handrið, sem þörf krefur, til þess að umferð sé hættulaus (sbr. 30. gr.).

2. Þrep út að götu má ekki ná meira en 25 cm út fyrir götulinu, enda sé óteppt af gangstétt 1,60 m. Horn séu sneidd.

3. Birtuþrær og aðrar þrær í gangstéttum séu lokaðar í gangstéttarhæð með hæfilegum, þéttum og nægilega sterkum umbúnaði. Þær mega ekki ná lengra út í gangstétt en svo, að nægilegt rými sé þar eftir fyrir pípulagnir, síma- og rafmagnsþræði o. þ. h.

4. Þar, sem nauðsyn krefur, skal afrennsli gert frá alls konar þróm í sambandi við göturæsi.

15. gr.

195

1. Minni háttar framskot, súlur, bönd o. fl., til skrauts á húsum mega ná til jarðar, ef þau taka ekki nema 20 cm út fyrir húshlið í götulínu, en sé forgarður að götu, mega þau ná allt að $\frac{1}{5}$ af dýpt hans út fyrir húshlið, en þó mest 80 cm.

Að öðrum kosti skal vera minnst 3,00 m að þeim frá jörð, og ekki mega slík framskot, bönd o. fl. ná lengra út fyrir húshlið í götulínu en nemi $\frac{1}{20}$ af götubreidd og mest 80 cm.

2. Lokuð framskot (karnap) mega ekki vera nær lóðamörkum en 1,60 m og samtalin breidd þeirra ekki meiri en $\frac{1}{3}$ af lengd húshliðar. Þó má leyfa slík framskot á lóðamörkum, ef þau eru áföst við álíka framskot á nágrennahúsi. Að öðru leyti skulu þau fullnægja ofangreindum ákvæðum (sbr. 1. lið).

3. Byggingarnefnd er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum í 1. og 2. lið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi með tilliti til skipulags bæjarins.

4. Gólf í veggsvölum séu vatnsheld og vatni veitt af þeim í göturæsi.

Af þökum framskota skal og veita vatni í göturæsi.

5. Leyfa má að setja hlífðarþök úr gleri út úr húshliðum, enda séu minnst 4,00 m undir þau frá jörð og vatni veitt af þeim í göturæsi.

6. Hurðir mega ekki opnast út á götu eða gangstétt og ekki gluggar, nema undir þá séu minnst 2,00 m.

Sama gildir um óbyggð svæði milli húsa og götulínu, ef ákveðið er til breikkunar á götu síðar.

V. KAFLI

Efni til húsagerðar.

16. gr.

1. Hús, sem framvegis verða reist í bænum, skulu gerð úr steinsteypu, steini eða öðru eldtraustu efni, nema rannað verði sérstaklega ákveðið um einstök hverfi eða bæjarhluta.

2. Í sundurlausri byggð má byggingarnefnd þó leyfa að gera einlyft íbúðarhús úr timbri, enda sé grunnflötur húss ekki stærri en 150 fermetrar, ef íbúð er aðeins á einu gólf, en 100 fermetrar, sé íbúð á tveim gólfum.

17. gr.

1. Steinsteypa til húsagerðar skal gerð úr Portlandsementi eða annarri viðurkenndri sementstegund, sandi og mól eða grjótmulningi í ákveðnum hlutföllum eftir rúmmáli. Skal blanda efnunum vel saman og láta hreint vatn í blönduna, svo að hún verði hæfilega rök.

2. Sement skal vera þurr og óskemmt og fullnægja þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til þeirrar vöru eða settar verða með sérstakri reglugerð.

3. Sandur skal vera hreinn, laus við mold, hvers konar lífræn efni, mýrarauða, jarðsýrur og salt. Sandkorn mega ekki vera stærri en svo, að þau fari í gegnum sigti með 8 mm möskvavidd.

Sandblandan skal vera þannig samsett, að minnst 20% og mest 70% af sandinum fari í gegnum sigti með 1 mm möskvavidd og minnst 55% og mest 90% í gegnum sigti með 3 mm möskvavidd.

4. Mól og grjótmulningur skal vera úr grásteinum eða ekki lakara efni og laus við öll óhreinindi (sbr. 3. lið). Hver einstakur steinn skal vera svo stór, að hann fari ekki í gegnum sigti með 8 mm möskvavidd, og ekki stærri en svo, að hann fari í gegnum sigti með 60 mm möskvavidd eða 30 mm möskvavidd, ef um járnbenta steypu er að ræða.

5. Á byggingarstað skulu vera stíur til geymslu á efni í steinsteypu, svo að

22. okt.

195 hver tegund haldist vel aðgreind frá annarri. Frá stíunum skal þannig gengið, að 22. okt. ekki mokist upp jarðvegur með efninu.

6. Ekki má steypa húsveggi eða nokkurn hluta húsa úr frosnu efni eða í frosti, nema með sérstökum varúðarráðstöfunum, sem byggingarfulltrúinn tekur gildar, og hafi steypuvinnu verið hætt vegna frosta, má ekki byrja vinnu aftur, nema fengið sé til þess leyfi byggingarfulltrúa (sbr. 15. gr. 1. lið og 18. gr. 5. lið).

18. gr.

1. Steinsteypa í veggjum og undirstöðum skal ekki vera lakari en svo, að 1 hluti sements komi móti $3\frac{1}{2}$ hlutum sands og 5 hlutum malar eða mulnings, $1:3\frac{1}{2}:5$.

Járnbent steinsteypa skal ekki vera lakari en svo, að 1 hluti sements komi á móti 3 hlutum sands og 3 hlutum malar og mulnings, $1:3:3$.

2. Steypu í undirstöðum og oplausum, minnst 30 cm þykkum kjallaraveggjum má drýgja með hreinum, ósprungnum og vættum steinum, er nemi allt að 40% af rúmmáli steypunnar. Enginn einstakur steinn sé þó stærri á nokkurn veg en hálf þykkt undirstöðunnar eða veggjarins og liggi ekki nær mótunum en 5 cm og sé þannig fyrir komið í móti, að hvergi snerti steinn annan, heldur sé minnst 3 cm þykk steypa milli einstakra steina.

3. Járn, sem notað er í járnbenta steypu, skal vera hreint og óskemmt. Laust ryð skal strjúka af því. Hvert einstakt járn skal nákvæmlega beygt og því svo fyrir komið sem uppdráttur eða lýsing segir til um. Járnin skulu vendilega bundin saman, svo að ekki færast úr skorðum, þegar steyp er.

4. Steypustyrktarjárn mega ekki vera nær yfirborði steypu en 1 cm í plötu og 1,5 cm í bitum og stoðum innan húss, en utan húss skal bæta minnst $\frac{1}{2}$ cm við fyrrgreint mál.

Áður en úttekt byggingarfulltrúa á járnlögn fer fram, skal öllum járnnum komið fyrir í réttar skorður með þar til gerðum steinsteypuflogum og stólum úr steypu-styrktarjárn, er tryggir örugglega rétta fjarlægð járnanna frá yfirborði steypu.

Á líkan hátt skal séð fyrir því, að öll járn í bitum haldist innbyrðis í réttum skorðum, eins og uppdrættir gera ráð fyrir. Bil milli járna í bitum sé minnst 2 cm, en þó aldrei minna en þvermál járnanna. Séu járnin í fleiri lögum, skal vera minnst 1 cm bil milli laganna.

5. Steypu skal helzt hræra í hrærivél í minnst 1 mínútu, frá því er síðasta efnið er komið í vélina. Verði ekki hjá því komið að handhræra steypu, þá skal auka sementið um 20%. Þess skal gæta sérstaklega, að steypa verði ekki óþarflega vatnsborin. Múrarmeistari skal ávallt hafa viðurkennt sigmál á byggingarstaðnum til þess að prófa mýkt steypunnar.

Fyrir venjulega járnbenta steinsteypu til íbúðarhúsagerðar er 6—10 cm sig hæfilegt, en sé sig meira en 15 cm, er steypan óþarflega vatnsborin.

6. Mót má ekki taka utan af steypu, fyrr en teningsstyrkleiki hennar er um 160 kg/cm², og er þá miðað við teninga, sem eru 10 cm á kant, og steypublöndu $1:3:3$.

Á þeim tíma árs, sem frosts er ekki að vænta, er ekki nauðsynlegt að steypa teninga til prófunar á styrkleika steypunnar, sé eftirfarandi reglum fylgt:

1. Veggjamót og hliðarmót á bitum má taka burt eftir 3 sólarhringa.

2. Burðarmót fyrir plötur og bita má taka burt eftir $(4 + 4 L)$ sólarhringa, þar sem L táknar minnsta haf plötu eða lengsta haf bita í metrum.

3. Súlumót má taka burt eftir $(2 + 2 H)$ sólarhringa, þar sem H táknar hæð súlu í metrum.

Ofangreindar reglur miðast við, að hiti sé minnst $+3^{\circ}$ C. Þá sólarhringa, sem hiti er lægri en $+3^{\circ}$ C, skal ekki telja með.

Þess skal þó ávallt gætt að hafa öryggisstoðir undir plötum og bitum í minnst

2 vikur, eftir að mót eru tekin burtu. Öryggisstöðum skal koma fyrir, áður en mót eru tekin burtu. Slíkar ráðstafanir skal gera í samráði við byggingarfulltrúa. 195
22. okt.

Á þeim tíma árs, sem frosts má vænta, má ekki byrja á steypuvinnu, ef hitastig er lægra en $+3^{\circ}$ C, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar, sem byggingarfulltrúi tekur gíldar, til þess að forða steypunni frá skemmdum, skyldi hitastig lækka til muna.

Á þessum tíma árs er múrarameistara skylt að hafa á byggingarstaðnum minnst 6 teningsmót, 10 cm á kant, til þess að steypa teninga til prófunar á styrkleika steypunnar, áður en mót eru tekin burtu. Teninga þessa skal steypa að byggingarfulltrúa viðstöddum, og skal geyma 4 þeirra við sömu skilyrði og hinn steypa hluta mannvirkisins, en tvo þeirra innanhúss, þar sem þeir verða ekki fyrir áhrifum frosts.

Sé fljótharðnandi sement notað í staðinn fyrir venjulegt Portlandsement, má taka mót af steypunni, þegar hún hefur náð áðurgreindum teningsstyrkleika.

Á þeim tíma árs, sem ekki er krafizt að steypa teninga til prófunar á steypu, má rífa mót utan af steypunni, fyrr en framangreindar reglur gera ráð fyrir, samkvæmt þeim upplýsingum, sem verksmiðjan, er framleiðir sementið, gefur um eiginleika þess og gæði. Slíkar ráðstafanir skal gera í samráði við byggingarfulltrúa.

19. gr.

1. Með sérstöku leyfi byggingarnefndar má nota önnur efni til húsagerðar en gert er ráð fyrir í þessari samþykkt, svo og annað byggingarlag.

2. Með leyfi nefndarinnar má og blanda steinsteypu öðruvísi en ákveðið er í 17. og 18. gr., ef efni og steypa eru rannsökuð í viðurkenndri rannsóknarstofu og vottorð liggja fyrir um gæðin.

3. Synji byggingarnefnd um slík leyfi, má umsækjandi áfrýja máli sínu með venjulegum hætti.

VI. KAFLI

Undirstöður.

20. gr.

1. Grafa skal fyrir undirstöðum allra burðarveggja eða gera aðrar ráðstafanir, svo að þær standi á föstum botni, enda sé minnst 1,25 m niður fyrir þær frá lægsta jarðvegi við húsið fullgert, nema föst klöpp sé ofar.

2. Ekki má byrja á undirstöðum fyrr en byggingarfulltrúi hefur skoðað botninn og fallizt á, að gerð undirstaða sé nægilega traust með tilliti til botnsins, stærðar hússins og fyrirhugaðrar notkunar þess.

Ef byggingarfulltrúa þykir ástæða til, getur hann krafizt rannsóknar á burðarþoli botns og útreikninga á undirstöðum. Bæjarverkfræðingur hefur eftirlit með slíkum útreikningum (sbr. 3. gr. 3. lið).

3. Undirstöður skal hlaða úr grjóti og múra með sementi eða gera úr steinsteypu.

4. Ef byggt er á lóðarmörkum, mega undirstöður ekki ná inn á nágrannalóð, nema með samþykki eiganda hennar.

Séu tvö hús eða fleiri reist áföst og ekki samtímis eða sé hús reist í þörlum, skal ganga svo frá undirstöðum, að komið verði í veg fyrir skemmdir vegna missigs.

VII. KAFLI

Steinsteypt hús.

21. gr.

1. Alla múraða og steypa veggj skal verja gegn jarðraka með því að leggja í þá vatnsheld rakavarnarlög úr efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt. Í kjallara-gólf eða í neðsta gólf á húsi, sem er kjallaralaust, skal og leggja slíkt rakavarnar-lag.

2. Rakavarnarlög í veggj skal leggja þannig:

- Í alla veggj, sem ekki liggja að kjallara, 8—12 cm fyrir ofan jarðvegshæð, en þó neðan neðsta gólfs í húsi, eitt lag.
- Í alla kjallaraveggj í hæð við rakavarnarlagið í kjallaragólfi eitt lag.
- Í alla kjallaraveggj, sem liggja að jörð, tvö lög, eins og tilgreint er í a- og b-lið.

3. Alla kjallaraveggj, sem liggja að jörð, skal verja gegn jarðraka á milli raka- varnarlaga (sbr. 2. lið c.) á þann hátt, sem byggingarfulltrúi samþykkir.

4. Í stað þeirra rakavarna, sem nefndar eru í 1.—3. lið þessarar greinar, má steypa veggj og gólf að öllu leyti úr vatnsheldri steinsteypu.

5. Þar sem ekki er kjallari undir húsi, skal gæta þess, að lífræn efni í grunn- stæðinu geti ekki valdið skemmdum á húsinu, enda sé bil milli jarðvegs og gólfs vel loftræst.

22. gr.

1. Þykkt og gerð veggja í steinsteyptum húsum skulu háðar útreikningi sérfróðs manns (sbr. 4. gr. 3. og 8. lið), nema um venjuleg ójárnbent íbúðarhús sé að ræða, ekki hærri en þrilyft, og sé engin hæðin meiri en 2,75 metrar, mæld af gólfi og á Portveggur telst hæð.

2. Í slíkum húsum má veggjaþykkt útveggja vera minnst 21 cm á efstu hæð og 2 cm meiri fyrir hverja hæð, sem neðar dregur. Undir gluggum ofan kjallara skal heimilt að þynna veggj í allt að 14 cm, enda séu járn lögð í efri brún steypunnar milli stöpla.

3. Burðarveggir innanhúss í nefndum húsum skulu ekki vera þynnri en 12 cm á efstu hæð og 2 cm þykkari fyrir hverja hæð, sem neðar dregur.

4. Allar veggjaþykkir eru miðaðar við mál í steypumótum, áður en steipt er í þau, og ákvæðin í 2. og 3. lið gilda því aðeins,

að bil milli burðarveggja sé hvergi meira en 5,25 metrar eftir breidd hússins og 10 metrar eftir lengd þess,

að burðarveggir allir hvíli á undirstöðum,

að enginn veggjastöpull sé mjórri en $\frac{1}{3}$ hluti af samanlagðri vidd opanna beggja megin við hann og

að járnbent steinsteypa sé höfð yfir veggjaopum.

5. Sé hús reist nær lóðarmörkum en 3,15 metrar, skal vera eldvarnarveggur út að nágrannalóð, og má hann ekki vera sameiginlegur fyrir tvö hús, nema þau séu byggð samtímis.

6. Standi hús á nágrannalóð nær lóðarmörkum en 3,15 m og án eldvarnarvegs, skal gera eldvarnarvegg við nýja húsið, ef ekki er minnst 6,30 m bil milli húsanna, nema eldvarnarveggur verði jafnframt gerður við eldra húsið.

7. Þar sem nú er sameiginlegur eldvarnarveggur milli tveggja húsa, má ekki rífa hann, meðan annað húsið stendur.

8. Við hús, sem nú stendur nær lóðarmörkum en 3,15 m eða nær nágrannahúsi en 6,30 m og er án eldvarnarvegs, skal gera slíkan vegg, þegar aðalviðgerð fer fram á því.

9. Eldvarnarveggur skal vera úr steinsteypu og minnst 18,5 cm á þykkt, en á

honum mega ekki vera gluggar, dyr eða önnur op. Ekki má heldur gera raufar í 195 vegginn fyrir pípur né annað, nema minnst 18,5 cm þykkt sé eftir óskert af veggnum frá þeirri hlið, er snýr að nágrannalóð. Bitar úr jární eða tré mega og ekki ná lengra inn í vegginn en hér var sagt. 22. okt.

10. Eldvarnarveggur skal ná minnst 15 cm upp fyrir þak hússins, og skal svo frá honum gengið að ofan, að ekki geti vatn sigið í hann. Á tvílyftum húsum eða lægri skal þó nægja, að eldvarnarveggur nái þétt upp að yztu þakklæðningu.

23. gr.

1. Alla útveggi íbúðarherbergja skal einangra gegn hitatapi, þannig að tapið verði ekki meira en 1 hitaeining á klukkustund um 1 fermetra stóran veggjaflöt fyrir hvert hitastig, er mismunar úti og inni. Sama gildir um kjallaragólf í íbúðarherbergjum og loft- og gólfplötur, sem útiloft liggur að.

2. 7 cm þykkar, vel þurrar vikurplötur fullnægja á útveggi, sem gerðir eru samkvæmt ákvæðum 23. gr. um veggjaþykktir. Sé veggjaþykkt eða veggjagerð önnur en þar um ræðir og þar sem annað efni er haft til einangrunar, skal færa sönnur á einangrunargildi veggjarins.

24. gr.

1. Öll gólf og loft í steinsteyptum húsum skulu gerð úr járnbentri steinsteypu og samkvæmt uppdráttum og útreikningum (sbr. 14. gr. 3. og 8. lið).

2. Við útreikning á járnbentum gólfum og loftum í íbúðarhúsum skal reikna notþunga á gólfum 200 kg/m² og þunga steypunnar 2400 kg/m³.

3. Heimilt skal vera að leggja pípur fyrir rafmagnsþræði í járnbenta steypu, sé það gert um leið og steypt er, en hannað er að koma þar fyrir vatns-, hitaveitueða skolppípum. Þar sem slíkar lagnir þurfa að fara í gegnum járnbenta steypu, skal gera op fyrir þær, um leið og steypt er. Aldrei má bora eða höggva göt eða raufar í járnbentar plötur, bita, súlur eða vegg, né aðra burðarveggi, nema sérstök nauðsyn krefji, og komi þá til leyfi byggingarfulltrúa, er gerir viðeigandi varúðarráðstafanir.

VIII. KAFLI

Timburhús.

25. gr.

1. Í timburhúsum, sem leyfð kunna að verða samkvæmt heimild í 16. gr. 2. lið, skulu stoðir í útveggjum þakhæðar og næstu hæðar þar fyrir neðan ekki vera grennri en 10 × 10 cm og á hæð þar niður af 10 × 12,5 cm, en hornstoðir 12,5 × 12,5 cm, enda sé hvorug hæðin meira en 3,0 m, mælt af bita og á, og bil milli burðarveggja ekki meira en 4,25 m.

2. Í burðarveggjum innanhúss skulu stoðir á þakhæð og næstu hæð þar fyrir neðan ekki vera grennri en 7,5 × 10 cm og á hæð þar niður af 10 × 12,5 cm, enda sé hvorug hæðin meiri en 3,0 m.

3. Sé lofthæð meiri en 3,0 m og allt að 3,5 m eða bil milli burðarveggja allt að 5,25 m, skulu stoðir vera 2,5 cm gildari á annan veginn en tiltekið er í 1. og 2. lið. Sé hæðin meiri en 3,5 eða bilið meira en 5,25 m, skal leggja fram séruppdrátt að húsgrind, er bæjarverkfræðingur samþykki.

4. Stigahúsveggi skal gera, eins og burðarveggi innanhúss.

5. Notað má stoðir með öðrum gildleika en tiltekið er í undanförunum liðum, ef samur er styrkleikinn.

6. Stoðir í öllum veggjum skulu ekki vera strjállar en svo, að ein stoð komi á 1,2 m í vegglangd að meðallagi, og hvergi má vera meira bil milli stoða en 1,6 m.

- 195 7. Samanlögð breidd glugga- og dyraopa má ekki fara fram úr helmingi vegg-
22. okt. lengdar, nema byggingarnefnd samþykki sérupprátt.
8. Undir bita á grunn eða kjallara komi aurslár, er sé vel fest við hann með járnboltum, og sé hún ekki grennri en stoðirnar í veggnum upp af. Aurslárinn skal varin gegn fúa með efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt.
9. Ofan á bita komi undirstokkur, jafnbreiður og stoðir og ekki þynnri en 6 cm og þar ofan á stoðirnar. Þar sem stoð stendur milli bita, skal fella tré undir hana milli undirstokks og aurslár eða vegglægju.
10. Milli allra stoða í vegg sé að minnsta kosti eitt þverband og í hverjum vegg minnst 2 sniðbönd. Þverbönd, sniðbönd, vegglægjur og syllur skulu vera úr jafngildum við og stoðir.
11. Bitar í gólfum séu ekki strjálí en svo, að bilið milli þeirra, mælt af miðju og á, sé 85 cm að meðaltali og hvergi meira en 1 m.
12. Gildleika bita má reikna eftir formúlunni $b \times h^2 \geq 300 \times e \times l^2$, þar sem b táknar breidd bitans og h hæð hans, hvort tveggja í centimetrum, en e bilið milli Breidd bita má þó aldrei vera minni en $\frac{2}{5}$ af hæð hans ($b \geq 0,4 h$), nema stífur bita, mælt af miðju og á, og l bilið milli burðarveggja, hvort tveggja í metrum. sé látan milli bita í efri og neðri brún, ekki grennri en 10×5 cm, og skal slíkur frágangur háður samþykki byggingarfulltrúa. Sé hæð bita minni en $\frac{1}{20}$ af bili milli burðarveggja, skal leggja fram útreikning, er sýni, að svignun bitans sé minni en 1:270 af lengd hans.
13. Bitatré mega ekki vera með barkhornum á meira en hálfra lengd bitans og flötur í toppendanum að minnsta kosti helmingur af óskertum þverfleti hans.
14. Ekki má skerða burðarbol bita með því að gera í þá raufar eða göt, en þar sem aukabitur koma í bita, skal styrkja þá, svo að burðarbollið rýrni ekki vegna tappagatsins.
15. Máttarviði í húsgrindum skal vandlega festa saman á venjulegan hátt og auk þess með járnum (sinklum) og samþykki byggingarfulltrúinn fráganginn.
16. Utan á grind útveggja komi klæðning úr 2,5 cm þykkum borðum, pappi og listar og síðan bárujárn, ekki þynnra en nr. 26 B.W.G. eða annað skjólefni, er byggingarnefnd tekur gilt. Klæðning og járn sé vandlega neglt.
17. Innan á útveggi komi pappi og minnst 1,8 cm þykk borð eða annað ekki lakara efni.
18. Á grind innveggja skal þilja á sama hátt og innan á útveggi, en sleppa má pappalaginu.
19. Enginn veggur milli íbúðarherbergja má vera lakari en svo, að þil úr 1,8 cm þykkum borðum eða lag úr ekki lakara efni sé hvorum megin og 5,0 cm renningar á milli.
20. Í öll bitalög skal setja milligólf úr borðum milli bita og ofan á það tróð úr efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt. Sé notað þungt efni í tróðið, má byggingarfulltrúi krefjast þess, að notaðir séu gildari bitar en ákveðið er í 12. lið þessarar greinar.
21. Ofan á bita skal gera gólf úr minnst 3,2 cm þykkum, hefluðum og plægðum borðum. Sé gólfíð haft úr harðviði eða sé það gert úr fleiri borðalögum, má byggingarfulltrúi leyfa að nota þynnri borð.
22. Neðan á bita skal þilja með minnst 1,8 cm þykkum borðum. Í einbýlis-húsum skal byggingarfulltrúa samt heimilt að leyfa að sleppa þessari klæðningu og þá einnig milligólfi, svo að loftið verði með sýnilegum bitum að neðan.

IX. KAFLI

195

Þök.

22. okt.

26. gr.

1. Sperrur og skambbita í þökum með pappa- eða bárujárnsklæðningu má reikna eftir formúlunni $b \times h^2 \leq 140 \times e \times l^2$, en $b \times h^2 \leq 155 \times e \times l^2$, ef klætt er með steini, skifu eða annarri álíka þungri klæðningu. Í formúlunni þýðir b breidd og h hæð trésins í centímetrum, en e fjarlægðina milli sperra, mælt af miðju og á, og l hafið milli undirstaða, mælt á loftbitum eða lofti þverbeint niður undan sperrum, hvort tveggja í metrum.

2. Bilið milli sperra, mælt af miðju og á, má ekki vera meira en 1 metri, ef klætt er með bárujárni eða pappa, og ekki meira en 80 cm, ef klætt er með steini, skifu eða annarri þungri klæðningu.

3. Ef um stór þök er að ræða eða sérstaklega stendur á, getur byggingarnefndin krafizt burðarþolsreikninga.

4. Sperrur skulu hvíla á syllum eða veggleggjum og festar við þær, en þær séu tryggilega festar við burðarveggi hússins eða efsta gólf, og skal frágangur slíkur, að útvegg húss geti ekki stafað hætta af útspyrnuátaki þaksins.

5. Utan á sperrur komi súð úr 2,5 cm þykkum borðum og þar utan á bikpappi, en síðan skal klæða með bárujárni, ekki þynnra en nr. 24 B.W.G. eða öðru eldtraustu efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

6. Byggingarnefnd má leyfa að nota pappa í yztu þakklæðninguna á steinsteypt hús í sundurlausri byggð, enda gæti nefndin þess, að gerð pappans sé slík, að ekki stafi sérstök eldhætta af, og sé þyngd hans minnst 2 kg á fermetra. Enn fremur skulu þau skilyrði sett, að súð sé úr plægðum borðum, að þakhalli sé ekki meiri en 1:3 og pappinn sé allur fastlímdur við súðina.

7. Ef íbúð er á þakhæð undir súð, skal setja þil milli sperra og skambbita um miðja hæð þeirra og síðan ganga frá þaki að innanverðu, eins og frá útveggjum timburhúsa (sbr. 25. gr. 17. lið), en fylla bilið milli þilveggjarins og innri klæðningar með tróði, er byggingarfulltrúi tekur gilt.

8. Í samfelldri húsaröð má enginn kvistur vera nær lóðamörkum en 3,15 m.

9. Ónotað rúm milli efsta lofts og þaks skal hæfilega loftræst, svo að ekki safnist þar saggi, og sé íbúð undir súð, skal hitacinangra loftið eftir fyrirmælum byggingarfulltrúa (sbr. 24. gr.).

10. Á öll þök húsa skal setja nægilega víðar og hallamiklar þakrennur og úr þeim veggrennur í samband við göturæsi eða afrennsliskerfi hússins.

11. Á hús, sem eru við almannafæri og eldri en þessi samþykkt, en eru þakrennulaus, skal setja þak- og veggrennur, eins og segir í 12. lið, áður en eitt ár er liðið frá gildistöku samþykktarinnar. Sama gildir um hús, þar sem þak- eða veggrennur eru í ónothæfu standi (sbr. 26. gr. lögreglusamþykktar).

12. Snjógrindur skal setja á þök og króka til festingar á stigum eða köðlum, ef byggingarfulltrúi telur þess þörf og byggingarnefnd krefst þess.

X. KAFLI

Reykháfar og eldfæri.

27. gr.

1. Reykháfar í húsum skulu hlaðnir úr brenndum múrsteini eða gerðir úr steinsteypu og standa á fastri undirstöðu. Reykháfur má aldrei hvíla á timburgólfi.

2. Reykháfar mega ekki hallast meira en 15° frá lóðréttri línu og aldrei út yfir stiga. Byggingarnefnd getur þó leyft meiri halla á reykþáf, ef sérstaklega er um búð, og fylgi séruppráttur og útreikningur.

195 3. Reykháfur skal að jafnaði vera ferstrendur, veggþykkt eigi minni en 12 cm
22. okt. og innanmál 23 cm á hvorn veg. Skal reykháfurinn ekki ná minna en 75 cm upp fyrir húsmæni og aldrei meira en 3 metra upp úr þakfleti. Af hæð reykháfs ofan efsta gólfs mega þó aldrei meira en $\frac{2}{5}$ hlutar vera ofan þakflatar, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Í slíkan reykháf má leiða reyk frá allt að 8 lokuðum eldstæðum, en sé um miðstöðvarhitun að ræða, skal útreikningur skera úr um það, hvort stækka þurfi reykháfinn (sbr. 4. gr. 3. l.).

4. Sé reykháf ætlað að flytja svo mikinn reyk, að 23 cm vidd nægi ekki, eða þurfi reykháfur að ná meira en 3 metra upp úr þaki, skal leggja séruppdrátt og útreikning fyrir byggingarnefnd, er ákveður gerð og hæð reykháfsins. Byggingarnefnd getur krafizt þess, að slíkur reykháfur sé fódraður með eldföstum steini.

5. Þar sem reykháfur fer í gegnum timburgólf eða þak, skal gera vegg hans svo þykka, að minnst 23 cm séu alls staðar frá innri brún hans að máttarviðum, og þar sem timburveggur kemur að reykháf, skal svo frá ganga, að hvergi sé minna en 23 cm frá innri brún reykháfsins að máttarviðum.

6. Gólf, loftklæðningar og þil má láta ganga að reykháf, en ekki festa við hann á nokkurn hátt. Yfir rifuna má leggja lista, er festur sé við reykháfinn, en ekki má nota trétappa til festingar.

7. Reykháf má aldrei þilja eða klæða með pappa eða striga, heldur eiga úthliðar reykháfs ætíð að vera sýnilegar og óþaktar og auðvelt að komast að þeim til viðgerðar. Þó skal heimilt að mála reykháf og líma á hann veggfóður.

8. Utan um hverja pípu frá eldstæði skal múra járnhring í reykháfinn þannig gerðan, að hvorki pípan né hringurinn geti ýtt inn fyrir innra borð reykháfsins.

9. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg 23×23 cm við sótop, svo að auðvelt sé að hreinsa vegg hans og ná sóti úr honum. Sótopi skal loka með járnhurð í járnumgerð, og skal gerð hennar háð samþykki slökkviliðsstjóra, sem einnig segir fyrir um fjölda sótopa á hverjum reykháf.

10. Í reykháf má ekki festa leiðslur, loftnet eða slíkt, nema gerður sé tryggilegur umbúnaður til festingar og reykháfurinn sé nógu traustur, og er þetta hvort tveggja háð áliti og leyfi byggingarfulltrúa.

28. gr.

1. Frá hverju eldstæði, þar sem kynnt er kolum eða öðrum föstum eða fljótandi efnum, skal leiða reyk í hlaðinn eða steyptan reykháf, annaðhvort um múraðar eða steyptar reykpípur eða um járnþápur, sem mega aldrei vera mjórri en 10 cm.

2. Frá innri brún reykþanga og reykþápa skal ávallt vera minnst 23 cm bil af timbri eða viðarlíki, og reykþápur úr járnþá mega ekki vera lengri en 3 metrar, nema sérstakt leyfi komi til.

3. Ef ganga þarf undir reykþápu, skal vera minnst 1,90 m frá gólfi að henni, og reykþápa má aldrei fara gegnum gólf, heldur skal hún sett í reykháf á sömu hæð og eldstæðið er.

4. Ekkert eldstæði má standa nær timbri eða viðarlíki en svo, að minnst 23 cm sé milli þess og ytri brúnar eldstæðisins, og á þetta við bæði vegg og gólf. Auk þess skal þekja timburgólf undir eldstæði og kringum það með eldtraustu efni, er nái minnst 30 cm fram fyrir það, en 23 cm til hliða og aftur fyrir. Sé um limofn eða annað eldstæði að ræða á verkstæðum, þar sem farið er með eldfim efni, skal gólfið þakið eldtraustu efni minnst 50 cm út fyrir ytri brún eldstæðisins á alla vegu, og fyrir framan eldholið skal auk þess hafa 50 cm háan kassa úr málm, festan við ofninn, svo að glæður úr honum hljóti að falla í kassann.

5. Sérhvert opið eldstæði (kamína) skal vera í beinu sambandi við reykháf, sem ekki flytur reyk frá öðrum eldstæðum, og skal þess vandlega gætt, að ekki stafi eldhætta af.

6. Þess skal sérstaklega gætt, að svo vandlega sé gengið frá gerð lofthitunarofna, umbúnaði öllum og pípum frá þeim, að eldhætta stafi ekki af. **195**

7. Miðstöðvarköttlum, sem hafa stærri hitaflöt en 1,3 fermetra, skal koma fyrir í sérstökum herbergjum, sem múruð eru eða sementshúðuð í hólf og gólf. **22. okt.**

Sé ketill kyntur með fljótandi eldsneyti, skal þess sérstaklega gætt, að fyrirkomulag eldsneytisgeymslu sé slíkt, að eldhætta stafi ekki af.

8. Leyfi byggingarnefndar þarf til þess að setja upp brauðgerðarofna, bræðsluofna, gufukatla og önnur slík sérstæð eldstæði, og skal hún gæta þess, að hvorki eldhætta né óhollusta stafi af.

Skulu öll slík mannvirki auk þess fullnægja þeim ákvæðum, sem sett eru í reglugerðum og lögum um eftirlit með verksmíðjum og vélum.

9. Brennslu lofti frá föstum eldstæðum, sem kynt eru með gasi, skal leiða í reykhálf um járnpipu og búa svo um, að ekki geti slegið úr reykhálf niður í eldhol. Um slíkar pípur gilda sömu fyriræli og um reykþípur.

10. Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, skal setja minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, þótt ekki séu hituð með eldi.

XI. KAFLI

Stigar, lyftur og veggvalir.

29. gr.

1. Í öllum húsum, þar sem íbúð er á meira en einni hæð, skal vera að minnsta kosti einn stigi og á hverri hæð frjáls og óhindraður aðgangur að honum úr hverri íbúð.

Séð skal um, að nægileg birta og loft komist að hverjum stiga og stiga húsi.

2. Einn stigi nægir í húsi, þar sem ekki eru meira en 4 íbúðir á hverri hæð, enda sé húsið ekki hærra en þrilyft. Standi öðruvísi á eða sé hús ætlað fyrir skrifstofur, skóla, samkomur eða iðnrekstur eða einhver önnur afnot en til íbúðar, ákveður byggingarnefnd, hvernig haga skuli stigum, gerð þeirra og fjölda. Frá engum stað í húsi má þó vera meira en 25 metra vegalengd að stiga og sé greidd-fært að honum.

3. Á öllum stigum skal vera handrið öðrum megin eða beggja vegna, ef stiginn liggur ekki að vegg. Handrið sé minnst 80 cm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepbrún, og minnst 90 cm meðfram stigaopum.

Milli rimla á handriðum má eigi vera meira bil en 15 cm. Sömu reglur gilda um umbúnað veggsvala, eftir því sem við á.

4. Í einbýlishúsum skal minnsta breidd stiga vera 80 cm, en í öðrum tvílyftum húsum 1,00 m og í þrilyftum húsum 1,10 metrar. Liggja stigi að vegg, skal telja breidd hans frá vegg að handriði, en sé handrið beggja megin, milli handriða.

5. Stigar niður kjallara og upp á þakhæð mega vera mjórri en nú var sagt, enda sé þar engin íbúð, og eru slíkir stigar yfirleitt ekki háðir þeim reglum, sem settar eru í þessari grein.

Á föstum stigum skal þó ávallt vera handrið.

6. Ganghæð stiga má hvergi vera minni en 2,10 m og hvert skref 63 cm. Skrefið er samanlögð hæð tveggja uppstiga og breidd eins þreps. Þrepsbreidd skal mæla í ganglinu, sem er talin 45 cm frá innri brún handriðs þeim megin, sem þrep er mjórri, og má aldrei vera minna en 24 cm, sé hús tvílyft, en 26 cm, sé hús hærra.

Á hverju þrepi, sem er ekki breiðara en 30 cm, skal vera minnst 4 cm breitt innskot, sem ekki telst til þrepsbreiddar í þessu sambandi.

Í stigum, sem liggja um fleiri hæðir, skal sem næst sama þrepsbreidd vera á öllum hæðum. Sé aukastigi settur í hús, þarf hann ekki að fullnægja ákvæðum þessarar greinar.

195 7. Stigapallar og gangar meðfram stigum skulu vera minnst jafnbreiðir stig-
22. okt. unum, en breidd og lengd gangs frá útidyrum að stiga ekki minni en $1\frac{1}{3}$ sinnum
breidd stigans og gangurinn hvergi lægri en 2,20 metrar.

8. Í tvílyftum húsum, þar sem aðeins ein íbúð er á efri hæð, mega stigar vera
úr tré, en skulu þá þiljaðir og sementshúðaðir að baki.

Í öðrum húsum skal gera stiga úr járnbentri steinsteypu.

9. Útitróppur skulu ávallt gerðar úr steini eða steinsteypu og ekki vera hærri
en 1,50 m. Að öðru leyti gilda sömu reglur um gerð þeirra og stiga, en byggingar-
nefnd má leyfa að víkja frá þeim, ef ástæða þykir til (sbr. 14. gr. 1. og 2. lið).

30. gr.

1. Séu lyftur í húsi, skulu þær fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í lögum
og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

2. Ákvæðin um stiga í íbúðarhúsum gilda jafnt, þótt einnig sé lyfta í húsinu.

XII. KAFLI

Íbúðir.

31. gr.

1. Íbúðarherbergi er hvert það herbergi í húsi, sem ætlað er til dagvistar eða
næturvistar fyrir fólk, eða hvort tveggja, en það er talin sérstök íbúð, ef eldhús
fylgir, hvort heldur herbergin eru eitt eða fleiri.

2. Lofthæð íbúðarherbergis má ekki vera minni en 2,50 m, nema um loft- eða
kvistherbergi sé að ræða. Í slíkum herbergjum nægir 2,20 m hæð, og sé herbergi
undir súð, skal sú hæð vera yfir minnst hálfum gólfleti þess, og sé enginn veggur
lægri en 85 cm.

3. Gólfflötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 4 fermetrar, og í hverri
íbúð skal vera að minnsta kosti eitt herbergi, er sé ekki minna en 14 fermetrar að
gólfleti.

4. Á hverju íbúðarherbergi og eldhúsi skal vera gluggi á útvegg, sem má opna,
og skal glerflötur í gluggum íbúðarherbergis vera ekki minni en $\frac{1}{5}$ af gólfleti þess.

5. Íbúðarherbergi má ekki gera á skambitalofti.

6. Í kjallara má ekki gera íbúðarherbergi, ef gólf hans er meira en 80 cm undir
yfirborði jarðvegs við gluggahlið þeirra; og ekki, ef gluggahliðin veit á móti norðri
— frá norðvestri til norðausturs — eða er nær götu en 3 m.

7. Frágangur veggja, lofta og gólfa í íbúðarherbergjum skal vera sem segir í
24.—26. gr. þessarar samþykktar, og skal svo til haga, að nægilegan hita megi hafa
í hverju einstöku íbúðarherbergi.

8. Hverri íbúð skal fylgja forstofa, sem hafi óhindraðan aðgang að stigahúsi
eða gangi að stigahúsi eða að útidyrum, og sé hún ekki mjórri en 1,30.

9. Hver íbúð skal hafa frjálstan aðgang að vatnssalerni, sem ekki má vera sam-
eiginlegt fyrir meira en tvær íbúðir og þá þannig fyrir komið, að ekki þurfi að
fara um forstofu eða herbergi hinnar íbúðarinnar til þess að komast að því.

Vatnssalernisklefi skal vera minnst 0,85 fermetrar að gólfleti, hafa nægilega
loftræstingu og svo frá öllu gengið sem fyrir er mælt í heilbrigðissamþykkt eða
öðrum reglugerðum bæjarins hér að lútandi.

Sé hús svo í sveit komið, að ekki náist til holræsis fyrir rennsli úr vatnssalerni,
skal við það gera önnur nægilega mörg salerni, er fullnægi ákvæðum heilbrigðis-
samþykktar.

10. Hverri íbúð skal fylgja hæfilega loftræst geymsla, er sé ekki minni að
gólfleti en $\frac{1}{20}$ af brúttóflatarmáli íbúðarinnar og manngeng.

11. Þvottahús, sem fylgja íbúðum, skulu hafa vatnsheld gólf með afrennsli og svo gengið frá lofti og veggjum, að þoli raka og gufu.

12. Ef ekki er gluggi á hjörum í stigahúsi, þvottahúsi eða miðstöðvarherbergi, skal loftræsa þau á fullnægjandi hátt út fyrir vegg eða upp fyrir þak, en ekki inn í reykhláf.

13. Séu skarnpípur settar í hús, skal þess vandlega gætt, að svo sé um þær búið, að ekki stafi óhollusta af.

195

22. okt.

XIII. KAFLI

Hús til annarra afnota en íbúðar.

32. gr.

1. Hús, sem ætluð eru til annarra afnota en íbúðar, svo sem t. d. verksmiðjur, vinnustofur, skólahús, íþróttahús, verzlunarhús og geymsluhús, eru háð þeim kröfum um styrkleika, gerð og afstöðu, sem byggingarnefndin gerir í hvert skipti, að svo miklu leyti, sem ákvæði þessarar samþykktar ná ekki til þeirra.

2. Í skólahúsum, leikhúsum, kvikmyndahúsum og öðrum samkomuhúsum skulu allar hurðir opnast út.

3. Í þeim húsum, sem ætluð eru til iðnaðar, eða einhvers verknaðar, sem hefur í för með sér óþrif eða óþef eða sérstök eldhætta stafar af, skal þess sérstaklega gætt, að fylgt sé fyrirmælum heilbrigðissamþykktar eða eftir atvikum brunamála-samþykktar og engin hætta stafi af.

33. gr.

1. Skýli, önnur en bifreiðaskýli, sem leyfð kunna að verða samkvæmt 6. gr. 4. lið þessarar samþykktar inni á lóðum íbúðarhúsa, má byggingarnefnd heimila að byggja úr timbri, enda þótt annars sé krafizt að byggingar séu gerðar úr eldtraustu efni. Eldvarnarveggur skal þó ávallt vera að nágrannalóð, ef nær er en 3,15 m.

2. Byggingarnefnd getur og leyft að þekja slík smáhýsi með pappa (sbr. 26. gr. 6. lið).

3. Vinnuskúra, sem aðeins eru notaðir, meðan á byggingu húss stendur, má byggingarfulltrúi leyfa með þeirri gerð, sem honum finnst hæfa í hvert sinn.

34. gr.

Gripahús, fjárhús og fuglahús má hvergi gera í íbúðarhúsaahverfum og ekki fyrir né haugstæði, en þar sem slík mannvirki eru leyfð, skulu þau fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykktar og kröfum heilbrigðisnefndar.

XIV. KAFLI

Óþrif.

35. gr.

1. Sé ætlazt til að framkvæma gagngerða breytingu á húsi eða endurbæta það að verulegu leyti, og séu í því rottur eða mýs eða önnur óþrifakvikindi (veggjalýs, kakkalakkar), skal húseigandi láta eyða þeim áður en byrjað er á verkinu.

2. Eigi að rífa gamalt hús, skal gæta sömu varúðarreglna, áður en niðurrífs-verkið er hafið, enda má ekkert hús rífa, nema áður sé tilkynnt byggingarfulltrúa á sérstök eyðublöð, sem hann lætur í té.

XV. KAFLI

Byggingarleyfisgjöld.

36. gr.

1. Fyrir leyfi til að reisa hús eða stækka, skal greiða í bæjarsjóð 15 aura fyrir hvern teningsmetra af utanmáli hússins, og skal mæla hæðina frá kjallara-gólfi að skurðlínu milli þaks og veggflatar, og sé rishalli á þaki eða hluta þess meiri en 45° eða sé kvistur á þaki, skal bæta við húshæðina þeirri mestu hæð, sem verður fyrir ofan línu, dregna með 45° halla frá skurðlínu þaks og veggflatar. Sé ekki kjallari undir húsinu, skal mæla hæð þess frá lægsta jarðvegi við húshlið.

Gjald þetta skal talið í heilum krónum, og telzt hluti úr krónu sem heil króna. Minnsta gjald er 10 krónur.

2. Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 10 krónur í bæjarsjóð og 10 krónur fyrir hvert annað leyfi til að reisa mannvirki eða breyta því.

3. Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits samkvæmt ákvæðum byggingarsamþykktar, skal greiða 25 krónur í bæjarsjóð.

4. Byggingarleyfisgjöld verða aldrei endurgreidd, þótt leyfi falli úr gildi vegna þess, að það hafi ekki verið notað innan eins árs. Verði leyfi endurnýjað óbreytt, skal greiða fyrir það 10 krónur, en verði veitt leyfi fyrir breyttu húsi á sömu lóð, er komi í stað hins fyrra, skal greiða fullt gjald samkvæmt 1. lið, en draga frá gjaldinu upphæð þess gjalds, sem greitt var fyrra skiptið.

5. Byggingarfulltrúinn innheimtir öll gjöld samkvæmt þessari samþykkt. En verði vanskil, má hann ekki gefa vottorð um mannvirkið samkvæmt 5. gr., 7. og 8. lið, fyrr en gjöldin eru greidd.

6. Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta með álagi samkvæmt verðlags-vísitölu.

Skal bæjarstjórn í upphafi hvers árs ákveða álagið fyrir það ár, og má það ekki fara fram úr meðalverðlagsvísitölu næsta ár á undan.

XVI. KAFLI

Gildi byggingarsamþykktar og refsíákvæði.

37. gr.

1. Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. Hún tekur til allra nýrra húsabygginga og mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, þegar hún öðlast gildi, þó svo, að ekki verður krafizt niðurrifs á því, sem verið er að gera með heimild í fyrri byggingarsamþykkt.

3. Hún tekur einnig til hækkunar, stækkunar og höfuðbreytinga á eldri byggingum og mannvirkjum, svo og til annarra breytinga að svo miklu leyti, sem við verður komið án verulegrar röskunar á því, sem fyrir er.

38. gr.

Byggingarfulltrúi skal þegar í stað kæra fyrir sakadómara, ef bygging er hafin, án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, eða á annan hátt er byggt en leyfi stendur til.

Sakadómari skal þá þegar kveða upp úrskurð um, hvort byggingin skuli bönnuð og niður rífið eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði þessum má skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málsköt frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sem þá fer fram á ábyrgð bæjarsjóðs. Lögreglustjóri annast framkvæmd úrskurðar, og getur hann veitt aðila hæfilegan frest til niðurrifs eða brottnáms ólöglegrar byggingar. Bæjarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd lög-reglustjóra á úrskurðinum, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn.

Bæjarsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni. 195

22. okt.

Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónum, og skal farið með slík mál sem almenn lögreglumál. Ef haldið er áfram byggingu, eftir að bann hefur verið lagt við henni samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, varðar það eigi minna en 1000 króna sekt. Veita skal borgarstjóra kost á því fyrir hönd bæjarsjóðs að gera í refsímalínu kröfur til þess, að kærði verði dæmdur til að greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans.

39. gr.

Byggingarfulltrúi skal semja skrá yfir allar þær byggingar, sem reistar hafa verið í óleyfi, áður en samþykkt þessi gekk í gildi. Síðan skal með venjulegum hætti skorið úr, hvort unnt er að veita leyfi fyrir einhverjum þeirra. Hinar byggingarnar skal rífa, þegar bæjarstjórn krefst þess, og er henni skylt að gera slíka kröfu, nema hún telji, að nauðsyn sé á, að byggingin standi vegna almennra húsnæðisvandráða. Á meðan einhverjar hinna óleyfðu bygginga standa samkvæmt þessari heimild, skal það árlega horið undir bæjarstjórn, hverjar þeirra hún vill þá láta rífa. Nú stendur slík óleyfð bygging á óútvisuðu eignarlandi bæjarins, og öðlast eigandi byggingarinnar engan rétt til landsins, þótt hún standi þar.

Um niðurrif og brotnám þeirra bygginga, sem bæjarstjórn samkv. 1. mgr. krefst, að brott séu teknar, fer eftir því, sem í 38. gr. segir, og varðar það viðurlögum samkv. henni, ef byggingin er eigi rifin eða numin brott, jafnskjött og krafizt er.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt úr gildi byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík frá 7. september 1903 og allar þær breytingar, sem á henni hafa verið gerðar.

Félagsmálaráðuneytið, 22. október 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

196

30. okt.

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði, nr. 72 7. ágúst 1930.

e-liður 2. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 12 á hádegi. Á sama tímabili má vera opið til kl. 19 á föstudögum.

Á tímabilinu frá 15. september til 14. maí skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 16, nema á síðustu tveimur laugardögum fyrir jól, þá má vera opið til kl. 18.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli kr. 1.20 hver kwst.

Við þessu gjaldi skal selja hvers konar raforkunotkun, sem kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamæli reiknast samkvæmt A. 1, á hinn mælinn 30 aura hver kwst.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 30 aura hver kwst. fyrir fyrstu notkun, þannig reiknað: 3 kwst. á mánuði á hvern m² gólfflatar í íbúðinni, og notkun umfram þetta greiðist með 15 aurum hver kwst. Bæjarstjórn hefur heimild til að hækka þennan lið upp í lægsta vélataxta, ef nægilegt rafmagn er ekki fyrir hendi. Auk þess fastagjald 25 aurar á mánuði á hvern m² gólfflatar í íbúðinni. Ákvæði þessi gilda fyrir allar íbúðir upp að 100 m², á íbúðum með yfir 100 m² gólfplöt reiknast 2 kwst. lágmarksnotkun á hvern m² fram yfir 100 m². Við útreikning gólfflatar skal tekið tillit til, ef um súðarherbergi er að ræða, þá skal rafveitustjóri ákveða, hve margir fermetrar skulu lagðir til grundvallar fyrir álagningu gjaldsins.

Til íbúðar teljast öll íveruherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi.

Ákvæði til bráðabirgða: Í íbúðum, sem fyrir hendi eru og hafa enga hitun aðra en rafmagnshitun, en hitunarlögnin er ekki aðskilin, svo að ekki verður komið við sérstökum mæli, má reikna gjaldið þannig: Fyrir fyrstu 3 kwst. á mánuði á hvern m² gólfflatar 30 aurar hver kwst., fyrir næstu 1 kwst. á hvern m² gólfflatar 20 aurar hver kwst. og fyrir notkun umfram þetta 10 aurar hver kwst., auk þess fastagjald 25 aurar á mánuði á hvern m² gólfflatar, eins og að framan segir.

C. Til véla.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæla á 70 aura hver kwst.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kwst. á ári greiðist 28 aurar hver kwst. Fyrir næstu 30 000 kwst. veitist 5% afsláttur. Fyrir það, sem notað er umfram þetta, veitist 10% afsláttur.

Verð þetta miðast við, að oliuverð sé 560 kr. tonnið, en við hver full 10%, sem verð olíu lækkar eða hækkar frá því verði, lækkar eða hækkar verð orkunnar um 10%.

D. Til hitunar:

197

Þar, sem götulínur og spennar leyfa, að dómi rafveitustjóra, má selja raforku til hitunar með eftirfarandi skilyrðum: 12. nóv.

- Öll tæki skulu vera fast tengd og gerð hitalagna og hitatækja háð samþykki rafveitustjóra.
 - Klukkurofi fyrir hitalögninni og greiða leigu fyrir hann eftir reglum, sem gilda fyrir leigumæla. Þegar klukkurofar eru ekki fyrir hendi hjá rafveitunni, má veita undanþágu frá þessu ákvæði.
 - Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn af hitalögninni, þegar það telst nauðsynlegt, að dómi rafveitustjóra.
- Sé þessum skilyrðum fullnægt, má selja raforkuna:
- Um einn kwst.mæli á 10 auru kwst.

E. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.

F.

Til lýsingar gatna, hafnar, skóla, sjúkrahúsa og kirkna skal gjaldið vera 100 aurar hver kwst.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota á fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Ársleiga
Einfasamælar upp að 5 Amp.	kr. 5.00
— 10 til 15 Amp.	— 10.00
— 20 til 40 Amp.	— 20.00
Þrífasmælar 30 Amp. og minni	— 25.00
— stærri en 30 Amp.	— 30.00
Lausar skiptiklukkur	— 10.00

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera sem næst 15% af mælisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt 1. sept. ár hvert.

III. ÝMIS GJÖLD**1. Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 5 krónur.

2. Sekt fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og eigi opnuð, fyrr en notandi hefur greitt 5 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

197

12. nóv.

3. Heimtaugargjöld.

Húseigandi skal greiða eftir reikningi, hvort heldur sem er jarðlínu- eða loftlínuheimtaug.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar heimildar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað, nr. 148 28. ágúst 1940, og síðari breyting á þeirri gjaldskrá.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóvember 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

198

24. nóv.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið Rafveitunnar.

Rafveita Keflavíkur er fyrirtæki, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps starf-rækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilis-notkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Keflavíkurhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Keflavíkur og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Keflavíkur aflar raforku til almenningsþarfa í Keflavíkurhreppi með því að kaupa raforku úr orkuveitu frá Sogsvirkjuninni eða öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Keflavíkurhrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Keflavíkurhrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raf-orkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefndin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á 198
sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. 24. nóv.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur umsjón með rafmagnslagningu í hreppnum, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Keflavíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem æfborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að rafveitunefnd löggildi þá menn til lagninga á húsveitum, er fullnægja löggildingarskilyrðum, sem hreppsnefnd setur, enda hafi þeir áður hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins til rafvirkjastarfa. Þessir menn nefnast löggiltir rafvirkjar og skal rafveitunefnd setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra. Mega þá engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru af rafveitunefnd, taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, sem snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar.

- 198 Hreppsnefnd getur, þegar henni þykir ástæða til, ákveðið verðlag á efni og
 24. nóv. vinnu rafvirkja, svo og ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem rafveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Keflavíkur selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvári eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Hú sveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Keflavík, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. **198**

24. nóv.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til er úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimilt án leyfis rafveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta löggiltan rafvirkja gera við gallann á sinn kostnað.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til er úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Keflavíkur.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/-5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/-5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $+/-5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem líðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

198

Ábyrgð.

24. nóv.

En vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafíð er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrir en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
- að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi veitu óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

198 Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða
24. nóv. annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endrarnær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimillt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{1000}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breyting í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra skal afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og atvinnuáráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

198

21. gr.

24. nóv.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögglumál.

23. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi númin reglugerð um notkun og meðferð rafmagns í Keflavík, nr. 77 28. júní 1934.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

199

um búnaðarmálasjóð.

28. nóv.

Samkvæmt lögum nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem hér segir:

- a. Mjólkk og mjólkurvörum, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem ekki eru útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómaþúsum og smjörþúsum, svo og af annarri mjólk, sem verðjöfnunarskyld er samkv. lögum nr. 1/1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma.
- b. Kindakjöti, sem selt er frá slátruhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
- c. Gærum og ull, sem tekið er á móti í verzlunir eða verksmiðjur.
- d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
- e. Grávöru.

199

28. nóv.

Gjald það, sem um ræðir í 1. gr., skal vera $\frac{1}{2}\%$ af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma, og rennur það í búnaðarmálasjóð.

3. gr.

Gjald til búnaðarmálasjóðs greiðist af mjólkurbúum, sláturhúsum, verzlunum og öðrum sölumiðstöðvum, sem fyrst veita vörunum móttöku, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum, og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu.

Skylt er nefndum aðilum að afhenda þeim, sem innheimta gjaldsins er falin, skýrslur um móttækið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda samkvæmt því, sem nánar greinir í reglugerð þessari.

4. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjöld til Búnaðarmálasjóðs af gærum og ull, grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu, svo og grávöru. Búnaðarfélag Íslands eða trúnaðarmenn þess skulu tilkynna innheimtumönnunum þessum, hverjir verzlí með framangreindar vörur á hverjum tíma.

Innheimtunni skal hagað þannig, að verzlanir, verksmiðjur og sölumiðstöðvar, er kaupa eða taka til sölu af framleiðendum vörur þær, er um ræðir í þessari grein, skulu senda lögreglustjórum (í Reykjavík tollstjóra) fyrir febrúarlök ár hvert nákvæma skrá yfir magn vörunnar og verð hennar til framleiðenda, hvort tveggja fyrir síðastliðið almanaksár, og sýni skráin vörumagn og verð í hverjum mánuði ársins. Skránni skal fylgja hið lögboðna gjald til Búnaðarmálasjóðs, $\frac{1}{2}\%$ af bókfærðu verði vörunnar.

5. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, samkvæmt bráðabirgðalögum um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., nr. 79/1945, (eða þeir aðilar, er koma kunna í hennar stað), skal hafa á hendi innheimtu til búnaðarmálasjóðs á lögboðnu gjaldi á kindakjöti, mjólk og mjólkurafurðum, og skal gjalddagi til nefndarinnar vera fyrir febrúarlök næsta ár á eftir. Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna eftir þeim reglum, er verðlagsnefndin setur.

Skylt er verzlunum og sölumiðstöðvum, sláturleyfishöfum og öðrum þeim, sem greiðsluskylda til Búnaðarmálasjóðs hvílir á (sbr. 3. gr. laganna, 1. málslíð), að hlíta þeim reglum, sem verðlagsnefndin setur um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs og skýrsluskil í sambandi við innheimtuna.

6. gr.

Skili greiðsluskyldur aðili samkv. 3. gr. eigi framtali til hlutaðeigandi innheimtumanns á réttum tíma, skal innheimtumaður áætla gjaldið. Greiðandi getur kært áætlun þessa til innheimtumanns innan næstu 10 daga frá dagsetningu tilkynningar um áætlunina, en eigi skal kærán til greina tekin, nema fullnægjandi framtalsskýrsla fylgi að dómi innheimtumanns.

Nú er framtalsskýrsla ófullkomin eða tortryggileg eða sýnilega gerð til mála-mynda, og er innheimtumanni þá heimilt að áætla gjaldið, eins og að framan segir. Innheimtumaður skal og, ef ástæða þykir til, kæra hlutaðeigendur til ábyrgðar fyrir vanrækslu á að skila skýrslum og gjöldum, svo og fyrir ágalla á framtalsskýrslum.

Innheimtumanni er jafnan heimilt að athuga bókhald greiðsluskyldra aðilja vegna álagningar gjaldsins.

7. gr.

Nú er verð það, sem bókfært er við móttöku á vörum, gjaldskyldum til Búnaðarmálasjóðs, og greiðslur til hans samkv. 4. og 5. gr. eru miðaðar við, annað en

það verð, sem framleiðendur fá endanlega fyrir vöruna, og er þá þeim, sem greiðslu- **199**
skyldan hvílir á, skylt að gera endanleg skil á greiðslum til sjóðsins þá þegar, er 28. nóv.
vitað er um fullnaðarverð vörunnar til framleiðenda, þ. e. að greiða eftirstöðvar,
ef vangreitt var í fyrstu, og krefjast endurgreiðslu, ef þá var ofgreitt. Á sama hátt
er þeim skylt og rétt að leiðrétta skýrslur sínar um vörumagn og verð, ef þær reyn-
ast ekki réttar við endurskoðun.

8. gr.

Innheimtum gjöldum skal skilað til ríkisféhirðis eigi síðar en einum mánuði
eftir að þau komu innheimtumanni í hendur, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 82/1929,
um opinber reikningsskil.

9. gr.

Búnaðarmálasjóður skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, sem hefur á hendi
alla stjórn hans og reikningshald.

Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynja-
málum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings, enda komi sam-
þykki landbúnaðarráðherra til.

10. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda og í Búnaðar-
ritinu, endurskoðaða af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

11. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum reglugerðar þessarar, sker land-
búnaðarráðherra úr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. nóvember 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

varðandi innheimtu skemmtanaskatts árið 1946.

200

31. des.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 116/1945 til þess að inn-
heimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum
skemmtunum með 20% álagi árið 1946.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna eru undan-
þegnar skattaúkanum.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1945.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

201

11. des.

SAMÞYKKT

um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað,
nr. 66 16. júlí 1920.

23. gr. heilbrigðissamþykktarinnar falli niður, en í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:

23. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægileg sorpilát og af þeirri gerð, er heilbrigðisnefnd fyrirskipar.

Í þessi ílát skal láta allt sorp, ösku og rusl, sem til fellur.

Vanræki húseigandi að afla sér nægilegra sorpiláta af þeirri gerð, er heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað, skal nefndinni heimilt að kaupa sorpilátin á kostnað húseiganda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, sem síðan lætur innheimta hann hjá hlutaðeiganda, ef þörf gerist með lögtaki.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 11. desember 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

202

REIKNINGUR

árið 1943 fyrir markaðs- og verðjöfnunarsjóð, stofnaður skv. lögum nr. 75
29. desember 1934.

Höfudstóll frá fyrri árum samkv. áður birtum reikningi	kr. 4242.22
Vextir af bankainnstæðum á árunum 1942 og 1943	— 252.02

Eign í árslok 1943 kr. 4494.24

F. h. stjórnar markaðs- og verðjöfnunarsjóðs.

Reykjavík, 31. janúar 1944.

F. h. Stefáns Þorvarðssonar

Ólafur Björnsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Forsetabréf um starfsháttu orðunefndar, undirskrifað af forsetanum 31. desember 1945, nr. 114.

Forsetabréf um breyting á forsetabréfi frá 11. júlí 1944, um hina íslensku fálkaorðu, undirskrifað af forsetanum sama dag, nr. 115.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1946, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 116.

Lög um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 117.

Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtiðar og erfiðleika atvinnveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 118.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1946, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 119.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands, undirskrifuð af forsætisráðherra 22. desember 1945, nr. 120.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, um skiptingu Svarfaðardalshrepps í tvö sveitarfélög. 203 19. des.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps og samkvæmt meðmælum sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um skiptingu Svarfaðardalshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal skipt í tvö sveitarfélög, er nefnast Svarfaðardalshreppur og Dalvíkurhreppur. Dalvíkurhreppur nær yfir Dalvíkurkaupþún, og eru hreppamörk hans þessi: Að norðan landamerki Svarfaðardalshrepps og Ólafsfjarðar, eins og þau eru nú. Að innan landamerki Syðra-Holts og Ytra-Holts. Svarfaðardalsá ræður hreppamörkum að öðru leyti en því, að jarðirnar Háls og Hrisar teljast til Dalvíkurhrepps.
2. Eignum og skuldum Svarfaðardalshrepps, er til skipta geta komið, skal skipt milli hreppanna þannig, að $\frac{1}{3}$ hluti falli til Svarfaðardalshrepps, en $\frac{2}{3}$ hlutar til Dalvíkurhrepps. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar, sem á þeim hvíla áfram sameiginlega, bera þeir eftir sama hlutfalli.
3. Framfærsla núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, er síðar kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Svarfaðardalshrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan hvors hrepps fyrir sig. Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda.
4. Elli- og örorkustyrkþegar tilheyri hinum nýju hreppum, þar sem þeir eiga lögheimili, þegar skiptin fara fram, og verða því ekki sameiginlegir styrkþegar beggja hreppanna.
5. Um skiptingu eigna fer sem hér segir:
 - a. Skólahúsið í Dalvík verður eign Dalvíkurhrepps, en þinghúsið á Grund verður eign Svarfaðardalshrepps. Húsin skal bæði meta til fjár og skipta andvirðinu síðan milli sveitarfélaganna eftir hlutföllum þeim, er skiptin

203

19. des.

- fara fram eftir, en það er $\frac{1}{3}$ í hlut Svarfaðardalshrepps og $\frac{2}{3}$ í hlut Dalvíkurhrepps, og greiðir sá hreppurinn hinum það, er til vantar, er honum ber samkvæmt matinu. Mat þetta framkvæmir nefnd sú, er síðar getur, ef hreppsnefndir hinna nýju hreppa koma sér ekki saman um matið.
- b. Hafnarmannvirkin á Dalvík, svo og hafnarsjóður Dalvíkur, skulu vera sameign hreppanna framvegis og rekstur hafnarinnar sameiginlegur. Þar til er öðruvísi kann að verða ákveðið, en eignarhlutfall Svarfaðardalshrepps í þeim er $\frac{1}{3}$ og eignarhlutfall Dalvíkurhrepps $\frac{2}{3}$ hlutar. Hinar nýju hreppsnefndir setja sameiginlega nýja hafnarreglugerð, þar sem nánar verður kveðið á um allan rekstur hafnarinnar í framtíðinni. Verði ágreiningur um málefni hafnarinnar milli hinna nýju hreppsnefnda, hefur sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu úrskurðarvald þar um.
 - c. Aðrar fasteignir Svarfaðardalshrepps skulu metnar til fjár og þeim hreppnum, þar sem eignirnar eru, gefinn kostur á að leysa þær til sín á því mati eftir reglum þeim, sem um skiptin gilda, ella skulu þær seldar og andvirðinu skipt eftir skiptitölu hreppanna. Skiptingu lausafjár annast hreppsnefndirnar, og ber að skipta því eftir sömu reglum.
 - d. Komi hreppsnefndirnar sér ekki saman um mat á eignum hreppsins, er til skipta koma, skal sýslunefnd skipa 3 óvilhalla utansveitarmenn í nefnd til að framkvæma mat á þeim eignum, er samkomulag næst ekki um. Eru báðir aðilar skuldbundnir að hlíta því mati.
6. Ellistyrktarsjóði hreppsins skal skipt í hlutfalli við tölu gjaldenda í hvorum hreppshluta eins og hún var síðasta gjaldár til sjóðsins (1935).
 7. Bækur og skjöl, sem sveitarfélagið á nú, skal vera eign Svarfaðardalshrepps, en hreppsnefnd Dalvíkurhrepps skal eiga aðgang að þeim þegar hún þarfnast.
 8. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hvorum hreppi.
 9. Fjallskil skulu vera sameiginleg fyrst um sinn.
 10. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar 1946 og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og fátækraframfæri, en verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Svarfaðardalshreppi sem dómpinghá né manntalsþinghá.

204

20. sept.

REGLUGERÐ

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um grenjaleitir og refaveiðar.

1. gr.

Villirefir og refir, sem sloppið hafa úr vörzlu, eru óhelgir, og skal eyða þeim með hverjum þeim hætti, er helzt verður við komið.

2. gr.

Hreppsnefndum er skylt að sjá um, að eitrad sé fyrir refi á vetri hverjum, og skulu hinir hæfustu menn fengnir til að sjá um eitrunina. Þegar rjúpur eru eitradar, skal stífa hægri væng þeirra um miðju. Eitrad agn skal leggja á afskekkt staði, þar sem sízt er hætta á, að hundar ná til þess, og skal tilkynna þeim, er næst búa eitrunarstað, hvar eitrið hafi verið lagt. Næsta vor, eftir að eitrad hefur verið, skal hirða allar eiturléifar, svo og þau dýr, er drepizt hafa við eitrunina, og grafa vel í jörðu.

Nú hafa hæfar skyttur, er orðið hefur vel ágengt við refadráp á vetrum, sérstakan áhuga fyrir slíkum refaveiðum, og getur þá hreppsnefnd látið eitrun niður falla. 204 20. sept.

3. gr.

Hreppsnefnd eða sá, er hún hefur falið umsjón með eyðingu refa, skal á hverju vori skipa öllum búendum hreppsins að leita vandlega í heimalöndum sínum að tófugrenjum og athuga, hvort lagt hafi verið í þau. Skal gera tvær leitir, þá fyrri 3—6 vikur af sumri og þá síðari 8—11 vikur af sumri. Á tímabilinu 6—11 vikur af sumri skulu hreppsnefndir láta a. m. k. eina rækilega grenjaleit fara fram á afréttarlöndum hreppanna. Greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. 6. gr.

4. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvaða daga skuli leita í heimalöndum og frá hvaða bæjum skuli leitað í félagi. Skal hún gæta þess, að aldrei leiti færri en 2 menn á hverju greni. Hver búandi, sem hefur land til umráða, er skyldur að leggja til hverrar leitar þar til hæfan mann, samkv. ákvörðun hreppsnefndar. Enginn leitarmaður má hafa hund í för með sér. Vanræki nokkur að leggja mann til grenjaleitar þar og þá, er hreppsnefnd fyrirskipar, kærir hún það til sekta. Finni leitar-menn gren, sem tófa hefur lagt í, skal annar eða einn þeirra jafnan vera eftir á greninu, þar til skotmaður kemur. Greiðist honum fyrir það sama kaup og vökumanni. Sá eða þeir, er á greni fara, skulu tafarlaust tilkynna oddvita grenfundinn. Sérstakan kostnað við að tilkynna grenfund, svo sem sendiferðir eða símtöl, skal greiða úr sveitarsjóði.

5. gr.

Nú hefur oddviti fengið vitneskju um, að dýr hefur lagt í greni, og skal hann þá tafarlaust aðvara skyttu þá og vökumann, er hreppsnefnd ber að hafa ráðið til grenjavinnslu.

6. gr.

Þegar gren finnst á öðrum tíma en þeim, er grenjaleit fer fram, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, en finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar, nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það, fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó að finnist, en skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara oddvita tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren, eða aðvarar oddvita, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.

7. gr.

Enginn má spilla tófugrenjum eða róta við þeim á nokkurn hátt, hvort sem dýr liggur í þeim eða ekki.

8. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann og vökumann fyrir sanngjarna borgun, miðað við dagkaup í sveitinni.

Auk daglauna fá þeir, er að grenjavinnslu vinna:

a. Fyrir fyrri dýrið	kr. 5.00
b. Fyrir hið síðara	— 12.00
c. Fyrir hvern yrðling, er þeir ná	— 2.00

ásamt vísitöluuppbót á upphæðirnar. Gjald þetta skiptist milli mannanna þannig: Skyttan fær $\frac{2}{3}$, vökumaður $\frac{1}{3}$, enda sé val hans samþykkt af skotmanni. Heimilt er aðilum að skipta öðruvísi á milli sín, ef þeim sýnist svo. Skyttan leggur til skotvopn, skotfæri og önnur veiðiáhöld án sérstakrar borgunar.

204

20. sept.

9. gr.

Sjái skyttan hvorugt fullorðna dýrið þrjú fyrstu dægrin, er hún liggur á greninu, og heyrir eigi til yrðlinga, skal hún eigi skyld að bíða þar lengur. En sjáist annað hvort eða bæði dýrin eða heyrist til yrðlinganna, skal hún dvelja þar full 5 dægur, ef eigi verður áður fullunnið, en lengur er hún ekki skyld að bíða, þó að ekkert vinnist. Yfirgefi hún grennið, fyrr en hér segir, án lögmætra orsaka og liggi þó dýr þar, skal hún enga borgun fá, og varðar það einnig sektum.

10. gr.

Nú fær hreppsnefnd tilkynningu um nýfundin gren, er dýr hefur lagt í í landareign annars hrepps, og skal hún þá tafarlaust senda eða síma til oddvita þess hrepps, er þá annast um vinnslu þess, og greiðir kostnað þann, er af sendiförinni leiðir. Vanræki oddviti þá skyldu sína, skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er finnandi á heima í, annast um, að drenið sé þegar unnið á kostnað sveitarsjóðs þess hrepps, er grenið heyrir til, og kæra slíkt hirðuleysi fyrir sýslunni til sekta og fullra skaðabóta.

11. gr.

Nú vill maður leggja refaboga í annars manns landi eða gera þar refagildru eða skothús, og skal hann þá tilkynna það ábúanda, sem er skyldur að leggja á það samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að hafa þær framkvæmdir með höndum, enda geri hann það innan viku, frá því að honum barst tilkynningin, að öðrum kosti er þeim, er tilkynninguna sendi, það heimilt.

12. gr.

Fyrir hvert hlaupadýr, sem unnið er á árinu, skal greiða vinnanda kr. 10.00 og að auki verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu.

Vinni sami maður á ári 3 hlaupadýr, greiðist honum að auki kr. 50.00 fyrir hver 3 dýr. Vinni hann 6 dýr, greiðist honum á sama hátt kr. 150.00 í verðlaun, og vinni hann 10 dýr, séu aukaverðlaunin kr. 400.00 allt án verðlagsuppbótar. Greiðsla fyrir vinnslu hlaupadýra greiðist úr sýslusjóði, enda liggi fyrir vottorð tveggja manna um vinnslu hvers dýrs og sé þar tilgreint, hvaða dag dýrið var unnið.

13. gr.

Verði dýrbits vart í sveitinni, skal hreppsnefnd gera sitt ýtrasta til að fá þau dýr unnin, er dýrbítum valda.

Auk ákveðins gjalds úr sýslusjóði, sbr. 10. gr., skal greiða úr sveitarsjóði kr. 150.00 fyrir hvert slíkt dýr. Greiðsla þessi úr sveitarsjóði sé án verðlagsuppbótar.

14. gr.

Hreppsnefnd hver skal hafa refabók, er í skal rita skrá yfir öll gren hreppsins og afrétta þeirra, er hann hefur umsjón með, svo og skýrslu um einkenning grenjanna.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 20—500 króna sektum, er renna í sýslusjóð.

16. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lög-reglumál.

17. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um refaveiðar í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 59 frá 22. apríl 1922 og breyting á þeirri reglugerð, nr. 43 21. maí 1927.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 204
20. sept.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hákonar Waage“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. sept. 1945. 205
29. sept.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hákonar Waage.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Sanitas h.f., að upphæð kr. 5000.00, til minningar um Hákon Waage, sem andaðist hinn 3. október 1943.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsfólk, sem vinnur í verksmiðju Sanitas h.f., ef það verður fyrir sjúkdómum eða tapar atvinnu sinni af öðrum svipuðum orsökum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í banka eða sparisjóði eða á annan öryggan hátt að dómi sjóðstjórnar. Stofnfé má aldrei skerða, og leggjast vextir við höfuðstólinn, þar til er sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00, en þá má verja vöxtunum öllum eða að hluta eftir ákvörðun sjóðstjórnar eftir ákvæðum 2. gr., en afgangur vaxta, ef einhver er, leggst þá við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú elztu starfsmenn að starfstíma (karl eða kona) í verksmiðju Sanitas h.f., og sker stjórn hlutafélagsins á hverjum tíma úr því, hvaða menn eru elztir samkvæmt framansögðu. Stjórn sjóðsins ræður úthlutunum úr sjóðnum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu stjórnendur á hverju ári senda stjórn Sanitas h.f. afrit af reikningi sjóðsins til athugunar.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta.

Þannig samþykkt af stjórn Sanitas h.f. hinn 24. sept. 1945.

Sig. Waage.

Matthías Waage.

Baldur Sveinsson.

206 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kjartans Sigurjónssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. desember 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kjartans Sigurjónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kjartans Sigurjónssonar og er stofnaður til minningar um Kjartan Sigurjónsson, söngvara, frá Vík í Mýrdal, f. 11. jan. 1919, d. 8. maí 1945.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónur —. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal auka hann árlega með hálfum ársvöxtum, ásamt tillögum og gjöfum, sem sjóðnum kann að áskotnast.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms efnilega íslenska söngvara. Má styrkur þessi nema allt að helmingi ársvaxta sjóðsins ár hvert. Falli niður styrkveiting eitt ár eða fleiri, skulu allir vextir lagðir við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn sjóðsins og úthlutun styrkja úr honum annast þriggja manna nefnd, sem skipuð er söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, tónlistarráðunaut Ríkisútvarpsins og organleikara dómkirkjunnar í Reykjavík, með þeirri undantekningu, sem um getur í 8. gr. Nú er stjórn sjóðsins (3) ekki fullskipuð með framangreindum hætti, og skipar þá skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins í stjórnina, það sem á vantar, að hún sé skipuð þrem mönnum.

Verði framangreind embætti lögð niður, skipar skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins þriggja manna nefnd sérfróðra tónlistarmanna, sem kveður á um úthlutun úr sjóðnum og hefur stjórn hans með höndum.

5. gr.

Aðnjótandi styrksins geta þeir nemendur einir orðið, sem sýnt hafa ótvíræða hæfileika, að dómi nefndarinnar, og eigi eru þess umkomnir að kosta nám sítt af eigin rammleik. Skal styrkurinn veittur árlega, þar til er námi er að fullu lokið, enda séu ástæður nemandans óbreyttar. Fyrst um sinn skal styrkurinn veittur einum nemanda í senn, eða þar til er sjóðurinn er orðinn þess megnugur að styrkja fleiri nemendur í einu, svo að að verulegu gagni megi koma.

6. gr.

Styrkveiting má hefjast, þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð kr. 20000.00. Menntamálaráðuneytið auglýsir umsóknarfrest, og skulu umsóknir stílaðar til ráðuneytisins, ásamt meðmælum frá viðurkenndum söngkennara.

7. gr.

Þegar helmingur ársvaxta af höfuðstól sjóðsins eru orðnir svo miklir, að stjórn sjóðsins álitur féð óþarflega mikið til þess eingöngu að styrkja söngvara til náms, má hún verja nokkru af fé þessu til eins eða annars, sem hún telur til eflingar söngmennt í landinu.

206

1. des..

8. gr.

Meðan við nýtur ekkju Kjartans Sigurjónssonar, frá Báru Sigurjónsdóttur, skal hún hafa fullan og óskertan rétt til úthlutunar úr sjóðnum, enda hafi hún ekki formlega afsalað sér þeim rétti í hendur stjórnar sjóðsins, sbr. 4. gr.

9. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af ekkju Kjartans Sigurjónssonar, frá Báru Sigurjónsdóttur, Hafnarfirði.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hannesar Thorarensen“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. desember 1945. Skipulagsskráin er þannig:

207

13. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hannesar Thorarensen.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af ættingjum og vinum til minningar um Hannes Thorarensen, fyrrum forstjóra, Laufásveg 31, Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 5000.00 — fimm þúsund —, og skal hann ávaxtast á tryggan hátt. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, sem honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk börn, er dveljast þurfa á barnspítala í Reykjavík, sem fyrirhugað er að reisa, eða sérstakra aðgerða þurfa við þar eða annars staðar í sjúkrahúsi. Að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til styrkja úr sjóði þessum börn úr Reykjavík og Rangárvallasýslu.

Sjóðurinn tekur til starfa, um leið og barnspítali Kvenfélagsins Hringurinn í Reykjavík.

4. gr.

Þar til er barnspítalinn tekur til starfa, skulu allir vextir af sjóðnum leggjast við höfuðstólinn. Frá þeim tíma, til þess er sjóðurinn nemur 25000.00 — tuttugu og fimm þúsundum — króna skulu $\frac{2}{3}$ hlutar vaxtanna leggjast við höfuðstól sjóðsins. Þá, og til þess er sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund —, skal

207 $\frac{1}{2}$ vaxtanna leggjast við sjóðinn, en þaðan í frá $\frac{1}{4}$ vaxtanna. Allar aðrar tekjur, 13. des. ef nokkrar verða, skulu renna óskiptar í sjóðinn.

5. gr.

Fyrir fé sjóðsins skulu keypt veðdeildarbréf eða önnur jafnvel tryggð veðbréf eða skuldabréf, er eigi gefa lægri vexti. Einnig skal sjóðstjórninni heimilt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að lána gegn fasteignaveði eða öruggri ábyrgð fé úr sjóðnum til menningar- eða framfaramála, en skylt skal sjóðstjórninni að ábyrgjast og annast innheimtu slíkra útlána.

6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar sjóðstjórninni fyrir 5. septembermánaðar ár hvert, ásamt umsögn um ástæður og meðmælum stjórnar barnaspítalans eða yfirlæknis eða yfirhjúkrunarkonu hans á eyðublöðum, er sjóðstjórnin leggur til. Úthlutun styrkja skal stjórnin hafa lokið svo tímanlega, að aðalúthlutun fari fram 5. desember ár hvert á fæðingardeggi Hannesar Thorarensen.

Úthluta má styrkjum úr sjóðnum tvisvar á ári, ef sjóðstjórnin telur það heppilegt, og skal þá aukaúthlutunin fara fram 6 mánuðum fyrir aðalúthlutun, eða þann 5. júní. Verður þá umsóknarfrestur til marzmánaðarloka.

7. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af þremur mönnum: formanni og tveim meðstjórnendum. Formaður sjóðstjórnarinnar skal tilnefndur af 5 elztu afkomendum Hannesar Thorarensen, þeim sem búsettir eru í Reykjavík á hverjum tíma. Meðstjórnendur skulu kjörnir þannig, að annar sé tilnefndur af stjórn Kvenfélagsins Hringurinn í Reykjavík, en hinn skal vera elsti starfandi sóknarprestur í Reykjavík.

Stjórn sjóðsins skal tilnefnd til 5 ára í senn, í fyrsta skipti 5. desember 1945, en síðan 5. desember 1950 o. s. frv. Tilnefningin gildir frá 1. janúar næst á eftir.

Nú verður stjórnin af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð, eða autt verður sæti einhvers stjórnanda, þá skal tilkynna það fyrir árslok næstu á eftir, til dómsmálaráðuneytis Íslands, sem þá tilnefnir til bráðabirgða mann í hið auða sæti, þar til er aftur verður kosið, eða stjórnin verður fullskipuð samkv. ákvæðum skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Verksvið sjóðstjórnarinnar er að hafa á hendi fjárreiður sjóðsins, annast reikningshald hans, ákveða og sjá um úthlutun styrkja.

Formaður sjóðstjórnarinnar kallar saman fundi svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Sjóðstjórnin vinnur endurgjaldslaust að málefnum sjóðsins, en þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að mikil vinna er samfara sjóðstjórn, við úthlutanir, reikningshald o. s. frv., má að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins greiða af vaxta-tekjum sjóðsins þann kostnað, og skal hann þá úrskurðaður af ráðuneytinu, ef leyft verður.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda löggilta gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrá þessa, eftir að hún hefur hlotið staðfestingu forseta, fundarsamþykktir, umsóknir um styrki úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórninni ber að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Skulu reikningar sjóðsins uppgerðir árlega

fyrir lok janúar ár hvert og þá sendir endurskoðendum, sem skulu endursenda þá sjóðstjórninni með árituðum athugasemdum sínum innan tveggja vikna. 207

Ársreikning sjóðsins með áritun endurskoðenda ber sjóðstjórninni að fá birtan árlega í B-deild Stjórnartíðinda. 13. des.

11. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir, annar tilnefndur af eftirkomendum Hannesar Thorarensen, þeim, er tilnefna formann sjóðstjórnar, en hinn tilnefndur af stjórn Kvenfélagsins Hringurinn. Skulu þeir tilnefndir til 5 ára í senn og samtímis og stjórnendur sjóðsins.

Endurskoðendur skulu gæta þess, að ákvæðum skipulagsskrár þessarar sé fylgt, auk þess sem þeir athuga reikningshald sjóðsins árlega og fullvissa sig um, að eignir sjóðsins séu fyrir hendi.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta, að því er snertir höfuðtilgang hennar, að styrkja fátæk börn til sjúkrahúsvistar eða meinabóta á annan hátt. En ef, að áliti sjóðstjórnarinnar og að fenginni umsögn stjórnar barnaspítalans, ekki er þörf fyrir það fé, sem sjóðstjórnin hefur yfir að ráða til styrkveitinga, getur dómsmálaráðuneytið leyft, að sjóðstjórnin verji umframtekjum 1 ár í senn á eftirfarandi hátt:

1. Til þess að styrkja efnilega læknanema eða lækna til framhaldsnáms við viðurkennda erlenda barnaspítala eða háskóla.
2. Til þess að styrkja efnilega unglinga til náms eða framhaldsmenntunar, enda hafi þeir sýnt sérstaka hæfileika og ástundun. Að öðru jöfnu ganga fyrir þeir, sem læknisfræði nema og eru úr Reykjavík eða Rangárvallasýslu. Sjóðstjórnin skal, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, tilkynna í opinberu stjórnarmálgagni, ef um styrkveitingar verður að ræða samkv. þessari grein, og fer um umsóknir samkv. ákvæðum 3. gr., að öðru en því, að meðmælendur skulu vera forstöðumaður skóla þess, er umsækjandi dvaldist í síðast, eða forstöðumaður stofnunar, er umsækjandi hefur unnið við, og viðkomandi sóknarprestur.

13. gr.

Við undirritaðir, Eggert Benónýsson, útvarpsvirkjameistari, Grettisgötu 66, og Haukur Eggertsson, útvarpsvirkjameistari, Bárugötu 14, rekum viðgerðarverkstæði og verzlun hér í bænum sem full-ábyrgir félagar, undir nafninu Viðtækjavinnustofan. Við höfum báðir fullan rétt til að skuldbinda firmað, og ritum við það þannig:

Viðtækjavinnustofan
Eggert Benónýsson.

Viðtækjavinnustofan
Haukur Eggertsson.
Reykjavík, 25. janúar 1945.
Eggert Benónýsson.
Haukur Eggertsson.

21.

Hér með tilkynnist, að 20. maí 1944 hætti ég undirritaður rekstri firmans Nýju Efnalaugarinnar hér í bæ, og óskast því firmað afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Akranesi, 25. janúar 1945.
Gunnar Gunnarsson.

22.

Hér með tilkynnist, að ég undirrituð Guðrún Kristinsdóttir, Vesturgötu 17, er nú fullábyrgur einkaeigandi firmans Verzlunarinnar Reykjavíkur hér í bænum, en firma þetta átti maðurinn minn, Halldór Þórarinnsson, sem nú er látinn. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Reykjavíkur
Guðrún Kristinsdóttir.
Reykjavík, 26. janúar 1945.
Guðrún Kristinsdóttir.

23.

Ég undirrituð, Guðrún Kristinsdóttir, Vesturgötu 17, Rvík, er nú fullábyrgur einkaeigandi firmans Verzlunarinnar Foss hér í bænum, en firma þetta átti maðurinn minn, Halldór Þórarinnsson, sem nú er látinn. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Foss
Guðrún Kristinsdóttir.
Reykjavík, 26. janúar 1945.
Guðrún Kristinsdóttir.

24.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að við undirritaðir, Sig. Jón Guðmundsson, Laufásv. 45, Guðni Jónsson, Hringbraut 132, og Einar Gíslason, Hverfisgötu 121, allir í Reykjavík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð umboðs- og heildsölufirma undir nafni Guðni Jónsson & Co.

Hver okkar um sig hefur rétt til að rita 215
firmað og ritum við það þannig:

Guðni Jónsson & Co.
Sigurður Jón Guðmundsson.
Guðni Jónsson & Co.
Guðni Jónsson.
Guðni Jónsson & Co.
Einar K. Gíslason.
Reykjavík, 27. janúar 1945.
Guðni Jónsson.
Sig. Jón Guðmundsson.
Einar K. Gíslason.

25.

Ég undirritaður hef horfið frá útgáfu-
starfsemi þeirri, sem framkvæma átti
undir nafninu Bókaútgáfan Ýmir.

Reykjavík, 13. september 1944.
Kristján Gíslason.

Samkvæmt ofanrituðu er ég einkaeig-
andi Bókaútgáfunnar Ýmis hér í bænum,
og rek ég fyrirtækið á mína ábyrgð frá
13. sept. 1944.

Firmað rita ég þannig:
Bókaútgáfan Ýmir
Hannes Jónsson.
Reykjavík, 30. janúar 1945.
Hannes Jónsson,
Meðalholti 9, Rvík.

26.

Á aðalfundi Alþýðuprentsmiðjunnar
h/f, sem haldinn var 3. júlí s. l., voru
eftirtaldir menn kosnir í félagsstjórn:
Ingimar Jónsson, Vitastíg 8, Rvík, Guð-
mundur R. Oddsson, Laugavegi 61, Rvík,
Emil Jónsson, Austurg. 37, Hafnarfirði,
Guðjón B. Baldvinsson, Ásvallagötu 39,
Rvík, og Sigurður Ólafsson, Hverfisg. 71,
Reykjavík. Til vara: Magnús H. Jónsson,
Lambhól, Skerjafirði, og Hallbjörn Hall-
dórsson, Hverfisgötu 21, Rvík.

Reykjavík, 31. janúar 1945.

Ingimar Jónsson, form.
Guðjón B. Baldvinsson, ritari.
Guðm. R. Oddsson.

27.

Frá og með deginum í dag afturkall-
ast prókúruumboð það, sem Guðmundur
Kristjánsson, Bergþórugötu 23, hefur haft

245 fyrir Alþýðuprentsmiðjuna h/f. Frá sama tíma hefur Jóhannes Z. Magnússon, Háteigsvegi 28, prókúruumboð fyrir firmað og ritar hann það þannig:

pr. pr. Alþýðuprentsmiðjan h/f
Jóhannes Zoëga Magnússon.
Reykjavík, 31. janúar 1945.
Ingimar Jónsson.
Guðjón B. Baldvinsson.
Sig. Ólafsson.
Guðm. R. Oddsson.

28.

Þar sem Tré- og bílasmiðjan Vagninn, Brautarholti 28, Rvík, hefur verið seld samnefndu hlutafélagi og yfirtekin af því, þá óskast fyrrnefnt firma afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 1. febrúar 1945.
Eiríkur M. Þorsteinsson.
Guðmundur Kristjánsson.

29.

Undirritaðir, Michael Sigfinnsson, bílstjóri, Laugavegi 70 A, Sigurður Jónsson, bílstj., Baldursgötu 11, og Andrés Kristinn Jónsson, kaupm., Þinghóltsstr. 7 B, Reykjavík, rekum sem fullábyrgir félagar firma hér í bænnum, undir firmanafninu Fornsalan, í þeim tilgangi að annast fornsölu. Hver okkar um sig hefur rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Fornsalan
Michael Sigfinnsson.
Fornsalan
Sigurður Jónsson.
Fornsalan
Kristinn Jónsson.
Reykjavík, 2. febrúar 1945.
Michael Sigfinnsson.
Sigurður Jónsson.
Kristinn Jónsson.

30.

Við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænnum sem fullábyrgir félagar, er heitir Reykjalundur s/f. Hvor okkar um sig hefur rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Reykjalundur s/f
Kjartan J. Gíslason.

Reykjalundur s/f
Gísli Gíslason.
Reykjavík, 3. febrúar 1945.
Gísli Gíslason,
Víðimel 31, Rvík.
Kjartan J. Gíslason,
Laugavegi 161, Rvík.

31.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek bókaútgáfu hér í bænnum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Hlaðbúð. Firmað rita ég einn, þannig:

Hlaðbúð
Ragnar Jónsson.
Reykjavík, 6. febrúar 1945.
Ragnar Jónsson,
Barónsstíg 12, Rvík.

32.

Ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bænnum með afskorin blóm, blómsveiga og aðrar skyldar vörur, undir nafninu Blómaverzlunin Anna Hallgrímsson. Firmað rita ég þannig:

Blómaverzlunin Anna Hallgrímsson
Anna Hallgrímsson.
Reykjavík, 9. febrúar 1945.
Anna Hallgrímsson,
Túngötu 16, Rvík.

33.

Í dag veitir stjórn Hringbrautar 56 h/f Jóhannesi Bjarnasyni, Suðurg. 13, Hafnarfirði, prókúruumboð fyrir félagið með öllum skyldum og réttindum prókúruhafa. Jafnframt er hann ráðinn framkvæmdastjóri félagsins. Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Hringbraut 56 h/f
Jóhs. Bjarnason.
Reykjavík, 12. febrúar 1945.
Í stjórn Hringbrautar 56 h/f
Árni Skúlason.
Gunnar Thorarensen.

34.

Gunnar Brynjólfsson, járnsmiður, Laugavegi 81, Rvík, hefur gengið úr firmanu Járnsmiðjunni Loga hér í bæn-

um. Frá sama tíma hefur meðundirritaður, Jón Sigurðsson, járnsmiður, Laugavegi 40 B, gengið inn í firmað sem fullábyrgur félagi, og ritar hann firmað þannig:

Járnsmiðjan Logi
Jón Sigurðsson.
Reykjavík, 16. febrúar 1945.
Jón Sigurðsson.
Sigurður Jóhannsson.
Gunnar Brynjólfsson.

35.

Ég undirritaður, Gunnlaugur Ólafsson, Víðimel 60, Rvík, rek þvottahús hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Þvottahúsið Laug. Firmað rita ég þannig:

Þvottahúsið „Laug“
Gunnlaugur Ólafsson.
Reykjavík, 17. febrúar 1945.
Gunnlaugur Ólafsson.

36.

Ég undirrituð rek, ásamt samlagsmanni, Guðríði Gunnarsdóttur, með kr. 10000 — tíu þúsund króna — tillagi, vefnaðarvöruverzlun í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Dömu- og Herrabúðin. Firmað rita ég ein, þannig:

„Dömu- og Herrabúðin“
Gyða Gunnarsdóttir.
Reykjavík, 28. febrúar 1945.
Gyða Gunnarsdóttir.
Gunnarshólma, Seltjarnarneshr.
Guðríður Gunnarsdóttir,
s. st.

37.

Firma Jóns heitins Danielssonar, kaupmanns, Verzlunin Havana, Austurstræti 4, Reykjavík, er framvegis, með samþykki annarra erfingja hins látna, rekið af mér undirritaðri, Kristínu Danielsdóttur, Tjarnargötu 10, systur hans, með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Havana
Kristín Danielsdóttir.

Jafnframt tilkynnist, að Daniel Ólafssyni, heildsala, Tjarnargötu 10, Rvík, er veitt prókúruumboð fyrir firmað, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzl. Havana
Daniel Ólafsson.
Reykjavík, 28. febrúar 1945.
Kristín Danielsdóttir.

38.

Við undirritaðar, Þrúður Ólafsdóttir, Urðartúni við Laugarásveg, Rvík, og Þórdís Sigurjónsdóttir, Helgafelli, Seltjarnarnesi, rekum kvenhattagerð og verzlun í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: Hattaverzlun Þrúðar Ólafsdóttur & Co. Við allan daglegan rekstur ritum við firmað hvor um sig, þannig:

Hattaverzlun Þrúðar Ólafsdóttur & Co.
Þrúður Ólafsdóttir.
Hattaverzlun Þrúðar Ólafsdóttur & Co.
Þórdís Sigurjónsdóttir.

En ef um mikilsverðar ráðstafanir er að ræða, svo sem sölu á eignum firmans, lántökur, veðsetningar og kaup á vörum til verzlunarinnar í stærri stíl, þá þarf undirskrift beggja, þannig:

Hattaverzlun Þrúðar Ólafsdóttur & Co.
Þrúður Ólafsdóttir.
Þórdís Sigurjónsdóttir.
Reykjavík, 1. marz 1945.
Þrúður Ólafsdóttir.
Þórdís Sigurjónsdóttir.

39.

Á aðalfundi hlutafélagsins „Innkaup“, sem haldinn var föstudaginn 2. marz 1945, voru þessir menn kosnir í stjórn félagsins: Gunnar Einarsson, frkvst., Garðastræti 34, formaður. Meðstjórnendur: Jens Figved, frkvstj., Miklubraut 9, og Bárður Guðmundsson, Sólvallagötu 3. Jafnframt tilkynnist, að við veitum hér með frú Guðrúnu Figved, Miklubraut 9, prókúruumboð fyrir Innkaup h/f, og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. Innkaup h/f
Guðrún Figved.
Reykjavík, 3. marz 1945.
Jens Figved.
Gunnar Einarsson.

245 40.

Á aðalfundi í hlutafélaginu Agli Vilhjálmssyni, sem haldinn var hinn 10. febrúar s.l., var ákveðið að auka hlutafélagans um kr. 34000.00 eða úr kr. 136000.00 í kr. 170000.00, og er hlutafjár-aukinn allur innborgaður.

Reykjavík, 3. marz 1945.

Í stjórn Egils Vilhjálmssonar h/f

Egill Vilhjálmsson.

Gunnar Vilhjálmsson.

Helga Sigurðardóttir.

41.

Ég undirritaður, Þorgrímur Sigurðsson, Unnarstíg 6, Reykjavík, hef selt syni mínum, Þorgrími, s.st., firma mitt Þ. Þorgrímsson & Co. hér í bænum, og eru mér óviðkomandi skuldbindingar þess frá 3. þ. m. að telja.

Reykjavík, 5. marz 1945.

Þorgrímur Sigurðsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt firmað Þ. Þorgrímsson & Co. hér í bænum, og rek ég fyrirtækið frá 3. þ. m. sem fullábyrgur eigandi. Firmað rita ég þannig:

Þ. Þorgrímsson & Co.

Þorgrímur Þorgrímsson.

Reykjavík, 5. marz 1945.

Þorgrímur Þorgrímsson.

42.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að Páli Magnússyni, lögfræðingi, Skólavörðustíg 3 A, Reykjavík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir hlutafélagið Nafta, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Nafta h/f

Páll Magnússon.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð Erlings Ellingsen fyrir félagið.

Reykjavík, 14. marz 1945.

Í stjórn h/f Nafta

Erling Ellingsen.

Axel Sveinsson.

Kjartan Sveinsson.

43.

Á aukaaðalfundi Íslenzk-erlenda verzlunarfélagsins h/f, sem haldinn var 16.

þ. m., voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn: Friðrik Sigurbjörnsson, Bárugötu 32, formaður. Meðstjórnendur: Anna Stefánsdóttir, Bárugötu 32, og Stefán Bjarnason, Sólvallagötu 11. Varastjórnandi var endurkosinn Benedikt Sigurjónsson, Smáragötu 12.

Reykjavík, 16. marz 1945.

Friðrik Sigurbjörnsson.

Anna Stefánsdóttir.

Stefán Bjarnason.

44.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Jóna H. Valdimarsdóttir, Laugavegi 82, rek Verzlunina Svölu hér í bænum sem fullábyrgur einkaeigandi. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Svöla

Jóna H. Valdimarsdóttir.

Reykjavík, 19. marz 1945.

Jóna H. Valdimarsdóttir.

45.

Við undirritaðir rekum smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu I. Björnsson & Co. Firmað ritar Indriði Björnsson einn, þannig:

I. Björnsson & Co.

I. Björnsson.

Reykjavík, 20. marz 1945.

Indriði Björnsson,

Túngötu 8, Siglufirði.

Steinþór Marteinsson,

Ásvallagötu 62, Reykjavík.

46.

Undirrituð stjórn h/f Orku, Reykjavík, veitir hér með Jóni Einarssyni, Bergstaðastræti 46, Rvík, prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Orka h/f

Jón Einarsson.

Reykjavík, 21. marz 1945.

Stjórn h/f Orku

Sig. Jónasson.

Sigfús Bjarnason.

Björn Guðmundsson.

Þórir Baldvinsson.

Hjálmtyr Pétursson.

47.

Með því að ég undirritaður hef í dag selt Bifreiðastöðina Heklu samnefndu hlutafélagi, þá óskast nafn stöðvarinnar afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 21. marz 1945.

Kristinn P. Friðriksson.

48.

Ég undirritaður rek smásöluverzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Tóbaksverzlunin Boston. Firmað rita ég þannig:

Tóbaksverzlunin Boston

Halldór Halldórsson.

Reykjavík, 21. marz 1945.

Halldór Halldórsson,

Njálsgötu 87, Reykjavík.

49.

Við undirritaðir, Ágúst H. Pétursson, Baldursgötu 36, og Guðmundur Jónsson, Frakkastíg 19, rekum brauð- og kökugerð á Njálsgötu 86 sem fullábyrgir félagar, undir firmanafninu Brauð & Kökur. Firmað ritum við þannig:

Brauð & Kökur

Guðmundur Jónsson.

Ágúst H. Pétursson.

Reykjavík, 24. marz 1945.

Guðmundur Jónsson.

Ágúst H. Pétursson.

50.

Ég undirritaður rek húsgagnaverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Búslóð. Firmað rita ég þannig:

Búslóð

Guðm. Danielsson.

Reykjavík, 24. marz 1945.

Guðmundur H. Danielsson,

Rauðarárstíg 11, Reykjavík.

51.

Við undirritaðir, Adolf Karlsson, Hringbraut 77, og Gunnar Karlsson, Miklubraut 22, Reykjavík, rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar undir firmanafninu:

A. Karlsson & Co. Firmað ritar meðund- 245
irritaður, Adolf Karlsson, einn, þannig:

A. Karlsson & Co.

Adolf Karlsson.

Reykjavík, 26. marz 1945.

Adolf Karlsson.

Gunnar Karlsson.

52.

Ég undirritaður, Hans Erling K. Andersen, Njálsgötu 108 í Rvík, rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Verzlunin Hansa. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Hansa

Hans Andersen.

Reykjavík, 1. apríl 1945.

Hans Erling K. Andersen.

53.

Ég undirritaður rek fyrirtæki í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Verzlunarbanki og fasteignasala Stefáns Þóris Guðmundssonar. Tilgangur fyrirtækisins er: Að lána út peninga, svo og að kaupa og selja fasteignir, skip og verðbréf. Firmað rita ég þannig:

Verzlunarbanki og fasteignasala
Stefáns Þóris Guðmundssonar.

Reykjavík, 10. apríl 1945.

Stefán Þórir Guðmundsson,

Óðinsgötu 4, Reykjavík.

54.

Hér með tilkynnist, að Ingólfur Gíslason, kaupmaður, Grenimel 35, Reykjavík, hefur gengið úr stjórn hlutafélagsins Orku, en í hans stað hefur Jón Einarsson, framkvæmdastjóri, Bergstaðastr. 46, Reykjavík, verið kosinn í stjórnina.

Reykjavík, 12. apríl 1945.

Í stjórn Orku h/f

Sigurður Jónasson.

Kr. Kristjánsson.

Hjálmtýr Pétursson.

Jón Einarsson.

55.

Ég undirritaður rek húsgagnaverzlun og fornsölu hér í bænum, með ótakmark-

245 aðri ábyrgð, undir firmanafninu Söluskálinn. Firmað rita ég þannig:

Söluskálinn

Lúðvíg Eggertsson.

Reykjavík, 12. apríl 1945.

Lúðvíg Eggertsson,

Grettisgötu 16, Reykjavík.

56.

Á framhaldsaðalfundi í hlutafélaginu „Segull“, 18. apríl s.l., voru þessir menn kosnir í stjórn: Guðjón Steingrímsson, Bergstaðastræti 68, formaður. Meðstjórnendur: Vilberg Guðmundsson, Nýlendug. 26, og Adolf Björnsson, Laugav. 76 B. Varastjórnandi var kosin Ingibjörg Guðmundsdóttir, Nýlendugötu 26, Reykjavík. Það tilkynnist enn fremur, að stjórn félagsins hefur veitt formanni þess, Guðjóni Steingrímssyni, prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Segull h/f

Guðjón Steingrímsson.

Jafnframt fellur niður prókúruumboð það, sem Magnús Hannesson, Ránargötu 31, hefur haft fyrir félagið og lætur hann þá af framkvæmdastjórn. Þá tilkynnist og, að hlutafé félagsins hefur verið aukið í kr. 18500.00, og er aukningin innborguð.

Reykjavík, 18. apríl 1945.

Í stjórn h/f Seguls

Guðjón Steingrímsson.

Vilberg Guðmundsson.

Adolf Björnsson.

57.

Við undirrituð, Guðmundur Grímsson, Laugavegi 100, og Stefania Runólfsdóttir, s. st., rekum blómaverzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Blómabúð Austurbæjar. Hvort okkar um sig ritar firmað, og ritum við það þannig:

Blómabúð Austurbæjar

Guðm. Grímsson.

Blómabúð Austurbæjar

Stefania Runólfsdóttir.

Reykjavík, 23. apríl 1945.

Guðm. Grímsson.

Stefania Runólfsdóttir.

58.

Ég undirritaður, Sveinn Zoëga, Stýri-mannastíg 13, rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Skólavarðan. Firmað rita ég þannig:

Skólavarðan

Sveinn Zoëga.

Reykjavík, 24. apríl 1945.

Sveinn Zoëga.

59.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi Verksmiðjunnar Max h/f, sem haldinn var 24. apríl s. l., var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 11000 í kr. 33000 — þrjátíu og þrjár þúsundir króna, og er allt hlutafé innborgað. Hið nýja hlutafé skiptist í 1000 króna hluti.

Stjórn Verksmiðjunnar Max h/f

H. Þorsteinsson.

Margrét Gústafsdóttir.

Þ. Bernhardsson.

60.

Hér með óskast firmanafnið K. Einarssonar & Björnsson afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur (A-deild).

Reykjavík, 25. apríl 1945.

Kristinn Einarsson.

61.

Hér með óskast firmanafnið Dyngja afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur (A-deild).

Reykjavík, 25. apríl 1945.

Kristinn Einarsson.

62.

Við undirritaðir, Fredrik A. H. Blómsterberg, Veltusundi 3, og Christian Christensen, Klömbrum við Rauðarárstíg, rekum sláturhús, reykingar og pylsugerð hér í bæ sem fullábyrgir félagar, undir firmanafninu Kjöthöllin. Firmað ritum við þannig:

Kjöthöllin

F. A. H. Blomsterberg.

Kjöthöllin

Chr. Christensen.
Reykjavík, 27. apríl 1945.
Chr. Christensen.
F. A. H. Blomsterberg.

63.

Stefáni Björnssyni, Skólavörðustíg 33, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir Sildariðjuna h/f, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Sildariðjan h/f
Stefán Björnsson.

Jafnframt tilkynnist, að prókúruumboð Garðars Guðmundssonar fyrir Sildariðjuna h/f var afturkallað í dag, og lætur hann þá af framkvæmdastjórn fyrir félagið.

Reykjavík, 27. apríl 1945.
Páll Þorkelsson,
formaður.
Brandur Búason,
meðstjórnandi.

64.

Ég undirrituð, Ólína Jónsdóttir, Bergstaðastræti 35, rek verzlun og saumastofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Frigg. Firmað rita ég þannig:

Frigg
Ólína Jónsdóttir.
Reykjavík, 30. apríl 1945.
Ólína Jónsdóttir.

65.

Á aðalfundi í Oliuhöfn h/f 20. þ. m., var Ólafur Jóhannesson, lögfræðingur, Kaplaskjólsvégi 5 í Reykjavík, kosinn í stjórn félagsins í stað Þorvaldar Stephensen, framkvæmdastjóra, Tjarnargötu 28, Reykjavík.

Reykjavík, 26. apríl 1945.
Í stjórn Oliuhafnar h/f
Sigurður Jónasson.
Ólafur Jóhannesson.
Baldvin Jónsson.

66.

Við undirritaðar, Guðrún Figved, Hverfisgötu 21, Rvík, og Guðný Jóns-

dóttir, Álíheimum við Sundlaugaveg, rekum verzlun hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, og heitir hún „Verzlunin Áhöld“. Firmað ritum við þannig:

Verzlunin Áhöld
Guðrún Figved.
Guðný Jónsdóttir.

Prókúruumboð hefur Guðrún Figved, og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. Verzl. Áhöld
Guðrún Figved.
Reykjavík, 1. maí 1945.
Guðrún Figved.
Guðný Jónsdóttir.

67.

Undirrituð stjórn Bifreiðastöðvarinnar Heklu h/f í Reykjavík, veitir hér með Guðna Þorfinnssyni, Reynimel 58, Rvík, prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Bifreiðastöðin Hekla h/f
Guðni Þorfinnsson.
Reykjavík, 2. maí 1945.

Stjórn Bifreiðastöðvarinnar Heklu h/f
Guðmann Hannesson.
Bjarni Guðmundsson.
Guðjón Jónsson.

68.

Ég undirritaður, Egill Hallgrímsson, Bárugötu 3, Reykjavík, rek verðbréfavíðskipti, fjárútvegum og aðra skylda starfsemi hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Verðbréfamíðstöðin. Firmað rita ég þannig:

Verðbréfamíðstöðin
Egill Hallgrímsson.
Reykjavík, 4. maí 1945.
Egill Hallgrímsson.

69.

Á aðalfundi C. D. Tulinius & Co. h/f, sem haldinn var 3. maí 1945, var samþykkt lagabreyting þess efnis, að í stað 5 stjórnarmanna verði stjórnin skipuð 3 mönnum. Í stjórn voru kosnir: Formaður: Baldvin Einarsson, skipamiðlari, Tungu, Hafnarfirði, og meðstjórnendur: Ólafur Helgason, lækni, Garðastræti 33,

245

245 og Ólafur H. Jónsson, framkvæmdastjóri, Flóka­götu 33, Reykjavík. Í varastjórn voru kosnir: Kristján Sveinsson, læknir, Öldugötu 9, og Oddgeir Magnússon, bæjarfógeta­fulltrúi, Ljós­vallagötu 8, Reykjavík. Stjórnarmenn rita firmað þannig:

Carl D. Tulinius & Co. h/f
Baldvin Einarsson.
Ólafur Helgason.

Carl D. Tulinius & Co. h/f
Baldvin Einarsson.
Ólafur H. Jónsson.

Carl D. Tulinius & Co. h/f
Ólafur Helgason.
Ólafur H. Jónsson.

Reykjavík, 4. maí 1945.
Baldvin Einarsson.
Ólafur Helgason.
Ólafur H. Jónsson.

70.

Vér undirritaðir rekum saman trésmiðavinnustofu í Reykjavík, undir firmanafninu „Trésmiðjan Hlynur“. — Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og skuldbindum við það allir sam­eiginlega, þannig:

Trésmiðjan Hlynur
Viggó Baldvinsson.
Haraldur B. I. Haraldsson.
Sigurður Jóhannesson.

Prókúruumboð hefur meðundirritaður Guðmundur Sigurður Jóhannesson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Trésmiðjan Hlynur
Sigurður Jóhannesson.
Reykjavík, 11. maí 1945.
Haraldur B. I. Haraldsson,
Kárástíg 13, Rvík.
Viggó Baldvinsson,
Leifsgötu 10, Rvík.

Guðmundur Sigurður Jóhannesson,
Aðalstræti 16, Rvík.

71.

H/f Eimskipafélag Íslands veitir hér með Ingólfi Ásmundssyni, Smáragötu 8 A

í Reykjavík, prókúruumboð fyrir félagið. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. H/f Eimskipafélag Íslands
Ing. Ásmundsson.

Reykjavík, 14. maí 1945.
Eggert Claessen.
Guðm. Ásbjörnsson.
Halldór Kr. Þorsteinsson.
Jón Ásbjörnsson.
Jón Árnason.

72.

Undirritaður veitir hér með Helga Guðbjartssyni, Hringbraut 215 í Reykjavík, prókúruumboð fyrir Stefán Thorarensen lyfsala í Reykjavík, með öllum réttindum og skyldum samkvæmt lögum. — Firmaritun:

pr. pr. Stefán Thorarensen
apótekari
Helgi Guðbjartsson.
Reykjavík, 16. maí 1945.
Stefán Thorarensen.

73.

Það tilkynnist hér með, að ég hef hinn 14. þ. m. selt Guðmundi Marteinssyni firmað Fr. Steinholt, og eru allar skuldbindingar, sem firmað gerir eftir þann tíma, mér óviðkomandi.

Reykjavík, 19. maí 1945.
Lovise Skaug Steinholt.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég hinn 14. þ. m. keypt firmað Fr. Steinholt af frú Lovise Skaug Steinholt, og rek ég firmað með ótakmarkaðri ábyrgð. Nafn firmans rita ég þannig:

Fr. Steinholt
Guðmundur Marteinsson.
Reykjavík, 19. maí 1945.
Guðmundur Marteinsson,
Baugsvogi 26, Reykjavík.

74.

Það tilkynnist hér með, að meðundirritaður, Ástmundur Guðmundsson, Hringbraut 206, hefur gengið inn í firmað Bókaverzlun Lárusar Blöndals hér í bænum, sem fullábyrgur félagi, frá 1. janúar

1945 að telja. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Bókaverzlun Lárusar Blöndals
Lárus Bl. Guðmundsson.
Á. Guðmundsson.

Prókúruumboð fyrir firmað hefur Lárus Bl. Guðmundsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Bókaverzlun Lárusar Blöndals
Lárus Bl. Guðmundsson.
Á. Guðmundsson.

Reykjavík, 21. maí 1945.

Lárus Bl. Guðmundsson.
Á. Guðmundsson.

75.

Við undirritaðir rekum umboðsverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Arctic Trading Company“. Hvor okkar um sig ritar firmað, þannig:

Arctic Trading Company
Skúli Sigurz.

Arctic Trading Company
Guðm. Á. Björnsson.

Reykjavík, 25. maí 1945.
Skúli Sigurz.

Ásvallagötu 31, Rvík.
Guðmundur Á. Björnsson,
Grettisgötu 75, Rvík.

76.

Hér með tilkynnist, að firmað Alma, sem rekið hefur veitingasölu hér í bænum, er hætt þeim rekstri, en byrjar smásöluverzlun undir nafninu Verzlunin „Alma“. Firmaritun:

Verzlunin „Alma“

G. Hjaltsted.

Reykjavík, 30. maí 1945.

Guðríður Hjaltsted,
Klapparstíg 42.

77.

Ég undirritaður, Leó Árnason frá Víkum, Miðtúni 28 í Reykjavík, rek veitingahús hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Hótel Leó“. Firmað rita ég þannig:

„Hótel Leó“

Leó Árnason frá Víkum.
Reykjavík, 1. júní 1945.

Leó Árnason frá Víkum.

78.

Á aðalfundi í hlutafélaginu S. Stefánsyni & Co. hinn 1. júní 1945, voru innborgaðar 30000 kr. af lofuðu hlutafé, og er því innborgað hlutafé félagsins nú alls kr. 60000 — sextíu þúsundir króna —. Á sama fundi gekk Pétur Eggerz Stefánsson í félagið. Stjórn félagsins skipa nú: Sæmundur Stefánsson, Freyjugötu 35, formaður. Meðstjórnendur: Pétur Eggerz Stefánsson, Flókagötu 5, og Gunnar Friðriksson, Grenimel 13. Pétur Eggerz Stefánsson ritar nafn sitt þannig:

P. Eggerz Stefánsson.
Reykjavík, 2. júní 1945.
Sæm. Stefánsson.
Gunnar Friðriksson.

79.

Við undirritaðir, Magnús Hannesson, rafvirkjameistari, Ránargötu 31, Rvík, og Oddur Hannesson, rafvirkjanemi, Hellisgötu 1 í Hafnarfirði, rekum rafvéla-verkstæði og raftækjaverzlun í Reykjavík, undir firmanafninu: „Volti“. Fyrirtækið rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og ritum við hvor um sig firmað, þannig:

Volti

M. Hannesson.

Volti

Oddur Hannesson.

Reykjavík, 8. júní 1945.

Magnús Hannesson.

Oddur Hannesson.

80.

Ég undirritaður, Aðalsteinn Sigurðsson, Lindargötu 15 í Reykjavík, rek umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Heildverzlunin Bláfell. Firmað rita ég þannig:

Heildverzlunin Bláfell

Aðalsteinn Sigurðsson.

Reykjavík, 14. júní 1945.

Aðalsteinn Sigurðsson.

81.

Á aðalfundi Sænsk-Íslenzka verzlunarfélagsins, sem haldinn var 6. þ. m., var ákveðið að auka hlutafé félagsins úr kr. 50000 upp í kr. 100000 — eitt hundrað þúsundir króna —. Var hlutafé þetta

245

245 innborgað. Á sama fundi voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Formaður: Magnús Kjaran, stórkaupm., Hólatorgi 4, Rvík. Meðstjórnendur: Egill Thorarensen, kaupfélagsstjóri, Sigtúnum, og Björgvin Schram, fulltrúi, Bollagötu 7, Rvík. Varastjórnandi er Pétur Ólafsson, Rauðará, Rvík.

Reykjavík, 15. júní 1945.
Magnús Kjaran.
Björgvin Schram.

82.

Á aðalfundi Bókfallsútgáfunnar h/f, sem haldinn var 28. apríl s. l., var ákveðið að auka hlutafé félagsins úr kr. 50000 upp í kr. 100000 — eitt hundrað þúsundir króna. Var allt hlutaféð þegar innborgað. Á sama fundi var samþykkt að breyta samþykktum félagsins þannig, að aðalfundur skuli haldinn fyrir lok aprilmánaðar ár hvert.

Reykjavík, 15. júní 1945.
Í stjórn Bókfallsútgáfunnar h/f
Magnús Kjaran.
Birgir Kjaran.

83.

Á framhaldsaðalfundi hlutafélagsins Sterling hér í bænum, hinn 20. febrúar s. l., var kosin ný stjórn fyrir félagið, þeir Lúðvík Þorgeirsson, kaupm., Bergstaðastræti 76, formaður, en meðstjórnendur þeir Þórður Teitsson, Bergstaðastræti 81, og Björgvin P. Jónsson, Klapparstíg 31. Varastjórnandi: Árni Pálsson, Barónsstíg 55. Samþykkt var að auka hlutafé félagsins úr kr. 35000 upp í 105000 — eitt hundrað og fimm þús. kr. — Öll hlutafjár aukningin er innborguð. Einn fremur var ákveðið, að prókúruumboð það, sem Jón Einarsson, Bergstaðastíg 46, hefur haft fyrir félagið, félli niður, og lætur hann jafnframt af framkvæmdastjórn. En í stað hans hefur Lúðvík Þorgeirssyni verið veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sterling h/f
Lúðvík Þorgeirsson.
Reykjavík, 18. júní 1945.
Lúðvík Þorgeirsson.
Þórður Teitsson.
B. P. Jónsson.

84.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hef selt Jóhanni Péturssyni, Bræðraborgarst. 52, eignarhluta minn í firmanu Bókaverzlun Guðmundar Gamalielssonar, Reykjavík, og eru allar skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá 1. maí 1945 að telja.

Reykjavík, 18. júní 1945.
Vilhjálmur Guðmundsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt eignarhluta Vilhjálms Guðmundssonar, Rauðarárstíg 42, í firmanu Bókaverzlun Guðmundar Gamalielssonar, og rek ég það því framvegis einn á eigin ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Bókaverzlun Guðm. Gamalielssonar
Jóh. Pétursson.
Reykjavík, 18. júní 1945.
Jóhann Pétursson.

85.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað Bifreiðasmiðja Sveins Egilssonar, hér í bæ, hefur verið selt hlutafélaginu Sveini Egilssyni, og er firmað hætt störfum. Óskast því firmað Bifreiðasmiðja Sveins Egilssonar strikað út af firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 22. júní 1945.
Sveinn Egilsson.

86.

Ég undirritaður rek sælgætisgerð hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, er heitir Sælgætisgerðin Opal. Firmað rita ég þannig:

Sælgætisgerðin Opal
J. Guðlaugsson.
Reykjavík, 19. júní 1945.
Jón Guðlaugsson,
Miklubraut 30, Reykjavík.

87.

Ég undirrituð, Fanný Benónýs, Baldursgötu 12, rek sængurfatagerð hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Sængurfatagerðin. Firmað rita ég þannig:

Sængurfatagerðin
Fanný Benónýs.
Reykjavík, 22. júní 1945.
Fanný Benónýs.

88.

Samkvæmt stofnfundarheimild, svo og ákvörðun aðalfundar hinn 28. marz s. l., hefur hlutafé Byggingarfélagssins Brúar h/f verið aukið úr 210000.00 kr. í 320-000.00 — þrjú hundruð og tuttugu þúsundir króna —. Hlutafjár aukningin er öll innborguð. Stjórn félagsins skipa: Guðmundur Kristjánsson, Hólavallag. 5, formaður. Meðstjórnendur: Sigurður Pétursson, Fjölhisvegi 18, og Einar Jóhannsson, Mánagötu 5. Varastjórnandi er Guðmundur Halldórsson, Skólavörðustíg 12.

Reykjavík, 23. júní 1945.
G. Kristjánsson.
Sigurður Pétursson.
Einar Jóhannsson.

89.

Hér með tilkynnist, að ég hef í dag selt þeim Lárusi G. Lúðvígssyni, Kristjáni G. Gíslasyni og Arnbirni Óskarssyni, stórkaupmönnum hér í bæ, verzlun mína, Verzlunina Eygló, í Reykjavík. Allar skuldbindingar verzlunarinnar frá deginum í dag eru mér því óviðkomandi.

Reykjavík, 23. júní 1945.
Holger P. Clausen.

Eins og að ofan greinir, höfum við undirritaðir keypt Verzlunina Eygló hér í bæ, og miðast kaupin við daginn í dag. Allar skuldbindingar verzlunarinnar til dagsins í dag eru okkur því óviðkomandi. Firmað ritar Arnbjörn Óskarsson einn, þannig:

„Verzlunin Eygló“
Arnbjörn Óskarsson.
Reykjavík, 28. júní 1945.
Lárus G. Lúðvígsson,
Hringbraut 191.

F. h. Kristján G. Gíslasonar, Laufásv. 64
Lárus G. Lúðvígsson.
Arnbjörn Óskarsson,
Viðimel 48, Reykjavík.

90.

Hér með tilkynnist, að meðundirritaðir, Jón Magnússon, Tjarnargötu 37, og Þórður Þorsteinsson, Reykjavíkurvegi 25, Rvík, hafa gengið úr útgáfufélaginu „Vínlandsútgáfunni“. Skuldir og rekstur eru þeim því óviðkomandi frá deginum

í dag að telja. Frá sama tíma rekur meðundirritaður Henrik Thorlacius, Tjarnargötu 37, Rvík, fyrirtækið einn og með ótakmarkaðri ábyrgði og ritar hann firmu að þannig:

Vínlandsútgáfan
Henrik Thorlacius.
Reykjavík, 28. júní 1945.
Þórður Þorsteinsson.
Jón Magnússon.
Henrik Thorlacius.

91.

Kristján Guðmundsson, Laugamýrarbletti 27 í Reykjavík, rekur firma sem fullábyrgur félagi, í þeim tilgangi að reisa og reka hús í atvinnuskyni, með firmanafninu „Garðastræti 6“. Samlagsmaður er Helgi Guðmundsson, Ísafirði, með 5000 króna framlagi, og takmarkast ábyrgð hans við þá fjárhæð. Kristján Guðmundsson hefur einn rétt til að rita firmað, og ritar hann það þannig:

Garðastræti 6
Kr. Guðmundsson.
Reykjavík, 1. júlí 1944.
Kr. Guðmundsson.
Helgi Guðmundsson.

92.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að stjórn Silfursmiðjunnar h/f skipa nú: Óskar Gíslason, Skólavörðustíg 5, formaður. Meðstjórnendur: Guðmundur Þorsteinsson, Vífilsögðu 17, og Guðmundur Andrésen, Laugavegi 50 í Reykjavík.

Reykjavík, 1. júlí 1945.
Óskar Gíslason.
Guðm. Þorsteinsson.
Guðm. Andrésen.

93.

Hér með tilkynnist, að undirrituð Sigríður Lovísa Guðlaugsdóttir, Bókhlöðustíg 10, Reykjavík, er gengin úr firmanu „Fix, kjólaverzlun-saumastofu“, Garðastræti 2, Reykjavík, frá síðustu áramótum að telja, og er meðundirrituð Kristín Halldórsdóttir, Garðastræti 8, Reykjavík, því einkaeigandi fyrirtækisins frá þeim tíma. Það tilkynnist enn

- 245 fremur, að ég undirrituð Kristín Halldórsdóttir hef veitt ungrú Sigríði Jónsdóttur, Ránagötu 12, prókúruumboð fyrir fyrirtækið frá og með deginum í dag að telja, og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. „Fix, kjólaverzlun-saumastofa“
Sigríður Jónsdóttir.

Reykjavík, 3. júlí 1945.
Sigríður Lovísa Guðlaugsdóttir.
Kristín Halldórsdóttir.

94.

Á aðalfundi H/f Umboðs- og raftækjaverzlunar Íslands 8. febrúar s. l., var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 52500 í kr. 105000 — eitt hundrað og fimm þúsundir króna. Er hlutafjárukningin öll greidd, nema kr. 4000, sem eru kræfar eftir ákvörðun félagsstjórnarinnar.

Í stjórn H/f Umboðs- og
raftækjaverzlunar Íslands

Ben. G. Waage.
P. Bernharðsson.
Sigurður Bjarnason.
G. A. Sveinsson.
Ísl. G. Finsen.

95.

Bjarna Þórðarsyni, stórkaupmanni, Grenimel 36, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir Heildsöluna h/f, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Heildsalan h/f
Bjarni Þórðarson.
Reykjavík, 5. júlí 1945.
Hans R. Þórðarson.

96.

Á aðalfundi G. Helgason & Melsted h/f, sem haldinn var 7. júlí 1945, gekk P. Eggerz Stefánsson úr stjórn félagsins, en í hans stað var kosinn Einar Farestveit, Hringbraut 205, Rvík. Stjórn félagsins er nú þannig skípuð: Páll B. Melsted, Freyjugötu 42, formaður. Meðstjórnendur: Margeir Sigurjónsson, Framnesvegi 24, og Einar Farestveit, Hringbraut 205. Til vara: Elín Melsted, Freyjugötu 42. — Það tilkynnist einnig, að prókúruumboð það, er á sínum tíma var veitt P. Eggerz

Stefánssyni, framkv.stj., Flókag. 5, Rvík, fyrir G. Melgason & Melsted h/f afturkallast hér með. En jafnframt veitist Margeiri Sigurjónssyni, Framnesvegi 24, Rvík, prókúruumboð fyrir hlutafélagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa. Firmað ritar hann þannig:

G. Helgason & Melsted h/f
M. Sigurjónsson.
Reykjavík, 9. júlí 1945.
Páll B. Melsted.
E. Farestveit.
M. Sigurjónsson.

97.

Með því að firma okkar H. A. Tulinius & Co., sem við höfðum rekið með ótakmarkaðri ábyrgð, er hætt verzlunarrekstri, óskast það afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 11. júlí 1945.
H. A. Tulinius.
F. h. Axels V. Tulinius
Kristján Guðlaugsson
e. u.

98.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á hluthafafundi, sem haldinn var í h/f Victor hinn 14. júlí 1945, var þessi stjórn kosin í félaginu: Mekkinó Björnsson, Laugavegi 33, formaður, Matthildur Björnsdóttir, frú, Ránargötu 8, varaformaður, og Þórhallur Arnórsson, Eiríksgötu 17, ritari.

Reykjavík, 16. júlí 1945.
Mekkinó Björnsson.
Þórh. Árnason.
Matthildur Björnsdóttir.

99.

Hér með tilkynnist, að ég meðundirritaður, Ágúst Lárússon, hef selt meðeiganda mínum, Pétri Guðmundssyni, minn hluta í firmanu Máláranum hér í bænur, og eru skuldbindingar firmans, sem stofnaðar eru hér eftir, mér óviðkomandi.

Pétur Guðmundsson hefur hér eftir einn heimild til að skuldbinda firmað, og er undirskrift hans þannig:

pr. Málalinn

P. Guðmundsson.

Reykjavík, 23. júlí 1938.

Ágúst Lárusson.

Pétur Guðmundsson.

100.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð Þorláks Lúðvígssonar fyrir firmað Carl D. Tullinius & Co. h/f afturkallast hér með.

Reykjavík, 17. júlí 1945.

Ólafur Helgason.

Baldvin Einarsson.

101.

Ég leyfi mér hér með að óska eftir því, að firmað Leðurverzlun Magnúsar Viglundssonar verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur, þar sem því hefur verið breytt í hlutafélag.

Reykjavík, 24. júlí 1945.

V. Viglundsson.

102.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Vinnufataverksmiðjunnar h/f, sem haldinn var 23. þ. m., var kosin ný stjórn fyrir félagið. Hina nýju stjórn skipa: Sveinn Valfells, Hrefnugötu 2, formaður, Ásgeir Bjarnason, Sólvallagötu 32A, varaformaður, og Böðvar Jónsson, Laugavegi 100, ritari. Varastjórnandi var kosinn Theodór Jónsson, Gunnarsbraut 30. Þá var ákveðið að veita þeim Sveini Valfells og Ásgeiri Bjarnasyni hvorum um sig prókúruumboð fyrir félagið, og jafnframt félli niður prókúruumboð Sigfúsar Bjarnasonar. Prókúruhafinn Ásgeir Bjarnason ritar firmað þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Vinnufataverksmiðjan h/f

Ásgeir Bjarnason.

Reykjavík, 24. júlí 1945.

Ásgeir Bjarnason.

Böðvar Jónsson.

Theodor Jónsson.

103.

Það tilkynnist hér með, að frá og með 1. apríl s. l. er Jón S. Helgason, Laugavegi 27 A, genginn úr firmanu „Sturlaugur Jónsson & Co.“, og eru honum skuldbindingar firmans frá þeim tíma óviðkomandi. Sturlaugur Jónsson, Vesturg. 20, rekur firmað „Sturlaugur Jónsson & Co.“ einn með ótakmarkaðri ábyrgð, og ritar hann firmað þannig:

Sturlaugur Jónsson & Co.

Sturlaugur Jónsson.

Reykjavík, 1. ágúst 1945.

Sturlaugur Jónsson.

Jón S. Helgason.

104.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að hlutafé hlutafélagsins Orku, Reykjavík, hefur verið aukið úr kr. 600000.00 upp í kr. 960000.00. Hlutféð er allt innborgað.

Reykjavík, 7. ágúst 1945.

Í stjórn Orku h/f

Sigurður Jónasson.

Björn Guðmundsson.

Þórir Baldvinsson.

105.

Við undirritaðir rekum viðgerðarverkstaði hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Hjólbarðinn. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Hjólbarðinn

Sveinn Zoëga.

Jón Bergsson.

Reykjavík, 8. ágúst 1945.

Jón Bergsson,

Hávallagötu 40.

Sveinn Zoëga,

Stýrimannastíg 13, Rvík.

106.

Á aðalfundi Smjörlikisgerðarinnar h/f, sem haldinn var 6. júní 1945, voru þessir menn kosnir í stjórn: Þorvaldur Thoroddsen, Reynimel 27, og meðstjórnendur: E. Ragnar Jónsson, Bergstaðastræti 48, og Ingunn Thoroddsen, Reynimel 27. Varastjórnandi: Gísli Jónsson, Munda koti, Eyrarbakka. Það tilkynnist enn

215

245 fremur, að vér höfum í dag veitt Hauki Gröndal, Mímisvegi 8, prókúruumboð fyrir Smjörlíkisgerðina h/f, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H/f Smjörlíkisgerðiu
Haukur Gröndal.
Reykjavík, 8. ágúst 1945.
Þ. Thoroddsen.
E. Ragnar Jónsson.

107.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Hjálmtý Péturssyni, Ránargötu 21, Reykjavík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir hlutafélagið Orku, Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Orka h/f
Hjálmtýr Pétursson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, er Sigurður Jónasson hefur haft fyrir félagið.

Reykjavík, 8. ágúst 1945.
Í stjórn Orku h/f
Sigurður Jónasson.
Björn Guðmundsson.
Hjálmtýr Pétursson.
Þórir Baldvinsson.

108.

Hér með tilkynnist, að Sigurður Jónasson, frkv.stj., Miklubraut 3, Reykjavík, er genginn úr stjórn hlutafélagsins Orku í Reykjavík, en í stað hans hefur Guðlaugur Rósinkranz, yfirkennari, Ásvalla-
götu 58, verið kosinn í stjórn félagsins.

Reykjavík, 8. ágúst 1945.
Í stjórn Orku h/f
Hjálmtýr Pétursson.
Björn Guðmundsson.
Þórir Baldvinsson.

109.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi hlutafélagsins Sólheima, sem haldinn var 19. júní 1945, var sú breyting gerð á stjórn félagsins, að í stað Ágústs Ármann, skrifstofustj., var Lárus Fjeldsted, hæstaréttarlögmaður, Hafnarstræti 23, Rvík, kosinn meðstjórnandi. Fyrir voru í stjórn-

inni Stefán Thorarensen, lysali, formaður, og Axel Herskind, framkvæmdastjóri, meðstjórnandi. Undirskrift hins nýja meðstjórnaða vegna félagsins verður þannig:

H/f Sólheimar
A. Herskind.
Lárus Fjeldsted.

H/f Sólheimar
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.
Reykjavík, 10. ágúst 1945.

H/f Sólheimar
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.
A. Herskind.

110.

Þar eð firmað Jensen Bjarnason & Co. er hætt störfum og hefur selt allar eignir sínar samnefndu hlutafélagi og það tekið að sér að greiða allar skuldbindingar firmans, þá óskast firmað Jensen Bjarnason & Co. afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 13. ágúst 1945.
Pétur Vilhelm Jensen.

Samkvæmt umboði Bjarna Bjarnasonar V. Jensen.

Swava Kristín Loftsdóttir

111.

Það tilkynnist hér með, að á fundi í Verksmiðjunni Merkúr h/f hinn 21. þ. m. var kosin ný stjórn fyrir félagið, og skipa hana nú: Árni Jónsson, Grundarstig 6, formaður, Marínó Jónsson, Tjarnargötu 38, varaformaður, og Stefania Stefánsdóttir, Grundarstig 6, ritari. Prókúruumboð Sigurðar Jónssonar, Viðimel 32, fellur niður, en Marínó Jónssyni veitist hér með prókúruumboð fyrir félagið, og verður hann framkvæmdastjóri þess. Rit-
ar hann firmað þannig:

pr. pr. Verksmiðjan Merkúr h/f
Marínó Jónsson.

Reykjavík, 25. ágúst 1945.
Árni Jónsson.
Marínó Jónsson.
Stefanía Stefánsdóttir.

112.

Á aðalfundi h/f Hlustandans 30. apríl s. l., fór öll stjórnin frá, en í stjórn voru kosnir: Erlendur Vilhjálmsson, Brávallagötu 50, Rvík, formaður. Meðstjórnendur: Ingólfur Kristjánsson, Framnesvegi 44, og Þorsteinn Jósepsson, Grettisgötu 86. Prókuruhafi er Erlendur Vilhjálmsson, Brávallagötu 50, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H/f Hlustandinn
Erlendur Vilhjálmsson.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð þeirra Gunnars M. Magnúss og Jóns úr Vör Jónssonar.

Reykjavík, 20. ágúst 1945.
Erlendur Vilhjálmsson.
Þorsteinn Jósepsson.
Ingólfur Kristjánsson.

113.

Vér undirritaðir höfum í dag orðið ásáttir um að slíta félagsskap okkar, Fornsóluinni, samkvæmt samningi, dags. 14. des. 1944, frá og með deginum í dag að telja. Allar fjárreiður í sambandi við þennan rekstur okkar eru uppgærðar milli okkar, og á enginn okkar kröfu á hinn af því tilefni. Óskast firmað hér með afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 4. september 1945.
Sigurður Jónsson.
Michael Sigfinnsson.
Kristinn Jónsson.

114.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi, sem haldinn var í Prjónastofunni Iðunni h/f hinn 27. apríl 1945, var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 51000 í kr. 76000 — sjötíu og sex þúsundir króna. Er hlutafjárukningin öll greidd.

Reykjavík, 10. september 1945.

Í stjórn Prjónastofunnar Iðunnar h/f
M. Jensen.
J. F. Guðmundsson.
Geir Stefánsson.

115.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Járns & Glers h/f, sem haldinn var 21. júní s. l., var ákveðið að auka hlutafé félagsins úr 50000 krónum upp í 75000 kr. — sjötíu og fimm þúsundir króna, — og var aukningin þegar öll innborguð. Þá var og sú breyting gerð á stjórn félagsins, að Sigurður Ólason, hrl., gekk úr stjórninni, en í hans stað var kosinn Erlendur Blandon, stórkaupm. Er félagsstjórnin þá þannig skipuð: Axel Friðriksson, Leifsgötu 10, form. Meðstjórnendur: Erlendur Blandon, Lindargötu 14, og Guðmundur Árnason, Bárugötu 5.

Reykjavík, 20. september 1945.
Axel Friðriksson.
Guðm. Árnason.
Erlendur Blandon.
Sig. Ólason.

116.

Við undirritaðir, Björgvin Jónsson, Baldursgötu 36, Rvík, og Óskar Jóhannsson, Klapparstíg 13, Rvík, rekur verzlun hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, með fisk og skyldar vörur, undir nafninu Fiskbúðin Sæbjörg. Hvor okkar um sig hefur rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Fiskbúðin Sæbjörg
Björgvin Jónsson.
Fiskbúðin Sæbjörg
Óskar Jóhannsson.
Reykjavík, 20. september 1945.
Björgvin Jónsson.
Óskar Jóhannsson.

117.

Ár 1945 hinn 21. sept. var haldinn aðalfundur í hlutafélaginu Geir Stefánsson & Co. h/f. Í stjórn voru kosnir: Hermann Hermannsson, formaður, og meðstjórnendur Geir Stefánsson og Ólafur Þorsteinsson, til vara Ása Ottesen. Jafnframt lét Geir Stefánsson af framkvæmdastjórastörfum við félagið, og fellur þar með niður prókúruumboð hans. Í stað hans var kjörinn framkvæmdastjóri Ólafur Þorsteinsson, og var honum veitt

215

245 prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Geir Stefánsson & Co. h/f
Ó. Þorsteinsson.

Reykjavík, 24. september 1945.

Ólafur Þorsteinsson,
Auðarstræti 9.

Geir Stefánsson,
Kjartansgötu 8.

Hermann Hermannsson,
Guðrúnargötu 8.

Ása Ottesen,
Guðrúnargötu 8.

118.

Hér með tilkynnist, að firmanafnið Verzlun Halla Þórarins óskast afmáð úr firmaskránni, með því að stofnað hefur verið samnefnt hlutafélag.

Reykjavík, 25. september 1945.

Guðrún Kristinsdóttir.

119.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður, Óli J. Ólason, kaupm., Laufásvegi 24 hér í bænum, rek umboðs- og heildverzlun samkvæmt félagssamningi við Þorvald heitinn Benjamínsson, umboðssala, dagsetum 23. júní 1944, undir nafninu: Th. Benjamínsson & Co. Ég einn hef rétt til að rita firmað og rita það svo:

Th. Benjamínsson & Co.

Óli J. Ólason.

Reykjavík, 25. september 1945.

Óli J. Ólason.

120.

Hér með tilkynnist, að Steinþór Marteinsson, Ásvallagötu 62, Reykjavík, er genginn úr firmanu I. Björnsson & Co., Reykjavík, og eru allar skuldbindingar firmans honum óviðkomandi frá og með deginum í dag að telja.

Reykjavík, 26. september 1945.

Indriði Björnsson.

Stþ. Marteinsson.

121.

Við undirritaðir, Einar Gíslason, Bergstaðastræti 12, og Gísli Einarsson, s. st., sem erum eigendur húseignarinnar Laugavegi 20 B hér í bænum, tilkynnum

hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum nefnda húseign sem fullábyrgir félagar undir firmanafninu Húsafélagið Laugavegur 20 B. Hvor okkar ritar firmað, þannig:

Húsafélagið Laugavegur 20 B
Einar Gíslason.

Húsafélagið Laugavegur 20 B
Gísli Einarsson.

Reykjavík, 3. október 1945.

Einar Gíslason.

Gísli Einarsson.

122.

Ég undirritaður, Pétur J. Hoffmann Magnússon, Skólavörðustíg 16 A, Reykjavík, rek umboðsverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Photosport. Firmað rita ég þannig:

Photosport

Pétur Hoffmann Magnússon.

Reykjavík, 6. október 1945.

Pétur Hoffmann Magnússon.

123.

Það tilkynnist hér með, að ég undirrituð, Elísabet I. Valdimarsdóttir, Laugavegi 82, Rvík, rek veitingastarfsemi hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Vinaminni. Firmað rita ég þannig:

Vinaminni

Elísabet I. Valdimarsdóttir.

Reykjavík, 8. október 1945.

Elísabet I. Valdimarsdóttir.

124.

Það tilkynnist hér með, að ég undirrituð, Guðlaug Jóhannesdóttir, hef gengið úr fyrirtækinu Saumastofunni Díönu hér í bænum hinn 1. maí 1945, og rekur meðundirrituð, Þórunn Sigurfinnsdóttir, fyrirtækið áfram sem einka eigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað ritar hún þannig:

Saumastofan Díana

Þórunn Sigurfinnsdóttir.

Reykjavík, 9. október 1945.

Þórunn Sigurfinnsdóttir,

Garðastræti 2.

125.

Ég undirritaður hef selt Hjálmar G. Stefánssyni, Sjafnargötu 5, verzlunina Glasgowbúðina, Freyjugötu 26, og eru mér því allar skuldbindingar hennar mér óviðkomandi frá þessum degi.

Reykjavík, 14. október 1944.
Óskar Magnússon.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég í dag keypt verzlunina Glasgowbúðina, Freyjugötu 26, og rek hana áfram undir sama nafni og með ótakmarkaðri ábyrgð. — Firmað rita ég þannig:

Glasgowbúðin
Hjálmar G. Stefánsson.
Reykjavík, 14. október 1944.
Hjálmar G. Stefánsson.

126.

Samkvæmt umboði dagsettu 2. ágúst 1945, staðfestu af notarius publicus í London sama dag, hef ég undirritaður gerzt umboðsmaður váttryggingarfélagssins London Guarantee and Accident Company, Limited, London, í stað Þorvaldar Pálssonar, læknis. Firmað rita ég þannig:

London Guarantee and
Accident Company, Ltd.
aðalumboð á Íslandi
Erl. Blandon.
Reykjavík, 15. okt. 1945.
Erlendur Blandon,
Lindargötu 14.

127.

Það tilkynnist hér með, að á fundi Arnarútgáfunnar h/f, sem haldinn var 20. júlí s. l., gengu úr stjórn félagsins þeir Halldór Kjartansson, Lúðvig Guðmundsson og Arnljótur Guðmundsson. Í stað þeirra voru kosnir þeir Erlendur Björnsson, bæjarstjóri, Seyðisfirði, Aðalsteinn Guðmundsson, lögfræðingur, Lokastíg 2, Reykjavík, og Jón Jónsson, Firði, Seyðisfirði. Stjórn félagsins skipa nú: Steinn Jónsson, formaður, Erlendur Björnsson, varaform., Aðalsteinn Guð-

mundsson, ritari. Til vara: Jón Jónsson, 245 Firði, Seyðisfirði.

Reykjavík, 19. október 1945.
Steinn Jónsson.
Erlendur Björnsson.
Aðalsteinn Guðmundsson.

128.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Litla Tóbaksbúðin. Firmað rita ég þannig:

Litla Tóbaksbúðin
Albert Erlingsson.
Reykjavík, 20. október 1945.
Albert Erlingsson,
Brávallagötu 46.

129.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Veiðimaðurinn, og sel alls konar sportveiðarfæri, ferðaútbúnað, íþróttavörur o. fl. Firmað rita ég þannig:

Veiðimaðurinn
Albert Erlingsson.
Reykjavík, 27. okt. 1945.
Albert Erlingsson,
Brávallagötu 46, Reykjavík.

130.

Á aðalfundi Aðalstrætis 4 h/f, sem haldinn var 25. okt. 1945, voru þessir menn kosnir í stjórn félagsins: Tryggvi Ófeigsson, útgerðarmaður, Hávallagötu 9, form. Meðstjórnendur: Páll Ásg. Tryggvason, Hávallagötu 9, og Björn Ófeigsson, verzlunarstj., Vífilsg. 9. Varmaður í stjórnina var kosinn Ólafur Ófeigsson, skipstj., Þvervegi 34. Þá tilkynnist enn fremur, að Björn Ófeigsson, Vífilsgötu 9, hefur prókúru fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Aðalstræti 4 h/f
Björn Ófeigsson.
Reykjavík, 30. október 1945.
Tryggvi Ófeigsson.
Páll Ásg. Tryggvason.
Björn Ófeigsson.

245 131.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður, Ólafur Valdimarsson, Bjarnarstíg 11, Reykjavík, rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, er heitir Verzlunin Heiði. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Heiði
Ólafur Valdimarsson.
Reykjavík, 5. nóvember 1945.
Ólafur Valdimarsson.

132.

Það tilkynnist hér með, að eigendur verzlunarinnar Brynju hér í bænum eru þau: Jóhann Þ. Jósefsson, alþm., Bergstaðastræti 86, Gunnar Guðjónsson, skipamiðlari, Smáragötu 7, frú Sigríður Benediktsson, Marargötu 3, Björn Guðmundsson, stórkaupm., Skeggjagötu 16, og Haraldur Björnsson, verzl., Sólvallagötu 57. Eigendurnir reka verzlunina með ótakmarkaðri ábyrgð. Undirskrift þriggja eigenda er nauðsynleg til að skuldbinda firmað um þær ráðstafanir, sem prókúruhöfum er ekki heimilt að gera lögum samkvæmt. Er undirskrift eigenda háttáð svo sem hér segir:

Verzlunin Brynja
Sigríður Benediktsson.
G. Guðjónsson.
Björn Guðmundsson.
Verzlunin Brynja
Jóhann Þ. Jósefsson.
Björn Guðmundsson.
Haraldur Björnsson

o. s. frv., þannig, að jafnan riti þrír firm- að. Prókúruhafar eru Jóhann Þ. Jósefsson og Björn Guðmundsson, og hafa þeir hvor í sínu lagi heimild til að rita firmað, og rita þeir þannig:

pr. pr. Verzlunin Brynja
Björn Guðmundsson.
pr. pr. Verzlunin Brynja
Jóhann Þ. Jósefsson.
Reykjavík, 6. nóvember 1945.
G. Guðjónsson.
Björn Guðmundsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.
Sigríður Benediktsson.
Haraldur Björnsson.

133.

Hér með tilkynnist, að eigendur verzlunarinnar Málmejar hér í bænum eru nú orðin þau: Jóhann Þ. Jósefsson, alþm., Bergstaðastræti 86, Gunnar Guðjónsson, skipamiðlari, Smáragötu 7, frú Sigríður Benediktsson, Marargötu 3, Björn Guðmundsson, stórkaupm., Skeggjagötu 16, Haraldur Björnsson, verzlunarmaður, Sólvallagötu 57, og Þórður Ámundason, verzlunarstj., Hjarðarholti við Reykjanesbraut. Eigendurnir reka verzlunina með ótakmarkaðri ábyrgð. Undirskrift fjögurra eigenda er nauðsynleg til að skuldbinda firmað um þær ráðstafanir, sem prókúruhöfum er ekki heimilt að gera lögum samkvæmt. Er undirskrift eigenda háttáð sem hér segir:

Verzlunin Málmeja
G. Guðjónsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.
Sigríður Benediktsson.
Þórður Ámundason.

Verzlunin Málmeja
Björn Guðmundsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.
Þórður Ámundason.
Haraldur Björnsson

o. s. frv. Prókúruhafi er Björn Guðmundsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Málmeja
Björn Guðmundsson.
Reykjavík, 6. nóvember 1945.
Sigríður Benediktsson.
Björn Guðmundsson.
Þórður Ámundason.
G. Guðjónsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.
Haraldur Björnsson.

134.

Hér með tilkynnist, að eigendur heildverzlunarinnar S. Árnason & Co. hér í bænum eru þau: Jóhann Þ. Jósefsson, alþm., Bergstaðastræti 86, Gunnar Guðjónsson, skipamiðlari, Smáragötu 7, frú Sigríður Benediktsson, Mararg. 3, Björn Guðmundsson, stórkaupm., Skeggjag. 16, og Haraldur Björnsson, verzl., Sólvallagötu 57. Eigendurnir reka heildverzlunina með ótakmarkaðri ábyrgð.

Undirskrift þriggja eigenda er nauðsynleg til að skuldbinda firmað um þær ráðstafanir, sem prókúruhöfum er ekki heimilt að gera lögum samkvæmt. Er undirskrift eigenda háttáð sem hér segir:

S. Árnason & Co.
 Jóhann Þ. Jósefsson.
Samkvæmt tilkynningum 24. maí 1929 og 11. ágúst 1931, er merkið skrásett í Washington 15. október 1929 og 25. október 1932 fyrir náttúrleg og tilbúin tæki til að rífa af með, — svo sem klæði eða pappír með ábornu efni til að rífa af með, samsetningur af pappír og klæði með efni til að rífa af með, vatnspéttan pappír og klæði með efni til að rífa af með, vatnspéttar samsetningar af pappír og klæði með efni til að rífa af með, breasting paper, korn, örður, duft, fægiblöndur, hjól, skifur, keilur, allt þetta til að rífa af með; tæki mótuð úr efni til að rífa af með, svo sem hellur, töflur, steina mismunandi að lögun, strenda steina til að rífa af með, brýni, hverfisteina, slípunarhjól, fágunar hjól, og slípólar, límpappír, límbendla og límkvoðu til alls konar notkunar, þar á meðal límlérefi fyrir gljækvoðu og til að mála á, til skreytingar, til einangrunar, til þéttingar mót vatni, til umbúða, til lökkunar, til bókbands, til að vernda fagaða muni, til ljósmynda, til uppdrátta og til rafmagnsvinnu.


Skrás. 1945, nr. 4. Tilkynnt 6. febrúar 1945, kl. 11 f. h., af Edward Sharp & Son, Limited, iðnaður, Maidstone, Englandi, og skrásett 12. feb. s. á.

Ferhyrndur einkennismiði, þar sem sést til vinstri páfagaukur, er situr á þverspýtu, en þar fyrir neðan eru ummæli um vöruna og orðin: „Speaks for itself“, með rithönd. Til hægri á miðanum er mynd af manni með einglyrni og staf í hendi, og þar undir ummæli um vöruna.



Merkið er skrásett í London 21. febrúar 1922 fyrir hvers konar sælgæti. Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 21. febrúar 1936.

- 246 Skrás. 1945, nr. 5. Tilkynt 8. febrúar 1945, kl. 11 f. h., af Reckitt & Colman, Limited, verksmiðjurekstur, Hull, Yorkshire, Englandi, og skrásett 14. febr. s. á. Ílangur einkennismiði, sem skipt er í þrjá rétthyrnda reiti. Í miðreitnum stendur orðið: BRASSO, í sporöskjulagaðri umgerð, og ganga geislar út frá umgerðinni í allar áttir. Vinstra megin við miðreitinn standa ýmis ummæli um vöruna, og liggur skáband með áletrun yfir þann reitinn, en í reitnum hægra megin standa orðin: BRASSO METAL POLISH, þá tveir hvítir, auðir fletir, og fyrir neðan þá ýmis ummæli um vöruna, ásamt firmanafni og heimilisfangi.



Samkvæmt tilkynningu 20. júní 1924, er merkið skrásett í London 10. nóvember 1924, 50. flokki, fyrir áburðardeig (Pastes), vökva og duft til fágunar og hreinsunar. Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 18. nóvember 1938. Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 20. júní 1938.

Skrás. 1945, nr. 6. Tilkynt 8. febrúar 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 14. febrúar s. á.

Hringmyndaður einkennismiði, sem með láréttum línunum er skipt í fimm reiti. Í efsta reitnum sést mynd af hlaupandi zebraðýri, en í næsta reit fyrir neðan stendur með hvítum stöfum á dökkum grunni, orðið: ZEBRA. Í þriðja reitnum stendur milli blaðaskrauts orðið: Paste, en hægra megin í fjórða reitnum stendur á dökkum grunni orðið: Polish, og fyrir neðan firmanafn og heimilisfang.



Samkvæmt tilkynningu 27. júlí 1901, er merkið skrásett í London 2. júní 1902, 50. flokki, fyrir ofnsvertu og sams konar vörur til fágunar. Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 18. nóvember 1938. Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 27. júlí 1943.

Skrás. 1945, nr. 7. Tilkynt 8. febrúar 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 246 14. febrúar s. á.

Ílangur ferhyrningur, og eru í honum þverstrík með jöfnu millibili. Nær miðjum ferhyrningnum er sporöskjulagaður reitur og stendur í honum orðið: Reckitts, ásamt nafni vörunnar og ummælum um hana. Í öðrum enda ferhyrningsins er hvítur reitur með enskri áletrun, en í hinum endanum er skjaldarmerki og stendur efst í vinstra horninu stafurinn R, á ská á því miðju orðið: Reckitts, og neðst í horninu hægra megin stafurinn: S.



Merkið er skrásett í London 17. desember 1898, 47. flokki, fyrir þvottabláma. Tilkyntandi er skráður eigandi merkisins frá 18. nóvember 1938. Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 17. desember 1940.

Skrás. 1945, nr. 8. Tilkynt 12. febrúar 1945, kl. 2 e. h., af **Renown Stove Comp.**, framleiðsla, Owosso, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 26. febr. s. á.

Orðið:

RENOWN

Samkvæmt tilkyntingu 19. desember 1921, er merkið skrásett í Washington, 25. júlí 1942 fyrir ofna (stoves) og hluta úr þeim.

Tilkyntandi er skráður eigandi merkisins frá 14. júlí 1942.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 25. ágúst 1942.

Skrás. 1945, nr. 9. Tilkynt 12. febrúar 1945, kl. 2 e. h., af **Alfred D. McKelvy Company**, framleiðsla og verzlun, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 26. febrúar s. á.

Orðið:

Seaborth!

- 246 Samkvæmt tilkynningu 18. september 1939, er merkið skrásett í Washington 20. febrúar 1940 fyrir áburð til notkunar eftir skeggrakstur, sóttthreinsandi, talcumduft, og februnarfökva.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 2. janúar 1944.

Skrás. 1945, nr. 10. Tilkynnt 12. febrúar 1945, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 26. febrúar s. á.

Orðið:

Seaborth

Samkvæmt tilkynningu 5. febrúar 1940, er merkið skrásett í Washington 4. júní 1940 fyrir raksápu og andlitssápu.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 2. janúar 1941.

Skrás. 1945, nr. 11. Tilkynnt 17. febrúar 1945, kl. 11 f. h., af Gustaf Ruben Nordfeldt, verzlun, Stokkhólmi, Svíþjóð, og skrásett 26. febrúar s. á.

Orðið:

Speed

Samkvæmt tilkynningu 8. marz 1944, er merkið skrásett í Stokkhólmi 22. apríl 1944 fyrir andlitssápu, raksápu, sápuspæni og efni til notkunar í stað sápu, þvotta- og ræstiduft, rakkrem, rakduft, rakvatn og raksmyrsl, rakblöð og rakhnífa, rakvélar, álunstifti, hárvatn og hárolíu, hársmyrsl og bríljantín, hárfixatívf, hárfvottaefni, hárlitunarefni, hárf- og fatabursta, hörundskrem, hörundsolíu, hörundsáburð, duft og talk, andlitslit, varastifti, eau-de-cologne, februnarfvatn, ilmvoðn, baðsalt og baðtång, furuviðarolíu, fótasalt, líkþornameðul, augnvatn, augnaháralít, augnaharakrem, lakk á neglur, naglavatn, tannkrem, munnvatn, efni til að eyða hári, meðul gegn svíta, vatt og bómull, sárabindi, rotvarnarefni, sápur og sápulút, lútduft, diskaduft, handáburð, fágunarduft og fágunarkrem, fágunarefni fyrir leður og skófatnað, blómsturáburð, blek, lím og vefnaðarlíti.

Skrás. 1945, nr. 12. Tilkynnt 18. febrúar 1945, kl. 11 f. h., af Guðmundi Einarsyni, myndhöggvara, listiðnaður, Reykjavík, og skrásett 27. febrúar s. á.

Þrjár burstir samhliða; er miðburstin einum þriðja hærri en hliðarburstirnar. Undir myndinni stendur nafnið: LISTVINAHÚS.



LISTVINAHÚS

Merkið er skrásett fyrir leirmuni, steinleir og postulín.

Skrás. 1945, nr. 13. Tilkynt 25. febrúar 1945, kl. 2 e. h., af Sölufélagi garðyrkjumanna, verzlun, Reykjavík, og skrásett 9. marz s. á.

Jafnhliða, rétthyrndur ferhyrningur og innan í honum eru upphafsstafirnir SFG. Bak við ferhyrning þenna sést á annan ferhyrning, sem er dekkri og með ávölum hornum.



Merkið er skrásett fyrir tómata, agúrkur og aðrar gróðurhúsa- og garðyrkjuafurðir.

Skrás. 1945, nr. 14. Tilkynt 27. marz 1945, kl. 2 e. h., af Pal Blade Corporation, Limited, verksmiðjurekstur, Montreal, Quebec, Canada, og skrásett 14. apríl s. á.
Orðin:

**PAL
BRAND**

Merkið er skrásett í Ottawa, Canada, 9. júlí 1925 og 30. okt. 1939, 42. flokki, fyrir eggjárn og rakkrem.

Skrás. 1945, nr. 15. Tilkynt 28. marz 1945, kl. 2 e. h., af Herts Pharmaceuticals Limited, iðnaður, Welwyn Garden City, Hertsfordshire, Englandi, og skrásett 18. apríl s. á.

246 Orðið:

HANDYPLAST

skráð með venjulegum upphafsstöfum.

Merkið er skrásett í London, 18. desember 1942, 5. flokki, fyrir hvers konar sáraumbúðir.

Skrás. 1945, nr. 16. Tilkynt 11. apríl 1945, kl. 2 e. h., af **Zenith Radio Corporation**, iðnaður, Chicago, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 25. apríl s. á.

Orðið: ZENITH, skráð með venjulegum upphafsstöfum að öðru leyti en því, að Z er skráð með ójöfnum línum og nær neðsti hluti hennar aftur fyrir hina stafi orðsins eins og myndin sýnir, en yfir þá eru dregnar 3 ójafnar línur eins og myndin einnig sýnir.

Orðið er skráð þannig, að það hallar upp á við að aftan, eins og myndin ber með sér.

Samkvæmt tilkynningu 14. júní 1943, er merkið skrásett í Washington 19. október 1943 fyrir talvélur og talvélaplötur.

Skrás. 1945, nr. 17. Tilkynt 14. apríl 1945, kl. 2 e. h., af **The County Chemical Company Limited**, verksmiðjurekstur, Shirley, Birmingham, Englandi, og skrásett 25. apríl s. á.

Orðið:

CHEMICO

Merkið er skrásett í London 4. maí 1944, 3. flokki, fyrir efnablöndur til hreinsunar, fágunar, þvotta og til að rífa af með, sápur.

Skrás. 1945, nr. 18. Tilkynt 27. apríl 1945, kl. 2 e. h., af **Zenith Radio Corporation**, iðnaður, Chicago, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 28. apríl s. á.

Orðið: ZENITH, skráð með venjulegum upphafsstöfum að öðru leyti en því, að Z er skráð með ójöfnum línum og nær neðsti hluti hennar aftur fyrir hina stafi orðsins eins og myndin sýnir, en yfir þá eru dregnar 3 ójafnar línur eins og myndin einnig sýnir.


Orðið er skráð þannig, að það hallar upp á við að aftan, eins og myndin ber með sér.

Samkvæmt tilkynningu 14. júní 1943 er merkið skrásett í Washington 14. desember 1943 fyrir útvarps- og sjónvarps-, móttöku- og senditæki og hluta af þeim; radiotiðni- og hljóðtíðni- sendi- og móttökutæki og mögnunartæki og hluta af þeim loftnet og útvarpslampa; útvarps- og grammófón samstæður; hlöður og útvarpslampa; rafalssamstæður knúðar með vélaafli, þar með taldar vindknúðar og vélknúðar rafalssamstæður.

Skrás. 1945, nr. 19. Tilkynnt 14. apríl 1945, kl. 2 e. h., af **Beech-Nut-Packing Company**, verzlunarfélag, Canajohaire, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku og skrásett 28. apríl s. á.

Merkið er hringmyndað band í sterkum lit og stendur á því orðið: BEECH-NUT, og tvær myndir af beikitréshnot, hvor yzt í hringmyndaða bandinu. Á sporöskjulaða fletinum, sem er unluktur af bandinu, stendur orðið: BEECH-NUT, og undir því mynd af beikitréshnot og blöðum um hana.

Hringmyndaða bandið er notað í öllum litum, en er venjulega notað í rauðum lit. Orðið: BEECH-NUT er einnig notað sérstaklega á vörurnar.



Samkvæmt tilkynningu 30. apríl 1940, er merkið skrásett í Washington 22. okt. 1940, fyrir fæðu og fæðuvörur, sérstaklega reykt eða saltað svinsflesk, svínslæri og sneitt kjöt; deigvörur til næringar, sérstaklega macaroni, spaghetti og spaghattini; niðursoðna fæðu, fæðu í dósun og fæðu í glerumbúðum, sérstaklega bakaðar baunir, svinakjöt og baunir, súpur, fiskmeti og puree, pressaða og saxaða fæðu fyrir ungbörn og sjúklinga, og létt fæðu, sérstaklega grænmeti og soðnar korn-tegundir; niðursoðna fæðu, fæðu í dósun og fæðu í glerumbúðum, sérstaklega ávexti, grænmeti, tómatsósu, chili-sósu, tómát-juice, tómát-juice samsetning, baunahnetusmjör, lagaðan mustarð, hlaup og marmelade; kaffi; kex; hart kex, smákökur; sætindi, sérstaklega sykursælgæti, munngúm, og sykurborið munngúm með mismunandi bragði.

Skrás. 1945, nr. 20. Tilkynnt 2. maí 1945, kl. 11 f. h., af **Thomas Kerfoot & Co. Limited**, iðnaður, Bardsley, Lancashire, Englandi, og skrásett 14. maí s. á.

Orðið:

VAPEX

Merkið er skrásett í London 27. febrúar 1915, 3. flokki, fyrir innöndunarefni, sem er efni til að nota í læknislyf og lyfjagerð.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 1. janúar 1919.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 27. febrúar 1943.

246 Skrás. 1945, nr. 21. Tilkynt 2. maí 1945, kl. 11 f. h., af sama og skrásett 14. maí s. á.

Tvær sfinxmyndir og fyrir neðan þær á einkennismiða orðið KERFOOT.



Merkið er skrásett í London 1. maí 1944, 5. flokki, fyrir efni í læknislyf, dýra-lækningalyf og heilsulyf, barna- og sjúkrafæðu, plástra, efni í umbúðir, efni til þess að fylla í tennur, tannvax, sóttvarnalyf, efni til þess að eyða illgresi og meindýrum.

Skrás. 1945, nr. 22. Tilkynt 5. maí 1945, kl. 11 f. h., af **Bulova Watch Company, Inc.**, verzlunarfélag, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 18. maí s. á.
Orðið:

BULOVA

Samkvæmt tilkynningu 25. janúar 1927 er merkið skrásett í Washington 19. apríl 1927 fyrir úr, gangverk úra og hluta af þeim og úrkassa.

Skrás. 1945, nr. 23. Tilkynt 5. maí 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 18. maí s. á.
Orðin:

American Standard

Samkvæmt tilkynningu 28. júlí 1927 er merkið skrásett í Washington 15. nóvember 1927 fyrir úr.

Skrás. 1945, nr. 24. Tilkynt 5. maí 1945, kl. 11 f. h., af **Wrights' Ropes Limited**, verksmiðjurekstur, Birmingham, Englandi, og skrásett 18. maí s. á.

Orðið:

SKIPPER

Merkið er skrásett í London 14. janúar 1931, 50. flokki, fyrir kaðla (jute og hampur) og taugar (ekki úr málm).)

Skrás. 1945, nr. 25. Tilkynt 9. maí 1945, kl. 11 f. h., af **Electric Household Utilities Corporation**, verzlunarfélag, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 18. maí s. á. 246

Orðið:

Thor

ritað með skriflettri.

Samkvæmt tilkynningu 7. október 1916 er merkið skrásett í Washington 20. nóvember 1917 fyrir vélar til að þvo fatnað, strauvélar og þvottavindur.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 11. apríl 1929.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 13. júlí 1937.

Skrás. 1945, nr. 26. Tilkynt 9. maí 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 18. maí s. á.

Orðið:

Thor

ritað með skriflettri.

Samkvæmt tilkynningu 24. marz 1917, er merkið skrásett í Washington 27. nóvember 1917 fyrir rafmagnsvélar til að þvo diska, og rafmagnsryksugur.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 13. júlí 1937.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 11. apríl 1929.

Skrás. 1945, nr. 27. Tilkynt 12. maí 1945, kl. 2 e. h., af **Beech-Nut Packing Company**, verzlunarfélag, Canajoharie, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 19. maí s. á.


Orðið:

BEECHIES

Samkvæmt tilkynningu 22. október 1928, er merkið skrásett í Washington 26. febrúar 1929 fyrir sykurborið munngúm.

Skrás. 1945, nr. 28. Tilkynt 10. nóvember 1944, kl. 2 e. h. af **Canada Dry Ginger Ale, Incorporated**, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 16. júní 1945.


Orðið: Spur, á skildi með kórónu yfir. Undir orðinu stendur: ZIP IN EVERY SIP!
Orðið Spur er einnig sýnt eitt út af fyrir sig fyrir ofan skjöldinn.



Samkvæmt tilkynningu 7. nóvember 1940, er merkið skrásett í Washington 13. maí 1941, 45. flokki, fyrir óáfenga maltlausa drykki.

Skrás. 1945, nr. 29. Tilkynnt 10. nóvember 1944, kl. 2 e. h. af sama og skrás. 16. júní 1945.

Orðin: CANADA DRY, mótuð á flösku.




Samkvæmt tilkynningu 9. september 1941, er merkið skrásett í Washington 18. nóvember 1941, 45. flokki, fyrir óáfenga maltlausa drykki, svo sem Ginger Ales, Carbonated Water, Lime Rickey, Tom Collins Mixer, Quinine Water, Birch Beer, Cocoa

Cream, Grape-, Lemon-, Orange- og Raspberydrykki, Root Beer, Saraparilla og White Soda og síróp til að búa til Ginger Ale, Cream Soda, Orange Soda, Root Beer og Lemon-Lime drykki. **246**

Skrás. 1945, nr. 30. Tilkynt 10. nóvember 1944, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 16. júní 1945.

Merkið er í þrennu lagi:




1. Flöskulok, sem á eru orðin CANADA DRY, á skildi með kórónu yfir.
2. Flöskuhálsmiði, sem er ílangur, rétthyrndur ferhyrningur. Á miðjum ferhyrningnum er skjaldarmerki með kórónu yfir.
3. Flöskumiði, sem er rétthyrndur ferhyrningur. Efst á miðanum er mynd af klofnum gimsteini með geislandi fleti. Undir gimsteinsmyndinni standa orðin: CANADA DRY. Í notkun er merkið á litinn blátt, grátt og silfurlitað.

Samkvæmt tilkynningu 9. september 1941, er merkið skrásett í Washington 18. nóvember 1941, 45. flokki, fyrir óáfenga maltlausa drykki.

Skrás. 1945, nr. 31. Tilkynt 10. nóvember 1944, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 16. júní 1945.

Merkið er í þrennu lagi:



1. Flöskulok, sem á eru orðin: CANADA DRY, á skildi með kórónu yfir.
2. Flöskuhálsmiði, sem er ílangur, rétthyrndur ferhyrningur. Á miðjum ferhyrningnum er skjaldarmerki með kórónu yfir. Til vinstri handar við skjaldarmerkið standa orðin: THE CHAMPAGNE OF GINGER ALES,
3. Flöskumiði, sem er rétthyrndur ferhyrningur. Efst og neðst eru afmarkaðir ílangir reitir. Á miðju eru prentuð orðin: CANADA DRY, á landabréfsmynd. Í notkun er merkið á litinn blátt, grænt, gult, ljósrautt og gyllt.

Samkvæmt tilkynningu 9. september 1941, er merkið skrásett í Washington 9. desember 1941, 45. flokki fyrir óáfenga maltlausa drykki.

Skrás. 1945, nr. 32. Tilkynnt 18. maí 1945, kl. 2 e. h., af Mojud Hosiery Co., Inc., verzlun, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 20. júní s. á.
Orðið:

MOJUD

skráð með upphafsstöfum, og er fyrsti stafur orðsins hærri en hinir stafirnir.

Samkvæmt tilkynningu 20. nóvember 1944, er merkið skrásett í Washington 16. janúar 1945, 39. flokki, fyrir kvensokka og prjónavörur.

Skrás. 1945, nr. 33. Tilkynt 26. maí 1945, kl. 11 f. h. af Day-Brite Lighting, Inc., 246 lögskráð félag í Missouri-riki, iðjurekstur, St. Louis, Missouri, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 20. júní s. á.

Orðið:

DAY-BRITE

Samkvæmt tilkynningu 26. apríl 1926, er merkið skrásett í Washington 19. október 1926, 21. flokki, fyrir heildir og eindir rafljósakerfa ásamt varahlutum.

Skrás. 1945, nr. 34. Tilkynt 26. maí 1945, kl. 11 f. h., af Otis Elevator Company, lögskráð félag í New Jersey-riki, iðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 20. júní s. á.

Orðið:

OTIS

Samkvæmt tilkynningum 2. apríl 1925, 16. nóvember 1925 og 29. október 1932, er merkið skrásett í Washington 27. október 1925, 8. júní 1926, 28. febrúar 1933, 14. marz 1933 og 21. marz 1933 fyrir: Lyftur og vindur ásamt hlutum til þeirra, rennistiga, flutningsreimaútbúnað, hallandi sporbrautir, vindur fyrir málmbræðsluofna og skotfæri, gormlaga fallrennur og hluti til þeirra, dyralokur og dyrahengi, borðstofulyftur og smurningstæki, rafmagnsmótora og rafala, rofaútbúnað fyrir rafknúnar lyftur, borðstofulyftur, vindur og rennistiga, sjáan- og heyrnlegan merkjagjafa fyrir rafknúnar lyftur, borðstofulyftur og vindur, pípusamfestur fyrir rafleiðslur til lyftna, borðstofulyftna, vindna og rennistiga.

Skrás. 1945, nr. 35. Tilkynt 26. maí 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 20. júní s. á.

Orðið: Otis, ritað á hnattmynd með ádregnum breiddar- og lengdarbaugum.



Samkvæmt tilkynningum 9. maí 1927, 29. október 1932, er merkið skrásett í Washington 30. ágúst 1927, 28. febrúar 1933, 14. marz 1933 og 21. marz 1933 fyrir: Lyftur, rennistiga, flutningsreimaútbúnað, hallandi sporbrautir, bræðsluofnalyftur, gormlaga fallrennur og hluti til þeirra, dyralokur, borðstofulyftur og smurningstæki, rafmagns-

- 246** mótorá og rafala, rofaútbúnað fyrir rafknúna lyftur, borðstofulyftur, vindur og rennistiga, sjáan- og heyránlegan merkjaútbúnað fyrir rafmagnslyftur, borðstofulyftur og vindur.

Skrás. 1945, nr. 36. Tilkynt 4. júní 1945, kl. 2 e. h., af **R. C. Williams & Co., Inc.**, verksmíðjurekstur, New York, N. Y., Bandaríkjum Norður-Ameríku og skrásett 27. júní s. á.

Merkið er hringur og annar minni innan í. Á milli hringanna eru orðin: **ROYAL SCARLET** að ofanverðu, en: **FINE FOODS** að neðanverðu. Innan í innri hringnum er mynd af glaðlegum sköllóttum manni í stuttbuxum, með bakka í hægri hendi, en pentudúk á vinstri handlegg.



Samkvæmt tilkyningu 13. júní 1942, er merkið skrásett í Washington 2. janúar 1945, 46. flokki, fyrir niðursoðið grænmeti, ávexti, ávaxta- og grænmetissafa til neyzlu, fisk, rækjur, krabba, skelfisk, kjötvörur, einkum svínakjöt, og baunir, súpur, kjötseyði, búðinga og brúnbakaðar brauðtegundir, þurrkað grænmeti, hveiti, rúg, kartöflur, rís, plöntulím, kökur, grahamsbrauð og pönnukökur, blandað hveiti í vöflur, unnið bókhveiti, te, kaffi, rís, síróp, asksíróp, pönnukökusíróp, hunang, sósur, einkum Spaghetti, Chile og Worchestershire sósur, heilan pipar og beiskan pipar, matarlím, tómatokei, tómatokei, paprika, Chileduft, sinnep, krydd á hæsnakjöt, svartan pipar, hvítan pipar, salatolíu, sérstakt grænmetiskrydd, hafra (í pökkum), bran (í pökkum), maískvei, maísmjöl, brazilískan sago, mjölvörur, maísspæni, valsaða hafra, branspæni (í pökkum), rísspæni, malaðar kornvörur, hveiti- og riskúlur, súputeninga, niðursoðna og þurrkaða mjólk, þurrkaða og sykraða ávexti, citron- og appelsínu- og lemonsörk, pressaða ávexti blandaða, kryddsaltað engifer, niðursoðnar fikjur, skeljalausar hnetur, macaroni spaghetti, hnetur, olíur, venjulegar og þurrkaðar, olíuolíu, allrahanda, sveppi, ansjósukvei, capers, kirsiber (marachino og mint tegundir og til þess að dýfa og nota á hressingarskálum), ávaxtasafa, sultur og mauk, eplasmjör, maukduft (jelly powders), kjöthakk, saltan makríl, ost, salt, kókosknetur, sterkju, pickles, edik, piparrót, súkkulaði, kakaó, súkkulaðisíróp með maltbragði, mýramölvukrem, tvíbökur, kjarnamatvæli til bragðbætis, sætt áburðarsúkkulaði, súkkulaðiduft, súkkulaðilíkjör, maltmjólk, hnetusmjör, sykrað sælgæti, pressaða ávexti, fuglagrjón.

Skrás. 1945, nr. 37. Tilkynt 4. júní 1945, kl. 2 e. h., af **Lektrolite Corporation**, verksmíðjurekstur, New York, N.Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 27. júní s. á.

Merkið er mynd af mannhöfði með pípuhatt, einglyrni og vindling, en undir því stendur orðið: **LEKTROLITE**, með hvítum upphafsstöfum á svörtum borða, sem kloffinn er í báða enda.



Samkvæmt tilkynningu 27. september 1943, er merkið skrásett í Washington 8. febrúar 1944, 34. flokki, fyrir vindla-, vindlinga- og pípukveikjara af catalýtiskri gerð, og varahluti í vindla-, vindlinga- og pípukveikjara, eldsneyti í kveikjara.

Skrás. 1945, nr. 38. Tilkynnt 4. júní 1945, kl. 2 e. h., af **Minnesota Valley Canning Company**, verksmiðjurekstur, Le Sueur, Minnesota, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 27. júní s. á.


Merkið er mynd af risa, er heldur á opnum baunabelg. Við hægri hlið hans standa orðin: **GREEN GIANT** — síðara orðið neðar —, og þar neðan við stendur: **GREAT BIG TENDER PEAS**.



Samkvæmt tilkynningu 15. marz 1927, er markið skrásett í Washington 12. júlí 1927 fyrir niðursoðnar baunir.

Skrás. 1945, nr. 39. Tilkynnt 4. júní 1945, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 27. júní s. á.

Merkið er mynd af risa, sem heldur á maisstöngli, en framan við hann eru maisbitar á stórum gaffli. Fyrir ofan stendur orðið: **NIBLETS**.



- 246 Samkvæmt tilkynningu 27. desember 1934, er merkið skrásett í Washington 30. apríl 1935 fyrir niðursoðið grænmeti.

Skrás. 1945, nr. 40. Tilkynnt 5. júní 1945, kl. 11 f. h., af **Steward-Warner Corporation**, verksmiðjurekstur, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 7. júlí s. á.

Orðið:

ALEMITE

Samkvæmt tilkynningu 18. febrúar 1921, er merkið skrásett í Washington 22. nóvember 1921 fyrir útbúnað til smurningsnotkunar, smurningsdreifara, smurningsþjappara, smurningssprauttur, beygjanlegar leiðslur fyrir útbúnað til smurningsnotkunar, smurningskoppa (nipples), og útbúnað til að tengja við vélar til smurningsnotkunar, og tengiútbúnað í sambandi við slíka smurningskoppa og útbúnað.

Skrás. 1945, nr. 41. Tilkynnt 18. júní 1945, af **Winthrop Chemical Company, Inc.**, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 7. júlí s. á.

Orðið:

DEMEROL

Samkvæmt tilkynningu 14. maí 1940, er merkið skrásett í Washington 10. september 1940 fyrir efnablöndu gegn krampa og til að lina kvalir.

Skrás. 1945, nr. 42. Tilkynnt 25. júní 1945, kl. 2 e. h., af **The Chiswick Polish Company (Overseas) Limited**, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 7. júlí s. á.

Orðið:

MIN

Merkið er skrásett í London 4. október 1922, 50. flokki, fyrir efnablöndur og efni til fágunar og hreinsunar.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 14. maí 1931.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 14. október 1936.

Skrás. 1945, nr. 43. Tilkynnt 25. júní 1945, kl. 2 e. h., af **Charles Arthur Hepburn** og **Joseph Decker Ross**, sem verzla undir nafninu **Hepburn & Ross**, vinframleiðsla, Glasgow, Skotlandi, og skrásett 7. júlí s. á.



Innan mjórrar hringmyndaðrar umgerðar er efst mynd af blómi og borða með áletruðum orðunum: THE EMBLEM OF SCOTLANDS FINEST SPIRIT. Þar undir standa orðin: Red Hackle LIQUEUR, og einnig: SCOTCH WHISKY, en þar undir er mynd af vopnuðum manni og ýmis ummæli um vöruna. Enn fremur stendur: Proprietors Hepburn & Ross. GLASGOW.

Merkið er skrásett í London 25. júlí 1944, 33. flokki, fyrir skozkt whisky.

Skrás. 1945, nr. 44. Tilkynnt 26. júní 1945, kl. 11 f. h., af Orange-Crush Company, verzlun, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 14. júlí s. á.
Orðið:

BIDU'

skrifað með venjulegum, stórum upphafsstöfum.

Samkvæmt tilkynningu 5. marz 1941, er merkið skrásett í Washington 2. september 1941 fyrir óáfenga drykki án malts og fyrir efni og blöndur, sem þarf til að búa til slíka drykki.

Skrás. 1945, nr. 45. Tilkynnt 26. júní 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 14. júlí s. á.
Orðið:

Old Colony

skrifað með venjulegum stöfum.

- 246 Samkvæmt tilkynningu 19. nóvember 1926, er merkið skrásett í Washington 30. ágúst 1927 fyrir óáfenga kjarnalaus drykki án malts, og fyrir efnablöndur og síróp til framleiðslu á þeim.

Skrás. 1945, nr. 46. Tilkynnt 26. júní 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 14. júlí s. á.

Orðið:


CRUSH

skrifað með stórum upphafsstöfum og er fyrsti og síðasti stafurinn stærri en hinir.

Samkvæmt tilkynningu 18. desember 1921, er merkið skrásett í Washington 12. ágúst 1924 fyrir óáfenga drykki án malts, og efni og blöndur til þess að búa til slíka drykki.

Skrás. 1945, nr. 47. Tilkynnt 26. júní 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 14. júlí s. á.


Mynd af manni á hestbaki með svipu í annarri hendinni og flösku í hinn.



Samkvæmt tilkynningu 24. nóvember 1941, er merkið skrásett í Washington 31. marz 1942 fyrir óáfenga drykki án malts, og fyrir efni og blöndur til þess að búa til slíka drykki.

Skrás. 1945, nr. 48. Tilkynnt 26. júní 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 14. júlí s. á.

Mannsmýnd, sem pressar ávöxt, er drýpur, eins og myndin sýnir.



Samkvæmt tilkynningu 19. marz 1929, er merkið skrásett í Washington 6. ágúst 1929 fyrir óáfenga, kjarnalaus drykki án malts, sem seldir eru sem óáfengir drykkir, og fyrir siróp, blöndur, bragðbætiefni og efni til að búa til slíka drykki.

Skrás. 1945, nr. 49. Tilkynnt 6. júlí 1945, kl. 11 f. h., af A. Stein & Company, verzlun og iðnrekstur. Chicago, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 31. júlí s. á.

Orðið: Paris, undir mynd af manni inni í sporöskjulagaðri umgerð.



PARIS

Samkvæmt tilkynningu 25. febrúar 1938, er merkið skrásett í Washington 6. september 1938 fyrir sokkabönd, axlabönd, ermabönd og belti.

Skrás. 1945, nr. 50. Tilkynnt 6. júlí 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 31. júlí s. á.

Orðið:

Perma-lift

Samkvæmt tilkynningu 24. febrúar 1941, er merkið skrásett í Washington 29. júlí 1941 fyrir brjóstahaldara og kvenfatnað.

Skrás. 1945, nr. 51. Tilkynnt 6. júlí 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 31. júlí s. á.

Orðið:

HICKORY

Samkvæmt tilkynningu 3. júlí 1944, er merkið skrásett í Washington 16. janúar 1945 fyrir brjóstahaldara, belti, kvennærfatnað og sokkabönd.

- 246 **Skrás. 1945, nr. 52.** Tilkynnt 16. júlí 1945, kl. 11 f. h., af **D. R. Collin, Ltd.**, iðnaður, London, Englandi, og skrásett 10. ágúst s. á.

Orðið:

GOYA

Merkið er skrásett í London 4. apríl 1941, 3. flokki, fyrir ilmvötn, andlitsduft og efni til snyrtingar og hreinlætis.

Skrás. 1945, nr. 53. Tilkynnt 28. júlí 1945, kl. 11 f. h., af **Sydney Benskin og Ameliu Benskin**, sem verzla undir nafninu Sydney Benskin & Co., verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 10. ágúst s. á.

Mynd af stúlku, sem heldur á sólhlíf. Yfir þvera myndina er band, og á því stendur: **MINIMODE**.



Merkið er skrásett í London 13. apríl 1939, 25. flokki, fyrir klæðskerasaumaðan klæðisfatnað fyrir börn.

Skrás. 1945, nr. 54. Tilkynnt 3. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af **Elinborgu Pálsdóttur**, skermagerð, Reykjavík, og skrásett 10. ágúst s. á.

Orðið: **ELDO**.

Merkið er skrásett fyrir lampaskerma.

Skrás. 1945, nr. 55. Tilkynnt 7. ágúst 1945, kl. 11 f. h., af **Reckitt & Colman Ltd.**, verksmiðjurekstur, Hull, Yorkshire, Englandi, og skrásett 10. ágúst s. á.

Orðið: **ZEBO** í hringmynduðum reit inni í ferhyrningi. Út frá hringnum ganga geislar út í hliðar ferhyrningsins.



Merkið er skrásett í London 11. febrúar 1920, 50. flokki, fyrir áburð til að fága ofna.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 18. nóvember 1938.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 11. febrúar 1934.

Skrás. 1945, nr. 56. Tilkynt 8. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af E. I. du Pont de Nemours and Company, lögskráð félag í Delawareríki, iðjurekstur, Wilmington, Delaware, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 20. ágúst s. á.

Orðið:

DUCO

Samkvæmt tilkynningu 1. nóvember 1923, 7. júní 1924, 16. ágúst 1924, 13. marz 1929 og 13. september 1934, er merkið skrásett í Washington 29. apríl 1924, 20. október 1925, 30. júlí 1929 og 26. febrúar 1935 fyrir bæs, sparsl, þurra liti, þar á meðal þurrt anilinbæsduft, lagað shellakk, lakkfernis, þynnir, málningarglerung, lökk, pyroxylínþynni, málmhúðunar efnablöndur (undirhúðun), góflakk og lagaða málningu; lökk, málningar- og pyroxylínglerung og málningar- og pyroxínfingljáa; lím, fægiefni, sem tekur af óhreinindi og fitu og verkar sem hreinsiefni fyrir bifreiðir, húsgögn og fleira þess háttar.

Skrás. 1945, nr. 57. Tilkynt 8. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 20. ágúst s. á.

Orðið:

DULUX

Samkvæmt tilkynningu 14. janúar 1931, er merkið skrásett í Washington 2. júní 1931 fyrir bæs, sparsl, þurra liti, einkum anilinbæsduft, lagað shellakk, lakkfernis, málningarþynni, málningarglerung, lökk.

Skrás. 1945, nr. 58. Tilkynt 8. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 20. ágúst s. á.

Orðin: DU PONT innan sporbaugs.



Samkvæmt tilkynningu 15. júlí 1922, 16. júlí 1922, 28. maí 1921 og 30. júní 1939, er merkið skrásett í Washington 28. nóvember 1922, 19. desember 1922, 9. júní 1925, 18. apríl 1939, 26. desember 1939 og 30. janúar 1940 fyrir lím, vatnshelt lím, límbanda-lím, leðurlím og lím til heimilisnotkunar, fægiefni, sem tekur af fitubletti og verkar sem hreinsiefni, fægiefni fyrir málna, efnaupplausnir til yfirborðssléttunar, fingljáunar og endurnýjunar leðurs, leðurlíkis og vefnaðar; bronsvökva, bronsduft, málningarglerung, lökk, lagaða málningu, málningarkvoðu, þurrmálningu, sparsl, yfirborðssléttunarefni, bæs, yfirmálningu málara, yfirhúðunarmálningu málara, grunnmálningu málara, málara fingljáa, lakkfernis, málningar- og lakkfernisuppleysara,

246 zinkkvoðu, málara grunnsparsl, lagað vax á harðviðargólf og innanhúss tréverk, vaxfíngljáa, yrjumálningu (til að líkja eftir gerð viðar og litbrigðum steina) yrjumálningarblöndur, japanlökk, málara límkvoðu, málara þurrkefni, fljótandi shellakk, lagað shellakkklíki til að límbera innanhúss tréverk, blýhvítu, menju, terpenínulíki, prentliti, þurriliti til að skyggja málningu, kitti, málningarolíu, alúmíníumhydroxyd, blýhvíuspæni, kremithvítu, sjálfvirkt málningarhreinsiefni og hreinsivökva fyrir vefnað; blettmálningu og gljásmálningu flugvéla til notkunar sem grunnmálning og yfirmálning á tré, málma og vefnaðaryfirborð flugvéla, asfaltfirmálningu og asfaltkrómvökva; sjálfvirkan fíngljáa — einkum lökk, glerung og grunnmálningu fyrir bifreiðir; þurra málningarliti, oxyd til gljáunar, málningarlitarefni, bindiefni í málningu, innsiglmálningu, málningarþynni, málningar- og lakkfernisuppleysara, málaraolíu og trjákvöðu, pappírlökk, olíuliti og málningarkvoðu til notkunar við málningu með málmþynnunumstrum, natríumsúlfat, acetanilid, edikssýru, virkt D-bætiefni úr dýraríkinu, acetonblöndur, adipínsýru, efni til að gera vínanda ódrykkjarhæfan, ammoniumefnasambönd, antimonoxyd, brennisteinsantimon, aromatísk efnasambönd, föst og uppleyst notuð við ilmvatnagerð, arsenbisulfid, arsenupplausnir, sjálfvirkt frostvarnarefni, bleikjuefni, blástein, bórsýru, edíksúrt kadmíum, kalksamkönd, kamfóru, karbolsýru, kolefnisblöndur, kolsýrusambönd, kolefnisupplausnir, kolefnistetraklóríd, stálhýðingarefni, kalíumlút, natríumlút, edíksúrt sellulosemótunarduft, efni til leirkerasmiða, reykmýndandi efni, vökva venjulega notaða við lífræna efnasameiningu, svo sem aceton, kolefnistetraklóríd, dibutylftalat, diklóretýlen, jarðolíuuppleysara, isobutylpropíenat o. s. frv.; efni og liti til notkunar í prentið, efni til varnar froðumyndun við ýmsar efnabreytingar, klóríd og klórídupplausnir, klórsýrusambönd, klóróform, klórsúlfonsýru, krómkrystalla til sítunar, sítronsýru, koboltsambönd, ferrosulfat, kornwallstein, kresolsýru, rauðjárnstein, kryolit, cyansýrusambönd, dekanól, dekrolín, benzoldiklóríd, epsomsalt, ergosterol etylacetat og etýklóríd, alkoholestera af feitum alkoholum, ferrihydroxyd, ferrocyanídsambönd, ferrum reductum, slökkviefni, fluorsambönd til kuldablöndugerðar, formaldehydupplausnir, maurasýru, freyðandi olíur, fúsíolíu, galvanhúðunarvökva, benzínhreinsiefni og liti, glábersalt, glyserín, uppleyst gúmmi, uppleysara til handþvotta, hexaklórétan, hexametylentetramín, saltsýru, cyansýru, flusssýru, perhydrol, vetnissambönd, uppleysara og þéttiefni; ilmenit, ódrykkjarhæfan vínanda, isobutylupplausnir, isosmjör-sýru, postulínsleir, keton, kryolit, mjólkursýru, latexsýru og liti, latexsambönd, blýacetat, leðurgerðarefni svo sem krómkrystalla til sítunar, zínksúlfat, álún, blýnitrat, efnauppleysara, kalíumaluminíumsulfat; klórvatn, miðstöðvarofnapéttilög, lítíumsambönd og upplausnir, sápulút, magníumsambönd, mangansambönd, kvikasílfursalt, málmhitunaruppleysara, málmsýringarvökva, metakrylsýru, tréspiritus, metýlklóríd, metýlgas og upplausnir, ýmiss konar gúmmiefni, efni til að eyða sveppagróðri, monazit, saltsýru, naftalín, neoprenþynnir, nikkelsambönd og upplausnir, nitreningar-sýru, saltpétur, saltpéturssýru, nitrosellulose uppleysara, oktadekandíol, oktadekandíolupplausnir, oleum, olívín, lífræna efnauppleysara, ortobenzoldiklóríd, oxalsýru, oxyd og oxyderandi efni, parabenzolidiklóríd, paraformaldehyd, pentaklórétan, perboratsambönd, perklóretýlen, steinolíuefnablöndur, lyfjaadrenalín, fósfatupplausnir, fós-forsýru, efnablöndur til ljósmyndagerðar, polysulfid, kalísambönd, blöndur og upp-lausnir, propíonsýru, propíonaldehyd, propýlendiklóríd, verndandi hörundskrem, pyroxylinupplausnir, vatnskassahreinsiefni, frystivökva, resorcin, kamfóru, adrenalin og sakkarín, gúmmi til að flýta fyrir efnabreytingum, efni til varnar oxyderingu gúmmís, gúmmíliti og gúmmíkvoðuliti, gúmmílitunar- og gúmmíkvoðulitunarupp-lausnir, trefjaefni vætt gúmmíkvoðu til skóiðju, gúmmíherðingarefni, þvottasóða, natríumsulfat, saltpétur, efni til að hreinsa safabletti, frágerilsneyðandi efni, selan-íumsílikatsambönd, sillímanít, sílfursambönd, sílfurcyaníd, natríumacetat, natríum-

efnasambönd, upplausnir og efnablöndur, natriumoxyd, natriumperborat, stearatsambönd og upplausnir, rafhlöðusýrur, strontiumsambönd, brennisteinssambönd, brennisteinssýru, sítunarefni, sítunarkrystalla og upplausnir, tetranatriumpyrofosfat, tetrakloretan, tetraklóríd, efni til að eyða sveppum í vefnaðarvöru, litunarefni vefnaðarvöru, efni notuð við framleiðslu vefnaðarvöru, þ. e. efni til að væta, slétta, hreinsa og jafna vefnað, mýkingarefni og áferðarfegrunarefni vefnaðar, efni til að taka af gljóa og uppleysara; efni til að gera vefnað vatnsheldan, triklóretýlen, úraniumoxyd, urotropin, koparacetat, vinyltriklóríd, vatnsfráhrindandi efni til notkunar í vefnaðariðnaði, zinksulfat, zinklýsandi efnasambönd svo sem járnshauðar lífrænar efnaupplausnir, zinkhúðunarefni, zinkupplausnir og sambönd, zirkon, zirkoniumoxyd. 246

Skrás. 1945, nr. 59. Tilkynt 16. júlí 1945, kl. 2 e. h., af The Stamford Foundry Company, verksmiðjurekstur, Stamford, Fairfield, Connecticut, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 27. ágúst s. á.

Orðið:

SHIPMATE

Samkvæmt tilkynningu 8. maí 1905, er merkið skrásett í Washington 29. ágúst 1905 fyrir ofna og eldavélar.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 22. maí 1945.

Skrás. 1945, nr. 60. Tilkynt 15. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af Eureka Vacuum Cleaner Company, verksmiðjurekstur og verzlun, Detroit, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 27. ágúst s. á.

Orðið:


EUREKA

Samkvæmt tilkynningu 9. apríl 1920, er merkið skrásett í Washington 26. október 1920 fyrir rafmagnsryksugur.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 13. ágúst 1940.

Skrás. 1945, nr. 61. Tilkynt 23. ágúst 1945, kl. 2 e. h. af Moffats Limited, verksmiðjurekstur, Weston, Ontario, Canada, og skrásett 5. september s. á.

Merkið er mynd af skildi með kórónu yfir. Efst á skildinum er fill á hlaupum, en þar undir þrjú stökkvandi dádýr. Neðst á skildinum er mynd af bifur og fyrir ofan hann stafurinn M. Undir skildinum stendur orðið MOFFAT.



M O F F A T

Merkið er skrásett í Ottawa, Canada, í febrúar 1930 fyrir ofna, eldavélar og hvers konar hitatæki og hluta úr þeim; hvers konar kælitæki, kælikápa, kæliáhöld í frystihús og hluta þeirra, einkum affrysti-klukkur (defrosting clocks) og „crispers“.



Skrás. 1945, nr. 62. Til-
kynnt 23. ágúst 1945, kl. 2 e.
h., af sama, og skrásett 5.
september s. á.

Orðin: RED SPORT á
rauðum hringmynduðum
bletti á svörtum ferhyrnd-
um grunni.

Merkið er skrásett í
Ottawa, Canada, 6. október
1939 fyrir rafmagnshita-
element og rafmagnsogna.

Skrás. 1945, nr. 63. Tilkynt 23. ágúst 1945, kl. 2 e. h. af sama, og skrásett 5. 246 september s. á.

Merkið er mynd af rauðum bletti hringmynduðum.



Merkið er skrásett í Ottawa, Canada, 5. desember 1941 fyrir rafmagnshitaelement eða brennara, rafmagnshitaofna og bakaraofna, rafmagnssteikarpönnur, rafmagnshitaplötur og hitamælitæki.

Skrás. 1945, nr. 64. Tilkynt 23. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 5. september s. á.

Orðið:

Moffat

Merkið er skrásett í Ottawa, Canada, 5. marz 1931 og 18. október 1937 fyrir eldunar- og hitatæki, þar með taldir rafmagns-, gas- og viðarofnar, eldavélar og hitarar, svo og hvers konar varahluti og tæki tilheyrandi ofangreindum vörum; kælitæki, þar með taldir kælikápar, kælitæki í frystihús og allt, sem þeim tilheyrir, svo og klukkur til affrystingar og „crispers“.

Skrás. 1945, nr. 65. Tilkynt 25. ágúst 1945, kl. 2 e. h. af Treet Safety Razor Corporation, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 5. september s. á.

Orðið:

TREET

Merkið er skrásett í Washington 10. apríl 1928 fyrir rakvélar og rakvélablöð.

- 246** Skrás. 1945, nr. 66. Tilkynt 25. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af **Scott Paper Company**, verksmiðjurekstur, Chester, Pennsylvania, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 5. september s. á.

Orðið: Waldorf á dökkum grunni.



Merkið er skrásett í Washington 29. marz 1932 fyrir silkipappír, skrautpappír og pappír, sem er laus í sér.

- Skrás. 1945, nr. 67.** Tilkynt 23. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af **Avon Products, Inc.**, verksmiðju- og verzlunarrekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 5. september s. á.

Orðið: AVON ásamt stafnum A, en undir stafnum er mynd af blómi.



Samkvæmt tilkynningu 14. maí 1943, er merkið skrásett í Washington 3. ágúst 1943 fyrir ilmvatn, snyrtivatn, duft- og andlitsfarðasamsetning, varalit, andlitsfarða, andlitsduft, talkúmduft og annað duft til snyrtingar, kölnarvatn, ilmpoka, andlits- og húðkrem, þar með talið hreinsunarkrem, „Vanishing“ krem, coldkrem, „Special Formula“ krem, „complexion“ krem, stypcio krem, handkrem, húðvatn, baðsalt, og baðolíur, svitaeyðandi krem, háreyðingar-krem, efni í fljótandi mynd eða deig til að eyða graftarbólum, Witch Hazel extract og krem, meðul til að slétta húðina og eyða hrukkum, meðul til að syrkja og hressa húðina, sótthreinsandi upplausnir, andlitsvatn til notkunar eftir rakstur, hvers konar hárvottaefni, hárvatn, hárolía, brillantine, Bay Rum, efni til hárbylgjunar, naglalakk og efni til að nema burt naglalakk, stifti til að ná burt naglaskinni, húðolíu og til mýkingar, nagla- og húðkrem, tannduft, tanndeig og tannkrem, mascara, augnabrúnastifti, augnabrúnakrem.

- Skrás. 1945, nr. 68.** Tilkynt 27. ágúst 1945, kl. 2 e. h., af **Pye Limited**, verksmiðjurekstur, Cambridge, Englandi, og skrásett 26. september s. á.

Orðið:

PYE

Merkið er skrásett í London 18. október 1940 fyrir radiotæki og hluta til þeirra, grammofónupptökutæki, microfóna, magnara og hátalara, allt til notkunar, er rafmagn endurframleiðir hljóm; sjóntæki og hluta af þeim, rafsveiflúvaka, rafhlöður og rafgeyma.

Skrás. 1945, nr. 69. Tilkynt 28. ágúst 1945, kl. 11 f. h., af Meggeson & Company 246 Limited, iðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 26. september s. á.

Orðið:

MEGGEZONES

Merkið er skrásett í London 7. marz 1944 fyrir efni í lækislyf handa mönnum og dýrum, efni til heilsubótar, smábarnamat og sjúklingamat, plástra, umbúðafni, efni til þess að fylla í tennur, tannvax, sóttvarnarlyf, efni til þess að eyða illgresi og skaðlegum smákvikindum; kaffi, te, kakaó, sykur, hrisgrjón, tapioca, sagógrjón, kaffibæti, hveiti og tilbúning úr korni, brauð, kex, kökur, sætabrauð og kryddbakstur, kryddis, hunang, síróp, bökunarduft, salt, mustarð, pipar, edik, sósur, krydd og ís.

Skrás. 1945, nr. 70. Tilkynt 27. marz 1945, kl. 11 f. h., af Öl og Gosdrykkir h.f., öl- og gosdrykkjagerð, Akureyri, og skrásett 26. september s. á.


Gosdrykkjaflaska með upphleyptum stöfum neðan við háls flöskunnar svo hljóðandi: ÖL OG GOSDRYKKJAGERÐ, og enn fremur stendur við botn flöskunnar nafnið: AKUREYRAR.



Merkið er skrásett fyrir umbúðir.

Skrás. 1945, nr. 71. Tilkynt 22. ágúst 1945, kl. 4 e. h., af firmanu Niðursuðuverksmiðjan á Bildudal h.f., fisk- og kjötniðursuða, Bildudal, og skrásett 26. september s. á.

Hvítur einkennismiði með rauðum borða neðst og fimm grönnum línun fyrir ofan og neðan þann borða. Hægra megin á borðanum stendur með hvítu letri nafn verksmiðjunnar. Enn fremur stendur orðið: Bildudals á tveimur stöðum ofarlega á miðanum.



Merkið er skrásett fyrir niðursoðinn fisk, niðursoðið kjöt og niðursoðið grænmeti.

Skrás. 1945, nr. 72. Tilkynt 11. september 1945, kl. 3. e. h., af Linguaphone Institute, Limited, tungumálaskóli, London, Englandi, og skrásett 26. sept. s. á.
Orðið:

LINGUAPHONE

Merkið er skrásett í London 26. september 1925, 8. flokki, fyrir eðlisfræðileg verkfæri, vísindaleg verkfæri, og tæki í gagnlegum tilgangi, verkfæri og tæki til kennslu.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 24. febrúar 1941.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 26. september 1939.

Skrás. 1945, nr. 73. Tilkynt 14. september 1945, kl. 2 e. h., af O. Johnson & Kaaber h.f., heildverzlun og verksmiðjurekstur, Reykjavík, og skrásett 26. september s. á.



Mynd af íslenskum fálka, er stendur á hraungrýti í miðri myndinni. Að baki er vatn og fjallasýn. Á grunn myndarinnar er prentað í umgerð firmanafn tilkynnanda. Tvær öndvegissúlur standa upp af grunni myndarinnar, sín hvorum megin, en á milli þeirra, í boga yfir höfði fálkans, er letað orðið: FÁLKINN.

Skrás. 1945, nr. 74. Tilkynt 17. september 1945, kl. 11 f. h., af **Weston Foods Limited**, verzlun, London og Slough, Buckinghamshire, Englandi, og skrásett 8. október s. á. **642**

Orðið:

WESTON

Merkið er skrásett í London 26. júlí 1939, 30. flokki, fyrir kex (annað en kex handa dýrum).

Skrás. 1945, nr. 75. Tilkynt 21. september 1945, kl. 2 e. h., af **David D. Doniger & Co., Inc.**, lögskráð félag í New York ríki, iðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 8. október s. á.



Innrömmuð landslagsmynd með orðunum Mc Gregor yfir.

Samkvæmt tilkynningu 14. janúar 1938, er merkið skrásett í Washington 7. júní 1938 fyrir: Karlmanna- og drengjapeysur, sportjakka úr skinni og taui, gólfatnað, buxur, sokka, sportskyrtur og poloskyrtur, hanzka úr skinni, taui og úr hvoru tveggja þessu, og lúffur.

Skrás. 1945, nr. 76. Tilkynt 11. október 1945, kl. 11 f. h., af **National Carbon Company, Inc.**, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 20. október s. á.

Orðið:

HITEX

Samkvæmt tilkynningum 9. og 23. september og 1. október 1938, er merkið skrásett í Washington 17. janúar 1938 og 7. febrúar 1939 fyrir: Kolbogalampa og kol til þeirra, kolbogalampa og kol til lækninga sjúkra og annarrar notkunar við tannlækningar, lækningar og skurðlækningar; kolbogalampa og kol til notkunar við kvikmyndir, ljósmyndir og prentmyndavélar, og mælingar og visindaiðkanir.

Skrás. 1945, nr. 77. Tilkynt 11. október 1945, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 20. október s. á.

Orðið:

ULTREX

- 246** Samkvæmt tilkynningum 9. og 22. september 1938 og 1. október 1938, er merkið skrásett í Washington 17. janúar og 7. febrúar 1939 fyrir: Kolbogalampa og kol til þeirra, kolbogalampa og kol við lækningu sjúkra og til annarrar notkunar við tannlækningar, lækningar og skurðlækningar, kolbogalampa og kol til notkunar við kvikmyndir, ljósmyndir og prentmyndavélar, og mælingar og vísindaiðkanir.

Skrás. 1945, nr. 78. Tilkynnt 11. september 1945, kl. 3 e. h., af **Master Lock Company**, verzlun, Milwaukee, Wisconsin, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 30. október s. á.

Orðið:

MASTER

Samkvæmt tilkynningu 13. september 1926, er merkið skrásett í Washington 19. júlí 1927 fyrir lása (locks).

Skrás. 1945, nr. 79. Tilkynnt 22. október 1945, kl. 2 e. h., af **J. & P. Coats, Limited**, verksmiðjurekstur, Paisley, Skotlandi, og skrásett 30. október s. á.

Orðið

COATS'

með venjulegum prentstöfum.

Merkið er skrásett í Manchester 20. september 1909, 23. flokki, fyrir tvíanna. Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 20. september 1937.

Skrás. 1945, nr. 80. Tilkynnt 22. okt. 1945, kl. 2 e. h., af **Jonas Brook & Brothers, Limited**, verksmiðjurekstur, Meltham, Englandi, og skrásett 30. október s. á.

Orðið

BROOK'S

með venjulegum prentstöfum.

Merkið er skrásett í Manchester 3. desember 1878, 23. flokki, fyrir þaðmullargarn og þaðmullartvíanna, þó ekki á spólum eða keflum, svo sem útsaums-, hekl-, þrjóna-, stoppu- og saumagarn; þaðmullargarn á spólum og keflum, svo sem sauma- og heklugarn.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 3. nóvember 1896.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 3. desember 1934.

Skrás. 1945, nr. 81. Tilkynnt 22. október 1945, kl. 2 e. h., af **John Dewhurst & Sons, Limited**, verksmiðjurekstur, Manchester, Englandi, og skrásett 30. október s. á.

Merkið er kringlótt. Á efri helmingi hringsins stendur orðið DEWHURST'S í boga með rauðum stöfum á hvítum grunni. Á neðri helmingi merkisins standa á sama hátt orðin MACHINE TWIST. Innan fyrrnefndra orða tekur við blár flötur, sem í miðju er klofinn af rauðum borða, sem nær þvert yfir merkið. Á þeim borða miðjum er skjaldarmyndaður flötur. Á þeim fleti ofanverðum eru tvær skeljar í sömu

hæð og sú þriðja beint undir þeim. Vinstra megin á borðanum stendur orðið **THREE** með hvítum stöfum, og hægra megin orðið **SHELLS**. Á dökkbláum fleti á efri hluta merkisins stendur orðið **SYLKO**.



Merkið er skrásett í Manchester 22. október 1921, 23. flokki, fyrir tvínna. Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 22. október 1935.

Skrás. 1945, nr. 82. Tilkynt 22. október 1945, kl. 2 e. h., af **Clark & Company, Limited**, verksmiðjurekstur, Paisley, Skotlandi, og skrásett 30. október s. á.

Orðið

CLARK'S

með venjulegum upphafsstöfum.

Merkið er skrásett í Manchester 1. maí 1936, 23. flokki, fyrir tvínna.

Skrás. 1945, nr. 83. Tilkynt 26. október 1945, kl. 4 e. h., af **Roma Wine Company**, vínsala, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 6. nóvember s. á.

Orðið:

ROMA

Samkvæmt tilkynningu 28. maí 1934, er merkið skrásett í Washington 6. nóvember 1934 fyrir vín.

Skrás. 1945, nr. 84. Tilkynt 26. október 1945, kl. 4 e. h., af **Joseph S. Finch and Company**, vínframleiðsla, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 6. nóvember s. á.

Orðin:

GOLDEN WEDDING

Samkvæmt tilkynningu 20. desember 1932, er merkið skrásett í Washington 19. marz 1935 fyrir whisky og aðra áfenga drykki.

Skrás. 1945, nr. 85. Tilkynt 26. október 1945, kl. 4 e. h., af **Old Charter Distillery Co.**, vínframleiðsla, Wilmington, Delaware, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 6. nóvember s. á.

Orðin:

OLD CHARTER

Samkvæmt tilkynningu 27. október 1934, er merkið skrásett í Washington 19. febrúar 1935 fyrir whisky.

Skrás. 1945, nr. 86. Tilkynnt 17. september 1945, kl. 11 f. h., af Weston Foods Limited, verzlun, London, og Slough, Buckinghamshire, Englandi, og skrásett 7. nóvember s. á.

Orðið:

CLIX

